# KRÖFULÝSING
# FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
# F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
# UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,
# EYJAR OG SKER

## HLUTI F
## BREIÐAFJÖRÐUR

EFNISYFIRLIT


1. ALMENN ATRIÐI ........................................................................ 3
2. UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR ............ 4
3. ALMENNT UM F HLUTA KRÖFUSVÆÐIS, BREIÐAFJÖRÐUR.............. 7
3.1. Afmörkun kröfusvæðis ........................................................ 7
3.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu ................................................ 7
4. HLUTI F, BREIÐAFJÖRÐUR ........................................................ 8
4.1. Barðastrandarsýslur .......................................................... 8
4.2. Dalasýsla ........................................................................ 75
4.3. Snæfells- og Hnappadalssýsla ............................................ 111
5. KRÖFUSVÆÐI OG RÖKSEMDIR ................................................ 159
5.1. Almennt .......................................................................... 159
5.2. Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins ...................... 160
5.3. Önnur svæði innan kröfu íslenska ríkisins ............................ 176
5.4. Utan þjóðlendukröfu íslenska ríkisins .................................. 177
6. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI .................................................. 195

**KRÖFULÝSING**
**FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA**
**F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS**
**UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,**
**EYJAR OG SKER**

**HLUTI F,**
**BREIÐAFJÖRÐUR**

## 1. ALMENN ATRIÐI

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 19. apríl 2023, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka til meðferðar svæði 12, Eyjar og sker. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 31. ágúst 2023. Var fresturinn framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, til 1. desember 2023, 1. febrúar og loks til 2. febrúar 2024.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirsvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirsvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirsvar: Lögmenn íslenska ríkisins í máli þessu eru Edda Björk Andradóttir, kt. 280676-5199, edda@juris.is, og Andri Andrason, kt. 120284-2749, andriandra@juris.is, Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

Afmörkun kröfusvæðis: Svæði 12, Eyjur og sker, afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 19. apríl 2023:

> *Málsmeðferðin tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan eftirfarandi afmörkunar: Í fyrsta lagi á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar umhverfis meginlandið, Grímsey og Hvalbak skv. 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í öðru lagi innan landhelgismarka umhverfis Kolbeinsey samkvæmt sömu málsgrein.*

## 2. UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR

Kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, á svæði 12 hefur verið skipt í eftirfarandi átta hluta:

HLUTI A, SUÐURLAND

HLUTI B, AUSTURLAND

HLUTI C, NORÐURLAND EYSTRA

HLUTI D, NORÐURLAND VESTRA

HLUTI E, VESTFIRÐIR UTAN BREIÐAFJARÐAR

HLUTI F, BREIÐAFJÖRÐUR

HLUTI G, VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR

HLUTI H, SUÐVESTURLAND

Framsetningu kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12, Eyjar og sker, er ekki háttað með sama hætti og verið hefur í fyrri málum óbyggðanefndar.

Svæði 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, hefur verið skipt niður í framangreinda átta hluta eftir landshlutum og er sérstök kröfulýsing fyrir hvern og einn þeirra. Þótt sýslur séu ekki lengur gildar stjórnsýslueiningar á Íslandi er landshlutunum átta skipt upp eftir sýslum. Í hverri og einni kröfulýsingu er þannig fjallað um þann hluta hafsvæðis sem liggur að nánar tilteknum sýslum. Ástæða þessarar skiptingar er umfang svæðis 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, en svæði 12 tekur til alls hafsvæðis umhverfis meginland Íslands, Grímsey og Kolbeinsey, frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins til ytri marka landhelginnar.

Svæði 12 er einnig skipt með þessum hætti vegna umfangs yfirfarinna heimilda. Yfirferð heimilda vegna svæðisins var eðli málsins samkvæmt sérstaklega umfangsmikil enda taldist nauðsynlegt að fara yfir heimildir er tóku til alls svæðisins, sem og meginlandsins. Jarðabækur Árna Magnússonar og Páls Vídalín voru þannig allar yfirfarnar, sem og allar landamerkjabækur, sýslu- og sóknarlýsingar, og jarða- og fasteignamat fyrir allt landið. Tæplega sextíu Árbækur Ferðafélags Íslands, sem og tugir sérstakra heimilda um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar, voru jafnframt yfirfarnar. Heimildaskráning vegna svæðis 12 er vel yfir þúsund blaðsíður. Framangreind skipting svæðis 12 einfaldar úrvinnslu og framsetningu allra þessara heimilda.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur í fyrri málum að því leyti að kröfugerð ríkisins tekur bæði til fjölda nafngreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga og til ótilgreinds fjölda ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga.

Þessi framsetning skýrist af því að málsmeðferð á svæði 12 tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjölmörg hugtök eru notuð um slíkar landfræðilegar einingar, s.s. hólmar, flögur, boðar, drangar, rif, klettar og annes. Þrátt fyrir skýringar í orðabók getur reynst erfitt að heimfæra þessi hugtök á hinar mismunandi landfræðilegu einingar ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjöldi eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga umhverfis Ísland liggur ekki fyrir. Það eru því ekki bara eyjarnar á Breiðafirði sem eru ótaldar. Við undirbúning kröfugerðar þessarar varð hins vegar ljóst að einungis nafngreindar landfræðilegar einingar ofansjávar eru taldar í þúsundum.

Við gerð kröfulýsingar var ákveðið að skipta eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum ofansjávar í þrjá flokka. Fyrst eru það eyjur sem eru eða hafa verið í byggð. Þá nafn- og ónafngreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa tengsl við tilteknar jarðir. Loks eru það eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa óljós eða engin tengsl við jarðir á meginlandinu.

Í mörgum tilvikum er um að ræða eyjaklasa, en stærstu eyjaklasana við Ísland er að finna á Breiðafirði en Vestmannaeyjar eru einnig eyjaklasi. Þegar um slíka eyjaklasa er að ræða er í heimildum oftast vísað til tiltekinnar eyju sem heimaeyjar eða heimalands, en til annarra landfræðilegra eininga sem úteyja o.þ.h.

Með hliðsjón af þessum fjölda eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar við Ísland, og sérstöðu svæðisins gagnvart öðrum kröfusvæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar fjallað um, er ljóst að ekki var unnt að beita hefðbundnum aðferðum við framsetningu kröfulýsingar.

Við framangreint bætist að þegar svæði 12 var afmarkað og opnað af óbyggðanefnd lágu ekki fyrir neinar upplýsingar um afmörkun stórstraumsfjöruborðs og svæðið var því einungis afmarkað með appelsínugulri línu umhverfis meginlandið. Upphaflegar kröfulýsingar íslenska ríkisins voru af þessum sökum eins víðtækar og raun bar vitni, þ.e. náðu til allra landfræðilegra eininga utan hinnar appelsínugulu línu, utan þeirra sem unnt var að útiloka á frá kröfulýsingu á grundvelli 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð.

Í kröfulýsingunum var reynt að tiltaka sérstaklega öll nafngreind svæði í kröfukaflanum. Fljótlega varð þó ljóst að mörg nafngreind svæði urðu útundan, auk þess sem ekki hafði verið unnt að staðreyna staðsetningu allra landfræðilegra eininga. Af þessum sökum voru uppfærðar og leiðréttar kröfulýsingar sendar óbyggðanefnd þann 27. mars 2024.

Upptalning á kröfusvæðum í kröfulýsingum var hins vegar ekki tæmandi enda náðu kröfur íslenska ríkisins til allra eyja, skerja og landfræðilegra eininga ofansjávar utan stórstraumsfjöruborð meginlandsins og innan landhelginnar, að frátöldum þeim svæðum sem voru sérstaklega undanskilin í hverri kröfulýsingu fyrir sig.

Við gerð kröfulýsinga var þannig beitt svokallaðri útilokunaraðferð, þ.e. að þau svæði sem hægt var að útiloka voru sérstaklega undanskilin kröfulýsingu. Fyrir lá að einstök svæði, sem sérstaklega var getið í kröfulýsingum, gætu í reynd verið utan svæðis 12 en sérstaklega var bent á að þau væru þá eðli málsins samkvæmt undanskilin kröfum íslenska ríkisins af þeirri ástæðu einni. Þannig var gert ráð fyrir að ef í ljós kæmi að tiltekin eining, sem getið væri í kröfulýsingu, félli í reynd innan stórstraumsfjöruborðs, þá væri hún sjálfkrafa undanskilin kröfulýsingu.

Eftir að íslenska ríkið skilaði kröfulýsingum 2. febrúar 2024, og í framhaldi opinberrar umræðu þar að lútandi, var af hálfu óbyggðanefndar hafin vinna við að afmarka svæði 12 betur með aðstoð og samstarfi ýmissa aðila sem almennt koma að kortagerð. Afrakstur þeirrar vinnu er kortasjá sem byggir á nokkrum kortagrunnum og loftmyndum, flokkað eftir bestu heimildum á hverjum stað, og sýnir fjörumörk umhverfis landið. Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um hvenær myndirnar voru teknar er ekki hægt að fullyrða hvort kortasjáin sýni stórstraumsfjöruborð en fjaran nær a.m.k. eins langt og kortasjáin sýnir. Vegna þessa er rétt að taka fram að þar sem vafi lék á hvort tiltekið svæði væri innan stórstraumsfjöruborðs/netlaga, var landeigandi látinn njóta vafans.

Í kjölfar þessa hófst önnur endurskoðun á þjóðlendukröfum íslenska ríkisins og eru uppfærðar kröfulýsingar nú lagðar fram. Í stað hefðbundinna kröfukorta verður kortasjáin aðgengileg öllum

til skoðunar. Í henni hafa þau svæði sem eru undanskilin kröfu íslenska ríkisins verið skyggð með gráu en bláar kröfulínur eru dregnar utan um þau svæði sem gerð er krafa til.

Komi fram frekari heimildir um mörk stórstraumsfjöru á svæðum innan kröfu íslenska ríkisins, verða þau tekin til endurskoðunar.

# 3. ALMENNT UM F HLUTA KRÖFUSVÆÐIS, BREIÐAFJÖRÐUR

## 3.1. Afmörkun kröfusvæðis

Að hluta F liggja eftirfarandi sýslur:

*Vestur-Barðastrandarsýsla*

*Austur-Barðastrandarsýsla*

*Dalasýsla*

*Snæfellsnessýsla*

## 3.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu

Þau sveitarfélög sem liggja að kröfusvæðinu eru eftirfarandi:

Sveitarfélagið Vesturbyggð

Sveitarfélagið Vesturbyggð varð til 11. júní 1994 með sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Bíldudalshrepps og Patrekshrepps. Þéttbýliskjarnar eru tveir; Patreksfjörður og Bíldudalur. Íbúar sveitarfélagsins voru 1.182 árið 2023.

Sveitarfélagið Reykhólahreppur

Sveitarfélagið Reykhólahreppur varð til 4. júlí 1987 með sameiningu allra hreppa í Austur-Barðastrandarsýslu. Þéttbýliskjarnar eru tveir; Reykhólar og Króksfjarðarnes. Íbúar sveitarfélagsins voru 242 árið 2023.

Sveitarfélagið Dalabyggð

Sveitarfélagið Dalabyggð varð til 11. júní 1994 með sameiningu sex hreppa: Fellsstrandarhrepps, Haukadalshrepps, Hvammshrepps, Laxárdalshrepps, Skarðshrepps og Suðurdalshrepps. Skógarstrandarhreppur bættist við 1. júní 1998 og Saurbæjarhreppur 10. júní 2006. Eini þéttbýliskjarninn er Búðardalur. Íbúar sveitarfélagsins voru 653 árið 2023.

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Sveitarfélagið Stykkishólmur varð til við sameiningu við Helgafellssveit en sameiningin tók gildi 29. maí 2022. Eini þéttbýliskjarninn er Stykkishólmur. Íbúar sveitarfélagsins voru 1.308 árið 2023.

Sveitarfélagið Grundarfjörður

Sveitarfélagið Grundarfjörður var áður Eyrarsveit varð til við sameiningu við Helgafellssveit en sameiningin tók gildi 29. maí 2022. Eini þéttbýliskjarninn er Grundarfjörður. Íbúar sveitarfélagsins voru 861 árið 2023.

Sveitarfélagið Snæfellsbær

Sveitarfélagið Snæfellsbær varð til 11. júní 1994 með sameiningu Ólafsvíkurkaupstaðar, Neshrepps utan Ennis, Breiðuvíkurhrepps og Staðarsveitar. hrepps, Haukadalshrepps, Hvammshrepps, Laxárdalshrepps, Skarðshrepps og Suðurdalshrepps. Eini þéttbýliskjarninn er Búðardalur. Þéttbýliskjarnar eru þrír; Ólafsvík, Hellissandur og Rif. Íbúar sveitarfélagsins voru 1.678 árið 2023.

# 4. HLUTI F, BREIÐAFJÖRÐUR

## 4.1. Barðastrandarsýslur

### 4.1.1. Heimildir um eyjar í byggð

#### 4.1.1.1. Flatey

Í Jarðabók segir m.a. um Flatey, bóndaeignina:

> Þar er alkirkja [...]. Kirkjan segir að eiga í heimalandi xl, sem eru fyrir utan hin lxxx. Þar fyrir utan Sandeyjar og Kirkjuklettur. [...] Flatey hefur yfir máta stort tún. Eggver er þar rjett gott, en hefur þó verið betra. Selveiði vor og vetur mikil, ef aðdugað væri. Reki (viðar og hvala) gagnlegur, þá til vill. Sölvafjara gagnleg bæði fyrir menn og kvikfjenað. Hrognkelsaveði hefur verið, legst mjög frá. Skelfiskatekja nokkurs verð ef brúkuð væri. Fjörugrös so mikil að nýtast kunna. Hvannir hafa þar miklar verið, nú litlar. Hlunninda þessara njóta heima- og smábændur, eftir því sem hver einn sig þar eftir hefur, fráteknum eggveri og selveiði. Það skiftist að jafnaði hverttveggja milli allra heima- og smábúendanna, eftir jarðarmagni. Nætur til selveiða tilleggja landsdrottnar og umboðsmaður Sr. Halldórs. Item skip til selaveiða og eggjaleita, og þetta betalíngslaust af leiguliðum. Dún allur skiftist að jafnaði milli landsdrottna, og kemur ei til leiguliða. Hjer á mót fellur niður hjá leiguliðum kirkjutínd og ljóstollur fyrir dúninn. Á meðal Flateyjarlanda er Hergilsey, sem bygð hefur verið til forna, en nú selstaða úr Flatey. Kann ei missast frá Flatey, selstöðunnar vegna. [...][1]

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Flatey í Flateyjahreppi:

> Eyjan liggur út og inn, eður frá austri til vesturs. Að lengd, frá Tröllenda, eður vestur endanum til Tortu, eða austur endans, 1600 faðmar, en meðaltal breiddarinnar er næstum þremur pörtum styttra. Stærð eyjarinnar er talin fjórðungur mílu.[2] [...]

Þá segir í sóknarlýsingunni um svokölluð Heimalönd við Flatey:

> Frá suðri til norðurs liggur upp í eyjuna landsunnanvert Kjóatangavík, en fyrir vestan hana suður af Kjóatanga gengur rif það, sem sjór fellur yfir um flæðar, er sameinar Langey í Heimalöndum við Flatey. Langey þessi er 300 faðmar á lengd, en meðaltal breiddarinnar er 20 faðmar. Suður og út af Langey liggur Kerlingarhólmasund, fjarar það um fjörur en er skipgengt fyrir og eftir hvert hálffall sjóar. Sunnanvert við sundið liggur austast nokkuð hár hólmur, kallaður Kerlingarhólmur. Þar út af, gagnvart miðju sundinu, tvær lágar grasflögur, en þar fyrir vestan Hádegishólmi norðar, en Geirhólmi sunnar, áfastir hvor við annan. Klettur er norðanvert á Geirhólma, með litlum hellisskúta. Vestur af honum er Máfeyjarsund, sem fjarar eftir hvern hálffallinn straum. Þar út af liggja Máfeyjar, Innri og Ytri. Eru þær styttri og breiðari en áður nefnd Langey,

[1] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 237.
[2] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 117.

en að réttri stærð hennar líkar hvor um sig. Í útsuður af Ytri-Máfey gengur grjótrif, þar suður af grasi vaxinn klettur, Stakhöfði nefndur. Þetta, sem nú er talið, kallast Flateyjarheimalönd.[3] Fyrir vestan Máfeyjar liggur örmjótt sund kallað Flathólmasund, hvort nú nýlega tekur að verða þurrt um stærstu fjörur. Vestur af sundinu er steina- og klettamikil grasflaga. Partland (Pjatland). Þá liggja klettasker þar vestur af, út að Flathólma (gras)-flögu, og þar vestur af liggur Flathólmi. Er hann káli og grasi vaxinn. Suður af honum er klettur: Hvalborg, en norðvestur af annar, heitir Nónborg. Þar út af er steinarif og sund nokkurt til Lágmúla. Liggur hann í útsuður frá Flateyjar vesturenda, lítill kál- og melgresis hólmi, með gjögri vestur af og þar útaf graslausu klettaskeri. Inn á milli Lágmúla og Flateyjar vestari enda liggur langur vogur, inn með allri eyjunni sunnan fram, allt austur að Kjóatanga. Kallast hann Flateyjarvogur og er nú fundin og reynd, með heppni, skiplega í honum í þremur stöðum: út við Hjallasker, við Flathólmasund og innst suður frá Norskubúð, gagnvart kauptorginu, sem liggur norðan fram á eyjunni. Botninn er nokkuð norður með steini undir svörtum smásandi. Á innstu legunni má auðveldlega brúka landfestar. Innst á þessum fagra Flateyjarvog liggur, um flæðar umflotin allfögur ey, nefnd Akurey, 100 faðma löng og 30 faðma breið. Norðaustur frá henni eru tveir vogar upp í Mjósundin á móts við áðurnefnda Mjósundavík, og er Flatey þar ei utan 10 faðmar á breidd. Er ytri Mjósundavogurinn kallaður Dugguvogur. Allir hér greindir vogar og víkur verða þurrir um fjöru, nema meginvogurinn, inn með Flatey sunnanverðri. Fjarar hann lengst út á móts við mitt tún og svonefndan Miðbæ, fyrir innan kirkjugarðinn.[4]

Flatey tilheyra alls 40 graseyjar og hólmar, sem sjór fellur á milli. Hún telst að geta fóðrað 16 kýr, 1 naut og 40 sauðkindur til vetrarveitar, auk hausthaga fyrir 120 fjár. Selveiði er 20 vorkópar í meðalári. Fuglaveiði 80 svartbaks- og skarfsungar, 200 ritsur og 100 hundrað tólfræð lundakofu og 40 til 50 pund dúns. Skarfakál og fjörugrös auka þar mikið landkosti. Nú eru þar heimilisfastir 106 manns.[5]

Þá er í sóknarlýsingunni getið eyja og skerja utan Flateyjar og Heimalanda, sem heyri þó undir Flatey. Eyjarnar sem taldar eru tilheyra Flatey er nefndar Flateyjarlönd og eru eftirfarandi:

- Hafnarey með Hólminum
- Hrólfsklettur
- Flateyjarklofningur
- Sýrey eða Svíney með Hólminum
- Selsker
- Feitsey
- Langey
- Diskæðarsker
- Skeley
- Lundarklettur

[3] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 118.
[4] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 118-119.
[5] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 130.

- Selningaklettur
- Kirkjuklettur
- Syðri-Sandey
- Vestari-Sandey með Hólminum
- Sultarhólmur
- Stykkisey ytri
- Stykkisey innri[6]

Þá er í sóknarlýsingunni einnig getið skerja utan Flateyjar og Heimalanda:

> A. Norðanvert. Eyjarendavesturboði norður af vesturenda eyjarinnar (Tröllenda). Fjarar hann að mestu um stórfjörur. Skipaleið, fyrir ofan hann, er miðuð: Ytri endi Sýreyjarhólms í Litlaneshyrnu. Greipsflaga liggur til landsuðurs með eyjunni, austan til við áðurnefnda skipaleið (Boðasund). Sker þetta er áfast við eyjuna og fer í kaf um háfall sjóar. Teinahringblindsker, framanvert í Teinahringsvog, og Bryggjusker út af Grýluvog. Flögutangar norðaustur af Mjósundavík. B. Sunnanvert. Eyjarendasker suðaustur af eyjarendanum. Langeyjarboði austur af Langeyjarhöfði. Spillir innst í Kerlingarhólmasundi. Þar er flæðihætt mjög. Kerlingarhólmaboði, sunnanvert við samnefndan hólma. Þrjú Suðurblindsker, suður af Kerlingar- og Hádegishólmum, liggja í austur og vestur. Máfeyja-Stórasker liggur lengst í suður. Milli þess og Innri-Máfeyjar er Máfseyjarspillir. Flathólmasundsboði, sunnan og utanvert í því sundi. C. Vestanvert: Hjallasker, verður stórt um fjörur, fyrir miðjum Flateyjarvog. Eyjarendasuðurboði, útsuður af Tröllenda. Mið fyrir hann inn á voginn er: Steinn á Kjótangarifi genginn fram suður úr Akurey. D. Inn á greindum Flateyjarvog eru þessi sker: Þrísker, hvert út af öðru í norður og suður milli Ytri-Máfeyjar og Gyðutanga, yzt útsuður af túninu. Flatablindsker austur af syðsta Þrískeri. Svartbakasker þar suður af. Flæðir sjaldan yfir það. Reiðtangasker, norður af Hádegishólma, með Reiðtanga vestur af, en Austurtöngum innanvert. Hrófsker út af Akurey, suður frá Skútuhrófi hjá Garðastöðli.[7]

Í Árbók Ferðafélagsins, 1959, má m.a. finna eftirfarandi lýsingu á Flatey:

> Flatey er stærst og sögufrægust allra Vestureyja. Er hún landnámsjörð Þrándar mjóbeins. Hann kom út með Geirmundi heljarskinni og nam eyjar fyrir vestan Bjarneyjaflóa og bjó í Flatey. Hann átti dóttur Gils skeiðarnefs. Þeirra sonur var Hergils hnapprass.[8] Milli Svefneyja og Flateyjar er djúpt sund, Svefneyjasund. Eyjan liggur frá norðaustri til suðvesturs, eins og flestar aðrar eyjar í hreppnum. Hún er um tveir km á lengd og tæpur kílómetri á breidd, þar sem hún er breiðust. Hún er dálítið mishæðótt, og eru sums staðar á henni lágir hamrar að sjó, svo sem Lundaberg norðanvert á eynni, en annars staðar sandfjara og leirur út frá. Nokkuð er hún vogskorin og misbreið, og að sunnan tengist hún um fjöru öðrum smærri eyjum, Suðurlöndum. Hún er öll vel gróin,

[6] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 122-127.
[7] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 119-120.
[8] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 70.

og eru á henni mýrlendisblettir hér og þar, aðallega að norðan. Norðanvert við miðja eyna er skeifulöguð hamraey, Hafnareyjan. Snýr op skeifunnar að Flatey, en mjótt sund er á milli. Er ágætt báta- og smáskipalægi í skeifunni, varið á alla vegu fyrir báruföllum. Hörð sjávarföll eru í sundinu milli hafnarinnar og Flateyjar. Austurendi Flateyjar kallast Torta. Suður af honum og vestur með sunnanverðri eyjunni eru Suðurlöndin, Langey, Akurey, Hádegishólmi, Nónberg, Innri-Mávey, Ytri-Mávey, Flathólmi og Lágmúli. Um stórstraumsfjöru er hægt að ganga alla leið út í Flathólma. Milli Suðurlanda og Flateyjar er Flateyjarvogur (Hólsbúðarvogur). Fellur sjór alveg úr honum austanverðum um fjöru, en vestast á honum er nú nýja höfnin og bryggjan. Vestur frá vesturenda Flateyjar, Tröllenda, er stór sker eða smáeyja, sem Klofningur heitir. Þar er viti. Norð-norðvestur frá Flatey eru allstórar eyjar henni tilheyrandi. Sýrey, Feitsey, Langey og Skeley eru helztar. Eru þær grasgefnar og góð varplönd. Selalagnir eru við sum skerin umhverfis eyjar þessar. Um margar aldir lá Hergilsey og öll Hergilseyjarlönd undir Flatey. Var jörðin þá talin 120 a. f. m. eða jafngildi tveggja höfuðbóla. Á seinni árum, eftir að Hergilsey var skipt úr, er jörðin talin 40 hundruð, en líklega er það rangt, ætti að vera 60 hundruð (eða jafnvel 80 hundruð). Nú er margbýli í eyjunni og kauptún að auki [...].[9]

Í ritinu Eyjar og annes segir m.a. um Flatey:

Flatey er mest bújörð af eyjajörðum á Breiðafirði. Heimaeyjan er ein sú stærsta á firðinum, úteyjar margar og grösugar og auðugar af allskyns gögnum og gæðum er góðar eyjar mega prýða. Fiskimið nærtæk í öllum áttum, lendingar margar og góðar frá náttúrunnar hendi og vatnsból sem aldrei þrýtur.[10]

[...] Þrándur mjóbeinn, fyrsti landnámsmaður eyjarinnar, Þorsteinn Gyðuson, Eyjólfur Kársson og Órækja Snorrason.[11]

Aðal byggðin í Flatey er upp frá Grýluvogi, á eynni norðanverðri, og hefur svo lengi verið. A.m.k. síðan föst verzlun var sett þar á laggirnar, um 1777. Þó er líklegt að Þrándur mjóbeinn hafi byggt á Hólunum, til að geta séð sem bezt til mannaferðar um fjörðinn.[12]

Flatey er vel fallin til landbúskapar og ræktunar, eins og fyrr segir.[13]

[...] í lok 16. aldar bjó Jón Björnsson, Þorleifssonar sýslumanns á Reykhólum, á Flatey allri, og raunar ekki henni einni, heldur Hergilsey líka. Hann hafði 30 húskarla á búi sínu og umsýslu að því skapi. Síðan munu ekki hafa verið einbýli í Flatey, því eyjan skiptist milli erfingja hans, er bjuggu þar og í nágrenninu að honum látnum. Á síðustu mannsárum hefur verið þar margbýli, og búið mest við sauðfé og kýr, ásamt hinum venjulegu hlunnindum er fylgja eyjum á

[9] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 70-71.
[10] Eyjar og annes, 1964, bls. 33-34.
[11] Eyjar og annes, 1964, bls. 34.
[12] Eyjar og annes, 1964, bls. 34.
[13] Eyjar og annes, 1964, bls. 38.

> Breiðafirði. Hefur því ekki verið um stórbúskap að ræða, en margur bóndinn búið þar snotru búi.[14]
>
> Af Hólunum gefur sýn yfir alla eyjuna og mikið lengra, og gamlar sagnir og sögur renna upp fyrir mér. Þar bjó á sinni tíð, „Miðbæjar milda moðursystir Matthíasar Jochumssonar. [...] Þar sunnar skammt frá sjónum, stóð Norskabúð, hreysi Gísla fróða Konráðssonar (1787-1877).[15]
>
> Á sléttum bala austur af Hólunum stendur Flateyjarkirkja nú, og bókasafnshúsið þar skammt frá (Framfarastofnunin).[16]
>
> Skammt austur á eyjunni eru Klausturhólar. Þar stóð Flateyjarklaustur á sínum tíma (1172-1184). [...] Löngu seinna stóð á rústum klaustursins Garðabær og var prestsetur.[17]
>
> Austur og norður af Klausturhólum, og þó skammt frá, stóðu fyrir mitt minni margir bæir. Innstibær, Útgarður og Austurbær voru þar, máski hafa þeir verið fleiri. [...] Þessir bæir austur á eyjunni eru allir löngu fallnir. Ræktaðar voru lengi kartöflur í rústum þeirra.[18]
>
> Innsti endi Flateyjar heitir Torta. [...] Nyrzt á eynni heitir Lundaberg. [...] Þar sem hallar vestur af Lundaberginu heitir Myllumór. Þar stóð á sínum tíma kornmylla eyjarinnar. [...] Þá komum við að Hjallavík. [...] Svo taka við Bakkarnir. Það er norðurströnd eyjarinnar. Þar standa nokkur gömul hús á lágum klettum frammi við sjóinn, gegnt Höfninni.[19]

Austurhluti Flateyjar ásamt eyjum og hólmum sunnan við Flatey var friðlýstur árið 1975 (fuglavernd). Friðlandið var stækkað með auglýsingu dags. 11. ágúst 2021. Stækkunin er austan marka verndarsvæðis í byggð og nær til eyja og skerja.

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, má finna eftirfarandi lýsingu á Flatey:

> Fyrir margra hluta sakir er Flatey sérstök meðal Breiðafjarðareyja og sögufrægust. Hún er stærst af Vestureyjum – landnámsjörð, höfuðból, heimkynni Flateyjarbókar, menningarsetur, verslunar- og samgöngumiðstöð, útgerðarbær og margt fleira fyrr á tíð.[20]
>
> Flatey er aflöng að lögun einsog flestar Vestureyjar, um tveir km á lengd en hálfur á breidd þar sem mest er. [...] Frá Eyjarenda liggur til útsuðurs og samhliða heimaeynni hólma- og eyjarani sem kallast Heimalönd, og verður gengt um þau að heiman um fjöru. Þar eru Akurey, Langey, Máfeyjar og margir smærri hólmar. Heimalöndin teygja sig lengra til vesturs en Flatey sjálf og

[14] Eyjar og annes, 1964, bls. 39.
[15] Eyjar og annes, 1964, bls. 42.
[16] Eyjar og annes, 1964, bls. 43.
[17] Eyjar og annes, 1964, bls. 44-45.
[18] Eyjar og annes, 1964, bls. 46.
[19] Eyjar og annes, 1964, bls. 48-49.
[20] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 136-137.

mynda þau stóran vog meðfram endilangri suðurhlið hennar. Núorðið kallast hann Hólsbúðarvogur en eldra nafn hans var Flateyjarvogur. Hann opnast mót hafi en allstórt sker sem Hjallasker heitir er fyrir miðju vogsmynni og dregur úr sjógangi í hafátt. [...]

Nokkru innar á vognum liggur röð af skerjum þvert yfir hann og skiptir honum í tvo hluta. Heita þar Þrísker og Svartbakasker. Milli þeirra að austan, Heimalanda að sunnan, Hjallaskers að vestan og Tröllenda að norðan, er hreint, sæmilega djúpt, rúmgott og hringmyndað lón sem er ytri hluti Hólsbúðarvogs.[21] [...]

Norðurhlið Flateyjar er nokkuð bein utan frá Tröllenda inn fyrir Lundaberg og er það um einn og hálfur km. Þar eru víðast lágir klettabakkar, sem áður eru nefndir, með grýttri fjöru fyrir framan. Á þeirri leið miðri er þó strandlengjan rofin af tveimur vogum sem ganga inn í eyna frá norðvestri. Eru það Teinæringsvogur vestar og Grýluvogur. Milli þeirra er tangi og fram af honum Bryggjusker.[22] [...] Beint á móti Plássinu, fram undan miðri norðurhlið Flateyjar, rís Höfnin, hávaxin, skeifulaga klettaeyja, sem lykur um rúmgóðan, hringlaga poll sem er hin gamalkunna Flateyjarhöfn. [...] Höfnin líkist eldgíg og er norðurbarmur hans hæstur og fyrirferðarmestur. Þar verður hann að hárri grasivaxinni eyju með allmyndarlegu fuglabjargi á þeirri hliðinni sem út snýr. Á útsuðurbarmi verður önnur „eyja“ en miklu minni. Hún kallast Hafnarhólmi en sú stærri Hafnarey.[23] [...]

Þá er í Árbókinni lauslega rakin saga Flateyjar sem bújarðar og kauptúns:

Áður en lýst verður úteyjum sem fylgja Flatey er rétt að rekja lauslega sögu hennar sem bújarðar eða kauptúns. Þrándur mjóbeinn man eyjar vestan Bjarneyjaflóa og bjó í Flatey, segir Landnáma. Einnig segir hún að Hergils sonur hans hafi búið í Hergilsey en getur ekki um landnám eða búsetu annarstaðar í Vestureyjum. Vel gæti landnámsmaður Vestureyja hafa heitið annað en Þrándur og búið annarstaðar en í Flatey, en ekkert mun heldur benda til að Landnáma geti ekki farið með rétt mál. Hér á eftir verður því við það miðað að Þrándur mjóbeinn í Flatey sé fyrsti bóndi Vestureyja.[24] [...] Þá er þess getið í Þorskfirðingasögu að Gull-Þórir svili Þrándar hafi eignast Flatey og haft þar sæði.[25] [...] Aftur kemur Flatey við sögu fáum árum síðan en þá hafa Grímur og Krákur Hrafnssynir þar vetursetu hjá Herdísi systur þeirra, ekkju Eyjólfs. Þaðan fara þeir ásamt Einari bróður þeirra að Þorvaldi Vatnsfirðingi og brenna hann inni á Gillastöðum 1228. Fimm árum síðar kaupir Órækja Snorrason Flatey og hefur þar bú en sat sjálfur vestur í Vatnsfirði við Djúp.[26] [...] Á fyrri hluta 15. aldar voru bræðurnir Einar og Björn ríki Þorleifssynir hirðstjórar á Skarði hvor á eftir öðrum. [...] Eftir lát Einars tók Björn við hirðstjórn og ríki

[21] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 138.
[22] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 138-139.
[23] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 140.
[24] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 141-142.
[25] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 142.
[26] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 144-145.

á Skarði. Hann keypti fyrrverandi eignir Guðmundar [Guðmundur Arason á Reykhólum] og auk þess að vera voldugastur leikmaður í landinu átti hann allar helstu jarðir við Breiðfjörð, þar á meðal Flatey. Hún gekk síðar í arf til sonar hans Þorleifs hirðstjóra á Reykhólum.[27] Þegar Þorleifur er úti í Noregi 1480 gerast þeir atburðir að Andrés sonur Guðmundar Arasonar tekur Reykhóla herskildi en Ingveldur kona Þorleifs flýr út í Flatey og dvelst þar um sinn. Munnmælin segja að tengdamóðir hennar, Ólöf ríka á Skarði, hafi einnig dvalist þar um skeið og séu örnefni í Flatey, Ólafarakur og Ólafarbrunnur, frá þeim tíma. Sonarsonur Þorleifs og Ingveldar, Jón Björnsson, eignaðist síðan Flatey uppúr 1520 og gerðist bóndi þar.[28] [...]

Flateyjarlöndum og hlunnindum í þeim er lýst með eftirfarandi hætti í Árbókinni:

> Norður frá Flatey liggur dreifður eyjaklasi sem teygir sig í átt til Barðastrandar, Hjarðarness og Múlaness. Það eru Flateyjarlönd, Hergilsey með sínum löndum og Sauðeyjar.[29] Eftir að Hergilsey hafði verið sjálfstætt býli til forna sameinaðist hún Flatey á ný og lá undir hana um aldir. Lítil landfræðileg skil eru á milli Flateyjar- og Hergilseyjarlanda en Sauðeyjar nokkuð fráskildar enda tilheyra þær Barðastrandarhreppi. Seint á 18. öld er Flatey og Hergilsey skipt í tvær jafnstórar jarðir sem sagt verður frá í kaflanum um Hergilsey en eftir þá skiptingu eru helstu úteyjar Flateyjar sem hér greinir:[30] Áður er nefnd Höfnin, klettaeyja við miðja norðurhlið Flateyjar. Norðvestur af Tröllenda liggur stuðlabergshólmi sem Klofningur nefnist. Þar stendur Flateyjarviti. Norður af Eyjarenda liggur annar sem Hrólfsklettur heitir. Þessir þrír hólmar liggja í röð með eins og hálfs km millibili og svipar saman um margt. Þeir mora af fugli á sumrin, aðallega ritu og toppskarfi, og lífga mjög upp á umhverfi Flateyjar.[31] [...] Nokkru norðar liggur Sýrey, jarðvegsmikil og fjórsöm með miklu lundavarpi. Þar höfðu Flateyingar kartöflugarða um skeið og þurftu ekki að kaupa áburð í þá til að fá góða uppskeru. [...] Við Sýrey er Sýreyjarhólmi. Skammt austur af honum er lítill melhólmi sem Selsker heitir. Sundið milli þeirra er bátaleið upp í Flateyjarlönd og Hergilsey. Um það bil 1 km fyrir norðan Sýrey er Feitsey, mun minni en allhá, og Langey skammt norður af henni. Langey með Langeyjarhólma er um 1½ km á lengd en frekar mjó með allháum klettum að norðan en hallar til suðurs. Hún er stærst af úteyjum Flateyjar og gagnauðug. Þar voru miklar slægjur og beit og lundavarp er líklega hvergi jafn mikið í einstakri eyju á Breiðafirði. Prestaflaga heitir sker austur frá Langey.[32] Úr Flatey eru um 3 km upp í Langey en þaðan 5 km upp í Hergilsey. Á miðri leið þangað liggur Skeley, löng og mjó, en miðja vegu milli hennar og Langeyjar er Diskæðarsker.[33] Áfram til norðurs í átt að Litlanesi en austan við Hergilseyjarlönd liggja Sandeyjar og Stykkiseyjar ásamt smærri hólmum og klettum. Kallast það einu nafni Hærrilönd. Nær allar þessar eyjar sem nefndar

[27] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 145.
[28] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 145-146.
[29] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 154.
[30] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 154.
[31] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 154.
[32] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 154-155.
[33] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 155.

hafa verið og tilheyra Flatey eru það sem kallað er feitar eyjar, kappræktaðar af fugli, frjósamar og grasgefnar. Þar er og víða góð fjörubeit svo fé verður þar vænna á útigangi en við gjöf á húsi. Ekki nýtast þeir kostir þó alstaðar vegna flæðihættu.[34] [...]

Úr Flatey eru um 10 km upp í Stykkiseyjar og er hvergi svo langt í úteyjar frá heimaey annarstaðar í Vestureyjum. Þar er þó undantekning með Oddbjarnarsker svo sem síðar verður getið.[35] [...] Æðarvarp er dreift um öll Flateyjarlönd en dúntekja er þó minni en sumstaðar annarstaðar í Vestureyjum. Hlunnindi eru þar af fleiri fuglategundum, einkum lunda, en óhemju mikið er af honum í Flateyjarlöndum. Meðan lundakofa var tekin fengust tugir þúsunda af henni árlega.[36] Búrekstur í Flatey átti við ýmsan vanda að stríða þegar kom framá okkar daga og löngum áður. Eigendur jarðarinnar voru orðnir fjölmargir og eftirgjald sem ábúendur þurftu að greiða í dún samkvæmt gamalli hefð var hátt eða um 40 kg eftir jörð einsog Flatey.[37] [...] Fullar horfur voru á að búskapur legðist niður í Flatey. Horfið var að því ráði að hreppurinn tók Flatey eignarnámi, með lagaheimild þar um, laust fyrir 1970. Ríkið gekk síðan í kaupin og á nú Flatey að undanskildum hluta sem sveitarfélagið og einstaklingar eiga. Eftir eignarnámið var jörðinni skipt milli tveggja bænda og hefur sú skipan haldist síðan.[38] [...] Enn er því búið í Flatey og enn er sótt þaðan á sjó þótt lítið sé. [...] Nú er sárafátt fólk með lögheimili í Flatey.[39]

#### 4.1.1.2. Svefneyjar (Inneyjar)

Í Jarðabók segir m.a. um Svefneyjar:

> Jarðardýrleiki xl. Jarðareigendur [...] Staðarhóll/Stafholt/Selárdalur [...] Ábúendur [...] Þar fylgja eyjur margar og smáhólmar. I þeim eru slægjur, lundatekja, dún og eggver, í meðallagi, og skiftist að jafnaði millum ábúenda. Selveiði að nokkru gagni, en hverful. Sölvafjara nokkur, ánægjanleg fyrir heimabændur. Hrognkelsfjara að nokkru gagni. Þar hefur verið heimræði, nú ekkert. Flæðihætt mjög. Skip á Gunnlaugur vi. Þar af gánga ii í Oddbjarnarskeri og i í Bjarneyjum. Helgi iii; gengur þar af i í Bjarneyjum. Eyjurnar tíundast fjórum tíundum.[40]

Í Sóknarlýsingum Vestfjarða er heimaeyju Svefneyja m.a. lýst með eftirfarandi hætti:

> 40 c að dýrleika, liggja í austur-landsuður frá Flatey, fráskildar með djúpu skerjalausu sundi, ýmist kallað Flateyjar- eður Svefneyjasund, hálf vika sjóar á breidd, frá Flateyjar austurenda til Svefneyja vesturodda, hvar sund þetta er,

[34] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 155.
[35] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 155.
[36] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 155.
[37] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 156.
[38] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 156.
[39] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 156.
[40] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 237.

skammt frá landinu, nær 80 faðma djúpt, en gagnvart austurenda heimaeyjarinnar er tvítugt dýpi. [...][41]

Á Svefney eru húsabæir tveir, hvor hjá öðrum. Standa þeir á austurendanum, hvar túnið nær alstaðar að sjó. Ytri bærinn, sem nú er hreppsstjóra og dannebrogsmannssetur, er einhver hinn prýðilegast byggður leiguhúsabær vestanlands. Er þar ei síður velhýst en fjölhýst. Auk samfastra bæjarhúsa eru: Eitt, alþiljað, litað, 6 al. breitt, 13 al. langt hús, 3 skemmur, eitt þinghús, 2 smiðjur, 2 fjós fyrir 18 kýr, 2 heyhlöður, 4 fjárhús fyrir 110 sauðkindur, 4 eldiviðarhús, 2 kálgarðar. [...][42]

Til austurs frá naustinu liggur að norðanverðu rif eður tangi, nærhæfis 100 faðma langt austur að áföstum hólma, hvar á standa 5 húsahjallar og 2 þerrihjallar. Geymast þar fiskiföng og skipaáhöld og útbúnaður. [...][43]

Heimaeyjan er með klettum að norðan og norðvestanverðu, en yzt á enda hennar er góð lending í sandvík með nausti hjá. [...][44]

Um svokölluð Svefneyjarbeitarlönd segir í sóknarlýsingunni:

Sunnanfram með eyjunni [heimaeyjunni] aðskilst hún frá beitarlöndunum með mjóu sundi, Bæjarsundi kölluðu, sem sjór fellur í um hverja smástraumsflæði. Þar í liggja smáhólmar tveir, Steðji vestar, en Akraflaga austar, nær bænum. Fellur þar sjór yfir um stærstu flæðar. Svefneyjarbeitarlönd; Litla-Skeley, liggur gagnvart heimaeyjunni, suðaustanvert við Bæjarsundið. Þar nytkast nautpeningur á sumardag. Steinbogi liggur frá miðri eyjunni, hvar ei fellur sjór yfir, til Langeyjar, sem gengur til norðurs. Suðaustur af henni er: Urðey, með litlum vog á milli og rifi, er ganga má yfir, Flatey liggur þaðan í suðaustur með áföstum Flateyjarhólma vestanvert. Á vesturenda Flateyjar og hólma þessa er grjótið brunnið, með mörgum bollum og götum í gegnum það, með ýmsum myndum. Í útsuður frá ey þessari liggur fjörurif að hólma, er Írlönd kallast. Er hann vogskorinn mjög. Þar austur af liggur Litla-Írland, langur hólmi, vestur af honum er Sæmundarsker. Norður frá Flatey liggur ey, sem heitir Feginsbrekkur. Liggur þar rif á milli. Brunnur er þar vestanundir háum hól. Þar suður af liggur Lundhólmur. Sést þar einnig brunnið grjót. Lundhólmsflaga liggur þar austur af. Í suðaustur frá Flatey liggur Stóra-Seley, stærst af öllum beitarlöndunum. Þar er brunnur og seltóttir gamlar. Suðvestur af henni eru þessir þrír hólmar. Hvalhólmur, Langhólmur og Æðitangi. Hellisey liggur norður frá Stóru-Seley með fjórum smáflögum að austanverðu. Klettahólminn Siggusker gengur þar norður af, þaðan í norður er Þórðarsker. Örskammt austur frá Hjallatangalendingu eru Klápar, lítill klettahólmi. Þar austnorður af eru Norðurey ytri og inn af henni Norðurey innri. En vestur af henni liggur Norðureyjarsker, lítill grashólmi. Grasey liggur til austurs frá Innri-Norðurey. Gengur þar vogur upp á millum, sem liggur út fyrir sunnan Norðureyjar og

[41] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 144-145.
[42] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 145.
[43] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 145.
[44] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 145-146.

verður, eins og öll önnur sund, millum taldra eyja þurrt um fjörur. Urðeyjarhólmur liggur suður af Grasey, en tvær eyjar eru til norðurs frá Hellisey og heita Hrafnseyjar ytri og innri. Eru þær með klettastrýtum norðanvert, þar að sjó veit, og á ytri eyjunni er stór tjörn. Suður af eyjum þessum eru fjórar grasflögur, og skammt þaðan, til suðurs, er Hamarshólmur. – Víkur svo eyjaskipaninni fremur til austurs hvar Æðitangi liggur; þar af er austasti hluti eyjanna: Öxneyjar tvær, vestari og syðri. Milli þeirra gengur einn vogur frá suðri. Í honum eru 8 grasflögur, en austur af eyjunum er Hrúthólmi með Hrúthólmaflögu að sunnanverðu. Suður af flögu þeirri er sker, Lotskvinna kallað. Þar suður frá liggur hólmi, sá er Strönd heitir, en þar útsuður af liggur Æðarsker með litlu grasi á. En austur af áðurnefndum Langhólmi er Selasker. Suðvestur frá Svefneyja-heimaey, gengur upp úr skerjaklasa grasflaga, sem nefnist Melsker. Þaðan í vestur liggur Skjaldarey, með háum hól. Vex þar skarfakál. Um öll hér talin lönd má ganga frá Svefneyjabæ um fjörur. Hér að auki til heyra Svefneyjum: Svefneyjaklofningur. Liggur hann austnorður á Svefneyjasundi, nærhæfis sjöttung mílu norðvestur frá fyrr umtöluðum Hrafnseyjum. Er það tveir háir klettahólmar upp úr sjónum. Fyrir vestan Klofninginn er sker, heitir Klofningsboði. Svefneyjafótur. Hann liggur viku sjóar suður frá Svefneyjum. Það er klettahólmi allur káli vaxinn. Í strandklettum hólma þessa verpir ritsa.[45]

Þá segir í sóknarlýsingunni um skerjaklasann sem umgirðir Svefneyjarbeitarlönd:

> Svo má kalla sem Svefneyjalönd séu öll umgirt ærnamiklum skerjaklasa, nema norðvestanvert, inn að heimaeyjunni, hvar að liggur upphaflega áminnzt djúp. Er um alla skerjaslóð þessa grunnsævi mikið og ekki skipaleið nema með kunnugum leiðsögumanni. Þau en helztu sker sem nöfn hafa, eru þessi: Vestur frá Skjaldarey – Flyðrusker, Skarfasker, Tvíhyrningur, Tindasker eystra og vestra, Kjallaksskerin, Hnúur, syðri og vestari, Leiðarsker, Mundaflaga, Bölluboði, Stórboði. Öll sker þessi eru nærri leiðum milli Flateyjar og Bjarneyja, og er grunnsævi alla götu frá Svefneyjum út fyrir sker þessi og vestur að Álaskerjum, sem liggja suðvestur frá Flatey, eina viku sjóar vestur frá Svefneyjum. Þar gefst einstöku sinnum uppidráp af landsel. Norður frá nefndri Skjaldarey liggur skerið Einbúi, en suður frá Svefneyjum eru Þrísker ytri og innri, Leiðarflaga og Suður-Einbúi. Þriðjungur skerja þessara hverfur í sjó um stórflæðar.[46]

Loks segir um Svefneyjar í sóknarlýsingunni:

> Eyjar og smáflögur með grasi, sem Svefneyjum til heyra, eru alls hér um bil 60 að tölu. Heimaeyjan öll er slægjuland, Skjaldarey og Öxneyjar. Hinar eyjarnar eru beitarlönd.[47] [...] Nú eru heimilisfastir menn á Svefneyjum tals 31. Á eyjum þessum er þingstaður Eyhreppinga. Ekki eru eyjarnar byggðar fyrr en seint á landnámstímum, því svo má ætla sem þær hafi verið óbyggðar, þegar

[45] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 144-149.
[46] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 149-150.
[47] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 150.

> landnámsmaður Hallsteinn sendi þangað þræla sína til saltgjörðar, og þeir sváfu sig þar uppi um flæðarnar, en fengu ei frá komizt um lágsjóað. Heitir þar Höfn, er þeir héldu skipi sínu, norðan fram við Seley [...].[48]

Í ritinu Eyjar og annes, segir m.a. um Svefneyjar:

> [...] þar fæddist Eggert Ólafsson rithöfundur og skáld, 1. des. 1726 [ekki sami og í Hergilsey].[49]
>
> Þess mun einhvers staðar getið í gömlum sögum, að Hallsteinn landsnámsmaður á Hallsteinsnesi í Þorskafirði, hafi sent þræla sína skozka til saltgerðar í eyjar á Breiðafirði. Honum þótti þeim dveljast við verkið. Og þegar þeir ekki skiluðu sér heim á réttum tíma, hratt hann fram skútu sinni og leitaði þeirra um eyjarnar. Fann hann þá sofandi í þessum eyjum og nefndi Svefneyjar.[50]
>
> Svefneyjar eru stórbýli og höfuðból, að fornu og nýju. – Þar eru mörg gömul örnefni, sem minna á mikil umsvif og mannlíf í eyjunum, s.s. Goðaborg, Þingborg, Dómasæti.[51]
>
> Á fyrri hluta 19. aldar bjó þar við mikla rausn og höfðingskap, Eyjólfur hreppstjóri Einarsson (1784-1865). [...] Eftir Eyjólf tók við búi í Svefneyjum og hreppstjórn í Flateyjarhreppi Hafliði sonur hans (1823-1894) og bjó þar til dauðadags.[52]
>
> Um daga þeirra feðga og eflaust löngu fyrr, í heiðni, sbr. örnefnin sem tilfærð eru hér að framan, var þingstaður eyjamanna í Svefneyjum, en var fluttur þaðan til Flateyjar við lát Hafliða, og hefur verið þar síðan. Sérstakt hús byggðu þeir feðgar yfir þingið og önnur fundahöld í Svefneyjum, en það er nú löngu fallið. [...] Má því með nokkrum rétti segja, að Svefneyjar settu niður við fráfall þeirra Eyjólfs og Hafliða. Jafnan hefur þó verið vel búið þar síðan. Frá 1895 og til 1924 bjó þar rausnarbúi Magnús Jóhannsson (1864-1955) frá Höllustöðum [...]. Síðan hafa orðið nokkur tíð ábúendaskipti í Svefneyjum.[53]
>
> Svefneyjar eru af mörgum taldar vera einna best til landbúskapar fallnar af öllum eyjajörðunum á Breiðafirði.[54]
>
> Írlönd heita nokkrar samliggjandi eyjar í Svefneyjalöndum, eru þær eflaust kenndar við þessa skozku eða írsku þræla.[55]

---

[48] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 151.
[49] Eyjar og annes, 1964, bls. 58.
[50] Eyjar og annes, 1964, bls. 59-60.
[51] Eyjar og annes, 1964, bls. 60.
[52] Eyjar og annes, 1964, bls. 60-61.
[53] Eyjar og annes, 1964, bls. 62-63.
[54] Eyjar og annes, 1964, bls. 63.
[55] Eyjar og annes, 1964, bls. 69.

Í Árbók Ferðafélagsins er eyjaklasanum sem kallaður er Inneyjar og Svefneyjar tilheyra, m.a. lýst með eftirfarandi hætti:

> Frá austurenda Flateyjar eru rúmir þrír km að heimaeynni í Svefneyjum sem liggur austsuðaustur af Flatey. Svefneyjar eru ystar í eyjaklasa sem nefnist einu nafni Inneyjar en auk Svefneyja eru þar jarðirnar Hvallátur, Skáleyjar og Sviðnur. Sú síðastnefnda er nokkuð fráskilin hinum þremur sem sameiginlega mynda einn klasa með hátt á fimmta hundrað eyja. Margar þeirra eru allstórar en hólmar og smáflögur eru þó í meirihluta.[56] [...] Úr Skjaldarey yst í Svefneyjalöndum í Grísaból innst í Skáleyjum eru u.þ.b. 15½ km, en séu skerjaklasar til beggja enda teknir með er Inneyjaklasinn um 26 km., frá Álaskerjum út af Svefneyjum inn á Austurhleinar í Skáleyjum. Breiddin verður mest um 5 km, t.d. frá Straumskerjum suður fyrir Hróvaldsey, og eru Sviðnur þá ekki taldar með [...].[57]

Þá segir um Svefneyjar og heimaey þeirra:

> Svefneyjar eru ysti hluti Inneyjaklasans og eru þar um 50 nafngreindar eyjar og hólmar. Auk þess er nokkuð af nafnalausu hólmamori sem frálaust verður um flæðar. Má ætla að með því séu eyjar og hólmar í Svefneyjum um 70-80 að tölu. Heimaeyjan liggur í vesturjaðri landareignarinnar en hinar flestar þar austuraf. Hún er stærst Inneyja og litlu minni en Flatey. [...] Miðhluti eyjarinnar er mýri sem Stóramýri heitir og var þar áður afarmikið kríuvarp. Nú hefur hluti hennar verið þurrkaður og gerður að túni. Gamla túnið er aðallega á þurrlendisbölum umhverfis innri enda hennar og nær þar alstaðar út að fjöru. Fram með eynni að suðaustan liggur Bæjarsund sem er mjótt og þornar um hverja fjöru. Austan við það er Seley eða Litla-Seley og síðan Svefneyjalöndin áfram til austurs, inn að Breiðasundi.[58] [...] Norðan við Bæjarsundið, góðan spöl fyrir innan Sandinn, er lítill hólmi, flatur og kringlóttur, sem kallast Hjallar enda stóðu þar hjallar Svefneyinga og fleiri hús áður. Hjallarnir tengjast heimaeynni með berghrygg eða rifi sem sjór fellur lítið yfir og er því jafnan gengt þangað. Steinsnar lengra til norðausturs eru hólmar sem Klápar nefnast.[59] [...] Spölkorn frá Eyjarendanum liggur Skjaldarey. Hún er allstór, mynduð af skeljalandi að miklu leyti, vaxin loðnu melgresi og útgrafin af lunda. Suður af henni er Melsker með miklu æðarvarpi.[60]

Í Árbókinni er einnig fjallað um Svefneyjalönd en um þau segir m.a.:

> Aðaleign Svefneyja, auk heimaeyjarinnar, eru Svefneyjalönd austan við Bæjarsund. Þar eru margar og misstórar eyjar sem fjarar í þannig að gengt er um öll löndin á fjöru að heita má. Auk Litlu-Seleyjar sem áður er nefnd má nefna þessar: Langey, Urðey, Grasey, Feginbrekkur, Stóru-Seley, Flatey, Norðureyjar, Hrafnseyjar, Öxneyjar og Írlönd. Auk þess eru margir hólmar og

---

[56] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 156.
[57] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 156-157.
[58] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 157.
[59] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 158.
[60] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 159.

flögur einsog annarstaðar í Inneyjum. Breiðasund skilur að mestu milli Svefneyja- og Látralanda. Fram af norðurenda þess á innanverðu Flateyjarsundi rís allhár, bunguvaxinn stuðlabergshólmi úr sjó. Þvert í gegnum hann er gjá sem skiptir honum í tvennt og heitir hann Klofningur. Þar er mikil toppskarfabyggð ásamt ritu- og fýlavarpi. Alllangt suður af Svefneyjum er annar stakur hólmi af svipaðri gerð sem Fótur heitir. Báðir tilheyra þeir Svefneyjum og gjarnan við þær kenndir: Svefneyja-Klofningur og Svefneyja-Fótur. Hlunnindi eru í Svefneyjum af æðarvarpi, þangfjörum og vorkópaveiði, sem reyndar hefur ekki verið stunduð um skeið. Ekkert af þessu er þó jafn mikið og sumstaðar í nágrenninu. Skilyrði fyrir hefðbundinn búskap eru hinsvegar á margan hátt góð og ræktunarmöguleikar miklir á heimaeynni. Áður var þar oft allstórt bú með mikilli áhöfn en allur heyskapur tekinn á heimaeynni. Fengust þar árlega allt að 30 kýrfóður þegar hún var öll slegin. Löndin voru þá notuð sem bithagar.[61]

Um sögu Svefneyja, búskaparhætti og búsetu segir m.a. á sama stað:

Svefneyjar eiga sér langa og merka sögu. Landnáma segir að Hallsteinn goði á Hallsteinsnesi hafi sent þræla sína til saltgerðar í Svefneyjum en segir lítið um það frekar. Líklega hefur þjóðsagan tekið við og spunnið þráðinn áfram en gamlar sagnir greina frá því að goðinn hafi farið að vitja þrælanna, fundið þá sofandi í Þrælalág og síðan heiti eyjarnar Svefneyjar. Á leiðinni heim á hann að hafa lent í Sviðnum og hengt þá þar í skarði milli tveggja kletta. Heitir þar síðan Gálgi. Þetta hafa Gísli Konráðsson, Friðrik Eggerz o.fl. tekið upp sem alþekkta munnmælasögu. Sé talinn fótur fyrir þessu ættu Svefneyjar að hafa byggst frekar seint á landnámsöld þar sem þær sýnast óbyggðar þegar sagan gerist. Að öðrum kosti hefur þær verið búnar að fá nafn áður. Ólíklegt er þó að þær hafi byggst síðar en aðrar Inneyjar, svo vel fallnar sem þær eru til búsetu. Svefneyjar koma aðeins við sögu í Sturlungu sem segir að Þórður kakali hafi gefið þær vini sínum Sanda-Bárði.[62] [...]

Meðan búskaparlag í Eyjahreppi var í gömlum skorðum var það þó töluvert mismunandi milli eyja, eftir aðstöðu á hverjum stað. Svefneyjar höfðu t.d. verulega sérstöðu. Alstaðar þurfti að sækja stóran hluta heyjanna í úteyjar og flytja heim á bátum nema þar. Þar voru þau tekin nær öll á hinni stóru og grasgefnu heimaey. Aðra hluta landsins mátti nýta til beitar fyrir nautgripi á sumrin og sauðfé á vetrum þar sem gengt var um það nær allt að heiman. Landrými er mikið og fjörubeit góð, og fé gat því verið létt á fóðrum. Á síðari tímum var venja að flytja eyjaféð til lands á vorin þar sem það gekk sumarlangt. Líklega hefur því verið öðru vísi háttað fyrr á öldum, og margt bendir til þess að þá hafi sauðfé verið fátt í eyjunum og að þar hafi verið fært frá ánum einsog á landi. Stekkjarhóll í Svefneyjum og tvær Seleyjar í Svefneyjalöndum segja gamla búnaðarsögu þaðan en hliðstæð örnefni eru í öðrum eyjum. Þegar nautgripir gengu í löndunum á sumrin voru kýr mjaltaðar í Seley og þar var sumarfjós þar sem þær voru hýstar á næturnar svo þær kæmu ekki heim í ógirt

[61] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 158.
[62] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 158-159.

túnið. Þegar hásjávað var þurfti að fara til mjalta á sérstökum bát sem geymdur var á Stöðlinum. Þetta voru kallaðar skipamjaltir og tíðkuðust þær víðar í eyjunum. Sá annmarki var á fjárbúskap í Svefneyjum og nýtingu fjörubeitar að flæðihætta er þar afar mikil.[63]

Ekki hefur föst búseta verið í Svefneyjum á undanförnum árum en fólk hefur haft þar aðsetur á sumrin við hirðingu æðarvarps, þangöflun, grásleppuveiðar o.fl. Á vetrum er þar auður bær einsog víðar á Breiðafirði.[64]

Þá lýsir Árbókin Svefneyjalöndum og hlunnindum þeirra með eftirfarandi hætti:

Svefneyjalönd taka við útsuður af Látralöndum, og er Bæjareyjan einna yzt, en nokkrar smáeyjar þó suðvestur frá henni. Bæjareyjan er langstærst þessara eyja, enda næststærst Vestureyja, fast að því jafnstór Flatey. Er hún með hálendari eyjunum og vel gróin. Þar eru tvær smátjarnir og góð vatnsból. Jörðin er talin jafngildi Hvallátra til búskapar. Hlunnindi eru öll hin sömu sem á hinum eyjajörðunum. Hægra er um heyskap og vörzlu búpenings en í Hvallátrum sökum stærðar og frjósemi heimaeyjarinnar. Lendingarskilyrði eru fremur óhæg sökum útfiris. Í flest Svefneyjalönd er hægt að ganga að heiman á stærstu fjörum, en um háflæði er ófært milli allra eyja nema á bátum.[65]

Hér verða talin nokkur nöfn á Svefneyjalöndum: Litla-Skeley, Langey, Urðey, Flatey, Flateyjarhólmi, Írlönd, Litla-Írland, Sæmundarsker, Feginsbrekkur, Lundhólmur, Lundhólmsflaga, Stóra-Seley, Hvalhólmur, Langhólmur, Æðitangi, Hellisey, Siggusker, Þórðarsker, Klápar, Norðurey ytri, Norðurey innri, Grasey, Urðeyjarhólmur, Hrafnseyjar, Öxneyjar, Hrúthólmi, Lotskvinna (sker), Strönd, Æðarsker, Selasker, Melsker, Skjaldarey, Svefneyjaklofningur og Svefneyjafótur. Mikið er um sker: Flyðrusker, Skarfasker, Tvíhyrningur, Tindasker, Kjallaksssker, Hnúur, Leiðarsker, Mundaflaga, Bölluboði og Stóriboði. Er þetta sýnishorn örnefna.[66]

#### 4.1.1.3. Hvallátrar / Látrar (Inneyjar)

Í Jarðabók segir m.a. um Hvallátra:

Jarðardýrleiki xl. Jarðareigendur [...] Ábúendur. [...] Heimræði hefur þar verið, einkum gott á haustin, en nú er það af um nokkur ár. Þar eru eyjar margar og smáhólmar. Er bæði í þeim og heima á eyjunni eggver og dúntekja; hefur verið í besta máta, en mínkar um nokkur ár. Skiftist hvörttveggja eftir proportion millum ábúenda. Þar eru og slægjur. Lundatekja góð. Selveiði er þar í betra lagi. Uppislægjur. Lundatekja góð. Selveiði er þar í betra lagi. Uppidráp lítilsháttar þá til vill. Sölvafjara að litlu gagni. Skelfiskatekja lítilfjörleg. Selför er þar í aðra ey, og verður á skipi að flytja til og frá. [...][67]

---

[63] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 162.
[64] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 164.
[65] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 69.
[66] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 70.
[67] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 242.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Hvallátra:

> Bóndaeign, 40 c að dýrleika liggur næst norðaustur frá Svefneyjum, nærhæfis hálfa viku þaðan, en eina viku og fjórðung annarrar austur frá Flatey. Bæjareyin liggur í austur og vestur, lítil og þýfð, nema túnið er slétt og fagurt bæjarstæði. Liggur túnið yfir fullan helming eyjarinnar. Þar eru vel húsuð býli. Aðalbæirnir eru tveir, hvor við annan. Standa þeir saman fram móti suðri, því nær á miðri eyjunni. Fjós og heystæður eru norðanvert, á bak við bæinn.[68] [...]

Um svokölluð heimalönd Hvallátra segir m.a. í sóknarlýsingunni:.

> Áfastar við heimaeyjuna að vestanverðu eru tvær Akureyjar, heimari og ytri kallaðar. Þar sjást glögglega gömul akurgerði, og á ytri eyjunni hefir fyrrum staðið stekkur. Norður frá heimaeyjunni liggja Flathólmar tveir, litlir og sléttir hvor út af öðrum, í austur og vestur, en vestur frá heimaeyjunni eru hin önnur heimalönd. Þar af liggur næst Nautey, lítil ey. Þar vestur af Djúpey enn nú minni. Rótareyjar tvær, austari og vestari, með tveimur smáflögum. Þá Tréseyjar tvær, eystri og vestari, og þar út af Yztaey. Hún er stærst af eyjum þessum.[69]
>
> Suður af hér töldum eyjum eru fimm grasflöguhólmar, er heita: Lang-, Sinu-, Þernu-, Hundraðs- og Fjöruhólmar. Í allar þessar eyjar fjarar frá heimaeyjunni. Inn og austur frá Yztuey liggur Efrileið svo nefnd inn með Tréseyjum og allt inn í Látralendinu. Fjarast sú leið naumast um smástraum. Fyrir sunnan grunnleið þessa liggja upp af skerjaklasa fjórir hólmar, sem kallast Framhólmar, og heita: Urðhólmar, Urðhólmsflaga, Grund og Hái-Sundhólmur. Í allar eyjar þessar og hólma má ganga frá bænum, þegar stórfjörur eru.
>
> Eru heimalönd þessi mjög óskipuleg, liggja sumar eyjarnar þvert hinum, og eru allar graslágar, en sæmilega rótgóðar. Enn nú tilheyrir heimalöndunum frálausu grashólmi, nefndur Gönguklettur, norðvestur af heimalöndunum, er það lítill grashólmi, hvar lítið eitt vex af káli. Skerjótt er mjög kringum heimalöndin. Norður af eyjunum liggur skerjaklasi í austur og vestur, kallaður Straumsker. Sundið í milli þeirra og fyrr téðra Flathólma kallast Röst. [...] Klettastandur heitir Stöng. Inn með henni er skipaleið að norðvestanverðu. Vestur af heimalöndunum, nærhæfis 1/8 viku, liggja Svörtusker. Frá þeim, vestur að Flatey er hrein og krókalaus leið yfir Flateyjarsund, viku sjóar áfram. Suður frá bænum liggur Festarsker á svo nefndu Bæjarsundi, er gengur í austur og vestur fyrir sunnan Bæjareyjuna og út með svo kölluðum Framhólmum, og kallast þar Sundhólmasund. Er það alfaravegur, sem þó tekur að fjara og verður þurr um stórstraumsfjörur. Sunnanvert við sund þetta, í austur og vestur liggur gagnvart heimaeyjunni og heimalöndunum öllum skerjaklasi langur og mikill, allt austan frá Þórarinshólma og vestur á Lokasker. Má skerjaland þetta kallast miðhluti Hvallátralandareignar. Upp úr skerjaklasa þessum liggja þessir grashólmar. Austast er Þórarinshólmur, graslítill, steinóttur mjög. Þar vestur af eru:

[68] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 151-155.
[69] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 151-155.

Dagmálasker tvö, hvort út af öðru, svo Tindhólmur, með smátindaklettum að norðanverðu. Þá Þakhólmur stóri, gagnvart bænum, sem og Þakhólmur sunnasti og flögur tvær, innsta og vestasta. En í suðaustur frá hólmum þessum er Rifhólmur, sem dregur nafn af Borgarrifi. En suður og vestur af Þakhólmum eru nokkrar smáflögur. Vörðusker er norðvestast þeirra, hár hólmi, sunnanvert við Sundhólmasundið, með litlu grasi í. Vestur eftir liggur þessi ærnamikli skerjaklasi og endar loks með Lokaskerstöngum út og vestur af Lokaskeri, lágt og langt sker grasi vaxið, norður af hverju gagnvart fyrr nefndum Svörtuskerjum til Norðvesturs, er Eyjólfsboði. Skipaleið fyrir hann að vestanverðu er miðuð: Skálanesið á Háa-Sundhólmi. Þá er enn miðuð skipaleið fyrir Lokaskerstangahornið nyrðra: Múlatafla á klett vestantil í jaðar á Yztuey, og þar út með töngunum, Svefneyjabær vel vakandi fyrir vestan Svefneyjaklofning. Þá er enn mið á sömu leið, þá komið er í suðvestur til suðurs frá Urðhólmi, þar á Skálanesið að vera á Vörðuskeri allt inná milli þess og Grundarinnar. Eins og umtalaður skerjaklasi endar vestanvert með Lokaskerstöngum, svo endar hann austan til með svo nefndum Látratöngum, er ná alla götu austur á það mið: Skarðsklofningsfjall inn á Kjalareyjarflögu. En skipaleið þar suðaustur yfir, fyrir innan Látratangaboða þar hjá, er Skarðsklofningur austan til við Kjaleyjarhöfuð. Norðurhali Látratanga þessara kallast Heimaritangar. Mið fyrir þá er: Bærinn á Háarana, innst á heimatúninu. Því nær norður frá Innri-Látratöngum liggur einstakt sker kallað Látrakobbi. [...][70]

Nú skal greina frá syðsta og stærsta hluta Hvallátralandareignar, er Látralönd kallast. Liggja þau mitt á milli Svefneyja og Skáleyja og eru eiginlega samlend þessum að vestan- og austanverðu, nema hvað mjó sund aðskilja. Austur með Lokaskeri að sunnanverðu gengur djúpt og breitt sund í austur inn með Þakhólmum sunnanvert. Inn af því liggur Borgarrif, sem þurrt verður um stórfjörur. Sama sundið liggur allt inn með Látratöngum. Á sundi þessu eru fyrir vestan Borgarrif, tvö grassker, heita Dritsker. Austur af þeim er Teinahringsker graslaust. Sund þetta kallast Seljasund. Eru á því hrognkelsalagnir. Lönd mikil liggja fyrir sunnan allt Seljasundið. Telst fyrst að sunnanverðu austast, gagnvart Þórarinshólma, hátt grassker, sem heitir Borgarsker, en suðvestur frá því liggur Innstaborg. Hún er stærst og víðlendust ey í Hvallátrum. Er þar ágæt lending, norðanvert í hana miðja. Vörðuborg liggur sunnanvert við ytri enda Innstuborgar. Þar er há, en lítil ey. Vestur frá henni er Miðborg, nokkuð stærri, þó mun minni en Innstaborg. Þá er Seljaborg í suðvestur þaðan. Sjást þar glöggt merki til fornra seltótta. Eyjar þessar eru næstum hver annarri áfastar, og þurrt milli þeirra um fjörur. Eru þær helztu slægjulöndin, snöggvar og mosamiklar. Suður af eyjum þessum er Snælduhólmur og Snælduhólmsflögur tvær. Við Snælduhólm liggja sker, og eru þar lagnir fyrir vorkópa. Við Snælduhólm liggur lítill vogur, og sunnan til við hann hár og langur klettarani, kallaður Skarfatangi. Þar er lagt fyrir vorselakópa. Langt nokkuð þaðan í suðaustur er Kjalarey. […] Eyja þessi er grasgóð, lítil mjög og lág, með grasflögum í kring og ærna skerjaklasa umhverfis, hvar einnig

[70] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 151-155.

eru selalagnir. Hún gengur lengst í austurlandsuður af Látralöndum. Liggur suðvestur af henni langur og breiður skerjaklasi. Í útsuður frá áðurnefndri Seljaborg er Eldeyjarhólmur, og þar hjá liggur sunnan- og austanvert við Seljasundið Eldey, hvar gnægð er af svonefndu vikurkoli í grasrótinni. – Í austur frá henni er Þúfuey. En í suðvestur frá Eldey liggur Flatey, lítil og lág. Kringum þessar næsttöldu þrjár eyjar, einkum sunnanfram, eru margir smáhólmar og flögur. Vestanfram eru: Reddi og Reddaflaga, en Höfðasker sunnanfram, sem og flögur þessar: Þúfnaeyjar-, Tening-, Bjöllu- og Sigguhólmar, Djúpálaflögur tvær, Svartbakaflögur tvær, Teningsflögur tvær, Sigguhólmsflögur fjórar, samt áðurtalinn Skarfatangi og enn nú átta grasflögur. Er hólmaklasi þessi suður- og suðvestur frá Seljaborg kallaður Álar, og er örskammt milli allra þessara hólma. Suður frá Álum þessum er fyrst að telja Stóra-Hvannhólm, grasgóðan vel, með selalögnum í kring. Þaðan er miðuð leið í norðurátt, þó yfir sker: Skarðsklofningur á Skipavör, sem liggur vestanvert á téðum hólma, allt að Teningshólma.

Í vestursuðvestur eru Hvallátra selhús og Seljalöndin. Fyrst er Seley með tveimur lendingum: Teinahringsvör og Barðstofuvör. [...] Brunnar eru þrír á Seleyjunni. Þar standa nú sjö selhús. Er nautpeningi haldið þar í seli frá messudögum til höfuðdags. Lyngey og Lyngeyjarflögur fimm liggur í suður frá Seleyjunni, en Selhöfðar þrír, eður klettar með grasi, eru austnorður frá henni. Kjóatangi, lítil flaga, liggur austur af sömu ey, en suður frá Lyngey Hái og Lági Rifgirðingur. Þá Kapalsey og Kapalseyjarklápar tveir, en til vesturs liggja Höfðaeyjar þrjár og Stakhöfði. Áfastur þeim eyjum suðvestanvert er Gullhóll. [...] Vestur af Höfðeyjum er Höfðasker, og í suður frá þeim liggur Mosey og Moseyjarhólmur, sem og Langi-Rifgirðingur, en í austur er Álftaflaga. Kallast þetta eyjaþorp „Frá álum“, og eru að mestu áfast hvert öðrum með rifjum og rimum á ýmsa vegu. Suður og suðaustur frá eyjum þessum er Helliseyjaráll vestur með Höfðeyjum og Mosey. Fyrir sunnan er Hellisey [...]. Suður frá eyju þessari eru: Lundhólmar tveir og þá suður lengra Einarshólmur, en í suðvestur er Gloppuey og Gloppuhólmur. Milli Gloppu- og Helliseyjar eru fimm grasflögur, er þar og lítill hellir 5 al. hár. Lykjast klettar saman yfir honum. Í suðursuðvestur þaðan frá Gloppu er Yztaey, nær suðvestur af svo nefndu Breiðasundi. Eru allar þessar eyjar, frá Seley og henni meðtaldri Seljalönd.

Vestanvert við Höfðeyjar og inn með Seley liggur djúpt sund. Vestan til á því liggja eyjar nokkrar, kallaðar Heimarasund. Eyjarnar eru þessar: Austast liggur: Véley og í suðvestur af henni er Litla-Spróksey, og tvær flögur heita Sprókseyjarklakkar. En sunnan til við Litlu-Spróksey liggja þrjár smáflögur, en vestur þaðan er Stóra-Spróksey. Þar er kumbl eður dys frá fornöld, þess er eyjarnar draga nafnið af. Eru þetta slægjueyjar og hagkvæmar til beitar. Suðvestanvert við Sprókseyjar gengur, frá norðvestri til suðausturs, landmerkjasundið milli Hvallátra og Svefneyja, liggur þaðan alla götu fyrir sunnan Yztuey inn með Vörðeyjum og kallast Breiðasund. [...] Austanvert við sund þetta er sker það, sem heitir Þrætuklakkur, við landamerkin. Furðumörg eru þar önnur sker, sem felast í sjó, þá flæðar eru, og eru háskaleg skipaferðum og fénaði. Suður frá Yztuey í Seljalöndum liggja smáeyjar nokkrar í

sjóarsundinu suðvestur frá henni og að Svefneyja landareign. Kallast eyjar þessar: Syðra- eður Synnrasund. Þar í er næst Yztuey, Reddaflaga og suður frá henni Reddi, lítill hólmur, þá Litli-Hvannhólmur og suður þaðan Strandir tvær og Strandhólmur, litlar og lágar eyjar. En í suðvestur frá Hvannhólmi er Stórhólmur og Stórhólmsflögur tvær, þá Hamarshólmur í sömu átt, og þaðan frá í suður Vörðueyjar tvær og Vörðueyjarhólmur. Þetta svo nefnda Syðrasund er slægjulönd, og selalagnir þar í kring. Suðaustur af Syðrasundi í opnum sjó liggja sker, kölluð Kópasker. Þar veiðist selur og þar er líka svartbaksungatekja. Nú eru allar helztu eyjar, og grashólmar, taldar í Hvallátra landareign. [...] Má þó ei segja að fulltalið sé, því svo er ákveðið af kunnugum mönnum, að í Hvallátrum séu 300 eyjar og grashólmar, sem aðskiljist um stórflæðar. [...] Nú eru þar heimilisfastir menn að tölu 47.[71]

Í ritinu Eyjar og annes, segir m.a. um Hvallátra:

> Bæjareyja í Hvallátrum er stórum minni en í Svefneyjum, en eitthvað hærri úr sjó. Áfastar við hana um fjöru, eru aðeins nokkrar litlar eyjar og hólmar. En þrátt fyrir smæð heimaeyjanna, eru Hvallátur líklega landstærsta jörð í Vestureyjum. Það eru gömul og ný sannindi í eyjum, að undir Hvallátur liggi 300 eyjar og grasivaxnir hólmar auk allra skerja og kletta sem flæðir yfir og ekki vex á annað en fjörugróður. Sumar eyjarnar eru stórar og grasgefnar, og væru þær allar mikið landflæmi ef samfelldar væru. Þetta eru hin nafnkunnu Látralönd. Þau liggja öll suður og vestur frá Bæjareyjunni, og eru aðskilin frá henni af mjóu sundi, er Bæjarsund heitir [...]. Þetta landslag í Látrum veldur því, að búskapur þar, s.s. heyskapur er stórum erfiðari en í Svefneyjum. Til að bæta upp að nokkru þessa[r] erfiðu aðstæður, var heyjað að í Látralöndum á sumrin og búfé haft þar í seli um langan aldur. [...] Og Hvallátur eru mikil bújörð, engu síðri en Svefneyjar. Það er á öðru stykkinu sem ekki er á hinu. Þar eru meiri hlunnindi, bæði dúntekja og selveiði. Oft hefur verið þar margbýli.[72]
>
> Og einu sinni voru Hvallátur prestsetur. Þá sat þar séra Árni Jónsson frá Flatey [...]. [...] Meðal sona hans var Þorleifur, sem Þorleifsvöllur í Látratúni er kenndur við. [...] Jón faðir séra Árna, Jón Finnsson í Flatey [...].[73]
>
> Þegar ég man fyrst eftir, bjó við Hjallana einsetumaður í litlum kofa. Hann hét Ólafur Jónsson og var víst mesti gæða- og sómakarl.[74]
>
> Á síðari hluta 19. aldar var mestur bóndi í Hvallátrum Þórarinn Þorláksson (1814-1894), systursonur Eyjólfs í Svefneyjum. Hann tók þar við búi af föður sínum og bjó til dauðadags.[75]

[71] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 155-159.
[72] Eyjar og annes, 1964, bls. 70-71.
[73] Eyjar og annes, 1964, bls. 72-73.
[74] Eyjar og annes, 1964, bls. 74.
[75] Eyjar og annes, 1964, bls. 76.

> Ólafur Aðalsteinn Bergsveinsson fór að búa í Hvallátrum að Þórarni Þorlákssyni látnum. Hann var þá 27 ára gamall, fæddur í Sviðnum 23. júní árið 1867.[76]
>
> Þegar Ólafur var á fyrsta eða öðru ári, fluttust foreldrar hans í Bjarneyjar og bjuggu þar allan sinn búskap, en hann varð eftir hjá afa sínum og ömmu í Sviðnum og ólst upp hjá þeim.[77]
>
> Ólafur hafði hætt búskap í Látrum nokkrum árum fyrir andlát sitt, en við tekið Valdemar, yngsti sonur hans. [...] Hann dó nokkrum mánuðum á undan föður sínum, 28. maí 1939.[78]
>
> Jón Daníelsson fór að búa í Látrum við fráfall Valdemars Ólafssonar, og heldur vel í horfinu [...].[79]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Hvallátra:

> Miðhluti Inneyjaklasans tilheyrir Hvallátrum eða Látrum einsog jörðin er nefnd í daglegu tali. Landareignin skiptist í þrjá aðalhluta. Það eru aflangir, samhliða eyja- og hólmaklasar með stefnu norðaustur-suðvestur. Þessir þrír aflöngu klasar eru aðskildir af tveimur sundum sem bæði eru alfaraleiðir frá forni fari svo sem síðar verður sagt frá. Annað þeirra þornar á kafla um hverja fjöru en hitt um stærstu strauma. Verður þá gengt um nær alla landareign Hvallátra sem er býsna víðáttumikil.[80] Syðsti hlutinn er stærstur og í beinu framhaldi af Svefneyjalöndum. Utan frá Breiðasundi sem skilur þar á milli er hann um 4½ km á lengd og í honum fjöldi eyja og hólma. Þegar talað er um Látralönd er fyrst og fremst átt við þann hluta. Rúman km í norðvestur frá innri hluta Látralanda liggur heimaeyjan í Látrum. Henni fylgir eyja- og hólmaþyrping sem teygir sig til suðvesturs í átt að Flateyjarsundi og kallast Heimalönd. Þessi síðarnefndi klasi er mun minni en hinn, röskir tveir km á lengd. Milli þessara tveggja aðalhluta liggur sá þriðji, en að mestu er hann víðáttumikill og feiknalangur fjörufláki, um 4½ á lengd. Á honum miðjum er þó væn hólmaþyrping. Þar eru Þakhólmar, Rifhólmi, Vörðusker o.fl. en allmiklu utar á flákanum er Lokasker, og á honum innanverðum eru Tindhólmi, Þórarinshólmi o.fl. Allt eru þetta frekar litlir hólmar nema Stóri-Þakhólmur sem er allstór eyja. Þar var ræktað fallegt tún um miðja þessa öld. Innri endi flákans kallast Látra-Tangar en sá ytri Lokaskers-Tangar. Um fjöru verður ekki farið á sjó heiman úr Látrum suður í Lönd nema fara út fyrir eða inn fyrir Tanga. Þegar hærra er sjóað opnast margar leiðir sem kunnugir geta notað þvert í gegnum flákann.[81] [...]
>
> Heimaeyjan í Látrum er frekar lítil en graslendi jarðarinnar í heild líklega það mesta í Vestureyjum. Eyjar eru þar um 240 talsins ef allt er talið þó að

[76] Eyjar og annes, 1964, bls. 79.
[77] Eyjar og annes, 1964, bls. 79.
[78] Eyjar og annes, 1964, bls. 97.
[79] Eyjar og annes, 1964, bls. 98.
[80] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 164-65.
[81] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 165.

smáflögur og hólmar séu þar í meirihluta. Auk heimaeyjarinnar sjálfrar má nefna þessar í Heimalöndum: Nautey, Djúpey, Tréseyjar, Rótareyjar, Ystey; engin þeirra er mjög stór. Smærri hólmar eru allmargir og fjörur víðáttumiklar. Akureyjar tvær, ytri og innri, eru áfastar heimaeynni og önnur þeirra raunar hluti hennar. Hólmaþyrping í Heimalöndum nefnist Framhólmar og lokar Bæjarsundi utanverðu. Mjótt sund er milli þeirra og Þakhólmanna sem Sundhólmasund heitir og liggur þar aðalleiðin úr Látrum út á Flateyjarsund. Önnur leið grynnri, Efrileið, liggur af Bæjarsundi norðan Framhólma. Norðan við Látur er opinn og hreinn flói upp undir Flateyjarlönd og Múlaeyjar, að undanskildum Straumskerjum sem eru norðan við Látur. Milli þeirra og heimaeyjarinnar er straumþungt sund, Straumskerjaröst, sem er siglingaleið. [...] Um röstina liggur líka leið inn í Skáleyjar og upp til lands þegar komið er utanfrá.[82] [...]

Víkjum nú aftur yfir í Látralönd sunnan Borgarifs. Þau eru stærsti hluti landareignarinnar einsog áður segir. Nokkrar helstu eyjar þar talið utan frá Breiðasundi eru þessar: Ystey, Hellisey, Gloppa, Kapalsey, Sprókseyjar, Véley, Mosey, Höfðaeyjar, Lyngey, Sel (Seley), Flatey, Eldey, Þúfney, Seljaborg, Miðborg, Vörðuborg og Innstaborg. Nokkuð frá þessum aðalkjarna Látralanda eru Strandir, Vörðueyjar, Litli- og Stóri-Hvannhólmur og Kjalarey. Þar fyrir utan er sægur af hólmum og flögum í Látralöndum sem ýmist bera sjálfstæð heiti eða eru kennd við næstu ey: Þúfneyjarhólmi, Eldeyjarflögur, Selhöfðar, Sprókseyjarklakkar o.s.frv. Allt er þetta samtengt af víðáttumiklum þangfjörum innbyrðis, út í Svefneyjalönd og inn til Skáleyjalanda.[83]

Ekkert mun vitað um upphaf byggðar í Látrum og ekki er þeirra getið í Landnámu. Í fornsögum ekki heldur nema Kjalareyjar á einum stað í Laxdælu og svo í Sturlunga og Biskupasögum. Guðmundur biskup góði kemur þar við á leið sinni frá Reykjanesi út í Flatey snemma á 13. öld og sýnist hafa gist þar. Sjálfsagt hafa Látur fyrir löngu verið komnar í byggð þá.[84] [...] Venjulega notaði Árni kunnáttu sína til góðs; stöðvaði drepsótt sem var á leið út í Látur á skeri sem síðan heitir Sóttarsker, aflétti músaplágu, bjargaði fólki af skeri, og barni sem búið var að bera út o.s.frv. Eitt sinn ætlaði þjóðtrúin honum þó að hafa unnið á manni með fjölkynngi sinni. Árni átti þá í deilum við Jón Halldórsson í Svefneyjum um landamerki. Báðir vildu eiga Sprókseyjar og Véley sem landfræðilega tengjast Svefneyjalöndum öllu frekar en Látralöndum. Sýslumaður kom til að dæma í málinu og setti dómþing í Sprókseyjum. Þangað kom enginn úr Svefneyjum og voru eyjarnar þar dæmdar með séra Árna. Síðan hafa þær legið undir Látur.[85] [...] Ekki mun Árni hafa verið eini bóndinn í Látrum á sinni tíð og löngum var þar margbýli. Á tímabili höfðu Flateyingar töluverð ítök í Látrum og Látralöndum; heyjuðu, ristu torf o.s.frv. Þannig segir Hermann Jónasson frá Þingeyrum frá því, þegar hann ferðast um eyjarnar 1886, að þá séu tveir ábúendur á Látrum en alls hafi tíu menn afnot af jörðinni, þar

[82] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 167.
[83] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 168.
[84] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 169.
[85] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 169.

af fjórir í Flatey. Áttu þeir slægnaparta, jafnvel í túninu heima við bæi. Í Jarðabókinni 1703 eru nafngreindir fimm ábúendur á Látrum.[86] [...]

Á síðustu árum hefur búseta verið stopul í Látrum en fólk átt þar lögheimili og dvalið þar á sumrin. Aðalnytjar af jörðinni hafa þá verið dúntekjan og þangöflun á hinum víðáttumiklu fjörum.[87] Hvallátur er, svo sem áður um getur, næsta jörð vestan við Skáleyjar, gagnauðug bújörð, ef vel er setin, svo sem verið hefur um langan aldur. Er hún að fornu mati jöfn Skáleyjum. Hlunnindi eru hin sömu og aðstaða öll svipuð, nema hvað hún liggur nær fiskimiðum Breiðafjarðar. Bæjareyjan er lítil og því fremur þröngt þar um fyrir búpening. Var hann því stundum hafður í beitarhúsum á annarri ey.[88] Lendingar eru góðar og gott vetrarlægi fyrir stóra báta. Eyjafjöldinn er mikill, kallast Látralönd, og hefur hver ey og sker sitt nafn, þótt margar séu. Eyjarnar eru mjög misjafnar að gögnum og gæðum. Sumar eru góðar til slægna, aðrar til beitar, ýmsar ágætar af æðarvarpi, en aðrar henta bezt lundanum eða þá kríunni. Skarfurinn verpir á skerjum. Og selalagnir eru betri á einum stað en öðrum. Í Hvallátrum hefur sama ætt setið um langt skeið og búið vel.[89]

Í landamerkjabréfi fyrir eyjajörðina Hvallátur, dags. 27. og 31. maí 1889, sem lesið var á manntalsþingi 12. júní 1890, segir:

Fyrst að norðanverðu norðantil með norðasta Straumskeri, þaðan beina leið austnorðan til við Latrakobba sem er sker í austnorður af innri Látratöngum; þaðan beina leið í suður mitt á milli Borgarskers Latramegin en Skáleyjar Skáleyjamegin, síðan í landsuður austnorðan til við svonefnt Villusker og þaðan beina leið í landsuður átt í mitt þrætuklakkssund; þaðan beigist línan í austnorðurátt inn með svokölluðum Veiði-Hnúum mitt á milli þeirra og þrætuklakks í dýpsta sundið austnorðan til við þær millum þeirra og Fagureyjaskerja; svo beigist línan til útsuðurs út með áðurnefndum Veiðihnúum þartil hún beigist aptur í austur landsuður í svonefndan Landamerkja-boða, sem er í miðju sundinu í millum Kjalareyjarklappa og Kollhúuskers og landsuður fyrir Klápana í mitt sundið millum þeirra og Hróaldseyjarhólma; síðan beina sjónhending í suður útsuður út Sviðnasund og suður fyrir svonefnd Kópasker suður með þeim og allt útsuður fyrir Kobbaboða; þaðan liggur línan í háttnorður alla leið í dýpsta sundið millum Látrastrandahólma og Æðarskers og svo norður eptir í mitt sundið fyrir vestan Vörðeyjar; síðan beigist línan í þvernorður fyrir austnorðan Yxneyjar og í dypsta sundið fyrir austnorðan Hamarshólma í Svefneyjalöndum og beint vestur mitt Þrætuklakks sund er liggur vestur úr vestan til við klakkinn; fyrir utan Sprókseyjar-Reiðar vestur eptir mitt á millum Lokaskers-boða og Svefneyja-klofnings, þaðan vestur fyrir Svörtusker og heilt vestur á Prestaflögu, þaðan beina sjónhending að norðasta Straumskeri; er þá komið að því sem upp var hafið. Innan þessarar línu eiga Látur allar þær eyjar hólma flögur og sker er

[86] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 169-170.
[87] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 177.
[88] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 68-69.
[89] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 69.

> hún um lykur, að óátöldu nú á þriðju öld þar að auki netlög og fiskhelgi eptir lögmáli réttu.[90]

#### 4.1.1.4. Skáleyjar (Inneyjar)

Í Jarðabók segir m.a. um Skáleyjar:

> Jarðardýrleiki xl. Jarðeigendur [...] Ábúendur [...]. Eggver og dún í betra lagi. Vatn þrýtur þá stundum, en fæst þó lengra í burt. Eyjar margar og hólmar liggja þar undir. Eru í þeim slægjur nokkrar, hagbeit, og sölvamæður svo sem fyrir pening, skelfisktekja lítil, selveiði sæmileg. Lundatekja nokkur, eggver og dúntekja í betra lagi, þá vel árar. Í þeim eyjum er flæðihætt fyrir fje.[91]

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Skáleyjar:

> Bóndaeign, 40 c að dýrleika, liggja lengst í austur af Eyjahreppslöndum og næst fastalandinu, tvær vikur sjóar í austurnorðaustur frá Flatey, 1 ¾ vika frá Hvallátrum, en jafnlangt norður frá Sviðnum. Landamerki milli Hvallátra og Skáleyjar eru að utanverðu við sker það, sem kallast Þrætuklakkur, í sundi, sem heitir Þrætuklakkssund, og svo í krók austur fyrir Hvallátrahnúur, þá í suður milli Kjalareyjar, Klápa og Hróaldseyjarhólms. [...]
>
> [...] Bæjareyin í Skáleyjum liggur, sem flestar aðrar eyjar, í austur og vestur. Er hún stærst allra eyja þar, að undantekinni Fagurey. Standa býlin austarlega á eyjunni, tveir allvel húsaðir bæir, er snúa í vestur. Ekki er þar mikið tún, en meiri hluti þess er sléttur og greiðfær. [...]

Þá segir í sóknarlýsingu um Skáleyjar beitarlönd:

> Nú skal næst greina frá Skáleyjar beitarlöndum, er öll liggja austur frá Bæjareyjunni, og fjara milli þeirra allra og hennar um stórfjörur. Áföst við heimaeyjuna í austur liggur Lyngey minni. Þar norður af liggur Illarif. Taka þá við Seleyjar, (eru þær lagaðar líkt og buxur), liggja í austur og vestur, hvor við aðra og samfastar austast. Þar eru gamlar seltóttir. Langhólmsflaga liggur norður frá þeim, og þar norður af Langhólmur stóri, en norðvestur af honum Langhólmur minni, og þar vestur af Kofuflaga, og í sömu línu þaðan liggur Hellisey, með vatnsbrunni. [...] Norðurey liggur austur af Hellisey. Þar austnorður af er Norðureyjarhólmar, alls sex að tölu, en austur af Seleyjum eru Rifgirðingar, kallaðar, gegnt Langhólmi sunnan fram, þá Grísaból, þar austur af, norðaustasti grashólmi í Skáleyjum og Eyjahrepp. Þaðan í austnorður liggur Skálasker. Austur með því sunnan fram alfaravegur austur og upp til Reykjaness og Þorskafjarðar, en norður af skeri þessu er hár klettur graslaus, kallaður Skarfaklettur. Hann liggur austur af Sölvaskerjum, hverra síðar verður getið. Inn með hér töldum beitarlöndum sunnanvert allt vestan frá heimaeyjunni liggur vogur austur úr löndunum. Sunnanfram við hann liggur nokkur hluti beitareyjanna. Austasta grasflaga í suðurlöndum þessum er Melflaga, en

[90] Barðastrandarsýsla landamerkjabók 1883-1960, bls. 155.
[91] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 243.

örskammt suður af henni liggur Axarsker, þar norður af Stórihólmur, norður af honum eru grasflögur tvær, en út og vestur af Stórahólmi eru grasflögur fimm að tölu. Þær helztu heita Stórhólmsflaga, Klakkaflögur tvær og Straumaflögur. Í vestur þaðan er Hamarshólmur, en vestur af honum gengur grjótrif út í Háahól, sem liggur næst við heimaeyjuna. Suðaustanfram Stóra-Lyngey með fjórum grasflögum. Vestur af þeim gengur Hjallatangi gagnvart Hjallalendingunni. Boðar kallast skerjaklasi fyrir sunnan öll lönd þessi í austur og vestur. Af öllum nú töldum eyjum er Axarsker og Melflaga slægjulönd, eins og allar þær eyjar, sem nú verða hér eftir taldar og eiginlega eru frá lausar, og fjarar ei í þær frá Bæjareyjunni. Suðvestur frá Bæjareyjunni er mjótt sund, yfir hvert vaða má um stórfjörur, kallað Fagureyjarsund. Þar er alfaravegur gegnum eyjarnar. Liggur þar útsuður af Fagurey. Hún er nær því kringlótt. Kallast hún 5 c land, og er stærst allra eyja í Skáleyjum. Þar eru gamlar bæjartóttir, túngarðsleifar og vatnsbrunnur, og hefir bær staðið þar í fornöld, en ei veit ég, hvort þá var býli í Skáleyjum, eður þetta sama býli hefir færst verið heim á Bæjareyjuna. Grasflögur átta eru í kring um Fagurey, en norður af henni er Skálsey, líka kölluð Skáldsey og Skálpey. Hún er minna land en Fagurey, með höfða austanvert og skerjaboðum norður af. [...] Grashólmur, Melsker, liggur suður af Skálsey. Hróvaldsey liggur suður frá Fagurey. Hún er eyja hæst í Skáleyjalöndum. Þar vex lyng og krækiber, - en ei annars staðar í Vestureyjum. Margir misstórir hólmar fylgja eyju þessari, kallaðir Hróvaldseyjarhólmar. Þaðan vestur undan liggur Þrætuklakkur, austanvert við áðurnefnt Þrætuklakks- eður Landamerkjasund. Útnorður af heimaeyjunni, norður af áður nefndu Framhólmasundi, eru Langeyjar, liggja í austur og vestur. Langey innsta eður austasta gengur gagnvart Skáleyjum til austurs. Mið-Langey er þar vestur af, og þá Langey yzta eður vestasta. Norður af eyjum þessum liggur sund, alfaravegur, kallað Þorkelseyjarsund, sem ætíð er fulldjúp skipaleið. Þar fyrir norðan er Þorkelsey og Þorkelseyjarklettur. Er það sú norðvestasta ey í löndunum [...]. Norður af ey þessari, og alla götu austur að Skarfaklett, liggur blindskerjaklasi, kallast Sölvasker. Gegnum þau eru miðaðar leiðir. – Búlkey liggur suðvestur af Langeyjum, há og hrjóstug. Frá henni er Trésey í suður, en í vestur af Framhólmum og norður frá Krákuvör. Sundið milli hennar og Búlkeyjar kallast Brandssund. Er það mjög skerjótt eins og annarsstaðar í Skáleyjum. Suður af Langeyjum, en norður undan Kríuhólmi, er Fríðarey, lágur og lítill hólmi. Eru nú talin helztu lönd og eyjar í Skáleyjum. Teljast þær alls 136 eyjar og grashólmar, sem sjór aðskilur um stórflæðar.

Þá segir m.a. í sóknarlýsingu um hlunnindi:

Þar Skáleyjar eru hreppsendi að austanverðu, er hægra frá þeim til ferða á fastaland en hinum öðrum eyjum, en örðugt mjög er þaðan til kirkjuferða og sjóarútvega. Eru Bjarneyjar sú næsta veiðistaða, en fiskveiðar ei að heiman. Hrognkelsaveiði er mjög lítil. - Þar leggur fljótt ísa á vetrum, svo oft hefir þaðan mátt ganga og ríða hestum milli eyjanna og fastalands. Verður þar því harðærislegra en í öðrum Vestureyjum, enda tilbyrgjast þá not sölva og fjörugrasa sökum ísanna. Slægjulöndin eru snögg og mosameiri graslendi en til úteyja. Varphlunnindi hafa tekið þar framförum á seinni árum og selveiði helzt

> vel við. Lundakofa er þar minnst allra Vestureyja. Skarfakál vex þar ei. Selveiði í nótum er í meðalári 40 kópar. En fuglaveiði þessi: Teistikofa 2 c, lundakofa 3 c.. Æðaregg takast ei mörg. Kría verpur þar í votviðrum. Haustbeit fyrir sauðfénað er allgóð. Telst þar fóðrist 8 kýr og 20 sauðkindur. Hreinsaður dúnn í meðalári 140 pund. Nú eru þar heimilisfastir 27.[92]

Í ritinu Eyjar og annes segir m.a. um Skáleyjar:

> Skáleyjar liggja nokkru austar á firðinum en Hvallátur, og næst landi af Inneyjum. [...] Skáleyjum svipar um margt meira til Svefneyja en Hvallátra. Bæjareyjan er stór, flatlend með nokkrum hólum og holtum.[93]
>
> Aldrei verður brim eða þungur sjór í lendingum í Skáleyjum, vegna þess hve Bæjareyjan er innilokuð af eyjum og skerjum. Úr Bæjareyjunni má ganga þurrum fótum um hverja fjöru í nokkra eyjaklasa og eru þessir helztir: Norðurlönd, Suðurlönd og Framhólmar. Rifin sem tengja þá við heimaeyjuna heita Illarif, Hamarshólmarif og Strákarif.[94]
>
> Bæjareyjan í Skáleyjum er ákaflega hrjóstrug, og var fram um síðustu aldamót ekki annað en jarðgrunn holt og ryðbrún mýrasund. En á síðustu áratugum hafa verið ræktuð allstór tún út frá bæjunum, sem standa skammt upp frá vörunum við Hópið. En þótt Skáleyjar séu hrjóstrugar, og lélegar slægjur heima og í úteyjum, finnast þar fleiri grasa- og jurtategundir en í öðrum Vestureyjum [...].[95]
>
> Í Skáleyjum er mikið æðarvarp og meiri selveiði, en í nokkurri annarri byggðri ey síðan Hergilsey fór í eyði, en kofnatekja lítil.[96]
>
> [...] en búið hafa þar góðir bændur svo lengi sem sögur fara af og eyjarnar verið hin farsælasta bújörð.[97]
>
> Skáleyjar hafa því ekki, fremur en Hvallátur, komizt hjá þeim heiðri, að vera prestsetur um skeið, þótt engar sögur fari þar af bænhúsum eða öðrum slíkum samkomuhúsum.[98]
>
> [...] um fáeinar úteyjar sem liggja undir Skáleyjar. Norðurlönd og Suðurlönd eru áður nefnd. En bæta má því við um Norðurlöndin, að í þeim eru tvær Seleyjar. Þar hefur einhverntíma verið haft í seli, og búsmalanum beitt um næstu eyjar. En langt er síðan, því elzta fólkið sem ég man eftir í Skáleyjum, hafði engar spurnir af selstöð þar í löndunum. En það breytir engum sannindum. Rústirnar í Nyrðri-Seley tala sínu þögla máli, en þær eru bersýnilega ævafornar. Fagurey er stærst óbyggðra eyja, sem liggja undir Skáleyjar. Hún er suðvestur af

[92] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 159-164.
[93] Eyjar og annes, 1964, bls. 101.
[94] Eyjar og annes, 1964, bls. 102.
[95] Eyjar og annes, 1964, bls. 102-103.
[96] Eyjar og annes, 1964, bls. 103.
[97] Eyjar og annes, 1964, bls. 110.
[98] Eyjar og annes, 1964, bls. 111.

bæjareyjunni, og fjarar í hana aðeins um stærstu fjörur. Hún er talin fimm hundruða land. Þar hefur einhverntíma verið búið. Bærinn hefur staðið á henni vestanverðri, þar sem hæst ber á. Tóttir hans eru enn allgreinilegar, svo og rústir af smærri kofum. Brunnur þar skammt frá, sem hefr verið hlaðinn og vel vandaður á sinni tíð. Hann gengur enn í dag undir nafninu Lindin. Hún þornar aldrei, og er hvergi betra vatn í eyjum. Túngarður, eða einhvers konar vörszlugarður, hefur verið hlaðinn yfir eyjuna þvera, og fleiri mannvirki eru þar sýnileg. [...] Hefur eystri endinn auðsjáanlega einhvern tíma verið notaður fyrir beitiland, en vestri endinn unninn og ræktaður. Ekki þekktist á Íslandi, þegar búið var í Fagurey, að brjóta land til túnræktar. Manni kemur því helzt til hugar, að þarna sé að finna uppgróið sáðland frá fyrstu öldum Íslands byggðar, þó að ekkert bendi til þess nema landslagið og svo vitneskjan um, að kornakrar voru víða í eyjum hér við land fram eftir öldum. Enginn veit nú neitt lengur um byggðina í Fagurey, og hvergi er hennar getið í bókum. Munnmæli herma, að hún hafi eyðzt í svartadauða 1402, og getur það vel staðist.[99]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, má m.a. finna eftirfarandi lýsingu á heimaeyju Skáleyja:

Innsti hluti Inneyja og næstar fastalandi eru Skáleyjar. Þar er eyjaklasinn ekki eins þéttur og í Svefneyja- og Látralöndum og fjarar því aldrei í sumar af úteyjum Skáleyja.[100] [...] Heimaeyjan í Skáleyjum er allöng, röskir tveir km, og lengst allra Vestureyja. Hún er óregluleg að lögun, afar vogskorin og misbreið. Breiddin er víða um 200 m en allt að 400 m þar sem mest er. Hún er mun minni að flatarmáli en Flatey og heimaeyjan í Svefneyjum en gengur næst þeim að stærð. Á innri enda hennar eru Stöðuley og Litla-Lyngey og eru þær á mörkum þess að vera hluti heimaeyjarinnar eða sjálfstæðar eyjar. Á allra stærstu flæðum verða þær frálausar.[101] [...]

Þá segir í Árbókinni um úteyjar, hólmaklasa og fleira:

Heimaeyjan í Skáleyjum er umlukt úteyjum, hólmaklösum, skerjagörðum, fjörum og grunnsævi.[102] [...] Stóra-Lyngey heitir allstór eyja austan við heimaeyna, fráskilin henni með örmjóu sundi sem sjór fellur í um flestar flæðar. Litlu munar að hún sé hluti af heimaeynni. Að heiman verður einnig gengt á öllum fjörum í hólmaklasa þá sem hér greinir: 1) Lyngeyjarhólmar eru suður af Stóru-Lyngey, 2) Framhólmar liggja í langri röð fram með langhlið heimaeyjarinnar að norðvestan. Þar eru Strákar, Kríuhólmi, Þríklakkar, Grænhólmi, Tréseyjarsker o.fl. Milli Framhólmanna og Heimaeyjar er skipgeng leið um flæðar og kallast Efrileið, 3) Suðurlönd eru hólmaklasi beint inn af Stöðuley. Þar eru Hamarshólmi, Stórhólmi, Klakkaflögur, Straumkilla o.fl. en Axarsker liggur þar nokkuð afsíðis til suðausturs, 4) Norðurlönd eru miklu stærri eyjaþyrping sem liggur norðar en Suðurlönd og er Suðurlandavogur þar á milli. Grísaból heitir innsti grashólmi í Norðurlöndum og um leið í

[99] Eyjar og annes, 1964, bls. 112-113.
[100] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 177.
[101] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 178.
[102] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 178.

Vestureyjum. Norðurlönd hafa jafnan verið aðal kúahagar í Skáleyjum á sumrin og þar er mikið æðarvarp. Tvær allstórar eyjar eru í Norðurlöndum, Norðurey og Hellisey, en í þeirri síðarnefndu er allgott vatnsból. Þar er líka Stóri-Langhólmur, tæpur km á lengd, og Seleyjar tvær samvaxnar þar sem eru fornar, uppgrónar seltóftir. Fjöldi af minni hólmum og flögum er að auki í Norðurlöndum. Þau tengjast Litlu-Lyngey með grjótrifi sem Illarif heitir en sjór fellur yfir það nema á allra minnstu flæðum. Skarfaklettur liggur í norðaustur frá Norðurlöndum, allhár og gróðurlítill. Þar er ljósviti til leiðbeiningar þeim sem fara milli lands og eyja í myrkri og er ekki vanþörf á, því sker og boðar teygja sig inn í flóa. Heita þar Norðurhleinar inn af Norðurlöndum og Austurhleinar inn af Suðurlöndum. Það eru innstu tangar Inneyjaklasans, 5) Í framhaldi af ytri enda Heimaeyjar til suðvesturs eru alllangir fjörutangar með klettóttum en graslitlum hólmum. Það kallast Eyjarenda-Tangar eða venjulega aðeins Tangar.[103] Um alla framantalda hólmaklasa verður gengt á hverri fjöru að heiman. Um stórar fjörur verður auk þess gengt úr Framhólmum yfir Tréseyjarsund út í Trésey sem er frekar lítil en allhá vestur af þeim. Þá verður líka gengt úr Töngunum áfram til suðvesturs út yfir Fagureyjarsund út í Fagurey sem tekur þar við og er í beinu framhaldi af heimaeyjum Skáleyja.[104] [...]

Um það bil einn km suður af Fagurey liggur hólmaklasi með víðáttumiklu fjörusvæði og verður gengt um það allt að kalla um fjörur. Það heita Hróvaldseyjarhólmar en Hróvaldsey sjálf liggur þar fyrir sunnan, fráskilin með sundi sem ekki fjarar. Hún er 17 m há og er þar einna mest lundavarp í Skáleyjum en það er reyndar lítið í heild miðað við aðrar jarðir Vestureyja. Í Hróvaldseyjarhólmum eru stærstir Stórhólmur og Melhólmur en fjöldi er af smærri hólmum og flögum. Í Melhólm er allstórt svæði vaxið krækiberjalyngi og þroskast þar ber í sumum árum. Var það lengi talinn eini bletturinn í Vestureyjum með þeim gróðri en á seinni árum hefur hans víðar orðið vart, líklega vegna þess að nú er þar minna heyjað og beitt en áður. Skáldsey liggur 5-600 m frá Fagurey í norðvestur en þaðan er gengt eftir skerjagarði um stórar fjörur út í Látralönd. Skáldsey er allstór og fylgja henni flögur og sker. Spölkorn norðaustur af henni er Búlkey og munar litlu að vætt verði á milli þeirra um stærstu fjörur. Búlkey er 19 m há og hæst af Inneyjum.[105] [...] Áfram til norðausturs liggja Ysta-Langey, Mið-Langey og Innsta-Langey, langar og mjóar einsog nöfnin benda til, og verður gengt á milli þeirra um hverja fjöru. [...] Norðan við Langeyjar liggja samsíða þeim Þorkelsey, Þorkelseyjarklettur, Þorkelseyjarsker og síðan Sölvasker, sem teygja sig í áttina inn að Skarfakletti. [...] Þorkelsey er lág og flöt, ekki stór, en flögur fylgja henni og er þar æðvarvarp með því besta í Skáleyjalöndum. [...] Í miðjum flóa norður af Þorkelsey liggja Miðleiðarsker sem tilheyra Skáleyjum. Þar er siglingaljós einsog á Skarfakletti.

[103] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 178-181.
[104] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 181.
[105] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 181-182.

Miðleiðarsker eru í beinu framhaldi af Straumskerjum í Látrum og liggur grunnhryggur þar á milli.[106]

Frá eyjum þessum liggur Reykjanes tvær vikur sjóar til austurs, Skálanes hálfa aðra viku til austnorðurs og jafnlangt því til norðurs eru Bæjar-, Svína- og Skálmarnesin, talin vestur eftir. [...] Aðallendingar og skipauppsátur eru tvær á Bæjareyjunni, önnur norður af bænum, kallast Norðurvör, hin að sunnanverðu, Hjallavör. Í miðjum sjóarflóa milli Skáleyja og Skálmarness liggur Miðleiðarsker. Eru þar selalagnir. Teljast þau tilheyra Skáleyjum. Annarsstaðar afmarkar sjóarflói landamerkin [...].

Norður af Norðurvör vestantil liggur þangivaxið steinarif, langt fram á steinklettagrasflögur, heita Strákar. Þar er jafnan aðflot smáskipum. Vestur af Strákum er Strákaflaga, þá Kríuhólmur, Þríklakkar og Grænhólmur. Kallast hólmar þessir Framhólmar, og liggja allir á sundi milli Bæjareyjarinnar og Langeyjanna. Liggur skipaleið eftir sundi því þá sjóarhátt er, og kallast Efrileið.

Þá segir um byggð í Skáleyjum og Fagurey:

Fagurey er stærst af úteyjum Skáleyja og í hópi þeirra stærstu í Vestureyjum, um 800 m löng og 250 m breið, henni fylgja margar flögur. Þarna hefur verið búið til forna og eru grónar tóftir, túngarður, naust, brunnur o.fl. til vitnis um það. Engar ritaðar heimildir eru hinsvegar til um það býli, en óljós munnmæli herma að það hafi eyðst í Svartadauða eða jafnvel vegna reimleika. Engar heimildir eru reyndar til heldur um upphaf byggðar í Skáleyjum, og því hafa menn stundum velt fyrir sér hvernig búsetu hafi verið háttað þar meðan búið var í Fagurey. Hugsanlega hefur býlið í Fagurey verið hjáleiga en hitt er þó líklegra að þar hafi verið sjálfstæð bújörð. Einnig er mögulegt að upphaflega byggðin í Skáleyjum hafi verið í Fagurey en síðan flutt á núverandi heimaeyju. Heldur er það þó ólíklegt af fleiri en einni ástæðu [...].[107]

Í Skáleyjum eru um 160 eyjar ef allt er talið og er því margra ógetið enn. [...] Hvergi mun vera minnst á Skáleyjar í fornsögum nema í Sturlungu er þess getið á einum stað að Sturla Þórðarson hafi tekið við „Bjarneyjum og Skáleyjum“. Ekki kemur það fram hvort Skáleyjar eru þá byggðar en vafalaust hefur svo verið og hafa þær trúlega byggst löngu fyrr. Þá koma þær við sögu í lok 15. aldar á þann hátt sem getið er um í kaflanum um Látur.[108] [...]

Í minningum séra Friðriks Eggerz er langur kafli um svonefnd Skáleyjamál þar sem deilt var um eignarrétt á hluta Skáleyja. Ekki voru það bændur í Skáleyjum sem þar áttu hlut að máli enda mun það lengi hafa verið svo að eignarhald jarðarinnar var í höndum annarra en bændanna sem þar bjuggu. Í sögu hennar er lítið eða ekkert af fyrirferðarmiklum sjálfseignarbændum heldur bjuggu þar einatt leiguliðar á misstórum pörtum jarðarinnar. Húsmenn voru þar líka oft

[106] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 182.
[107] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 181.
[108] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 182-183.

með sín heimili. Mestalla þessa öld og stundum áður var tvíbýli í Skáleyjum en á öðrum tímum voru bændur oft fjórir.[109] [...]

Skáleyjar þóttu áður lítt grasgefnar miðað við sumar aðrar af Vestureyjum. Hvorttveggja er að þar er víða jarðgrunnt og minni rækt af lundavarpi en í feitari eyjum annarstaðar. Að hluta hefur þetta þó stafað af því að áhöfn var oft það mikil að landið var nauðslegið og beitt árlega. Nú, þegar meira hefur verið ræktað og búfé er færra, hefur þetta breyst. Þegar allt var heyjað árlega voru bestu slægnablettirnir á grundunum við sjóinn, á tjarnabökkum, í mýrum og á lundabölum, en holt og harðbalar spruttu illa eða ekki í þurrkatíð. Mikil hlunnindi eru af æðarvarpi og svo var einnig um vorkópaveiði meðan selskinn voru í góðu verði. Varpið hefur lengi verið þar gott og á seinustu árum munu Skáleyjar hafa haft mesta dúntekju einstakra jarða á Breiðafirði. Góð landselalátur eru á skerjaflákum víðsvegar um landareignina en misjöfn þó. Bestu veiðisvæðin eru í Hróvaldseyjarhólmum, við Suðurlönd, við Norðurlönd, í Skáldseyjarskerjum og í Boðum. Boðarnir eru langur skerjaflaki meðfram heimaeyjum að sunnan og loka að mestu sjóleiðinni þangað um stórar fjörur. Á Skáleyjafjörum má líka taka mikið þang árlega og hefur verið gert á undanförnum árum.[110]

[...] Á árunum 1967-77 var mannlaust í Skáleyjum að vetrinum. Þar fyrir utan er ekki vitað annað en að byggð hafi verið þar samfelld frá upphafi. Nú, 1989, hefur ekki verið föst búseta í öðrum eyjum á Breiðafirði nokkur undanfarin ár en Flatey og Skáleyjum. Nokkur viðleitni hefur verið sýnd í að styrkja búsetu á þessari ágætu en dálítið erfiðu hlunnindajörð. [...] Skáleyjar liggja næstar fastalandinu þeirra eyja sem byggðar voru í Flateyjarhrepp. Úr lendingu þar eru 7 km upp undir Haugsnes á Skálmarnesi, 10 km að Skálanesi, 12-13 upp á Reykjanes.[111] Þar er nú tvíbýli, og er jörðin vel setin. Bæjareyjan er næststærst þeirra eyja, sem jörðinni tilheyra. Hún er láglend, en þó með nokkrum mishæðum, og eru mýradrög á stöku stað. Vatnsból er viðunandi. Tvær eru aðallendingar, Norðurvör norðanvert á eynni og Hjallavör að sunnan.[112] Austur frá Bæjareyjunni eru margar eyjar, aðallega notaðar til beitar. Fagurey liggur suðvestur frá Bæjareynni, og er Fagureyjarsund á milli. Þar er allmikið graslendi, og var því búið til forna. Langeyjar heita nokkrar eyjar norður frá Fagurey, en norðvestur frá Bæjareynni. Eru þar slægjulönd. Graslendi er talið sneggra í Skáleyjum en öðrum Vestureyjum, en fjölskrúðugra. Suður af Fagurey er Hróaldsey. Suður við Hróaldsey er hólmaþyrping aðskilin frá eynni af djúpu sundi. Heita hólmarnir einu nafni Hróaldseyjarhólmar. Einn þeirra heitir Melhólmur. Er hann vaxinn krækiberjalyngi. Þetta er eini staðurinn í

[109] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 183-184.
[110] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 184-185.
[111] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 188.
[112] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 67.

> Vestureyjum, sem ber vaxa á.[113] [...] Mikil hlunnindi eru að varpi og selveiði, en hrognkelsaveiði talin fremur rýr.[114]

Í landamerkjabréfi Skáleyja, dags. 20. maí 1885 og lesið var á manntalsþingi að Svefneyjum 12. júní 1891, segir:

> Austast af Skáleyjalöndum er Axarskjer, austantil við það er tekin lína í þvernorður, innan til við allar Skálaeyjahleinar sem kallaðar eru, norðan til við Skarfaklett (hann er norðasta skér í Skáleyjalöndum) þaðan í vestur útnorður norðan til við Sölfaskjer og Miðleiðarskjer og vestur fyrir þau, þaðan í suður landsuður, vestan til við Þorkelsey, Búlkey og hennar skjer, vestan til við Skálsey og hennar skjer, þaðan í suður í þrætuklakkssund, þaðan í austur, inn undir Fagurey, þá í útsuður með Fagurey og út fyrir kollskvíaskjer þaðan í landsuður innundir Fagureyjarskjer og vestur með þeim og suður fyrir þau og vestantil við alla Hróaldseyjarhólma, þaðan í suður vestan til við Hróaldsey og suður fyrir hana, þaðan í austnorður inn allt Sviðnasund, sunnan til við svokallaða Boða og sunnan til við Axarskjer og í línu þá sem fyrst var talin. Innan þessarar línu eiga Skáleyjar allar þær Eyjar flögur og skjer er hún umlykur, þar að auki netlög og Fiskhelgi eptir lögmáli rjettu.[115]

#### 4.1.1.5. Sviðnur (Inneyjar)

Í Jarðabók segir m.a. um Sviðnur:

> Jarðardýrleiki xx. Jarðareigandi [...] Skarði [...] Ábúandinn [...] Eyjar eru þar tvær, kallaðar Gimbureyjar. Þar eru í slægjur nokkrar. Item eggver og dúntekja, í minna lagi hverttveggja. Smáhólmar eru þar aðrir. Þar er í eggver og dúntekja að nokkru gagni, lundatekja lítil. Item hagbeit lítilfjörleg sumstaðar, en víðast mjög flæðihætt, ef þar er nokkurt fje. Og þar fyrir kan þar ógjarnan fje að vera á vetrardag, þó jafnvel í góðum vetri mætti fáir sauðir þar haga hafa. Skip á ábúandinn þar eitt, sem hann brúkar til flutníngs, og ekki annars gagns þar heima, en á vor heldur hann því til fiskjar í Bjarneyjum fyrir venjulegan toll.[116]

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Sviðnur:

> Bóndaeign 20 c að dýrleika. [...] Bærinn, sem er vel hýstur, stendur á vesturenda eyjarinnar. [...] Heimaeyin er nærhæfis 400 faðmar á lengd og 50 á breidd. Túnið liggur þvert um hana vestanvert. [...] Heimalönd, sem fjarar í, talin frá austri til vesturs sunnan fram með heimaeyjunni, eru þessi: Gimbureyjarhólmar tveir austast eru slægjuland. Þar vestur af er, Tóuflaga, lítill hólmi. Þaðan liggur í suður Hamarshólmi. Norðvestur frá honum er Hamarsey, nokkuð minni en Bæjareyjan. Suður frá henni er Langey með Langhólmi, gagnvart Bæjareyjunni. Suðvestanvert við hana er skaðlegt flæðisker, sem heitir Spillir. Eiríksflaga liggur milli Langeyjar og heimaeyjarinnar. Hólmar fimm liggja austur frá miðri

[113] Ferðafélag Íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 67.
[114] Ferðafélag Íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 67.
[115] Barðastrandarsýsla landamerkjabók 1883-1960, bls. 175.
[116] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 244.

> Langey. Þrír af þeim heita Strákar, en tveir Norðurflögur. Vestur af Langhólmi eru Dyrhólmar tveir. Þaðan í suður er Sæmundarsker, en í vestur Dyrasker. Úteyjar eru: Gimburey stóra, kölluð 5 c land. Liggur hún austur af heimaeyjunni, og er stutt sund á milli. Hún er þakin með skerjum og blindboðum umhverfis. Gimburey litla, liggur austur frá enni stóru og er ei meir en sjöttungur að stærð móti henni. Útnorður af henni er Grasflaga, kennd við sömu ey. Hálfa viku austar frá Sviðnum liggur Skutlasker, með fáeinum grastoppum. Það hefur verið útselakópa uppidráp á haustdag. Þrjá fjórðungu viku suður þaðan er Tindasker, með litlu káli og mörgum áföstum skerjum. Eitt þeirra heitir Hlein. Þaðan í norðvestur liggur Grautarsker. Þar kæpir útselur einnin, og stundum leggur hann kópum sínum á Tindaskeri. Suðvestur frá Grautarskeri eru Skarfasker tvö, með litlu káli. Þar eru umhverfis mörg blindsker. [...][117]

Um hlunnindi segir í sóknarlýsingunni:

> Nú eru taldar eyjar og helztu sker í Sviðnalandi. Er býli þetta afskekkt í Eyjahrepp og á örðugt með að sækja mannfundi, einkum á vetrardag og í ísalögum, því sjaldan leggur svo ís á enu straumharða Sviðnasundi, milli Skáleyja og Sviðna, að manngangur verði. Útselakópaveiði var fyrrum í áður nefndum Skutla- og Grautarskerjum, og veiddust eða voru teknir veiðarfæralaust uppi á skerjunum 20 kópar í meðalári. Nú eru það jafnast 4 eða 5. En vorselaveiði er nokkur við skerin kringum Gimbureyjar, í meðalári 10. Teistu- og lundakofa er árlega nú orðin nærhæfis 4 eða 5 c. Dúntekja 16-20 pund árlega. Þar fóðrast 2 kýr, 1 naut og er þá ekki hey afgangs til að bjarga með útigöngufé, ef á væri sett. Nú eru þar heimilisfastir menn að tölu 14.[118]

Í ritinu Eyjar og annes segir m.a. um Sviðnur:

> Sviðnur eru litlar, ef þær eru bornar saman við aðrar byggðar eyjar i Vestureyjum. Þær eru aðeins 20 hundruð að fornu mati. Hinar allar 40 hundruð. Þær liggja syðst af Inneyjum og nokkuð á jaðri í þeim eyjaklasa, en njóta sín þeim mun betur og vekja eftirtekt allra sem þarna eiga leið um. Vart munu þær fóðra meira en 2-3 nautgrip og 80-100 kindur, þótt allar slægjur séu nýttar. Dúntekja er þar ekki mikil, vorkópaveiði sáralítil en haustkópaveiði allmikil. Þær þóttu því löngum – og þykja enn – rýrt ábýli. Og ofan á þetta bætist svo, að forn munnmæli herma, að þar megi enginn búa lengur en 20 ár í senn! En þrátt fyrir þetta, hefur mörgum búnast vel í Sviðnum, og eyjurnar eru ofur vistlegar og fallegar. Bæjareyjan liggur nyrzt í Sviðnum. Hún er löng og mjó, víðast girt lágum klettum og klöppum og lítið vogskorin. Tjarnir eru þar engar. Bærinn stendur á henni vestanverðri upp af Gálgavík. [...] Nokkru austar á eyjunni, þar sem hún er hæst, heitir Fornabæjarhóll. Þar mun hafa staðið fyrsti bærinn í Sviðnum. Til er um hann og byggðina þar mikil saga, sem ekki verður rakin hér. [...] Nokkrar óbyggðar eyjur liggja undir Sviðnur, fjarar í sumar frá Bæjareyjunni en aðrar liggja í flóanum skammt austur af henni og heita

[117] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 164-166.
[118] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 159-164.

> Gimbureyjar. – Sviðnur koma við sögu um líkt leyti og Svefneyjar. Þess er áður getið, að Hallsteinn goði Þórólfsson hengdi þræla sína þar þegar hann tók þá frá saltgerðinni í Svefneyjum. Ætla má að Sviðnur væri þá óbyggðar. En svo líða tímar fram. Sviðnur byggjast. Sturlungaöld gengur í garð. [...] Og enn líða langir tímar. Sagt er, að Svartidauði (1402) gengi svo hart um garð í Sviðnum, að þar dæi hver mannsbarn og félli þá niður byggð í eyjunum um hríð. Hversu lengi er ekki vitað. En þegar aftur var farið að búa í Sviðnum, og bær byggður á hinu forna bæjarstæði, var svo reimt [...]. Lá þá við að byggðin eyddist aftur. Af því mun þó ekki hafa orðið, og er ekki annað vitað, en búið hafi verið þar síðan.[119]
>
> Hlunnindi öll, svo sem æðarvarp og selveiði, efldi Ólafur í Sviðnum og hirti af frábærri snilld og hugulsemi. Eflaust var hann mestur bóndi í Breiðafjarðareyjum um sína daga.[120]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Sviðnur:

> Sviðnur tilheyra Inneyjum, einsog áður er sagt, en eru nokkuð aðskildar frá hinum. Þær liggja í suður frá Skáleyjum og er Sviðnasund á milli, um tveggja km breitt. [...] Sviðnur voru minna ábýli en aðrar jarðir í Flateyjarhreppi. Voru þær metnar á 20 hundruð að fornu mati en hinar allar, að Stagley undanskildri, á 40 hundruð eftir að Hergilsey var skipt úr Flateyjarlandi. [...] enda höfðu Sviðnabændur oft afnot af öðrum eyjum til slægna og beitar meðan þar var búið. Það átti t.d. við um Suðurlönd, eyjaklasa suður af Sviðnum sem tilheyrir Skarði á Skarðsströnd. Nafnið Suðurlönd bendir til að þau hafi upphaflega tilheyrt Sviðnum enda nær þeim en öðrum byggðum býlum.[121] Sviðnur fóru í eyði 1956 en þá brann bærinn. Oft hafði verið þar vel búið þótt ábýlið sé ekki stærra og margir, sem þar hafa komið, vitna til þess hve fallegt og vinalegt sé í Sviðnum.

Um heimalönd Sviðna segir m.a.:

> Heimaeyjan er lítil, um einn km á lengd en öll mjó, og lítið sem ekkert vogskorin. [...] Meðfram henni hinumegin liggur Bæjarsund mjótt og þornar um hverja fjöru. Handan þess taka við heimalönd Sviðna og verður gengt um þau að heiman þegar Bæjarsundið fjarar. Löndin eru um þriggja km langur klasi frá Dyraskeri, suðvestur af heimaeynni inn í Gimbureyjarhólma. Langey er gegnt heimaeynni og álíka stór en auk þess eru þarna Hamarsey, Strákar, Dyrhólmar o.fl. Norðaustur af heimalöndunum eru Stóra- og Litla-Gimburey og Gimbureyjarflaga. Þangað fjarar ekki að heiman. Alllangt til norðausturs er Skutlasker með mikilli skarfabyggð og útselalátri en sunnar liggja Grautarsker,

[119] Eyjar og annes, 1964, bls. 118-120.
[120] Eyjar og annes, 1964, bls. 121.
[121] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 188.

> Tindasker, Arnarklakkur o.fl. Alls eru eyjar og hólmar í Sviðnum milli 20 og 30.[122] [...]
>
> Ekkert er vitað hvenær byggð hófst í Sviðnum. Þeirra er hvergi getið í fornsögum fyrr en kemur framá Sturlungaöld að ofbeldismenn leggja þangað leið sína til að drepa bóndann þar. Var að verki Maga-Björn sá er síðar var líflátinn í Fagurey og frá segir á s. 75.[123] [...] Sviðnur eru taldar helmingi minni jörð en Skáleyjar. Sviðnasund heitir á milli þessara jarða. Aðaleyjarnar eru tvær, og er Bæjareyjan norðar, en Langey sunnar. Jörðin er landlítil, en hlunnindi hafa gert hana byggilega. Hún liggur nokkuð sunnan við alfaraleið um hreppinn, og er því fremur fáförult þangað. Bæjarhúsin í Sviðnum brunnu árið 1956. Lagðist þar þá niður byggð.[124]

Í landamerkjabréfi Sviðna, dags. 3. janúar 1889, sem lesið var á manntalsþingi að Svefneyjum 12. júní 1891, segir:

> 1, Að innanverðu eru landamerki eptir miðjum flóanum á milli Sviðna og Kirkjuskers eptir beinni línu frá norðvestri til syðausturs. 2, Að norðanverðu: eptir miðju sundi á milli Skutlaskers og Axarskers og svo út midt Sviðnasund á milli Skáleyja og Sviðna. 3, Að sunnanverðu eptir miðju sundi á milli Austurskerja og norðurskerja og þaðan beint út eptir miðju sundinu millum Sviðna og Suðurlanda. Aðrar jarðir eiga engin ítök í Sviðna landareign og Sviðnur engin ítök í öðrum jörðum.[125]

#### 4.1.1.6. Bjarneyjar (Vestureyjar)

Í Jarðabók segir m.a. um Bjarneyjar:

> Þar er bænhús. [...] Eyjarnar á Staðarhólskirkja. Þar eru 8 búendur, einn á hverjum v. Á heimaeyjunni eru þar 4 [...]. Á Búðey eru aðrir 4 [...]. Kýr eru nú í eyjunum. [...] Lundatekja fín kann að vera í Hvanneyjum (Bjarneyjar löndum) og Lóni. Eggver lítilfjörlegt eiga Bjarneyingar í Bjarneyjar löndum. Selveiði kynni þar nokkur vera ef iðkuð væri. Söl vaxa þar á skerjum nokkrum, smá og svört, æt fyrir pening en varla fyrir fólk. Þessarra hlunninda njóta búendur. Eldivið kaupa Bjarneyingar í landi. [...] Þurar búðir eru í Bjarneyjum nú þrjár [...] (ein á heimaeyjunni, þrjár í Búðey). Í Bjarneyjum er góð verstaða.[126]

Í Jarðabók segir m.a. um Stakkaberg:

> [...] i bát á ábúandinn Ólafur, sem hann heldur stundum til fiski í Bjarneyjum nokkurn tíma á vorin.[127]

Í Jarðabók segir m.a. um Dagverðarness (sel):

---

[122] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 188-189.
[123] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 189.
[124] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 68.
[125] Barðastrandarsýsla landamerkjabók 1883-1960, bls. 154.
[126] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 232.
[127] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 119.

> [...] i bát á ábúandinn, sem hann heldur stundum til fiski í Bjarneyjum um nokkurn tíma á vor, þegar hann getur.[128]

Í Jarðabók segir m.a. um Langey fremri:

> Skip á ábúandinn iiii. Þar af eru ii til heimaferð, i gengur til fiski í Bjarneyjum á vor, en annað ljær hann og hefur af því hálfan skiphlut, en hálfan sá, sem ljeð er.[129]

Í Jarðabók segir m.a. um Langey efri:

> [...] Kúgildi uppýngir ábúandi en nýtur þess í staðinn að gjalda ei vertoll í Bjarneyjum fyrir skip sitt eða menn, sem þar eru til fiski. [...] i skip og i bát á ábúandi; gengur skipið á vor til fiski í Bjarneyjum.[130]

Í Jarðabók segir m.a. um Langeyjarnes:

> [...] i skip á ábúandi, sem stundum á vor gengur til fiski í Bjarneyjum.[131]

Í Jarðabók segir m.a. um Kross:

> Skip á hann, sem gengur á vor til fiski í Bjarneyjum, item bát i, sem áður hefur gengið til fiski en nú ekki.[132]

Í Jarðabók segir m.a. um Akureyjar:

> [...] Skip á Þórður ii, þriðja ónýtt; af þeim gengur eitt til fiskjar á vor í Bjarneyjum. Guðmundur á i bát, og gengur hann á vor til fiski í Bjarneyjum.[133]

Í Jarðabók segir m.a. um Búðardal:

> [...] Eitt skip á ábúandi; brúkast til ferðalags, og nú í ár til fiski í Bjarneyjum.[134]

Í Jarðabók segir m.a. um Tinda:

> Bát slæman á ábúandinn, sem stundum gengur til fiskjar í Bjarneyjum, fyrir venjulegan toll, en stundum gengur hann ekki.[135]

Í Jarðabók segir m.a. um Tjaldanes:

> Hjallar – skipi á ábúandinn Snæbjörn lítið, sem stundum gengur til fiski í Bjarneyjum.[136]

---

[128] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 121.
[129] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 126.
[130] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 127.
[131] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 128.
[132] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 133.
[133] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 142.
[134] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 145.
[135] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 147.
[136] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 145.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Bjarneyjar:

> Þær eru kirkjueign að Staðarhóli í Saurbæ, innan Dalasýslu, 40 c að verðleika. Liggja þær og Stagley syðst af öllum Vestureyjum, tvær vikur í suður frá Flatey, og viku sjóar frá Rúfeyjum í Dalasýslu, er liggja vestur og út af Rauðseyjum. [...]
>
> Heimaeyjarnar eru eiginlega tvær, kallast Bæjarey eður Heimaey sú norðari, en sú syðri Búðey. Greinir nú fyrst frá Bæjarey. [...] austur af henni liggur skerjatangi langur, allt inn að Æðarskerssundi. [...] austur á eyjunni eru býlin og túnið, þvers yfir um eyjuna. Grasbýli eru þar 4. Austast heitir Rófubúð, þá Bærinn, svo Lágabúð og vestast Gerðar. [...] Tvær áfastar eyjar ganga í vestur af Bæjareynni. Fellur sjór þar á milli um stórflæðar, liggja þær hvor út af anni. Sú eystri heitir Torfey. Er hún beitarland og ei slegin, sem og einnin Vatnsey þar vestur af. [...] Vestur af eyjum þessum er djúpt sund, alfaravegur, heitir Lónsund. Í því er sker, sem ei flæðir yfir, utan í stórflæðum, kallast það Lónboði. Austanvert í sundinu er Blindsker, heitir Hnísuboði. Milli hans og eyjartangans er mjótt, en djúpt sund. Vestan til við Lónsundið er lítil ey, vaxin kálgrasi og kallast Lón. Er það gott slægju- og beitarland, með klettum norðan fram. Allmikið sker liggur vestur af Lóninu, heitir Lónsker. Milli þess og Lóneyjarinnar er en fagrasta selalögn fyrir írekstrarseli. [...] Vogur gengur úr vestri og austur úr fyrir sunnan nútaldar eyjar. Verður hann þurr um stórfjörur allar, en þá hann flýtur bátum, kallast „að fljóta sun". Sunnan til við hann er Búðey. Hún er miklum mun minni er Bæjareyjan, og ei nema túnið, utan að austur af henni er grashöfði með klettum að norðan og austanverðu. Er hann 50 al. á breidd. Sjálf er eyjan 60 al. á lengd. Millum höfðans og eyjarinnar fellur sjór um stórstraum. Á eyju þessari eru fjögur grasbýli. Austast Innstabúð, þá Magnúsarbúð, svo Miðbúð. Það er vel húsaður bær. Og vestast er Yztabúð. [...] Útsuður af Búðey liggur, norðan til með klettum umgirtur og löngum tanga til útsuðurs, lítill hólmi, heitir Sinuhólmur. Norður frá honum er svonefnt Selsker, hvar sjór fellur ei yfir nema í stórflæðum. Austur frá núgreindum Bjarneyjum, nærhæfis sjöttung viku, liggja eyjar tvær, grasi og káli vaxnar. Sú vestari heitir Hvanney ytri. [...] en sú eystri kallast Hvanney innri. [...] Norður af Hvanneyjum er graslítið sker, heitir Æðarsker. Þar er æðarvarp nokkurt. Milli þess og Bæjar- eða heimaeyjartangans er hinn eystri alfaravegur frá Bjarneyjum, kallast Æðarskerssund. Austnorður af Æðarskeri liggur Siglingaflaga. Ei fellur yfir það sker, nema um stórstraum. Austur af Siglingaflögu liggja Svörtusker, arðlaus, en þó jafnan upp úr sjó. Austur af Hvanneyjum er Ólafsboði. Fellur sjór yfir hann um flæði hverja. Skammt suður af Hvanneyjum er stórt sker, er skiptir í tvo hluti, kallast Hvanneyjarboði. Vestur af Hvanneyjum koma tvö sker upp úr á fjöru, hver kallast bæði Mörhausar. Frá þeim til vesturs liggur Æðnasker. Fellur þar ei sjór yfir nema í stærstu flæðum. Norður frá Bjarneyjum eru þrír boðar í rúmsjó. Austastur þeirra er Fjórðungaboði. Hinir tveir vestasti heita Árnaboðar. Milli boða þessara er djúp skipaleið. Norðvestur frá Bjarneyjum er blindsker, er sjaldan kemur úr sjó, brýtur þó oft á því, kallast Lágiboði, og í norðvestur frá boða þessum er annar boði nafnkenndur, heitir Breki. Hann liggur eina viku sjóar vestur frá Bjarneyjum. Graseyjar og hólmar í Bjarneyjum er alls ekki nema 10. Þar af leiðir, að grasvegur er mjög lítill í eyjum þessum.

> Heyafli er því mjög rýr, vetrarbeit engin, en haustbeitin kjarngóð af káli og fjörugrösum. Telst svo til, að í Bjarneyjum fóðrist að eins 4 kýr og naut, verða menn þó á sumardag að gefa kúm þessum til styrktar útigangi. Skarfakál brúkast bæði til manneldis og haustbeitar. Eyjarnar gefa af sér í hverju meðalári 16 pund af hreinsuðum dún, en Lundakofa 80 c, írekstrarseli 30, misstóra. Eyjanna aðalgæði og bjargræðisvegur er því sjóargagnið.[137]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Bjarneyjar:

> Eins og flestar aðrar Vestureyjar eru Bjarneyjar aflangar með stefnu út og inn fjörðinn, allháar sumar með klettum að norðan. Þær eru 16-17 talsins en vegna þess hve samvaxnar þær eru sumstaðar má deila um tölu þeirra. Landrýmið er frekar lítið en þó töldust þær 40 hundraða bújörð að fornu mati en voru þá metnar að hálfu „í sjó“ vegna útræðisins. Þó að Bjarneyjar væru alltaf ein bújörð stóð byggðin á tveimur eyjum sem mun hafa verið einsdæmi á þeim slóðum. Bændur voru löngum 8 og hétu bæir þeirra Bærinn eða Bæjarbær, Rófubúð, Lágabúð og Gerðar á Heimaey en Innstabúð, Magnúsarbúð, Miðbúð og Ystabúð á Búðey. Oft var þar að auki búið á þurrabúðum á ýmsum tímum og vermannabúðir voru margar.[138]
>
> Heimaey er á mörkum þess að vera ein eyja eða nokkrar samhangandi í alllangri keðju. Bjarneyingar munu stundum hafa notað fleirtöluna, Heimaeyjar, um þær í heild. Þar er austast heimaeyjan sjálf eða Bæjarey einsog hún nefndist líka, þar sem byggðin stóð. Þaðan til suðvesturs liggja Torfey og Vatnsey ásamt Vatnseyjarhólmum, Brennisklettum o.fl. Eyjarani þessi er svolítið bogadreginn þannig að sveigur verður inn í hann að sunnan. Í þeim sveig liggur Búðey með áfastri allstórri beitareyju að austan sem nefnist Höfði en Sinuhólma við suðurhorn. Milli þessara þriggja eyja að sunnan og Heimaeyja að norðan er mjótt sund sem kallast Vogurinn og þornar miðhluti þess um hverja stórstraumsfjöru.[139]
>
> Vestan við Heimaeyjar er mjótt en djúpt sund, Lónsund, sem er alfaraleið. Vestan þess er Lónið, ekki stór eyja en gagnauðug með miklu lundavarpi, beit og slægjum og þar var áður mikið æðarvarp. Þar vesturaf og yst Bjarneyja liggur Lónsker með skarfabyggð. Þar er líka sellátur þar sem Bjarneyjarbændur veiddu sel í írekstrarnet þegar aðstæður voru hentugar að vetrarlagi.[140]
>
> Langur skerjatangi liggur inn af Heimaey allt að Æðarskerssundi sem er skipaleið einsog Lónsundið. Var annaðhvort þeirra farið þegar komið var í Bjarneyjar norðanfrá. Austan við sundið er Æðarsker með melgróðri og fuglalífi. Nokkru sunnar liggja tvær eyjar, röskan km austur af heimaeyjum Bjarneyja. Það eru Ytri- og Innri-Hvanney, frjósamar og gróðursælar skeljasandseyjar sem fjarar á milli. Þar var áður feiknamikið lundavarp og

[137] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 166-169.
[138] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 208.
[139] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 208-209.
[140] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 209.

hlunnindi af lunda- og kofnatekju fyrir Bjarneyjabændur. Auk þess slægjur og beit.[141]

Um sögu Bjarneyja sem verstöðvar og byggð segir m.a. í Árbókinni:

> Margt bendir til þess að Bjarneyjar hafi orðið verstöð fljótlega eftir landnám, einsog fram kemur í fornsögum. Í Laxdælasögu segir: „Veiðistöð sú liggur á Breiðafirði er Bjarneyjar heita. Þær eyjar eru margar saman og voru mjög gagnauðugar. Í þann tíma sóttu menn þangað mjög til veiðifangs. Var þar og fjölmennt mjög öllum misserum". Orðalagið „í þann tíma" vísar til atburða sem ættu samkvæmt sögunni að hafa orðið um miðbik 10. aldar. Njálssaga segir að Þorvaldur Ósvífursson á Staðarfelli hafi átt Bjarneyjar en hann hefur verið uppi um svipað leyti eða litlu síðar.[142] [...] Þó að ekki sé hægt að vita hvort sögurnar segi hér rétt frá atburðum er augljóst að Bjarneyjar eru fornfræg verstöð þegar sögurnar eru skráðar á 13. öld.[143]
>
> [...] Jarðabókin frá 1703 nafngreinir átta bændur í Bjarneyjum og sú skipan hefur væntanlega haldist lengstaf eftir það. Auk þess eru tilnefndir nokkrir þurrabúðarmenn. Íbúar Bjarneyja eru þá 62 á tólf heimilum. Formenn sem þaðan róa eru 50, þar með taldir heimamenn, en vermannabúðir á Heimaeyjum og Búðey 18 að tölu. Áætlað hefur verið að á því tímaskeiði hafi fólksfjöldi í Bjarneyjum vart verið undir 300 manns á vertíðum enda er talað um allt að því 60 báta sem þaðan gengu fyrir Stórubólu 1707.[144]
>
> Bænhús er í Bjarneyjum 1703 og á presturinn á Múla á Skálmarnesi að embætta þar tvisvar á ári. „Eyjarnar á Staðarhólskirkja" segir ennfremur í Jarðabók Árna og Páls. Sami eigandi er tilgreindur 1840. Síðar eignast einstaklingar og Flateyjarhreppur eyjarnar. Kannski áttu Bjarneyingar sjálfir aldrei ábýlisparta sína á síðari öldum.[145]
>
> Lítið olnbogarými höfðu átta bændur á svo landlítilli jörð. Varla að þeir gætu fóðrað sína kúna hver. Þess vegna keyptu þeir lengi slægjur í Stagley eftir að hún fór í eyði, en hún var þá eign Reykhólakirkju. Hún gaf að jafnaði af sér um átta kýrfóður.[146]
>
> Bjarneyjar eru ásamt Stagley syðstar Vestureyja. Bjarneyjaflói heitir milli þeirra og Flateyjar. Eyjarnar eru nú í eyði og hafa verið það um skeið. En þar var margbýli áður fyrr. Byggðin var á tveim litlum eyjum, Búðey og Heimaey eða Bæjarey. Er gengt milli þeirra um fjörur. Eru þær fremur hrjóstrugar og erfiðar til ræktunar. Var þar mest lifað af hlunnindum og fiskifangi. Átta óbyggðar smáeyjar liggja undir bújörðina. Bjarneyjar eru elzta veiðistöð, sem um getur í sögu landsins. Er þeirra getið sem veiðistöðvar bæði í Laxdælu og Njálu.

---

[141] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 209.
[142] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 209.
[143] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 209.
[144] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 210-211.
[145] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 211.
[146] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 211.

Þorvaldur Ósvífursson, fyrsti maður Hallgerðar langbrókar, „átti eyjar þær, er heita Bjarneyjar. Þær liggja úti á Breiðafirði, þaðan hafði hann skreið og mjöl". Þar vó Þjóstólfur Þorvald. Þorkell Eyjólfsson, síðasti maður Guðrúnar Ósvífursdóttur, drukknaði við Bjarneyjar við tíunda mann árið 1026, að því er talið er. Eyjarnar eru 40 hundruð að fornu mati. Þar voru 8 búendur árið 1703, 4 á hvorri ey, þurrabúðir og húsmenn að auk. Þar var þá bænahús. Embættaði þar presturinn að Múla á Skálmarnesi tvisvar á ári, vor og haust. Formenn voru þar þá 50 á þriggja-sexmannaförum.[147]

#### 4.1.1.7. Stagley (Vestureyjar)

Í Jarðabók segir m.a. um Stagley (einnig nefnd Tagley):

> [...] Reykhólakirkjueign. Jarðardýrleiki er haldinn vi. [...] Heimræði er þar, og hefur verið fyrrum gott, en nú um nokkur ár miklu lakar. Sölvafjara ekki ómaksverð. Túnið spillist nokkuð af sandi, sem sjór ber uppá, og af grjóti, sem upp kemur af vatns uppgángi.[148]

Í landamerkjabréfi Reykhóla, dags. 16. febrúar 1884 segir m.a.:

> [...] úr nefndum grænklett beínt í suðaustur mítt á míllum stóru og litlu geldíngseyar og það óskekkta sjónhendíng á sjó út, á breiðasund mídt, þaðan fram sundið mídt á míllum Reykhóla og Miðhúsaeya og þaðan beínt áfram mídt á míllum hnífskers og Helgaeyahríggs, og þaðan beínt út röstina mídt á míllum Húseyarskerja og bugskers og þaðan beínt mídt á míllum þernuhólma við Skarðseyar og Hrafnseyar í Akureyalöndum, þaðan beínt nordvestur, mídt á millum Arnóreya og ytstu eyaskerja og þaðan beínt mídt á míllum Akureya og Æðikletta, og þaðan beínt út röstina midt á míllum flíkraskerja og bogaskersnagga, þaðan mídt á míllum nefndra nagga og bats, þaðan bein sjónhenging mídt á míllum svuntu og nefndra nagga að norðan, þaðan beínt ínn eptir, midt á míllum Sveíns-skers og Högnaskers og þaðan eptir því sem djúp ræður millum Högnaskers og Nóneyar uppí fyrst ámínnstan Grundarvog. Ennfremur skal getíð þeírra eígna kírkjunnar, er þá fyrst eya sú í Bjarneyaflóa er kírkjan á Reykhólum á og sjó um hverfís hana sem lög ytrast leífa, sem Stagley heítír. Einnig á kírkjan á Reykhólum eptir Vilkings og Gísla máldögum, reka allann á Sandnesí víð Steingrímsfjörð að helmíngi svo vel á skerjum þeím og grynníngum, sem eru þar út á fírðínum sem á megín landi. Eptir sömu máldögum á nynefnd kírkja 24 manna sölvatöku í Saurbæarfiöru.[149]

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Stagley í Flateyjahreppi:

> Stagley; (einstök ey nú óbyggð): Hún er 6 c að dýrleika og eign kirkjunnar á Reykhólum. Eyja þessi var byggt býli í Vestureyjum allt fram á næst liðin aldamót. Síðan var hún tekin til leigu af Bjarneyabúendum, sem lögðu hana til býla sinna, en bærinn var niðurrofinn. Hefur síðan þótt öllu betur aðfara með

[147] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 78-79.
[148] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 245.
[149] Barðastrandarsýsla landamerkjabók 1883-1960, bls. 81.

varphlunnindi í Eyjahrepp, þareð eyja þessi liggur einstök og leggur aldrei fastan ís í kringum hana. Sækir æðifugl þangað í vetrarhretum og flokkar sig þúsundum saman í Stagleyjargjögri. Þar var háttur eyjarbúa að veiða hann í fuglanetum, er brugðið var yfir fuglinn hjá gjögrinu. Fengust þannig fjögur eða fimm hundruð í senn oftlega á vetri. […] Varp og kofnatekja gafst ei heldur á hólma þessum til nokkurra hagsmuna, meðan þar var búið. Nú hefir síðan aukizt þar varp meira en til helfinga og lundakofa næst þar nokkur. Kríuvarp er þar einnig, ef notað yrði, með bezta móti, því eyjan er raklend. Hún liggur í suðvestur frá Bjarneyjum, hálfa viku sjóar. Er hún nær því kringlótt ílögun, þó nokkuð lengri í austur og vestur. Bæjartóttirnar eru vestanvert á henni miðri, en lendingarmyndin liggur þar suður undan, kallast Pollur, hvar eð er, eins og kringum alla eyjuna, klettaurð, með sífelldum brimsjó og öldukasti.[150]

Fyrir vestan enda eyjarinnar liggja svo nefnd Gjögursker. [...] Skammt eitt austur af Stagley liggur sker mikið, kallað Stagleyjarboði. [...] Þar fellur ei sjór yfir nema í miklum sjóargangi. Stagley gefur nú af sér í meðalári af grasi tvö kýrfóður, lundakofa 2 c og, auk eggja, af hreinsuðum dún 16 pund [...]. Þessi ný talda eyja er hið eina býli, sem eyðijörð getur kallazt í Flateyjarsókn, því þótt bær hafi staðið, með fyrstu, í Fagurey í Skáleyjalöndum, ætla ég hann sé hinn sama sem Skáleyjar, og hafi þagnað færður verið ekki löngu eftir að kristni kom í landið.[151]

Reykhólakirkja á Stagley út á Breiðafirði og Hvannahlíð, hverrar áður er minnzt. Þar að auki Barma, er síðar verður getið.[152]

Í Árbók Ferðafélagsins segir m.a. um Stagley:

Stagley er útvörður Vestureyja í suðurátt enda liggur hún langt fyrir sunnan miðjan fjörð. Þaðan eru 4-5 km í Bjarneyjar í norðri, álíka langt suður í Gassasker en helmingi lengra til Elliðaeyjar. [...] Hennar er getið í Sturlungu en virðist þá vera óbyggð því Sturla Sighvatsson á Sauðafelli hafur þar naut í hagagöngu. Bergsveinn Skúlason leiðir líkur að því að um 1570 sé hún komin í byggð og þá hafi Reykhólakirkja verið orðin eigandi hennar. Stagley hafi svo verið í eigu hennar æ síðan og framá miðja þessa öld að Flateyjarhreppur kaupir hana af eigendum Reykhóla.[153] [...] Í lýsingu Ólafs Sívertsen á Flateyjarsókn 1840 segir að lunda- og æðarvarp þar hafi stóraukist eftir að búsetan lagðist niður [...].[154] Það er einstök smáey skammt suður frá Bjarneyjum. Var þar býli fyrr á öldum, en það hefur nú verið í eyði í tæpar tvær aldir. Lending er slæm og lítið um bjargræði til landsins. Þetta var syðsta byggt ból í Barðastrandarsýslu.[155]

[150] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 175-176.
[151] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 176.
[152] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 60.
[153] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 214-215.
[154] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 217.
[155] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 79.

### 4.1.1.8. Sauðeyjar (Vestureyjar)

Í Jarðabók segir m.a. um Sauðeyjar:

> Uppskrifað eftir relation Monsr. Ara þorkelssonar; þar búandio kom eigi. Kirkjujörð frá Haga á Barðaströnd. Dýrleiki hennar xx c. Ábúandinn Jón Ögmundsson. Heimilisfólk er þar 7. Af jörðunni byggir Jón Ögmundsson fjórðúng Bárði Einarssyni, og uppber af houm eftir því, sem þeim báðum samankemur. Er þetta án special-húsbóndaleyfis. Bárður þessi hefur 2 heimilismenn fyrir utan sig. [...] Hlunnindi eru þar engin, fyrir utan lítið eggvarp.[156]
>
> Í fótnótu er eftirfarandi skrifað um Sauðeyjar: Lýsíng Sauðeyja er á sjerstöku blaði með hendi Á. M. þar við er lagt svohljóðandi brjef frá Jóni Ögmundssyni bónda í Sauðeyjum til Árna: Jeg undirskrifaður auglijse firir Idur, heidarleige Herra Arne Magnusson Commencarij, landskulldar upphæd á 20 c jordinni Saudeijumm, sem þar med filgiandi kuijilldi. [...] En til landss edur sjóar giæda á firrskrifadre jordu, Saudeijumm, er eij til að taka til gagns muna sie edur hjálprædiss, undan teknu egguarpe litlu. Enn sagtt er ad jördinne Saudeijumm eige ad filgia, efttir kirkiunnar maldaga, Drapsker og Flata flaga so heita, enn husbóndi minn j biggingiu frá tekid hefur. En firer sinn gódann vilia hefur hann husbondi minn lied mjer half skerinn og halfa flöguna til gagns muna, sem er lijtil selueide þá so hepnast, og eggvarp.[157]

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Sauðeyjar:

> Í Brjánslækjarkirkjusókn liggja Sauðeyjar, 20 c að dýrleika. Eru eign kirkjunnar í Haga. Þær eru byggðar. Sú, sem bærinn er á, heitir Heimaey, er lítil um sig með höfða innanvert, hrjóstrug og graslítil. Inn af henni liggja tveir hólmar, nefndir Rauðsdalshólmar, sem þó nú tilheyra Sauðeyjum, en út af henni er Háey, minni nokkuð en Heimaey. Suður frá henni er Skarfey, minni en Háey, og austur frá henni er Þórisey, fullt svo stór sem Heimaey og grösugust þeirra allra. Eyjar þessar liggja í bug frá útnorðri til landsuðurs. Frá meginlandi og bænum Arnórsstöðum eru þær hér um bil hálfa viku. Fram undan Brjánslæk liggur ey, sem heitir Engey, eftir ágizkum að stærð svo sem 12 dagsláttur. Á henni er hátt klettabelti, sem heitir Borgir. Smáhólmar fjórir liggja norðan og vestanvert við hana. Hún er frá landi rúmlega ¼ úr viku. Fyrir Fossárlandi, á Hjarðarnesi, liggur einn varphólmi, nefndur Hrúthólmi, og fyrir Hamarslandi á sama nesi liggja og nokkrar eyjar, sem ganga má fram í um fjörur, og suður undan Hagavaðalsmynni liggja tvö stór sker, nefnd Hagadrápssker, vegna selkópa, sem þar veiðast á vetrum og sumrum.[158]
>
> Æðarskersboðar heita inn af Sauðeyjum. Prestsboði innar en fram undan Sauðanesinu. Þiljubrjótur heitir boði fram undan Arnórsstöðum. Stórfiskasker

[156] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 271.
[157] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 272.
[158] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 195.

> heitir fram undan Hvammi. Útgrynni er í meira lagi með ströndinni. Sker og grynningar aukast heldur og hækkar, t.d. er ný uppkominn boði fram undan Ytranesi, fyrir utan Siglunes.[159]
>
> Æðarvarp er til muna í Sauðeyjum. Þar fást, meina ég, hér um bil 20 pund dúns. Lítils háttar í skerjum við Engey og dúnn nálægt þrem pundum, og álíka á Fossá. Kríuvarp er töluvert í Engey og Sauðeyjum. Kofnatekja töluverð í Engey, frá 10-14 hundruð. Fjaðra- og lundatekja engin. Söl eru í Sauðeyjum, en ei höfð til manneldis.[160]

Í Árbókum Ferðafélagsins, 1989 og 1959, má m.a. finna eftirfarandi lýsingu á Sauðeyjum:

> Sauðeyjar er eina jörðin í Vestureyjum sem ekki tilheyrði Flateyjarhreppi. Hún er í útnorðurhorni Vestureyjarklasans, um það bil 4 km fram undan Arnórsstöðum á Barðaströnd, og tilheyrir Barðastrandarhreppi. Sauðeyjar liggja næst fastalandi allra Vestureyja og eru nytjaðar þaðan síðan byggð lagðist þar niður. Sauðeyjar eru nefndar í Laxdælu í sambandi við Ingjald Sauðeyjargoða sem þar bjó og sagður auðugur maður og höfðingi. Eftir það er líklega lítið vitað um byggð þar allt fram undir 1700. Í Jarðabók Árna og Páls 1703 kemur fram að þáverandi bóndi í Sauðeyjum tók jörðina „til húsanna niðurnídda og í eyði“. Þá segir að þaðan hafi til forna gengið til fiskjar um vorvertíð 7-9 skip. Líklega hefur jörðin verið notuð þannig öðrum þræði frá fornu fari enda frekar stutt á fiskislóð út með Barðaströnd þegar fiskur gekk þangað á vorin. Þó er vitað að Sauðeyjarbændur reru í Oddbjarnarskeri líka. Vel má vera að föst búseta hafi ekki verið samfelld einsog frásögn Jarðabókarinnar bendir til því hvorttveggja er að ábýlið er frekar lítið og á því ákveðnir annmarkar.
>
> [...] Þarna mun þó hafa verið búið alla 18. og 19. öld og framtil 1930. Þá fara Sauðeyjar í eyði og hafa verið það síðan ef undan er skilin tilraun til búsetu um 1940.[161] [...] Heimaeyjan í Sauðeyjum og næstu úteyjar liggja í réttan hálfhring einsog skörðóttur barmur á sokknum eldgíg sem verið hefði um hálfur annar km í þvermál. Hálfhringur þessi opnast til austurs og er heimaeyjan á norðurenda hans en Þórisey á suðurenda. Hún mun vera stærst úteyjanna en aðrar eru Háey og Skarfey auk smærri hólma. Kiðhólmur o.fl. liggja alllangt til vesturs en Rauðdalshólmar og Æðarsker norðaustan við heimaeyna. Byggðin og túnið í Sauðeyjum var á vesturenda heimaeyjarinnar. [...] Þó að mörgum búnaðist vel í Sauðeyjum, einkum meðan fiskur gekk árlega á nálæg mið, og þó að eyjarnar séu fallegar og stutt til lands, þá voru erfiðleikarnir á búsetu það miklir að Sauðeyjar fórstu fyrstar Vestureyja í eyði að Stagley undanskilinni. [...]
>
> Síðan búsetu lauk hafa Sauðeyjar verið nytjaðar af bændum í Haga.[162] Eyðijörðin Sauðeyjar er eyjajörð tilheyrandi hreppnum [Barðastrandahreppi].

[159] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 196.
[160] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 201.
[161] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 203-204.
[162] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 204.

> Liggur hún skammt undan landi, suður frá Arnórsstöðum. Lagðist hún í eyði skömmu eftir 1930. Þar er lítið um ferskt vatn í þurrkasumrum, en annars er þetta notasæl bújörð, miðað við fyrri búskaparhætti. Þar er allmikið æðarvarp og fleiri sjófugla. Nokkrar eyjar tilheyra jörðinni, og var heyskapur aðallega í úteyjum. Er Þórisey þeirra mest, því næst Skarfey. Glænefur heitir smáey vestan við aðaleyjaklasann, en Kiðhólmar nokkru sunnar. Fram hjá þeim liggur sjóleiðin frá Flatey að Haga og er þar hálfnuð. Er venjulega farið milli eyjanna, en það er vandratað, og má hvergi út af réttri stefnu bregða.[163]

Í ritinu Eyjar og Annes segir m.a. um Sauðeyjar:

> Voru Sauðeyjar, meðan búið var þar, einu byggðu eyjarnar í Barðastrandarhreppi, og hafa um langan aldur verið eign kirkjunnar í Haga á Barðaströnd. [...] Sauðeyjar eru lítið ábýli, aðeins 20 hundruð að fornu mati og munu að nokkru hafa verið metnar „í sjó“ því landrými þar er lítið og landkostir að sama skapi. [...] Auk bæjareyjunnar eru þessar helztar: Þórisey, Háey, Skarfey, Kiðhólmar, Rauðdalshólmar, Dyratindur og Flataflaga. Fleiri hólmar og mörg sker liggja undir Sauðeyjar, sem ég kann engin skil á. Miðað við landstærð og dýrleika voru mikil hlunnindi í Sauðeyjum, einkum af æðarvarpi og fuglatekju. Mun búsæld þar á seinni árum einkum hafa byggst á þeim.[164]
>
> [...] verður af Laxdælu ráðið, að Sauðeyjar hafi byggzt snemma og verið höfðingjasetur. Líklegast er, að vegur þeirra hafi byggzt á góðum fiskimiðum í grenndinni, nema að fleiri eyjar hafi þá legið undir Sauðeyjar en verið hefur á seinni öldum. Skipting eyja á Breiðafirði milli býla gat á fyrri öldum verið öðruvísi en síðar varð og nú er. Ekki fara sögur af, að nokkurn tíma hafi verið verstöð í Sauðeyjum, en gott heimræði fram eftir öldum.[165]
>
> Á seinni öldum hefur oftast verið langróið frá Sauðeyjum, og snemma fóru bændur þar að sækja sjó frá Oddbjarnarskeri. Bóndinn í Sauðeyjum, Jón Ögmundsson, er við róðra í Skeri þegar Árni er þarna á ferð að safna upplýsingum í Jarðabókina. Hann skrifar honum þaðan skilríkt bréf, og segist hafa tekið jörðina fyrir fáum árum niðurnídda og í eyði. Forn frægð var þá löngu fokin út í veður og vind. Er ekki ólíklegt um svo litla eyjajörð, að hún hafi verið í eyði öðru hverju á næstliðnum öldum, þótt ekki sé þess berlega getið.[166]
>
> Á fyrstu áratugum þessarar aldar þóttu Sauðeyjar enn notagott og farsælt ábýli, og var þar löngum vel búið. [...] Þar þraut löngum vatn sumar og vetur. [...] Vatnsskorturinn mun hafa verið helzta ástæðan til þess, að byggð lagðist niður á Sauðeyjum fyrr en í öðrum Vestureyjum. [...] Þeir fluttust þaðan árið 1930. Síðan hefur ekki verið búið í Sauðeyjum.[167]

---

[163] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 99-100.
[164] Eyjar og annes, 1964, bls. 172.
[165] Eyjar og annes, 1964, bls. 173.
[166] Eyjar og annes, 1964, bls. 174-175.
[167] Eyjar og annes, 1964, bls. 174-175.

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Sauðeyja, dags. 23. maí 1885 segir:

> 1.o að sunnanverðu skilur svokallaða Sauðeyaátt (er liggur frá hafi) austur úr honum midt sundið milli flötuflögu og útboða og beint í austur mitt í milli Kiðhólma og loftsboða og inneftir því sundi miðja millum díratinds og Prestskerja 2o að austanverður skilur mitt sundið milli díratinds og prestskerja og beint í austnorður milli Suðurskerja og oddleifseyar og þá til norðurs eptir miðjum flóanum milli Hestskjers og æðarskjersboða og svo norður á miðjann flóann milli æðarskjers og Hamarseya. 3o að norðanverður skilur miðurflóinn millum æðarskjersboða og Eingeyar og svo vestur eptir miðju Sundinu millum Rauðsdalshólma og sauðaness og svo í vestur mitt á milli Sauðeyar og Arnórstaða og midt milli Rauðsdalsklaufar og Glænefs. 4o að vestanverður skilur midt sundið millum Glænefs og stórfiskaskjers og beigist svo til suðvesturs mitt á milli Glænefs og Hagadrapskerja og mitt á milli Selaboða og Hagadrapskerja og svo í beinni lýnu út Breiðafjörð til Hafs. Allar þær eyar og skjer stór og smá sem eru innan framanskrifaðrar landamerkjalynu tilheira eya jörðinni Sauðeyum. Itök er Sauðeyum fÿlgja í öðrum jörðum er Skógarhögg til eigin nota svokallaðri Vatnsdalsmörk og er það í þeim hluta er Hagakirkju tilheyrir; engar jarðir eiga ítök í Sauðeyum.[168]

*Reykhólahreppur*

### 4.1.1.9. Hergilsey (Vestureyjar)

Í Jarðabók segir um Hergilsey í umfjöllun um Flatey:

> Á meðal Flateyjarlanda er Hergilsey, sem bygð hefur verið til forna, en nú selstaða úr Flatey. Kann ei missast frá Flatey, selstöðunnar vegna. [...][169]

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Hergilsey:

> Hún er byggð frá Flatey nú fyrir 57 árum. Áður var hún þó byggð af landnámsmönnum, þó frá Flatey eins og enn, hvers síðar mun getið verða. Hún liggur norður af Flatey 1 ¼ viku og suðaustur frá Sauðeyjum eina viku sjóar. Bæjareyjan er hæst allra eyja í Vestureyjum. Á lengd er hún, í austur og vestur, 200 faðmar, en á breidd 150 faðmar. [...] Hrjóstrug er hún og norðanvert urðir og klettar, en austan og sunnan til eru blágrýtisklettar af stuðlabergi, og á henni vestanverðri, er bjarg 10 faðma hátt, með fjór- og fimmköntuðum stuðlum, er standa upp hver við annan. Kallast bjarg þetta Vaðsteinabjarg, og getur þess í Gísla Súrssonar sögu 26 kap. Sunnanvert á eyjunni kallast hærri og neðri Balar. Gengur mýri austur og vestur milli þeirra. Hjá hærri balanum, þeim megin, er að mýrinni veit, eru leifar eða rústir af gömlum grjótgarði, hvar klettar umgirða annarsvegar. Það er mál manna, að þar hafi verið byrgi Hergilseyjarfífls Ingjalds (sjá sömu sögu 27. kap.) Norður frá hæð eyjarinnar er undirlendi, á hverju bæirnir tveir standa og hvar á túnið er ræktað, umgirt grjótgarði frá austri til

[168] Barðastrandarsýsla landamerkjabók 1883-1960, bls. 170.
[169] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 245.

vesturs í brekkubrúninni. Efri bærinn, snotur og prýðilega húsaður, stendur upp undir klettabrekkunni, og milli hennar og bæjarhúsanna sjást líkur til gamalla tótta. Bærinn snýr í vestur-útsuður, og vestur frá bænum er hóll, kallaður Kríuhóll, nú ræktaður til túns. Til norðurs, 40 faðma frá bænum, er neðri bærinn á sléttri túnflöt. Snýr hann til suðurs. Frá þessum bæ er 12 faðmar til sjóar í austur og vestur. En nærhæfis 16 faðma norður frá bænum stendur hjallur og geymsluhúsaþorp. Í norðvestur þaðan gengur tangi eyjarinnar, kallaður Stórirani, sem endar með tveimur klettabeltum. Til austnorðurs frá hjallaþorpinu liggur annar tangi kallaður Litlirani. Lítið sjóarsund, sem fjarar þurrt um fjörur, liggur milli hans og eyjar, er liggur austur af honum og kallast Höfn, á lengd 68 faðm., hár hólmi með klettabergi að vestan og norðanvert. Þar inn á milli gengur sjóarvík, frá austri til vesturs, inn í eyjuna, allt út að Neðrabæ, svo langt frá honum sem áður er sagt. [...]

Austur frá Efribæ, inn með klettabrúninni, er lítið undirlendi. Þar austur af gengur rif nærhæfis 80 faðmar. Er þar mjótt sjóarsund, er fjarar um hálffallinn sjó. Þar austur af liggur Hrófaldsey, 100 faðma löng og 16 faðma breið. Austur af eyjunni liggja klettatangar, og þaðan í austur mjótt skipaleiðarsund, er kallast Smjörsund. Skerið þar austur af heitir Smjörsker. En gagnvart eyjarendanum eystri er, á áðurnefndri Bæjarvík, blindsker, Grásleppa kallað, fer í sjó um hálffallið, en tekur sjóarólgu og brim á víkinni. [...] Nokkuð af æðarfugli og lunda verpur á eyjunni. Verður lundi sá arðlaus vegna urðanna. Lítil sjóarvík er vestanvert við eyjuna. Þar eru netalagnir eyjarbúa fyrir hrognkelsi, hver veiði tíðkast frá sumarmálum til fardaga.

Frálausar eyjar, sem tilheyra Hergilsey; Hafnarhólmur liggur í norður frá áðurnefndri Höfn, og skammt austur þaðan Áskelsey, með klettum norðanvert og lendingu að austanverðu, í vík litilli. Hún er 70 faðma löng og 12 faðma breið, frá norðri til útsuðurs. Þá er í suðaustur Áskelseyjarklettur, hár og lítill grashólmi. Skammt þaðan í norður er Æðarsker, lítill hólmi með graslendi. Þar norður af eru Norðursker, og eru þar nótalagnir fyrir selkópa á vorum. Eyjaklasi liggur austnorður frá Hergilsey, fjórðung mílu. Sandey liggur næst þeirra, 50 faðma löng, 12 faðma breið. Þaðan frá í sömu átt eru þrír eyjahólmar, kallaðir Höfðeyjarþorp. Heitir sá fyrsti Höfuðhorhólmur, á lengd 20 faðmar og eins breiður. Svo er Höfðey, lág mjög, liggur í austur og vestur, 40 faðma löng, 10 faðma breið. Þá er Rani 14 faðma langur og 7 faðma breiður. Austur af þorpi þessu liggur Hvannhólmur, lágur, að lengd og breidd 16 faðmar, norður þaðan er Hjallhólmur og örskammt norður af honum annar lítill, heitir Borgarhólmur, kringlóttur með klettum í kring, að þvermáli 10 faðmar. Þá eru Böðvarsklettar þar austur af í austur og vestur, að lengd hér um 80 faðmar og á breidd 5 faðmar. Er þar lítill grasvegur. Standberg er norðanvert á þeim. Lítil klettastykki er þar austur af frálaust um flóð og fjöru, og teljast þaðan í austur-austnorður þrír fjórðungar mílu til Fjarðareylanda vestur af Skálmarnesi. Norður frá Höfðey liggur Reykey, að lengd 110 faðmar í austur og vestur, breiddin er 14 faðmar. Þá er Urðhólmur, sunnanvert við hana, 12 faðma langur, 6 faðma breiður, hár með klett norðanvert. – Lítil grasflaga er austur af Reykey,

10 faðmar á lengd og breidd, en norður af henni er skerflaga lítil, graslaus. Milli allra þessara eyja, sem taldar eru frá Sandey, verður þurrt um fjörur. [...]

Vestur frá Reykey liggur Oddleifsey, og er örmjótt sund þar á milli. Hún er frá austri til vesturs 200 faðmar og 30 faðmar á breidd. Lág er hún að austan, en hærri með klettum að vestanverðu, hvar lendingarvogur gengur inn í hana, kallaður Bolavogur. Norðan til við hana er frálaust Hestsker kallað, sem af Hergilseyjarlöndum liggur norðast og næst Hjarðarnesi. Nærri henni norðanvert eru skaðleg flæðisker. Nú er þar byggt hús fyrir menn til að vakta sauðkindur, sem þar eru í settar til haustbeitar. Vestur frá Oddleifsey er djúp nokkurt, og er þangað róið til flyðruveiða. Þaðan er hálf vika sjóar, í vestur-útnorður, til Sauðeyja. En í útsuður frá Oddleifsey, nærhæfis mitt á milli hennar og bæjareyjarinnar. Í norður-útnorður frá henni liggur Innri- (austari) Hrauney, að lengd 70 faðmar, en örmjó með háum klettasvaða, helzt að norðanverðu. Strax fyrir vestan hana er Ytri- (vestri) Hrauney eins stór og álíka að lögun. Þar útsuður af eru Hrauneyjarklettar tveir. Þar vex skarfakál, en ei gras, og ekki verpur þar æðifugl, en þótt hann sé í öllum áðurtöldum eyjum og hólmum. Lundi er þar nokkur. [...] Allskammt vestur frá klettum þessum liggja tvö graslaus sker, kölluð Prestssker, arðlítil, nema hvað þar verpur svartbakur. Sker þessi liggja undir Brjánslækjarkirkju, meinast gefin þangað á pápiskri öld, eður útlögð með öðrum hætti, sem ei er í frásögur fært, svo ég viti. Í útsuður þaðan liggur sker, sem kallast Loftsboði, arðlaust. Milli hans og síðarnefndra Drápskerja, þrjá fjórðunga mílu út frá bæjareynni í vestur, er legið fyrir flyðri á sumardag. Kallast þar Boðaslóð. Útsuður frá bæjareyjunni, hálfa viku sjóar, liggja svonefndar Skjaldmeyjareyjar. Er það eiginlega ein ey með hólmi. Hún er 70 faðma löng og 50 faðma breið, liggur frá austri til vesturs, með standbergsklettum að norðanverðu. Sunnan fram eru graslausar flögur áfastar, og þar austur af Skjaldmeyjarhólmur, hár og hér um tveim pörtum minni en eyjan. [...] Eyjar þessar eru langvestast af Hergilseyjarlöndum og Eyjahrepp og einstakar, fagrar og gagnsamar. Er þar graslendi gott til slægna og beitar. Þar vex skarfakál með betra móti. Lundi, æðifugl og kría gefa þar líka góðan arð af sér. Útsuður skammt frá eyjunum, er Veiðileysa, arðlaust sker. Kringum það allt, útnorður af fyrrnefndum Loftsboða, er 20-30 faðma sjóardjúp, og svo einnin suður-landsuður allt á Vastir eða Vöst, vestur frá Flatey. Örskammt útsuður frá Veiðileysu er flyðrumið, kallað Þarar: Skálanes á Diskæðarsker; og Hvammshyrna á austara Drápskeri. Austur af Skjaldmeyjareyjum eru tvö sker, liggja í austur og vestur, arðlaus, kallast Þorfinnssker. Kringum þau, og allt austur að Lundaklett í Flateyjarlöndum, eru smásprökumið. Það er torvelt að segja, hvar af áðurnefnd ey, með hólminum, kallast Skjaldmeyjareyjar. Er að ráða sem þær hafi fengið nafn það eftir annað heiti áður, því vafalaust hljóta þær að vera það, sem í sögu Gísla Súrssonar kallast Skutulseyjar. Ekki voru skjaldmær (amazones) hér á Norðurlöndum, svo ég viti. En þar eð eyjan er löguð líkt og herskildir voru fyrrum, og hólmurinn liggur eins og í fangi eður hvilft skjöldsins, mætti máske til geta, að menn af hugviti hefðu valið nafn þetta, og látið heita svo sem hólmurinn væri brjóst eyjarinnar, frálaus orðin, þar eð skjaldmær áttu að hafa burt numið vinstra brjóst sitt, svo hægra félli að bera fyrir sig skjöldinn í orustum. [...] Nú er þessu næst að greina frá þeim

nafnkunnustu skerjum, er til heyra Hergilsey, og liggja eina viku vestur frá heimaeyjunni og kallast Drápsker, austara og vestara. Hafa þau fengið nafn sitt af vetrar- eða útselsuppidrápi, hvert nú um nokkur ár er að mestu undantekið, án þess menn viti orsök til þess. Sker þessi liggja frá austri til vesturs, og svo eru þau mikil umhverfis, að meira er en ein vika sjóar kringum þau, þá fjara er. Um stórflæðar fer vestra skerið að mestu í kaf, þó er það miklu stærra en hið austara skerið, sem aldrei flæðir yfir. Þar verpur kríufugl. [...]

> Norður frá vestara skerinu er einstakt sker, kallast Norðursker. Hjá því, og aðal Drápskerjunum eru netalagnir fyrir selkópa á vordag. Lágt sker liggur norður af þessu skeri. Þaðan til norðurs eru blindsker, er koma upp um fjörur. Kallast þau Boðar. Norðanvert við þá, austur og vestur, kallast Boðaslóð. Eru þar gömul og ný flyðrumið. Þar vestur af liggur Sauðeyjaáll, í norðvestur af Drápskerjum, gamalt fiskimið frá Oddbjarnarskeri. [...] Fjórðung mílu vestar Drápskerjum, liggja tvö flæðisker, sem heita Gjögursker og taka nafn af gjá eður gjögri, sem sker nær því í sundur vestara skerið, sem liggur í norðvestur frá austara skerinu. [...] Norðvestur af skerjum þessum, en vestur af Sauðeyjaál, er allt í blindskerjum og grynningum. Í landsuður frá vestara Drápskeri, skammt eitt, er boði kallaður Bölluboði, yfir hvern ei fellur sjór nema í stærstu flæðum, arðlaus. Þar norður af eru nokkur smásker, sem og vestur af honum, hvar útselur liggur við á sumrum. [...] Nú er þannig farið landnámi yfir Hergilsey og hennar lönd. Teljast þar graseyjar og hólmar, sem aðgreinist um sjóarflæðar, að vera alls 30, en ótöluleg sker og grynningar sem víðar hvar um Vestureyjar. [...] Heimilisfastir menn í Hergilsey eru nú að tölu 40.[170]

Í Árbók Ferðafélagsins 1959 segir m.a. um Hergilsey:

> Flatey er stærst og sögufrægust allra Vestureyja. Er hún landnámsjörð Þrándar mjóbeins. Hann kom út með Geirmundi heljarskinni og nam eyjar fyrir vestan Bjarneyjaflóa og bjó í Flatey. Hann átti dóttur Gils skeiðarnefs. Þeirra sonur var Hergils hnapprass.[171] Milli Svefneyja og Flateyjar er djúpt sund, Svefneyjasund. Eyjan liggur frá norðaustri til suðvesturs, eins og flestar aðrar eyjar í hreppnum. Hún er um tveir km á lengd og tæpur kílómetri á breidd, þar sem hún er breiðust. Hún er dálítið mishæðótt, og eru sums staðar á henni lágir hamrar að sjó, svo sem Lundaberg norðanvert á eynni, en annars staðar sandfjara og leirur út frá. Nokkuð er hún vogskorin og misbreið, og að sunnan tengist hún um fjöru öðrum smærri eyjum, Suðurlöndum. Hún er öll vel gróin, og eru á henni mýrlendisblettir hér og þar, aðallega að norðan. Norðanvert við miðja eyna er skeifulöguð hamraey, Hafnareyjan. Snýr op skeifunnar að Flatey, en mjótt sund er á milli. Er ágætt báta- og smáskipalægi í skeifunni, varið á alla vegu fyrir báruföllum. Hörð sjávarföll eru í sundinu milli hafnarinnar og Flateyjar. Austurendi Flateyjar kallast Torta. Suður af honum og vestur með sunnanverðri eyjunni eru Suðurlöndin, Langey, Akurey, Hádegishólmi, Nónberg, Innri-Mávey, Ytri-Mávey, Flathólmi og Lágmúli. Um stórstraumsfjöru er hægt að ganga alla leið út í Flathólma. Milli Suðurlanda og

[170] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 130–138.
[171] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 70.

> Flateyjar er Flateyjarvogur (Hólsbúðarvogur). Fellur sjór alveg úr honum austanverðum um fjöru, en vestast á honum er nú nýja höfnin og bryggjan. Vestur frá vesturenda Flateyjar, Tröllenda, er stór sker eða smáeyja, sem Klofningur heitir. Þar er viti. Norð-norðvestur frá Flatey eru allstórar eyjar henni tilheyrandi. Sýrey, Feitsey, Langey og Skeley eru helztar. Eru þær grasgefnar og góð varplönd. Selalagnir eru við sum skerin umhverfis eyjar þessar. Um margar aldir lá Hergilsey og öll Hergilseyjarlönd undir Flatey. Var jörðin þá talin 120 a. f. m. eða jafngildi tveggja höfuðbóla. Á seinni árum, eftir að Hergilsey var skipt úr, er jörðin talin 40 hundruð, en líklega er það rangt, ætti að vera 60 hundruð (eða jafnvel 80 hundruð). Nú er margbýli í eyjunni og kauptún að auk [...].[172]

Í ritinu um Eyjar og annes segir m.a. um Hergilsey:

> Þórður [Benjamínsson] býr nú raunar ekki í Hergilsey lengur. Hann er búsettur í Flatey og nytjar Hergilsey þaðan. Þannig hefur verið búið í Hergilsey áður. – Það er eins og þessari sögufrægu eyju, þeirra Ingjaldar, Eggerts og Snæbjarnar, haldist ekki vel á fólki, þó að landkostir séu góðir [...].[173]
>
> Og nú er eyjan í eyði, enginn verulega kunnugur með í ferðinni [...]. En af því að Hergilsey er í órofa tengslum við Flatey, fer illa á að geta hennar að engu [...].[174]
>
> [...] á leið okkar úr Flatey til Hergilseyjar, heldur skjótumst fyrir endann á Sýrey, Feigsey, Langey og Skeley ásamt nokkrum skerjum.[175]
>
> Kunnugir segja, að það séu leifar af byggð Þórólfs Jónssonar er var giftur var Guðrúnu eldri, dóttur Eggerts Ólafssonar landnámsmanns í Hergilsey.[176]
>
> Vognum skýla, auk Hergilseyjar sjálfrar, tvær myndarlegar eyjar. Heitir sú nyrðri Höfn, en sú syðri Hróaldsey. Í vogskjaftinum milli eyjanna, er sker sem heitir Grásleppa.[177]
>
> Norðan Sjónarhóls og Bjarghóls stóðu þrír bæir og öll byggðin þegar ég kom fyrst í Hergilsey. Bæirnir hétu: Hæstibær, Miðbær og Neðstibær.[178]
>
> Í Hæstabæ [...]. [...] að á þeim stað hefði fyrst risið byggð í Hergilsey.[179]
>
> Máski hefur Ingjaldur átt Hlíð, þegar hann fluttist þangað, þó ekki ætti hann Hergilsey. Og þótt ólíklegt sé, að óslitin tengsl hafi verið á milli Hergilseyjar og Hlíðar frá dögum Ingjaldar til okkar tíma, þá átti Snæbjörn Kristjánsson, ekki nema hluta af Hergilsey þegar hann bjó þar, en alla Hlíð, að því er ég bezt veit.

[172] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 70-71.
[173] Eyjar og annes, 1964, bls. 13.
[174] Eyjar og annes, 1964, bls. 153.
[175] Eyjar og annes, 1964, bls. 153.
[176] Eyjar og annes, 1964, bls. 155.
[177] Eyjar og annes, 1964, bls. 155-156.
[178] Eyjar og annes, 1964, bls. 156.
[179] Eyjar og annes, 1964, bls. 156.

Og enn munu þessar tvær jarðir vera í eigu afkomenda Snæbjarnar. Almennt mun álitið, að Hergilsey færi í eyði þegar Ingjaldur hvarf þaðan, einhvern tíma á 10. öld og væri ekki byggð aftur fyrr en Eggert Ólafsson frá Vonarvöl í Flatey reisti þar byggð og bú árið 1783. Óvíst er samt að svo hafi verið. Í máldaga kirkjunnar í Flatey frá 1363 segir eftir að eignir kirkjunnar hafa verið taldar: „Þangað liggja undir að tíundum og lýsitollum, Hergilsey, Bjarneyjar, Svefneyjar, Hvallátur, Sviðnur og Skáleyjar.“. Að líkindum hefur þá ekki verið búið í Stagley. Ólíklegt er, að svo hefði verið tekið til orða í máldaganum og eyjan talin skattskyld til Flateyjarkirkju, hefði hún verið í eyði. [...] En hvort sem þær aldir hafi verið fleiri eða færri, sem eyjan var í eyði, var hún nytjuð frá Flatey á því tímabili, jafnvel talin hluti af henni, sem Flateyingar töldu sig illa mega án vera [tilvísun í Jarðabók um Flatey]. Og skipti fara fram milli eyjanna á löndum og lögnum, þegar Eggert fer að búa þar.[180]

Mesta afrek hans [Eggert Ólafsson] mun án efa vera að endurbyggja Hergilsey, fá henni skipt frá Flatey og gera hana að stórbýli.[181]

Sú sögn lifir enn góðu lífi í Breiðafirði, að á fyrstu búskaparárum Eggerts í Hergilsey – líklega eftir Skaftáreldana, sem hófust sama árið og hann byrjaði búskap í Hergilsey – hafi eitt vor safnazt óvenju margt blásnautt fólk í sveitirnar umhverfis Breiðafjörð [...]. Eggert gerði þá ferð sína til lands, [...] og sótti nokkra tugi af þessu blásnauða fólki (almennt er talið 70) og flutti út í Oddbjarnarsker. Það liggur undir Hergilsey. Þar var alltaf björg að fá.[182]

Afkomendur Eggerts Ólafssonar bjuggu hver fram af öðrum í Hergilsey, þangað til Snæbjörn Kristjánsson hætti þar búskap um 1930. [...] Síðan 1946 hefur hún verið í eyði, og nytjuð frá Flatey sem fyrr. [...] En alls munu hafa búið í Hergilsey 25 bændur á þeim 163 árum sem byggð hélzt þar eftir að Eggert Ólafsson settist þar að, árið 1783.[183]

Eyjan er í eyði og hefur verið svo um nokkur ár.[184]

Þar [Hergilsey], eins og í öðrum eyjum, hafa menn frekar búið við hlunnindi: æðarvarp, selveiði, fuglatekju, fjörubeit og gott gras í úteyjum.[185]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Hergilsey:

Norður frá Flatey liggur dreifður eyjaklasi sem teygir sig í átt til Barðastrandar, Hjarðarness og Múlaness. Það eru Flateyjarlönd, Hergilsey með sínum löndum og Sauðeyjar.[186] Eftir að Hergilsey hafði verið sjálfstætt býli til forna sameinaðist hún Flatey á ný og lá undir hana um aldir. Lítil landfræðileg skil

[180] Eyjar og annes, 1964, bls. 161-162.
[181] Eyjar og annes, 1964, bls. 162.
[182] Eyjar og annes, 1964, bls. 163.
[183] Eyjar og annes, 1964, bls. 165.
[184] Eyjar og annes, 1964, bls. 169.
[185] Eyjar og annes, 1964, bls. 170.
[186] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 154.

eru á milli Flateyjar- og Hergilseyjarlanda en Sauðeyjar nokkuð fráskildar enda tilheyra þær Barðastrandarhreppi.

Seint á 18. öld er Flatey og Hergilsey skipt í tvær jafnstórar jarðir sem sagt verður frá í kaflanum um Hergilsey en eftir þá skiptingu eru helstu úteyjar Flateyjar sem hér greinir:[187] Áður er nefnd Höfnin, klettaeyja við miðja norðurhlið Flateyjar. Norðvestur af Tröllenda liggur stuðlabergshólmi sem Klofningur nefnist. Þar stendur Flateyjarviti. Norður af Eyjarenda liggur annar sem Hrólfsklettur heitir. Þessir þrír hólmar liggja í röð með eins og hálfs km millibili og svipar saman um margt. Þeir mora af fugli á sumrin, aðallega ritu og toppskarfi, og lífga mjög upp á umhverfi Flateyjar.[188] [...] Nokkru norðar liggur Sýrey, jarðvegsmikil og fjórsöm með miklu lundavarpi. Þar höfðu Flateyingar kartöflugarða um skeið og þurftu ekki að kaupa áburð í þá til að fá góða uppskeru. [...] Við Sýrey er Sýreyjarhólmi. Skammt austur af honum er lítill melhólmi sem Selsker heitir. Sundið milli þeirra er bátaleið upp í Flateyjarlönd og Hergilsey. Um það bil 1 km fyrir norðan Sýrey er Feitsey, mun minni en allhá, og Langey skammt norður af henni.

Langey með Langeyjarhólma er um 1½ km á lengd en frekar mjó með allháum klettum að norðan en hallar til suðurs. Hún er stærst af úteyjum Flateyjar og gagnauðug. Þar voru miklar slægjur og beit og lundavarp er líklega hvergi jafn mikið í einstakri eyju á Breiðafirði. Prestaflaga heitir sker austur frá Langey.[189]

Úr Flatey eru um 3 km upp í Langey en þaðan 5 km upp í Hergilsey. Á miðri leið þangað liggur Skeley, löng og mjó, en miðja vegu milli hennar og Langeyjar er Diskæðarsker.[190]

Áfram til norðurs í átt að Litlanesi en austan við Hergilseyjarlönd liggja Sandeyjar og Stykkiseyjar ásamt smærri hólmum og klettum. Kallast það einu nafni Hærrilönd. Nær allar þessar eyjar sem nefndar hafa verið og tilheyra Flatey eru það sem kallað er feitar eyjar, kappræktaðar af fugli, frjósamar og grasgefnar. Þar er og víða góð fjörubeit svo fé verður þar vænna á útigangi en við gjöf á húsi. Ekki nýtast þeir kostir þó alstaðar vegna flæðihættu.[191] [...] Úr Flatey eru um 10 km upp í Stykkiseyjar og er hvergi svo langt í úteyjar frá heimaey annarstaðar í Vestureyjum.

Hergilseyjar er getið í Landnámu, í tengslum við Flatey. Hergils hnapprass, sonur Þrándar í Flatey, bjó þar og síðan Ingjaldur sonur hans. Sagan segir að Börkur digri hafi rekið Ingjald úr Hergilsey vegna liðveislu við Gísla Súrsson og fer tvennum sögum af hvort hún fór í eyði aftur þá eða síðar. Hitt er vitað að hún var í eyði um margra alda skeið og lá þá undir Flatey. Í Jarðabók Árna

---

[187] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 154.
[188] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 154.
[189] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 154-155.
[190] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 155.
[191] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 155.

og Páls er sagt að Hergilsey liggi undir Flatey og þar sé selstaða þaðan en að hún hafi verið byggð til forna.

1783 ræðst Eggert Ólafsson úr Flatey, þá bóndi í Sauðeyjum, í það að endurreisa byggð í Hergilsey. Fékk hann henni skipt úr Flateyjarlandi og flutti þangað búferlum. Töldust það jöfn skipti og hvor jörðin metin á 40 hundruð á eftir. Augljóst virðist þó að graslendi sem féll í hlut Hergilseyjar er minna en það sem fylgdi Flatey en sumt annað jarðargagn e.t.v. meira í Hergilsey. Í Hergilsey er síðan búið samfellt til 1946, eða í 163 ár. Þá fór hún aftur í eyði og hefur verið það síðan.[192] [...] Hergilsey liggur 8 km norðnorðvestur af Flatey í stefnu á Vatsfjarðarmynni.[193] [...] Hergilsey er hæsta eyjan í Vestureyjum. Lengd „skipsins" er líklega um hálfur km en í framhaldi af því til austurs liggur Hróvaldsey, allstór eyja, og fjarar þar á milli. Út frá þessum hálenda aðalhluta Hergilseyjar vestanverðum liggur hinn helmingur hennar til norðvesturs, flatlendur að mestu, miklu lægri og mun minni. Þar var byggðin og túnið. Þessi lægri hluti eyjarinnar breikkar í norðurendann og gengur þar rani til norðausturs. Í framhaldi af honum er lítil en allhá eyja sem fjarar í og heitir Höfn.[194] Milli hennar og austurenda heimaeyjarinnar myndast allstór vík sem liggur frá austri út undir túnið í Hergilsey. Í mynni víkurinnar, sem í sóknarlýsingu er kölluð Bæjarvík, er sker sem kallast Grásleppa og hlífir það henni fyrir norðaustanátt en fer þó í kaf um hátt sjóað. […] Heimaeyjan í Hergilsey er ekki stór og þótti ekki grasgefin meðan þar var búið. Þó var þar framfleytt æði stórri áhöfn meðan mannmörg heimili voru þarna. Heyskapur var þá að mestu sóttur í úteyjar og jafnvel til lands. Hlunnindi og margskonar eyjagagn voru hinsvegar stór þáttur í afkomu Hergilseyinga einsog annarstaðar í eyjunum. Þar var t.d. mesta selveiðin, mikil kofnatekja, nærtæk og góð hrognkelsaveiði og allmikil dúntekja. Stutt er á lúðumið og styttra á fiskislóð en úr Inneyjum. Fyrir ofan Hergilsey í átt til Hjarðarness eru flestar af úteyjum hennar. Þar eru stærstar Reykey, Oddleifsey, Áskelsey og Hrauneyjar, en auk þeirra margir smærri hólmar. Í útsuður liggja Skjaldmeyjareyjar og lengra til hafs eru Drápusker, stór skerjafláki með miklum sellátrum. Þar er mikill jarðhiti og hverir koma þar upp úr sjó um fjöru. Jarðhiti er víðar í Hergilseyjarlöndum, svo sem í Reykey og Sandey. Eyjar og grashólmar í Hergilsey eru rúmlega 30 talsins og er því margra ógetið. Þar á meðal þess hólmans sem þekktastur er, enda við hæfi að helga Oddbjarnarskeri sérstakan kafla.[195] Hergilsey er vestust jarða í Flateyjarhreppi, en liggur álíka norðarlega sem Hvallátur, um það bil mitt á milli Flateyjar og Barðastrandar. Hún er hæst Vestureyja, hæsti hóllinn talinn 29 m, og þurrlendari og hrjóstugri en flestar hinna byggðu eyjanna. Hún liggur frá suðaustri til norðvesturs, en breiðust til endanna, en mjóst um miðjuna. Er þar í hana allmikill slakki, og eru þar túnin og bæjarhúsin.[196] Suðurendi eyjarinnar er hæstur. Eru þar þrír hólar, og heitir miðhóllinn Sjónarhóll, enda munu Hergilseyingar oft hafa lagt þangað leið sina til að svipast eftir

[192] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 194-195.
[193] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 196.
[194] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 197.
[195] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 198.
[196] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 76.

bátaferðum um fjörðinn. Austasti hóllinn heitir Skothúshóll, og má telja víst, að þar hafi verið setið fyrir selum. Vestasti hóllinn heitir Bjarghóll, og er Vaðsteinabjarg, fagurt stuðlaberg, suðvestan á honum.[197]

Austur frá suðurenda eyjarinnar er allstór ey, Hróaldsey, sem liggur frá vestri til austurs. Önnur ey, Höfn, er austur frá nyrðri eyjarendanum. Er þarna milli eyjanna gott bátalægi, sem að austan er varið af blindskeri því, sem Grásleppa kallast, en greið bátaleið er inn á höfnina beggja megin skersins. Norður frá Hergilsey eru þessar eyjar helztar henni tilheyrandi: Áskelsey, Hrauneyjar, Sandey, Oddleifsey og Reykey. Liggja þessar eyjar skammt austur frá Sauðeyjum í Barðastrandarhreppi. Hin venjulega bátaleið frá Flatey að Brjánslæk liggur rétt vestan við Hergilsey og síðan norður um örmjótt sund milli Hrauneyja, og er leiðin hálfnuð í því sundi. Suðvestur af Hergilsey eru Skjaldmeyjareyjar. Eru þar góðar slægjur, haglendi og varp. Þá tekur við Drápsker og loks Oddbjarnarsker, alllangt suðvestur frá Flatey. Jörðinni tilheyra ótal smærri eyjar, sker og hólmar, svo sem áður getur.[198]

Allvíða í Hergilseyjarlöndum er jarðhiti, svo sem í Reykey, Drápskerjum og Oddbjarnarskeri, en víða eru laugarnar á sjávarbotni, og verður þeirra aðeins vart um fjörur. Jörðin er ágæt hlunnindajörð. Þar er þó ekki lengur búið, en jörðin hefur verið notuð frá Flatey. Hergils hnapprass, sonur Þrándar mjóbeins, byggði fyrstur í Hergilsey. Talið er að Ingjaldur í Hergilsey, er barg Gísla Súrssyni úr klóm Barkar digra, hafi verið sonur Hergils.[199] Sumir hafa haldið, að eyjan hafi lagzt í eyði, er Börkur hrakti Ingjald þaðan. En telja má víst, að hún hafi verið í byggð árið 1363, því að þá er hún talin meðal annarra bújarða í hreppnum, sem liggja að tíundum og lýsitollum undir Flateyjarkirkju. En 1480, við skipti eftir Ólöfu (ríku) Loftsdóttur, er hún talin með öðrum eyðieyjum, sem liggja undir Flatey. Síðan mun hún hafa verið í eyði, unz Eggert Ólafsson (yngri) byggði hana að nýju árið 1786. Hélzt síðan byggð í eynni, oft margbýli, fram til 1946, er byggð lagðist þar aftur niður.[200]

Loks segir um hlunnindi í Hergilsey:

Fiskiveiðar heiman frá Hergilsey eru ei að telja aðrar en flyrði, sumar og haust, sem á umgetnum miðum aflast oft vel. Hrognkelsaveiðar eru þar á stundum allhagkvæmar. Meðalafli telst 8 stykki á dag í 20 faðma net. Selaveiði: Voprkópar í nótum í meðalári 40. Írekstrarselir 16. Útselskópar seint á haust á Drápskerjum voru fyrr árlega 70. Nú ei nema 3-4 í nokkur undanfarin ár. Fuglaveiði: Teisti- og lundakofa 38 hundruð. Svartbaksungar 20. Æðaregg takast ei mikil. Kría er og ei mikil. Hreinsaður dúnn í meðalári telst 80 pund. Skarfakál vex þar töluvert, brúkað bæði til matreiðslu og fjárbeitar. Hlunnindi teljast þar og af sölvum og fjörugrösum. Í meðalári fóðrast þar 8 kýr og naut og 60 sauðkindur, þegar fjörugagn skal með telja.

[197] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 76.
[198] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 76.
[199] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 77.
[200] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 77.

Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands var búið í Hergilsey 1816-1920 að undanskildu manntali 1850. Í skýrslu um fornleifarannsókn í Hergilsey (ódags. en rannsókn fór fram árið 2008) að þar hafi verið samfelld búseta frá 1783 til 1946 þegar hún fór í eyði.

### 4.1.2. Eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem heyra undir jarðir

*Garpdalssókn*

#### 4.1.2.1. Tindahólmi

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um jörðina Tinda í Garpdalssókn:

> Land jarðar þessarar liggur að Króksfirði austanverðu, og er þar í firðinum, allnærri landi, hólmi lítill, er jörðinni tilheyrir, nefndur Tindahólmi.[201]

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Tinda, dags. 14. maí 1884, sem lesið var á manntalsþingi að Garpsdal 19. maí 1884, segir:

> 1, Að framan og ofanverðu á hálsinum eru landamerki við Hrafngil og framanvert við Selflóa á jörðin Gautsdalur land að framanverðu ofaní brúnina vestanvert við Øngulgil. 2, að innanverðu eru landamerki milli Tinda og Ingunnarstaða bein sjónhending af brúninni heimanvert við Øngulgil í miðja Nikurborg og úr Nikurborg aptur í svonefnda Kerlingu, úr Kerlingu sjónhending í svonefnt Stráksleiði neðst á bökkunum. 3, að framanverðu eru landamerki milli Tinda og jarðarinnar Kletts, úr ofangreindu Hrafnagili eptir neðri brún á Rjúpnahjalla, á brúnina framanvert við Merkjalág, þaraf brúninni sjónhending í merkjahnausa á börðunum fyrir neðan myrarnar, þaðan beint í ofanvert Klettabelti innanvert við Klettsgil, síðan sjónhending, sem klettabeltið segir innanvert í Hestholma. 4. Til sjóar eru merki eins og lög ákveða. Engin ítök eiga Tindar í öðrum jörðum nje heldur aðrar jarðir í Tindum.[202]

#### 4.1.2.2. Ingunnarstaðarhólmi

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um jörðina Ingunnarstaði í Garpdalssókn:

> Land jarðarinnar nær að Króksfirði austanverðum, og er þar við land hólmi lítill, er jörðinni tilheyrir, nefndur Ingunnarstaðarhólmi. Fjarar í hann með fjöru hverri; er hans getið í eyjalýsingunni. Nytsemi hans getur engin heitið. Hlynnindi eru þar ekki, nema þar fást á vorin fáeinir, 2-4, kópar, og þar gæti verið lítilsháttar silungsveiði í Geiradalsá, ef stunduð væri.[203]

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Ingunnarstaði, dags. 6. júní 1916, og þinglesið á manntalsþingi Geiradalshrepps 14. júlí 1916, segir:

> Frá sjó ræður Geiradalsá upp að ármótum, frá ármótum ræður Gautsdalsá upp að yfra (sic) Djúpugrófarhorni. Að framanverðu milli Ingunnarstaða og

---

[201] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 28.
[202] Barðastrandarsýsla landamerkjabók 1883-1960, bls. 6.
[203] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 29.

> Gautsdals eru landamerki úr Gautsdalsá upp í ytra Djúpugrófarhorn í vörðu þar, úr þeirri vörðu eftir beinni línu í tvær vörður hver fyrir ofan aðra á Rípunum í Øngulgil í brúninni. Á milli Ingunnarstaða og Tinda eru landamerki úr Øngulgili ofanvert í brúninni í vörðu á hálsbrúninni utanvert við gilið, úr þeirri vörðu eftir beinni línu í Nikurborg úr Nikurborg eftir beinni línu í Kerlingu, úr Kerlingu eftir beinni línu í Straksheiði á sjávarbökkunum. Merki til sjávar eru eins og lög ákveða.[204]

#### 4.1.2.3. Svarfhólshólmi

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um jörðina Svarfhóll (Í Garpdalssókn):

> Land þar nær vestur að Króksfirði, og er þar hólmi allnærri landi, er jafnan fjarar í , hvern jörðin á. Er hann nefndur Svarfhólshólmi.[205]

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Svarfhóls, dags. 14. maí 1884 segir m.a.:

> 1. Að framanverðu eru landamerki úr Svarfhólsskál beina siónhending ofan eptir Svarfhólsveitu í Geiradalsá eins og upphlaðin merki tilvísar, svo ræður Geiradalsá í sjó fram fyrir norðan Svarfhólshólma. 2. Að utanverðu eru merki úr Gjá vestan til í Gróustaðahyrnu beina sjónhending framan til við Röngugötu og í sjó fram. Itök eiga engar jarðir í Svarfhól en Garpsdalskirkja á eptir Wilkins máldaga 1397 fríann móskurð í Röngugröfum.[206]

#### 4.1.2.4. Lyngey, Klakkar, Húshólmi, Þerney, Rifgerðingar, Vesturey, Suðurey, Egilshólmi, Langasker, Hrúthólmi, Svörtusker, Sauðaspillir og Þrætusker

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Króksfjarðarnes:

> Eggver af æðifugli í eyjunum hjer fyrir framan, og kann að fást hjer um vii eður iii eggja og vel 2 fjórðúngur dúns, nokkru meira eður minna eftir árferði. Selveiði að góðu gagni þá vel er að sókt, hepnast misjafnt. Hrokkelsaveiði að góðu gagni, þó að því sjeu áraskifti. Seklfisksfjara að nokkru gagni. Engjar eru mjög litlar á landi, í flóasundum, en í eyjunum slægjur nokkrar, og verður hey á skipi að flytja til lands, og þykir þetta erfitt, þó ekki sje mjög lángt í eyjarnar.[207]

Í Árbók Ferðafélagsins, 1952, segir m.a. um réttindi Króksfjarðarness:

> Er nú komið til Króksfjarðarness, sem teygist hér til suðvesturs, milli Gilsfjarðar og Króksfjarðar. Nesið er hrjóstrugt, með melum og klöppum. Á því vestanverðu eru mýrarsund milli klappanna, en þeim hefur nú flestum verið breytt í tún. Umhverfis nestána eru margar smáeyjar og sker, sem bæta hag bónda. Er þar nokkurt haglendi, en auk þess æðvarvarp og vorkópaveiði. Heita

[204] Barðastrandarsýsla, landamerkjabók 1883-1960, bls. 7.
[205] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 31.
[206] Barðastrandarsýsla, landamerkjabók 1883-1960, bls. 44.
[207] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 182.

eyjarnar Lyngey, Klakkar, Þerney, Rifgerðingar, Vesturey, Suðurey, Egilshólmi, Langasker, Hrúthólmi, Svörtusker, Sauðaspillir og Þrætusker.[208]

Eyjarnar eru: […] Lyngey liggur vestan til út með hinum fremsta hluta nessins. Fjarar í hana með hverri fjöru, svo ganga má þurrum fótum. Hún er há og stór nokkuð, að mestu leyti vaxin lyngi. Hún er að öllu arðlaus. Beint í útsuður frá henni liggja í röð þrír klettahólmar, er heita Klakkar, en útundan þeim er lítill hólmi, er heitir Húshólmi, og vestur undan honum tvær litlar flögur. Þá liggja útundan nefndum hólmum tveir hólmar, hvor við hliðina á öðrum. Þeir eru langir og mjóir og heita Rifgerðingar, en útundan þeim er Vesturey, sem er stærst og grösugust af eyjunum. Um fjöruna verður þurrt í milli allra hólmanna og hennar.[209]

Í Króksfirði eru varphólmar á nokkrum bæjum og Króksfjarðarnesi fylgja margar eyjar. Þar var áður gott æðarvarp og selveiði.[210]

Í landamerkjabréfi Króksfjarðarness dags. 14. maí 1884, og lesið á manntalsþingi að Garpsdal 19. maí 1884, segir m.a.:

[...] 2. Til sjóar í Króksfjarðarnes öll þar kringumliggjandi skér og eyjar og svo langt í sjó fram, sem lög ákveða.[...][211]

Þá er fjallað um Króksfjarðarneseyjar í Sýslu- og sóknarlýsingum:

Eyjar og hólmar, sem tilheyra Garpdalssókn, eru: […] Króksfjarðarneseyjar. Eru þær þessar: Lyngey liggur vestan til út með hinum fremsta hluta nessins. Fjarar í hana með hverri fjöru, svo ganga má þurrum fótum. Hún er há og stór nokkuð, að mestu leyti vaxin lyngi. Hún er að öllu arðlaus. Beint í útsuður frá henni liggja í röð þrír klettahólmar, er heita Klakkar, en útundan þeim er lítill hólmi, er heitir Húshólmi, og vestur undan honum tvær litlar flögur. Þá liggja útundan nefndum hólmum tveir hólmar, hvor við hliðina á öðrum. Þeir eru langir og mjóir og heita Rifgerðingar, en útundan þeim er Vesturey, sem er stærst og grösugust af eyjunum. Um fjöruna verður þurrt í milli allra hólmanna og hennar.[212] Suðurey er í landsuður frá næstnefndri eyju, skammt frá Rifgerðingum. Hún er löng og mjó og liggur jafnsíðis með þeim í sömu stefnu. Útundan Suðurey er Egilshólmi, en í suður frá honum er Langasker. Það er talsvert langt, en mjótt og lágt, svo það flæðir víða í sundur, þegar mikil eru flóð. Skammt austur þaðan er Hrúthólmi. Hann er því nær jafn á alla vegu. Um fjöru má ganga út í hann frá landi. Allar eru eyjar þessar fremur hrjóstugar, með því hvervetna standa upp úr þeim jarðföst björg og klettar. Eru því slægjur í þeim litlar og varla teljandi, nema í Vesturey. En fjárbeit er nokkurnveginn góð að haustinu í sumum hinna eyjanna. Í flestum þessum eyjum er lítilsháttar af æðarvarpi nema í Hrúthólma. Kópaveiði á vorin er við Hrúthólma og við

208 Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 24.
209 Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 25-26.
210 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 204-208.
211 Barðastrandarsýsla, landamerkjabók 1883-1960, bls. 10.
212 Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 25-26.

svonefnt Svörtusker, milli hans og Suðureyjar, samt við tvö sker, er liggja í landsuður undan Króksfjarðarmúla, skammt frá landi, og heita þau Sauðaspillir og Þrætusker. Allar þessar Króksfjarðarneseyjar og sker má segja, að séu í Gilsfirði.[213]

**4.1.2.5. Garpsdalsey, Eyjarbarn, Klakki og Nónflaga**

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Garpsdal:

> Útigángur fyrir fje í skárralagi, en slæmur fyrir hesta, sem áður segir um Múla. Torfrita og stúnga lök. Silúngsveiðivon lítil, sem áður segir um Múla. Eggver af æðifugli í einnri ey og þremur skerjum. Kann að fást í meðallagi ii fjórðúngur dúns og viii eggja. Nokkru meira eður minna eftir árferði. Selveiðivon lítil við áðursagða Garpdals ey, hefur ei brúkast í nokkur ár.[214]

Í landamerkjabréfi Garpsdals dags. 15. maí 1884, og lesið að manntalsþingi að Garpsdal 19. maí 1884, segir m.a.:

> Undir jörðina liggur Garpsdalsey með tilheyrandi hólmum: Eyjarbarni, Klakki og Nónflögu.[215]

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Garpsdal:

> Hlynnindi eru þar, um nú nokkur undanfarin ár naumast önnur teljandi en álftafjaðratekja nokkur með landi jarðarinnar, þar það liggur að Gilsfirði, því gagn af eyjunni, sem þar heyrir til, Garpdalsey, sem er þar suður frá landi á Gilsfirði, hverri lýst er í eyjalýsingunni, er litlu, ef nokkru er, meira en svo, að svari fyrirhöfn, því æðarvarp er þar næsta lítið. [...][216]

Í Árbók Ferðafélagsins, 1952, segir m.a. um Garpsdal:

> Inni á Gilsfirði eru ágætir varphólmar sem liggja undir Garpsdal.[217]

Í Árbók Ferðafélagsins, 1959, segir m.a. um Garpsdal:

> Jörðinni fylgja nokkur varphlunnindi í Garpdalsey, Nónsker, Eyjabarni og Klakk á Gilsfirði.[218]

*Reykhólasveit*

**4.1.2.6. Borgarhólmi**

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Borg:

---

[213] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 25-26.
[214] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 182.
[215] Barðastrandarsýsla, landamerkjabók 1883-1960, bls. 12.
[216] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 33.
[217] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 204-208.
[218] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 24.

> Eggver af æðifugli í einum sjávarhólma, sem Borgarhólmi kallast, að góðu gagni, og kann að fást í meðallagi hjer um dúnfjórðúngur, og fjögur eða fimm hundruð eggja.[219]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Borg, dags. 16. febrúar 1884, og lesið að manntalsþingi að Berufirði 19. maí 1885 segir eftirfarandi:

> Fyrst bein sjónhending úr hæðstum fíldarhamri í þrísteina og þaðan í Brandseyrarbjarg og það óskekta sjónhending á sjó út midt á millum Borgarlands og Seljanesstrandar og þaðan út eptir miðjum firðinum midt á millum hrafnaness og Bjartmarssteins og þaðan midt á millum nýnefnds Bjartmarssteins og Hríseyarhauss og þaðan suður beint midt á milli Borgarhólma og Hrúthólma í Miðhúsaeyum og þaðan beint á miðjar Neseyar, midt á millum þeirra og nýnefnds Borgarhólma og þaðan bein sjónhending í fyrst áminnstan fíldarhamar, og telur eigari Borgar skylausa eign stragsnefndrar jarðar alt það, sem er innan hér að framan áminstra ummerkja með öllum þeim gæðum tillands og sjóar, hvörju nafni sem nefnist og óskar því eigandi jarðarinnar að þeir sem lönd eiga móts við ummerki þessi riti nöfn sín hér uppá, en ef einkvör mót von, vildi eigna sér meira eða minna tillands eða sjóar, sem er innan nefndra ummerkja og þessvegna ekki vilja rita hér uppá samþikki sitt, þá verða þeir að vinna það undan nefndri jörðu með fimtardómsmáli.[220]

### 4.1.2.7. Hrísey, Hellisey, Miðhúsaeyjar

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Miðhús:

> [...] Eggver í eyjunum að nokkru gagni, og fæst hjer í meðallagi dúnfjórðúngur, stundum lítið meir eður minna, eftir árferði. Lunda og kofnatekja er lítil í eyjunum. Selveiði í eyjunum að nokkru gagni, þá vel er að sókt, en er erfitt að sækja. [...] Í eyjunum eru nokkrar slægjur, sem þó gánga mjög af sjer, blása upp og spretta lítt, en eru þó þessar eyjar að forngildu taldar jafngóðar við Miðhúsaland á meginlandi. [...] Úthagarnir á landi eru bæði litlir og snöggvir, en eyjarnar verða eigi beittar nema á veturnar, þegar að ísalög eru.[221]

Í landamerkjabréfi Miðhúsa á Reykjanesi dags. 10. maí 1884, og lesið á manntalsþingi að Berufirði 20. maí 1884 segir m.a.:

> [...] þaðan bein sjónhending í vog þann, sem er millum litlu geldingseyar að austan og stóru Geldingseyar að vestan úr þessum vog beint suður á midt sundið, sem er á millum Háeyaskerja og Borðeyarskerja og so inn á midt breiðasund sem er á milli Reykhólaeya og Miðhúsaeya og eptir miðju Breiðasandi suður á fjörð miðja vegu milli Kolleya og Hnífskers, þaðan beina stefnu í austur midt á milli Svörtuskerja og króksfjarðarnesseya og síðan frá þeirri stefnu í norður midt á millum kópaskers sem er fyrir austan Hrúthólma og Borgarskerja, ennfremur í norður midt á millum Hríseyar og Bjartmarssténs

[219] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 194.
[220] Barðastrandarsýsla, landamerkjabók 1883-1960, bls. 46.
[221] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 202.

sem er ytstur af Borgarlandi, þaðan eptir miðju so nefndu Hríseyardjúpi, miðja vega milli Hafrafellsskerja og Miðhúsaeyaskerja og miðja vega milli Hrafnaness og Barmalanda, þaðan í vestur eptir miðjum Barmaál midt á millum pundskers og blikhólma hleina og þaðan eptir miðjum álnum útá móts við vökugröf og upp eptir vökugrafarlæk og þaðan ræður bein sjónhending í Skál í fjallsbrúninni, sem upphaflega er nefd og skálarhöfuð innan hértaldra landamerkja lýsi eg hermeð Miðhúsaland að vera.[222]

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Miðhús:

> Stutta bæjarleið í austur frá Reykhólum standa Miðhús sunnan undir þeirri hyrnu, er kölluð er Miðhúsahyrna og gjörir þríhyrnu á Reykjanesfjall. Jörð þessi er 30 hundr. að dýrleika. Hún á mjög lítið land og er allur helfingur af því uppblásinn grjótmelur, sem kallaður er Miðhúsamelur. Hann nær millum fjalls og fjöru. Í suðaustur fram og innundan Miðhúsum, liggja Miðhúsaeyjar: Hrísey. Hún er hérumbil tæpa mílu undan landi, nálægt 1/3 partur mílu umkring. Hún er klettótt mjög að norðan og austanverðu. Hún liggur til austnorðurs og útsuðurs, og mjög er hún hrjóstug að ofan, með klettabeltum og smáhjöllum, vaxin krækiberjalyngi og fjalldrapa. En á smátöngum og fitjum, er ganga út af henni á báðar síður, er nokkur heyskapur hafður (hér um bil kýrfóður). Á einum tanga hennar, að sunnanverðu er hellir kringlóttur, 1 1/2 al. á hæð, sem rúmar hérumbil 60 fjár. Kringum eyju þessa er, að sunnan og vestanverðu nokkrar smáflögur og sker, og norðvestur (landmegin) af henni liggur flæðiskerjaklasi. Í honum miðjum er standklettur, með grasi að ofan, heitir Arnarstapi og skerjaklasinn Stapaumboð. Í klett þessum verpir örn á stundu (sem hefur líklega umboðið í greipum sér). Austur undan Hrísey er hár klettahólmi, sem kallast Hríseyjarstykki, vaxinn eini og lyngi að sunnanverðu. Hrísey hefur verið byggð um einn tíma. Sér þar enn nú fyrir mörgum húsatóttum. Áður var hún talin 5 hundraða land. Hún er hérumbil 20 faðma há, þar sem hún er hæst að austnorðanverðu. Hellisey liggur vestur frá Hrísey. Hún er 1/6 partur að stærð við Hrísey, láglend, þó með klettabeltum, vaxin lyngi og grasi. Kringum hana liggja 6 smáflögur. Fjórar af þeim eru með grasi og lyngi. Suður af Hellisey liggur Björnsey. Hún er hálfu minni en Hellisey, einnig með klettabelti. Öll er hún grasivaxin. Áfastar henni að vestanverðu eru tvær grasflögur. Austur undan henni eru þrír grashólmar, lyngi vaxnir, er Fjárhólmar heita. Millum Hríseyjar og meginlands eru hérum 12 smáhólmar, sem nefnast Barmalönd. Þau liggja fyrir framan Barmaál.[223]
>
> [...] Í þessum Barmalöndum heitir Þórhildarey, Fitjarhólmar, Blikshólmar, Álftaflaga, Eggjarklakkur og Stöng. Þeir eru grasi vaxnir, lyngi, eini og grámosa. Um stórstrauma fjara fram fyrir allar þessar áðurtaldar eyjar og hólma, svo að refar geta flakkað um þær allar vetur og sumar. Í landsuðri af Hrísey liggja tveir hólmar, er Hrúthólmar heita, og fjarar milli þeirra. Þeir eru arðsamastir Miðhúsaeyjum. Þar er allgott æðarvarp, skarfakál, gras og beit, lítið eitt af lundakofu og svartbak. En hólmar þessir eru litir ummáls. Milli Hríseyjar og

[222] Barðastrandarsýsla, landamerkjabók 1883-1960, bls. 18.
[223] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 61-62.

> þessara hólma er sund, hérumbil 1/8 mílu breitt. Suður og fram af Björnsey liggja sex smáhólmar, er svo heita: Miðhólmi, Kolley stærri, Kolley minni, Kolleyjarflaga, Kolleyjarhryggur, Tóbakshólmi. Í þessum hólmum er dálítið æðarvarp. Allir eru þeir með grasi og grjóti, nema stærri Kolley, hún er mestöll lyngi vaxin. Milli þessara Kolleyja og Hrúthólma eru þrjú sker graslaus, er Svörtusker heita. Á þeim verpa nokkrir svartbakar og fáeinar æður. Millum Miðhólma, sem næstur er Björnsey sunnanvert, og Kolleyjanna liggja mörg flæðisker. Við þau veiðast nokkrir vorselskópar, og innanvert við áður umgetið Stapaumboð og Barmalönd. Í ytri Hrúthólmanum má sprengja laglegar smáhellur og veggjagrjót.[224]

Í Árbók Ferðafélagsins, 1959, segir m.a. um jörðina Miðhús:

> Margar eyjar fyrir mynni Berufjarðar tilheyra jörðinni. Mestar eru Hrísey og Hellisey, og eru þar allmikil hlunnindi af æðarvarpi og vorkópaveiði. Eyjarnar voru áður fyrr notaðar til slægna og til beitar að hausti og fram á vetur.[225]

Þá segir í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar:

> Við suðurhorn Reykjaness er geysivíðáttumikil þyrping eyja og skerja sem liggur að mestu undir Reykhóla og Miðhús.[226] Um Miðhúsaeyjar gegnir á margan hátt sama máli og Reykhólaeyjar en þó verður gengt í þær flestar á fjöru. Stærst þeirra er Hrísey enda er hún í hópi þeirra stærstu í sýslunni. Hún mun og vera hæst þeirra allra, tæpir 40 m. Þar eru húsatóftir síðan þar var alið fé að vetrarlagi en óvíst er að þar hafi verið sjálfstætt býli fyrrum þótt sóknarlýsingin 1840 geti til þess.[227]

### 4.1.2.8. Högnasker

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Höllustaði:

> Eggver af æðifugli lítið í einum sjáfarhólma, sem Högnasker heitir, er sjaldan til stórra gagnsmuna teljandi.[228]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðinni Höllustöðum, dags. 18. febrúar 1884, og lesið á manntalsþingi að Berufirði 19. maí 1885 segir eftirfarandi:

> Fyrst eptir því sem Heyá ræður frá fjallshlíðinni ofan eptir hennar gamla farveg ofan í heyárvog og út voginn miðjann og það óskekta sjónhending að þeirri merkjalínu sem um er getið í landamerkjaskrá fyrir Reykhólum af 16 febrúar 1884 og eptir áminstri merkjalínu millum Reykhóla og her nefndra Höllustaða inn eptir midt á millum Sveinsskers og Högnaskiers og þaðan eptir því sem djúp ræður uppí grundarvog og svo upp þaðan í krókalæk og eptir honum uppá börðin, og þaðan bein sjónhending upp mýrarnar uppí stórulaugina, og það

---

224 Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 62-63.
225 Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 33.
226 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 207.
227 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 207.
228 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 203.

> óskekta sjónhending áfram að ferðamannagötu og þaðan í Rastarhriggsgjá og úr nefndri gjá óskiekta sjónhending norðvestur að heyá og ofan eptir henni sem áður seigir, og telur eigandi og umboðsmaður Höllustaða skýlausa eign nýnefndrar jarðar alt það sem er innan her að framan áminnstra ummerkja með öllum þeim gæðum til lands og sjóar kvöriu nafni sem nefnist, og óska rjettir eigendur tjeðrar jarðar, að þeir sem lönd eiga á móts við hér að framan áminsta Höllustaði riti hér uppá nöfn sín sem samþikkir framanskrifaðri landamerkjaskrá til allra þeirra ummerkja.[229]

#### 4.1.2.9. Reykhólaeyjar

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Höllustaði:

> Að auk áður talinnar landskuldar hefur landsdrottinn skilið sjer allan æðadún, sem fengist árlega í Reykhólaeyjum, en þá fylgdu hálfar Reykhólaeyjar Reykhólum, en hinn helmínginn hafði til umráða og ágóða Jón sál. Magnússon að Miðhúsum, og hans kvinna eftir hann, alt til næstu 3 ára. Síðan hefur landsdrottinn skilið sjer allan dún, inn til þess að hann er xii fjórðúngar. Fáist hann meiri, þá á leiguliði það. [...] Eggver í Reykhólaeyjum af æðifugli gott, og kann að fást í meðallagi vel xx eggja og 8 eður 9 fjórðúngar dúns, stundum meira eður minna eftir árferði. Lunda og kofnatekja að gagni, þá það verður aðsókt. Selveiði í nót lítil, en uppidráp á vetur að góðu gagni, þegar að til þess gefur en það er svipult og lítið eður ekki neitt stundum, og er þessi selveiði og lundatekja í Reykhólaeyjum.[230]

Í landamerkjabréfi Reykhóla, dags. 16. febrúar 1884, og lesið á manntalsþingi að Berufirði 20. maí 1886, segir m.a.:

> [...] úr nefndum grænklett beínt í suðaustur mítt á míllum stóru og litlu geldíngseyar og það óskekkta sjónhendíng á sjó út, á breiðasund mídt, þaðan fram sundið mídt á míllum Reykhóla og Miðhúsaeya og þaðan beínt áfram mídt á míllum hnífskers og Helgaeyahríggs, og þaðan beínt út röstina mídt á míllum Húseyarskerja og bugskers og þaðan beínt mídt á míllum þernuhólma við Skarðseyar og Hrafnseyar í Akureyalöndum, þaðan beínt nordvestur, mídt á millum Arnóreya og ytstu eyaskerja og þaðan beínt mídt á míllum Akureya og Æðikletta, og þaðan beínt út röstina midt á míllum flíkraskerja og bogaskersnagga, þaðan mídt á míllum nefndra nagga og bats, þaðan bein sjónhenging mídt á míllum svuntu og nefndra nagga að norðan, þaðan beínt ínn eptir, midt á míllum Sveíns-skers og Högnaskers og þaðan eptir því sem djúp ræður millum Högnaskers og Nóneyar uppí fyrst ámínnstan Grundarvog. Ennfremur skal getíð þeírra eígna kírkjunnar, er þá fyrst eya sú í Bjarneyaflóa er kírkjan á Reykhólum á og sjó um hverfís hana sem lög ytrast leífa, sem Stagley heítír. Einnig á kírkjan á Reykhólum eptir Vilkings og Gísla máldögum, reka allann á Sandnesí víð Steingrímsfjörð að helmíngi svo vel á skerjum þeím

[229] Barðastrandarsýsla landamerkjabók, 1883-1960, bls. 47.
[230] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 212.

> og grynníngum, sem eru þar út á fírðínum sem á megín landi. Eptir sömu máldögum á nynefnd kírkja 24 manna sölvatöku í Saurbæarfiöru.[231]

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Reykhóla og Reykhólaeyjar:

> Að vestanverðu við áðurnefnt Hó liggur til sjóar nes það, er Langanes heitir. Að austanverðu, niður við sjóinn, er aðallending Reykhóla og nú næsta. Mundu 2/3 stundar nægja manni að ganga þangað í hægðum sínum. Þar hefur núverandi bóndi Reykhóla byggt hús, í hverju geymdur er skipareiði og farangur m. fl. Framundan lendingunni liggur vogur, er Fremra-Hóp heitir, og við hópsmynnið Hópshólmi. Hópið er þurrt um fjörur. Neðan til við nesið, að suðvestanverðu, eru hólmar, sem heita Rifgirðingar. Framundan þeim er Karlsey. Vestanundan Karlsey liggja 10 smáhólmar, er Þykkhólmar heita. Uppundan þeim liggur vogur, er nefndur er Stekkjarvogur. Fyrir vestan voginn er áðurnefnt Tittlingastaðanes. Fremst og vestur af nesinu Hvalhaushólmi með litlum hólma framundan. Í þessum Hvalhaushólma er góð lending, nú eins og í forntíð, þá Ólafseyjar lágu undir Reykhóla, og Grettir ásamt fóstbræðrunum lenti þar.[232]
>
> Innst og austast af Reykhólaeyjum er Helgey. Þar í nánd eru Miðhólmi, Vettlingshólmi, Vatnshólmaflögur, Kjói, með tveim hólmum, Gránaflögur, ofar nokkuð, Háeyjar, Háeyjarhryggur, Svarti-Klakkur, Arnarstapi, Tólfhjónafæða, Tindasker og Skerhólmi, útundan til vesturs, Hesthólmi, Vörðuhólmi, Trésker, Steinsker, Langasker, Hvítabjarnarflögur, Hvítabjarnarey, Loftshólmi, Hrúthólmi, Hleiðólfsey, með litlum hólma, Húsey, Húseyjarhólmi, Sultur, Reddi, Oddi, Selaflaga og Tófuhólmi. Í útsuður héðan frá liggja Skarðseyjar tvær með hólmum, er fjara í úr eyjunum, þá er Þernuhólmi, Yztaey, með hjáliggjandi Matarflögu, Folaldahólmum tveim. Úr hólmum þessum og í Yztuey má ganga um fjörur. Suðaustur af Folaldahólmum liggur Ljósbleikshólmi og Melflaga. Þar vestur af liggur Grænsey og Litla-Grænsey. Þar inn af liggur Tindasker, vestur frá því Langasker. Þar vestur af Orustusker, þá eru Æðiklettar, það eru tveir hólmar, sem fjara á milli. Enn vestar liggja Svörtusker, en vestast er Bogasker eða Boðasker. Norður af Bogaskeri er Sveinssker. Þar norður af Nóney (Lóney). Í þessari ey er mikið fallegt berg, er hleypa má í 6 og 8 kantaða stuðla. Til austurs inn af Nóney liggur Hrútey. Í kringum hana liggja þrjú sker. Inn af þeim skerjum er Lundaklettur, Kofusker.[233]
>
> Allir smáhólmar eru með litlu grasi, en stærri eyjarnar með töluverðum slægjum. Þessum eyjum og hólmum fylgir vorkópaveiði og uppidráp (útselskópaveiði) á haustin, æðarvarp og lundakofnatekja. Af áðurtöldum eyjum er Húsey merkilegust. Fyrir 10 árum er í henni byggður lítill en snotur bær og fjárhús fyrir kindur. Þar næst eru Skarðseyjar, (góðar eyjar), þarnæst Grænsey, svo Yztaey og Helgey nokkuð lakari, en Hleiðólfsey og Hrútey eru

[231] Barðastrandarsýsla landamerkjabók, 1883-1960, bls. 81.
[232] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 57-58.
[233] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 58-59.

með litlum slægjum. Flestar meina ég eyjarnar liggja austur og vestur, með klettum að norðanverðu. Reykhólaeyjar allar með hólmum eru taldar helfingur Reykhólalands.[234]

Í Árbók Ferðafélagsins, 1959, segir m.a. um jörðina Reykhóla:

> Margar eyjar liggja undir jörðina með miklu æðarvarpi og vor- og haustkópaveiði en eyjarnar eru: Skarðseyjar, Grænsey, Yztaey, Helgey, Hleiðólfsey og Hrútey.[235] Talsverðar slægjur eru í eyjum þessum, og góðar eru margar þeirra búpeningi til vetrarbeitar, en ágætastar eru þær þó af hlunnindunum: æðardúni, kofnatekju og kópaveiði. Þá má nefna Arnarstapa, Hvítabjarnarey, Ljósbleikshólma, Matarflögu, Nóney, Odda, Orrustusker, Redda, Selaflögur, Sultir, Tófuhólma, Tólfhjónafæðu, Þernusker og Æðikletta.[236]

Þá segir m.a. í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar:

> Á Reykhólum voru áður taldar vera um 300 eyjar en hvorttveggja er að það kann að vera oftalið og mikið af þessu eru smáhólmar sem fjarar í. Hinar eru þó fjölmargar sem fara verður í á bát enda langt undan landi sumar. [...] Í Reykhólaeyjum voru margvísleg hlunnindi: æðarvarp, fuglatekja, selveiði o.fl. En þangað var líka sóttur verulegur heyskapur, fénaður hafður í beit, og í Húsey var fé alið að vetrarlagi. Auk Húseyjar sem er stærst Reykhólaeyja má nefna Skarðseyjar, Hleiðólfsey, Grænsey, Ystey, Hvítabjarnarey, Hrútey og Nóney. Kofatóftir sjást í fleirum en Húsey frá þeim tíma að þar var verið við fjárgeymslu. Nú orðið er fátt nytjað af eyjagagninu nema dúnn og þang.[237]
>
> Ólafseyjar liggja langt frá landi úti á firðinum en sagt er að þær hafi áður legið undir Reykhóla til forna einsog frásögn Grettissögu bendir til. Þá hafi hinsvegar Skarðseyjar, syðst í Reykhólalöndum, tilheyrt Skarði á Skarðsströnd. Síðar hafi þessum eyjum verið víxlað milli höfuðbólanna.[238]

#### 4.1.2.10. Vesturhólmar, Máfey, Sundey, Vatsney, Hrafnsey, Slýey, Hamarsey, Skaufey, Hesteyjar, Suðurlönd

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Stað:

> Eggver lítið í eyjunum af æðifugli, svartbaki og öndum, og fæst hjer sjaldan meira í meðallagi en 200 eggja og fáeinar merkur dúns. Selveiði við áðurnefndar eyjar að nokkru gagni, þá ver er að sókt. Sölvatekja á útskerjum, mjög lítil, og ekki til hlunninda teljandi. Skelfisksfjara á milli nefndra eyja hefur verið að

---

[234] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 59.
[235] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 34.
[236] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 35.
[237] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 207.
[238] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 207.

nokkru gagni en brúkast ei. Kirkjan á þriðjúng í viðreka og hvalreka á Hafnarhólmi á Selströnd.[239]

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Stað:

> Staður á Reykjanesi er prestsetur, 20 c að dýrleika, með tveim hjáleigum, Laugalandi 4 c og Brandsstöðum 4 c, sem stendur spölkorn fyrir sunnan túnið. [...] Kirkjan á ítak, sunnan til við Þorskafjörð í Skógaskóg, þriðjung í viðarreka og hvalreka á Hafnarhólmi á Selströnd.[240]

Í Árbók Ferðafélagsins, 1952, segir m.a. um jörðina Stað á Reykjanesi:

> [Staður, áður Gröf og Breiðabólsstaður] stendur vestan undir Reykjanesfjalli og niður undan Staðardal, sunnan til við Staðará, sem rennur ofan frá fjalli, fyrst um klungur, síðan um gljúfur í gegnum túnið, næstum ofan undir bæ, og síðan frá túninu, um sléttar eyrar og mýrar, vestur og niður til sjóar. [...] Fyrir framan nesin liggja Vesturhólmar, að undanteknum tveim smágrasflögum, Skútunaustaflögu, sem er norðan til við Skútunaust, og Hraunstaðaflögu, sem er norður undan Hraunastöðum. Norðan til við Vesturhólma, hjá Þorskafjarðarmynni, er Moðsker, graslaust. Fellur yfir það um stærstu stórstrauma. Þar fyrir sunnan er Sinuhólmi, með klettum að norðan, þar vesturundan Flataflaga, suður af henni Arnhólmi, austur af honum litla og stóra Lyngeyjar, með klettum að norðanverðu. Þar suður af Þórunnarhólmi, þá Hvannhólmi, þá Brúnkolluhólmi. Hólmar þessir eru allir litlir ummáls og í einum klasa. Má ganga á millum þeirra allra um stórstraumsfjörur. Í þeim er nokkurt beitiland; en engar slægjur. Vestur undan þessum hólmum, skammt frá landi heitir Hrútaflaga, lítil ummáls. Í henni er nokkurt æðarvarp. Þar skammt vestur undan er Máfey, hér um bil 50 faðmar á lengd og 15 á breidd. Hún liggur austur og vestur, með klettum að norðan, en slétt að sunnan. Gengur því sjór í hana í vestansjóróti og stórflæðum, sem spillir æðarvarpi því, er á henni er, til muna, þegar vel til árar. Á eynni er dálítil tjörn, fuglunum til skemmtunar. Í útsuður frá Stað liggja Suðurnesin. Fyrir framan þau aðskilur sund það, er Leiðarsund heitir, Suðureyjar frá meginlandi. Yfir sund þetta má þó ríða eða vaða um hverja fjöru. Vegurinn liggur frá Efri-Sundey, sem er fyrir ofan sundið, til Fremri-Sundeyjar. Eyjarnar liggja í suðvestur. Næst sundinu er Sundey að mestu klettalaus. Þar suður undan Vatnsey. Vestur af þessum eyjum er Hrafnsey með tveim flögum, Slýey, Hamarsey og Hamarseyjarflaga, þar suðurundan Skaufey. Vestur frá henni eru tvær Tjaldseyjar með tveim flögum, og í útnorður þaðan tvær Hesteyjar. Þar vestur undan Æðiklettar tveir og lítil flaga. Suður undan Tjaldsey ytri, heita Suðurlönd (tvær smáflögur), norður undan henni er Melflaga. Eyjar þessar eru allar með klettum að norðanverðu, og liggja flestar frá austri til vesturs. Á milli þeirra allra má ganga um fjörur, nema Æðikletta, þó syndir tóa þangað stundum í stórstraumum. Í kringum þær allar til saman er hér um bil 2/3 mílu. Hrjóstugar eru þær að ofan, með krækiberja- og bláberjalyngi, en grasfitjum utan með. Í þeim eru slægjur og

[239] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 206.
[240] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 53-54.

> fjárganga á haustum. Spillast þær árlega af sjóargangi. Í þeim er ei varp, því refar ganga þangað um hverja fjöru, í Æðiklettum er stundum, þá tóa fer ei þangað, lítið eitt varp. Kringum eyjar þessar er mikið útfjár og mörg blindsker. Við þau veiðast láturkópar á vorum. Hálfa mílu suður af eyjunum liggur Kirkjusker (áður Skarfasker kallað). Þar verpa nokkrir svartbakar, og stundum fást þar einn eða tveir haustkópar (útsels- eða uppidrápsselur).[241]

Í Árbók Ferðafélagsins, 1959, segir m.a. um jörðina Stað á Reykjanesi:

> Neðan við bæina er vítt graslendi til sjár, en þar taka við vogar og nes, en margar eyjar fram af, hömróttar umhverfis, en flestar vel grónar. Sér þar á enda hamrabelta, sem að öðru leyti eru sokkin í sjó. Þar eru góð varplönd og selalagnir, ágæt hlunnindi Staðarbæjunum. Æðarvarp er mest í Mávey, einnig nokkuð í Hrútaflögu og Æðiklettum.[242]

Þá segir m.a. í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar:

> Í Máfey í Staðarlöndum er einna mest varp í einstakri eyju á Breiðafirði og er hún þó ekki stór. Af öðrum eyjum í Staðarlöndum má t.d. nefna: Æðikletta, Hesteyjar, Suðurlönd, Tjaldeyjar, Skúfeyjar, Hrafnseyjar, Vatnsey, Þorsteinsey, Sundeyjar, Hamarsey og Lyngeyjar.[243]

#### 4.1.2.11. Hrúthólmi

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Svínanes:

> Eggver af æðifugli og teistikofu, mjög lítið og valla teljandi í Hrúthólma. Selveiði í betra lagi þá vel er að sókt, þó að því sje stór áraskifti.[244]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Svínanes, dags. 20. maí 1889, og lesið var á manntalsþingi að Vattarnesi 2. júní 1890, segir:

> Landamerki ámilli Svínanes og Selskerja, úr Standgili hinu minna og beyna línu ofann í gamalt vörðubrot á Deyldartánga fremst og það beina stefnu fram á miðjan Skálmarfjörð, beygist þar stefnulína í krók út miðann fjörðinn og það mitt á milli Múlanes og hrúthólma og það beynt út firir Svínanes, beygist þá stefnulínann í austur firir framann Svínanes so lágnt frá landi að nemi fiskihelgi undan ista fjörumáli, heldur þá línann áframm móts við miðann Kvygandisfjörð og þá í krók inn miðan Kvígandisfjörð á móts við markgil beygist þá línan aftur í þverkrók í firnemt gil eftir sem gilið ræður neðan frá sjó og uppá hæðsta kjöl fjallsins og beyna línu út fjallið í firnemt standgil.[245]

241 Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 51-53.
242 Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 41.
243 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 206-207.
244 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 206.
245 Barðastrandasýsla, landamerkjabók 1883-1960, bls. 159.

### 4.1.2.12. Eyjar og hólmar milli Staðar og Reykhóla, Högnasker

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Höllustaði:

> Kippikorn fyrir innan Heyá standa Höllustaðir sunnan undir fjallinu, 12 c að dýrleika, slægnajörð góð, en árlega spilla fjallsskriður hlíðinni og landinu. Fyrir framan landið er sker, sem Högnasker heitir. Þar verpa fáeinar æður í. Einnin veiðast þar stundum 2-3 vorkópar.[246]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Hamarland, Miðjanes, Skerðingsstaði og Höllustaði:

> Milli Staðar og Reykhóla liggja eyjar og hólmar undir fjóra bæi sem hafa af þeim nokkurt gagn en það eru Hamarland, Miðjanes, Skerðingsstaðir og Höllustaðir.[247]

*Múlasveit*

### 4.1.2.13. Grenjaðarey, Heiðnarey, Hvítingseyjar, Æðarsker og Lundey.

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Múla á Skálmarnesi:

> Eggver af æðarfugli og dúntekja þar af hefur áður verið í 4um sjáfarhólmum. Það eggver hefur smásaman farið til rýrðar, er nú að mjög litlu gagni og valla teljandi í nokkur ár. Lunda og kofnatekja lítil í Heinarey og Hvítingseyjum, hefur áður betri veiði. Selveiði er að góðu gagni þá vel er aðsókt, þó að því sjeu áraskift.[248]

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Skálmarnesmúla:

> Líka er graslendi gott í Heiðnarey og Hvítingseyjum. Eggver og dúntekja hefir þar á stundum verið til muna, en notkast nú lítt fyrir fuglvargi og vorkuldum. Selveiði er þar við ærna mörg sker, um Hellisvog og Haugsnesvík, nú jafnast frá 30-40 vorkópar.[249]

Í landamerkjaskrá fyrir jörðinni Skálmarnesmúla, dags. 28. maí 1887 og lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi 28. maí 1887 segir eftirfarandi:

> 1. Að utanverðu i gil sem rennur að austanverðu í fjarðarhorni Vattarfjarðar. 2, að vestanverðu Vattardals eptir brún dalsins sem vötnum hallar i úti svonefnda ögsl og þaðan á brún og svo sem votnum hallar tíl Urðarhliðar út eptir fjallinu. 3 [og] svo að vestanverðu við Múlaland i svonefndan landamerkjalæk frá fjalla bilfjöru þaðan í merkjaskjer, sem næstlíggjandí jörð að vestanverðu á lögnín við, enn Múli að austan.[250]

---

[246] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 55.
[247] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 207.
[248] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 258.
[249] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 107.
[250] Barðastrandarsýsla, landamerkjabók 1883-1960, bls. 107.

Í Árbók Ferðafélagsins, 1959, segir m.a. um jörðina Skálmarnesmúla í Múlasveit:

> Jörðinni Skálmarnesmúla fylgja mörg sker og eyjar, sem liggja suður af nesinu. Eru þar selalagnir og varplönd góð. Helztar eyjanna eru Grenjaðarey, Heiðnarey, Hvítingseyjar, Æðarsker og Lundey. Í sumum eyjanna eru góðar slægjur og beitilönd.[251]

#### 4.1.2.14. Hrísey og Hellisey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Hamar:

> Rifhrís til eldviðar er bjarglegt í Hrísey, sem hjer liggur fyrir framan Deildarárland, en heyrir þó Hamri til.[252]

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um jörðina Hamar:

> 6 c að dýrleika, Múlakirkjueign, örstutta bæjarleið austur frá Deildará, með tveim kúgildum. [...] Fram frá Hamri, út við Grávík, liggur Hellisey, hálf míla ummáls. Fyrrum byggð og bóndaeign síðast á 14. öld. Bjó þar þá ekkja með sinum sínum tveimur. Þeir sóttu fiskveiðar í Oddbjarnarskeri og týndust á heimleið þaðan. Þá hét móðir þeirra á kirkjuna að Múla á Skálmarnesi, að ef syni hennar ræki upp og fengi þær kirkjuleg, svo skyldi Hellisey veðra upp þaðan æfinleg eign kirkjunnar að Múla.[253]

Í Árbók Ferðafélagsins, 1959, segir m.a.:

> Hellisey tilheyrir Hamri.[254]

#### 4.1.2.15. Engey, Lækjarsker

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Brjánslæk:

> Ey er þar fyrir landi, heitir Engey, þar eru í slægjur góðar og beit fyrir lömb framan af vetri. Lundatekja að gagni. Eggver eða dúntekja so nær ekkert. Sker á kirkjan í sjó, kölluð Lækjarsker. Hefur þar verið stundum uppidráp af selum á vetur, nú um skamt er það ei til gagns.[255]

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Hlíð:

> Sumir þykjast heyrt hafa að jörðin Hlíð eigi part í Engey. Nú yfir xx ár hefur sá partur ei frá Hlíð brúkaður verið.[256]

---

[251] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 61.
[252] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 261.
[253] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 106.
[254] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 62.
[255] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 269.
[256] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 269.

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um jörðina Brjánslæk:

> Í Vatnsfjarðarmynni er allstór eyja, Engey, og liggur hún undir hið forna höfuðból Brjánslæk. Þar mátti heyja í meðalár sex til sjö kýrfóður af eyjatöðu og nýta haustbeit fyrir margt fé fram á vetur. Þar eru ennfremur æðarvarp og allmikið af lunda.[257]

### 4.1.2.16. Helluhólmi

Um eyðibýlið Hellu í Vatnsfirði segir m.a. í Árbók Ferðafélagsins 1959:

> Kotinu tilheyrir lítill varphólmi á firðinum, Helluhólmi.[258]

Í landamerkjabók fyrir jörðina Hellu, dags. 1. mars 1890, og lesið var á manntalsþingi að Vaðli 31. maí 1890, segir eftirfarandi:

> Jörð þessi er að dyrleika 5,7 hundruð að nyju mati og er eign Brjánslækjarkírkju. Að utanverðu ræður Penná merkjum fyrir jörð þessari allt frá fjalli til fjöru, en að innanverðu ræður Eíðísá fjalli og fjöru á míllí. Undír jörð þessi heyrír hólmi eínn lítill, sem kallaður er „Helluhólmi" og liggur á Vatnsfirði örsk[a]mmt fram undan Hellulandi. Ekki á jörð þessi nein ítök eða hlunnindi i landi annara jarða nje aðrar jarðir í hennar landi.[259]

### 4.1.2.17. Lyngey, Ásvalarey, Engey, Geldingsey, Þjófseyar, Melrakkaey, Grenjaðarey, Heiðnarey, Hvítingsey o.fl.

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um jarðirnar Fjörð á vesturhorni og Múla á suðurhorni Skálmarness:

> Fram af nesjum Múlasveitar liggja eyjar og sker en það á þó einkum við um Skálmarnes, öðru nafni Múlanes. Norðurhornið tengist fastalandinu en við hin hornin bæði teygja sig eyjar og sker fram í flóann. Liggja þau undir Fjörð á vesturhorni og Múla á suðurhorni Skálmarnessins. Margháttar eyjagagn var nytjað á þessum jörðum meðan þar var föst búseta og enn er þar stunduð dúntekja og þangöflun á sumrum. Af eyjum við Múlanes má t.d. nefna Lyngey, Ásvalarey, Engey, Geldingsey, Þjófseyar, Melrakkaey, Grenjaðarey, Heiðnarey og Hvítingsey og eru þá margar ótaldar.[260]

### 4.1.2.18. Hvítingseyjar

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um kirkjuna að Múla og Selsker:

---

[257] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 206.
[258] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 92-93.
[259] Barðastrandarsýsla landamerkjabók 1883-1960, bls. 150.
[260] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 206.

> Kirkjan að Múla; annexía frá Flatey, stendur fyrr austan bæinn á sléttum túnflötum. Hún á, sem áður er sagt, 12 c í heimalandi, samt land að Urðum, Hvítingseyjar og Vattardals allt að sjó.[261]
>
> Þegar biskupaleg valdstjórn tók til, eftir að Staða-Árni var uppi, skyldi þar vera heimilisprestur, og voru þá takmörk sóknarinnar sömu sem nú, eins og ráða má af Vilchins kirkjuregistri 1397. Þá átti kirkjan fasteign: Landið að Urðum, Hvítingseyjar og Vattardal hinu eystra megin allt að sjó, skóg og c í Selskerjum. En eftir það, fram til siðaskiptanna 1550, eignaðist hún alla jörðina Selsker sem og hálflendu Skálmardals 6 c og Hamar með Hellisey 6c.[262]
>
> Sker tvö eru á firðinum, vestur frá bænum, er hann tekur nafnið af.[263]

#### 4.1.2.19. Hrúthólmi

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um jörðina Svínanes:

> Varp hefur lítilfjörlegt verið í Hrúthólma á Skálmarfirði.[264]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Svínanes, dags. 20. maí 1889, og lesið var á manntalsþingi að Vattarnesi 2. júní 1890, segir:

> Landamerki ámilli Svínanes og Selskerja, úr Standgili hinu minna og beyna línu ofann í gamalt vörðubrot á Deyldartánga fremst og það beina stefnu fram á miðjan Skálmarfjörð, beygist þar stefnulína í krók út miðann fjörðinn og það mitt á milli Múlanes og hrúthólma og það beynt út firir Svínanes, beygist þá stefnulínann í austur firir framann Svínanes so lágnt frá landi að nemi fiskihelgi undan ista fjörumáli, heldur þá línann áframm móts við miðann Kvygandisfjörð og þá í krók inn miðan Kvígandisfjörð á móts við markgil beygist þá línan aftur í þverkrók í firnemt gil eftir sem gilið ræður neðan frá sjó og uppá hæðsta kjöl fjallsins og beyna línu út fjallið í firnemt standgil.[265]

#### 4.1.2.20. Hólmaþyrping í mynni Djúpafjarðar

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um eyðijarðirnar Grónes og Hallsteinsnes:

> Hólmaþyrping er í mynni Djúpafjarðar og liggur undir Grónes og Hallsteinsnes sem eru eyðijarðir.[266]

#### 4.1.2.21. Þrælshólmi

Í landamerkjabréfi Hóla dags. 16. maí 1885, og lesið á manntalsþingi að Berufirði 19. maí 1885, segir m.a.:

---

[261] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 107.
[262] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 112.
[263] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 108.
[264] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 109.
[265] Barðastrandasýsla, landamerkjabók 1883-1960, bls. 159.
[266] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 206.

> [...] þaðan í þverkrók norður eptir firðinum, norður firir enn dípra af þrælshólma, sem tilheyrir Hólum. Þaðan beint upp millum Þrælshólma í Hólalandseign og Selskerja sem tilheirir Kambslandi. [...][267]

### 4.1.3. Önnur svæði sem getið er í heimildum

#### 4.1.3.1. Oddbjarnarsker (Vestureyjar)

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Oddbjarnarsker:

> Flateyjarkirkjueign, tilheyrir því bæði Flateyjar- og Hergilseyjar-eigendum og liggur vestur frá Flatey, nokkuð frekar en viku sjóar. Gengur hóll sá eina viku lengra vestur út í Breiðafjörð en allar aðrar Vestureyjar. Það er nafnkunnug og happasæl veiðistaða frá fyrri öldum. Liggur það þrjá fjórðunga mílu suður frá Hergilseyjar-Drápskerjum og frá Hergilsey álíka langt og Flatey eða lítið lengra. Það er nokkurskonar sandhóll í samföstum skerjaklasa, nær því kringlótt, að lengd 90 faðmar, en á breidd 70 faðmar. [...]
>
> Skipalendingin að skerinu er norðanvert upp með klettasteini nokkrum, sem nefnist Litliklettur, er stendur upp úr sandinum. Austur og vestur með sandinum er sund, sem kallast Leiðarsund. Austur með þessu sundi innar af norð-norðausturbrún skersins, ganga hleinar, sem kallast Stóriklettur, Litlahlein og Stórahlein, en vestur af skerinu, út með þessu Leiðarsundi, liggur langur tangi, kallaður Bjálfatangi. Skammt þar vestur af er boði, nokkuð lægri en tanginn, og annar blindboði norðvestur af honum. [...]
>
> Suður frá áðurnefndum Bjálfatanga er vogur, kallaður Ketilvogur, sem verður þurr um fjöru hverja. Suður af skerjaklasa þessum er hár steinbogi, heitir Háiboði. Þaðan, skammt eitt í útsuður frá Oddbjarnarhóli, er frálaust hátt sker, nefnt Frussæla. Þar suður af eru tvö blindsker; Frusssælubörn nefnd. Þar miðast: Staðardrangur í Flateyjarklofning. Norðanvert við áður umtalað Leiðarsund liggja Laugasker í austur og vestur með allri norðursíðu Oddbjarnarskers. [...]
>
> Norður af Laugaskerjum er sker eitt, kölluð Sandflaga, með smáskerjum hjá. En norðvestur frá Bjálfa-, og Laugaskerjatöngum liggja sker, kölluð Brimsker. Milli þeirra og Gjögurskerja liggur Þæsusundið, sunnan til við Bölluboða, en norðanfram við Sandflögu. Toppandir og kríur verpa í skeri þessu. Melgresið tilheyrir Hergilseyingum, en selveiðin til jafnaðar Flatey og Hergilsey [...].[268]

Í Árbók Ferðafélagsins, 1952, má m.a. finna eftirfarandi lýsingu á Oddbjarnarskeri:

> Þegar komið er sunnan úr Stykkishólmi og farið að nálgast Flatey, sést í björtu veðri hilla undir grænan, ávalan hólma við hafsbrún í vestri. [...] Haugur þessi eða réttara sagt hólmi stendur á allstórum skerjafláka sem að mestu fer í kaf um flæðar. Sjálfur mun hólminn vera um 100 m á lengd, 80 m á breidd og innan

[267] Barðastrandasýsla, landamerkjabók 1883-1960, bls. 53.
[268] Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 138-144.

við 10 m yfir sjó á hæð. Allt í kringum hann er hallandi skeljasandsfjara út frá melbökkunum. [...] Þetta er Oddbjarnarsker, fornfræg verstöð sem liggur 11 km fyrir utan Flatey og jafnlangt frá Hergilsey.[269] [...]

Ólafur Sívertsen segir í lýsingu Flateyjarsóknar að útvegur hafi byrjað í Oddbjarnarskeri á 14. öld eða fyrr. Þar segir líka að Jón Björnsson hinn ríki í Flatey hafi komið þar upp verbúðum og lagt tolla á þá sem þaðan reru og hafi sú skipan haldist lengi. Ennfremur segir þar að úr Skerinu hafi róið menn úr öllum hreppum Austur-Barðastrandarsýslu en einnig norðan úr Strandsýslu og úr Dölum. Þegar Flateyjarlandi var skipt fylgdi Skerið Hergilsey en þó höfðu Flateyingar þar ítök áfram um hríð, a.m.k. í selveiðinni. Heimildir greina líka frá því að fyrst eftir skiptin hafi Oddbjarnarsker tilheyrt Flatey áfram en Stykkiseyjar fallið undir Hergilsey. Síðar hafi Jón Eggertsson í Hergilsey haft makaskipti á Oddbjarnarskeri og Stykkiseyjum við Flateyinga. Hvað sem því líður hefur Skerið legið undir Hergilsey lengstaf síðan byggð var þar endurreist í lok 18. aldar.

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Oddbjarnarsker:

> Í Jarðabók Árna og Páls 1703 eru taldar upp 27 verbúðir í Skeri og 33 formenn nafngreindir á fjögra- fimm og sexmannaförum og einum litlum áttæringi.[270] [...] Oddbjarnarsker er ólíkt öðrum skerjum á þessum slóðum. Það er stór sandhóll, sem myndazt hefur á grynningum milli blágrýtishryggja, sem koma að nokkru úr sjó um fjörur. Hóllinn er vaxinn melgresi. Sker þetta hefur aldrei verið í byggð, en þar var um langan aldur, síðan á 14. öld eða fyrr, fengsæl veiðistöð, enda legan ákjósanleg – í miðjum, norðanverðum Breiðafirði. Ágæt fiskimið eru allt um kring, og veiddust margar fiskategundir, þorskur, ýsa, flyðra, langa, steinbítur, skata og hákarl. Lending er þar góð vestanvert við skerið, varin af klettaskerjum. Þarna sóttu sjó menn úr öllum Vestureyjum nema Bjarneyjum og frá allri norðurströnd Breiðafjarðar, frá Gilsfjarðarbotni vestur á miðja Barðaströnd. Árið 1703 voru þar 27 verbúðir og 33 formenn.[271]

## 4.2. Dalasýsla

### 4.2.1. Heimildir um eyjar í byggð

#### 4.2.1.1. Skáley

Í Jarðabók segir um Skáley:

> Ábúandinn Einar Bjarnason. Landskuld x aurar. Betalast í óákveðnum landaurum in loco. Húsavið tilleggur landsdrottinn. Leigukúgildi iij. Leigur betalast í smjöri í Stykkishólm. Kúgildi uppýngir landsdrottinn. Kvaðir öngvar. Kvikfénaður er þar ii kýr, i kálfur, xvi ær, ii sauðir, x lömb, þar kann að fóðrast i kýr, xx ær, vi lömb. Heimilismenn iiii. Eggver, dúntekja, hrognkelsi, sölvatekja er ekkert fyrirhafnarvert. Þessi hjáleiga hefur tileinkað land, og er viðlíkt að

[269] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 198.
[270] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 199.
[271] Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 78.

> kostum og bágindum við heimajörðina. ii báta á ábúandi, sem hvörugur gengur til fiski.[272]

Í landamerkjabréfi fyrir Dagverðarnes á Skarðsstrandarhreppi, dags. 7. maí 1887 og lesin fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu 28. maí 1884 eftirfarandi:

> Fyrst ræður fyrir austurhlið landsins kelda, sem er sunnantil við vörðuásinn eða Arnarholt, en vestan til við Steinsholt, og sjónhending ofan í yzta skógarholtið í Bjarnastaðaskógi, og þaðan beint ofan í Marklæk og þaðan sjónhending í Skáleyjarhaus og eins og Skáley ræður til Skollatanga með Skollhólma og þaðan ræður Skalastraumur, sunnan til við Vörðuhólma og sunnan til við Líkhólma og sunnan til við Litlu Purkey út í Stráksstraum, sem er milli Stráksflögu og Lyngeyjarflögu og þaðan beint út í Höfn, og frá Höfn fyrir framan háa melstöng, sem tvær stangir eru upp undan og í Snóksey og eins og hún ræður, og úr henni beint fyrir framan Tjaldaflögu og Húshólma í Vesturnesjaflögu og þaðan í Akurey með Akureyjarskerjum og í Hnúkstangahólma til Flathólma og fyrir austan hann fyrir vestan Saltnes ræður lónið að Stórarifi og ofan lónið að sundinu milli Stóruborgar og Litluborgar, og sjóhending úr því sundi í miðja Krossása og í fyrrnefndan Vörðurás eða Arnarholt.[273]

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir m.a. um Skáley:

> Árin 1703 og 1705 er þar hjáleiga frá Dagverðarnesi og fjórir í heimili með þrjá nautgripi og 28 kindur. Í sóknalýsingum frá því um 1840 er talið að hún hafi verið byggð þartil seint á 18. öld. Sérstök byggð virðist hafa verið stopul í Skáley en frá 1870 er húsum þó jafnan haldið við og húsfólk eða bændur voru þar öðru hverju framá 20. öld. Bærinn var vestast á eynni. Árið 1870 eru þar taldir fjórir til heimilis en enginn árið 1890 og hún er sögð í eyði 1920. Seinast var búið þar árið 1943.[274]

**4.2.1.2. Dímonar klakkar**

Í Jarðabók segir um Dímonar klakka:

> Eyðiey, hefur áður bygð verið. Jarðardýrleiki iiii. Jarðareigandi Helga Eggersdóttir að Skarði. Þessi eyðiey hefur með til gagnsmuna Einar Bjarnason að Skáley. Landskuld v aurar. Betalast með einum fjórðúngi dúns til jarðeiganda. Kúgildi ekkert; áður hefur þar fylgt i júgildi, þegar bygst hefur. Eggver og dúntekja er þar að nokkru gagni, en slægjur litlar; beit nokkur. Hlunnindi ekki önnur nefnandi. Heimræði hefur þar verið fyrrum, en nú ekkert. Kann ómögulegt að byggjast, fyrir heyskapar- og grassleysi.[275]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Klakkeyjar:

> Í landsuður frá Kiðey liggja Dímunarklakkar. Það eru tveir klettahnúkar, hrjóstrugir og lyngi vaxnir, ásamt þremur smáeyjum er liggja rétt þar hjá, eru

[272] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 123.
[273] Dalasýsla, landamerkjabók 1883-1886, bls. 74.
[274] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 102.
[275] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 123.

arðlitlar að undanteknu nokkru æðarvarpi. Var þar þó fyrrum byggð um tíma, en notast nú frá Hrappsey.[276]

Áður 6 hndr., nú 4 hndr. Þessar eyjar liggja framan til við Purkey og austan til við Hrappsey. [...] Eyjarnar sem eru: Bæjarey, Stekkjarey, Skarða og Skerpla, vóru í fornöld sér skildar frá Dagverðarnesi og fóru kaupum og sölum. 1691 24. maí seldi Sigríður Benediktsdóttir að Arnarbæli í Ölvesi þær til Guðmundar Sigurðssonar fyri 20[rdl] og gagnlega kú, þá er eyjarnar taldar 6 hndr.[277]

Í landamerkjaskrá fyrir Klakkeyjar í Skarðsstrandarhreppi, dags. 7. maí 1885, sem lesin var fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu 22. maí 1885 segir m.a.:

Norðast er Bæjareyri og Bæjareyjarsker norður af; fyrir sunnan Bæjarseyna er Stekkjareyin og hólmar, sem liggja milli Stekkjareyjarinnar og Bæjareyjarinnar svo er Skertla og Litlaskertla fyrir vestan Stekkjareyna, og þar suður af Skarða með Skörðuhólnum vestur af með skerjum, sem þar eru hjá, og eiga þessar eyjar út til sjóar allt í kring að jöfnu hlutfalli eins langt og kringum liggjandi lönd og eyjar. Þessi landamerki veit jeg rjettust og vissust fyrir Klakkeyjum, og er þessi landamerkjaskrá undirrituð og samþykkt af sameignarlandaeigendum og umboðsmönnum[278]

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir m.a.:

Einsog áður sagði er Skörðustraumur norðan við Skörðunaust á Hrappsey en norðan við hann er eyjan Skarða og telst til Klakkeyja. Norðan við Skörðu er eyjan Skertla, norðaustan við hana Klakkasund djúpt og mjótt og hinumegin við það Litliklakkur (54 m) og Stóriklakkur (72 m) og eru hæstir allra eyja á Breiðafirði. Þeir voru einnig kallaðir Dímunar- eða Dímonarklakkar. Norðaustur með klökkunum gengur Dímunarvogur milli þeirra og Stekkjareyjar og er mjótt eiði milli vogsbotns og sjávar fyrir norðaustan. [...] Í Jarðabókinni 1705 eru Dímonarklakkar sagðir vera eyðiey en hafi áður verið byggð. Bæjarey er norðaustan við klakkana og Stekkjarey og fjarar á milli. Í sundinu er Guðnýjarhólmi og milli hans og Bæjareyjar heitir sundið Guðnýjargat. [...] Nyrst á eynni er Bæjareyjarhöfuð hátt og þverhnípt og norðaustur af því er Elínarboði. Klakkeyjar hafa talsvert verið nýttar úr nálægum eyjum til hagagöngu fyrir sauðfé á vetrum, því þær eru snjóléttar og lítil sem engin flæðihætta.[279]

#### 4.2.1.3. Purkey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Purksey:

Jarðardýrleiki xxx. Jarðareigandi Helga Eggertsdóttir að Skarði. Ábúendur, Jón Ólafsson á xv, Björn Jónsson á xv. Landskuld á allri jörðunni viii ærgildi, og skiftist eftir proportion. Betalast í dún, og tekst dúnfjórðúngur fyrir xx álnir, en

[276] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 149.
[277] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 118.
[278] Dalasýsla, landamerkjabók 1883-1886, bls. 102.
[279] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 109-110.

það sem ei aflast dún, so ánægi til landskuldar, leysist með ríxdölum, og tekst i ríxdalur fyrir v aura. Betalast heim eða í Stykkishólm.[280]

Í landamerkjaskrá fyrir Purkeyjarlöndum í Skarðsstrandarhreppi, dags. 27. maí 1884, og lesin fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará 28. maí 1884 segir eftirfarandi um Purkeyjarlönd:

> Austastur er Helganautur með tilheyrandi skerjum; þaðan eru takmörkin: Litla-Geitarey með tilheyrandi skerjum, þaðan á Grænhólma, þaðan í Flatta til útsuðurs, þá er Skeliseyjarhnaus með tilheyrandi skerjum, þá Svartbakasker, þá Rastarsker, þá Setningaklettur með tilheyrandi skerjum, þá Gustsey, svo Uglur ytri og innri, Ábætir með tilheyrandi skerjum, þá suður og vestur Stakkur að utanverðu, þá sjónhending úr Vesturstakk í Árkostarey, þaðan í Árbætir, þá eru Þrætusker, svo Stráksflaga með tilheyrandi skerjum, Arnarey með tilheyrandi skerjum, þá ræður Skálastraumur suður að Ívarshólmum og Ívarsholmaflögu, er liggur undir Purkey, þaðan bein sjónhending í Helganaut. Innan þessara takmarka og um þessi takmörk á Purkey allar eyjar og hólma, öll sker og grynningar, nefnt og ónefnt og rekarjett eptir landslögum að undantekinni Þorvaldsey, sem fylgir Fremri-Langey.[281]

#### 4.2.1.4. Hrappsey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Hrappsey:

> Jarðardýrleiki xvi. Jarðareigandi Helga Eggertsdóttir að Skarði. Ábúandinn Benedict Jónsson. Landskuld i. Betalast með vi fjórðúngum dúns heim eða í Stykkishólm. Húsum viðheldur ábúandi, og segist njóta góðvilja þar fyrir. Leigukúgildi vii. Leigur betalast með vii fjórðúngum dúns heim eða í Stykkishólm. Kúgildi uppýngir ábúandi eftir samkomulagi. Kvikfjenaður er þar vi kýr, ii naut, i kálfur, xxvi ær, i sauður, xxii lömb, ii hestar. Þar kann að fóðrast v kýr, i úngneyti, xx lömb. En rosknu fje og hestum, sem þar er, er so nær einúngis ætlaður útigángur. Heimilismenn x. Útigangur er rjett góður í öllum meðalvetrum. Eggver og dúntekja í betra lagi. Reki getur verið ef tilvildi. Heimræði hefur verið fyrrum gott, en nú er það að litlu gagni vegna fiskgengdarleysis. Lunda og kofnatekja er að stóru gagni. Alla þessa gagnsmuni er að skilja til samans um heimaeyna og fólma, sem þar undir liggja. Eggveri spilla þar oftar erfar og arnir, sem þángað leggjast. Flæðihætt er þar víða. Hætt sumstaðar af torfgröfum. Kirkjuvegur og þíngsókn lángt og erfitt. ii skip á ábúandi til flutníngs og ferðalags, en hvörugt gengur nokkurntíma til fiski, nema þegar þeim er róið þar heima.[282]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Hrappsey:

> 16 hndr. Á eyjunni eru hólar tveir, Hrapphóll og Álfhóll, báðir virðast, og einkum sá síðar nefndi, vera so orðnir af náttúrunnar lögun. Akurtún er þar kallað, Akurhöfði og Akurborg. Á Akurtúninu hafa sáðland verið í forntíð, nú er þar túnrækt. Sunnantil á eyjunni er kallaður Brandstangi og Ljósavík, líka heitir þar

[280] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 123.
[281] Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1883-1886, bls. 72.
[282] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 124.

> Vitanes.[283] Með eyjunni teljast þessar eyjar sem í fjarar: Dagmálaey, Seley, mig minnir af því að þar hafi haft verið í seli, Ystaey, Urðarhólmi, þessar fyrir sunnan Ála, það eru vogar og lón gegnum eyjarnar inn að Bæjareyjunni. Að vestanverðu eru: Herdísarflaga, Suður-Flatey, Vestur-Flatey, Rúghólmi, Gathólmi, kallaður so af gati gegnum klettana, Vestur-Seley, Einirsey, þrír Treganesshólmar, draga nafn af nesi þar á eyjunni, Kvíahólmi, Sultarhólmi, Smiðjuhólmi og Nörlur í Álonum.[284] Eyjar þær sem ekki fjarar í eru þessar: Á Bótinni, Nautey og Bótarhólmi, Hesthöfði, Miðleiðarsker, Hvanney, Eyjargafl, Grímsey, Úlfkelsey, Hundslöpp, Vitaneshólmi, Grenshólmi.[285]

Í landamerkjabréfi fyrir Hrappseyar, dags. 30. desember 1884 og lesin á manntalsþingi að Ballará 24. maí 1886 segir eftirfarandi um Hrappseyjar:

> Hrappsey fylgja þessar eyjar, hólmar og útsker 1. Norðanvert Grimsey, Grímseyjarflaga, Ulfkelsey, Úlfkelseyjarflaga með skerjum við þær, en þess skal getið, að Klakkeyjar liggja hjer á milli heimaeyjarinnar. 2. Sunnanverðu: Dagmálaey, Seley, Miðey, Yztey, 2 Seleyjarsker, Hvítasker og Svartasker, Kvíahólmi, Smiðjuhólmi, Miðeyjarhólmar 3, Hesthöfði, Miðleiðarsker, Linghólmi, Urðarholmi, Yzteyjarflaga, Nautey, Sultarhólmi, Seleyjarhólmi, þetta allt með skerjum í kring. 3. Austanverðu eru ekki eyjar milli Purkeyjar og Hrappseyjar, en ræður mitt Seljasund. 4. Vestanverðu Herdísarflaga með smáflögum út af, Hvanney Gathólmi; 2 Flateyjar, Grenshólmi, Seley, Einisey, Stangir 2, og Stangarsker, Rúghólmi, Lambatangi, Svörtusker, Bótarhólmi, Treganeshólmar 2, Grænhómi, Hundshaus, Vitaneshólmi, Hundslöpp, Eyjargafl, Nerlur, Staumflaga. En þess skal getið, að 3 hólmar liggja framan við heimaeyna, sem undir Fagurey í Snæfellsnessýslu liggja, og heita Hvíldarhólmi, Háhólmi, Hrúthólmi. Þetta allt með skerjum í kring. Landamerkjum hlýtur að ráða álar og mesta dýpi milli Hrappseyjar og útlanda hennar og aðurnefndra eyja, er næstar liggja og hjer að ofan eru nefndar, þó skal þess getið, að hólmarnir margir liggja innan tjeðra takmarka og heyra undir.[286]

#### 4.2.1.5. Kiðey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Kiðey:

> Eyðiey, hefur fyrrum bygð verið. Kóngsjörð út af fyrir sig, en fylgir ei öðrum kóngsjörðum. Jarðardýrleiki er óviss, því hún tíundast öngvum. Þessa ey hefur Guðrún Þorgilsdóttir á Brimnessvöllum í forljening. Eftirgjald er i ríxdalur in specie, og á að svarast árlega til Bessastaða. Leiigukúgildi fylgja engin. Eggver og dúntekja er þar í betra lagi. Lundatekja að mjög litlu gagni. Beit er þar góð eftir landvídd, bæði vetur og sumar. Þar mætti og vera heyskapur, ef ei væri beitt. Heimræði mætti þar vera, þegar fiskur gengur. Vatnsból er þar, þó nú

[283] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 118-119.
[284] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 118-119.
[285] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 118-119.
[286] Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1883-1886, bls. 146.

þrjóti vegna vanræktar. Flæðihætt er þar fyrir fje. Þessi ey hefur lángvarandi í eyði legið, en meinast allvel mega byggjast.[287]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir eftirfarandi um Kiðey:

> Kiðey er á milli Hrappseyjar og Arneyjar, 8 hndr. Var hún lengstum kóngsjörð, og ýmist byggð eða í eyði. Seinast byggði dannebrogsmaður Björn Gottskálksson þar bæ, henni fylgja engar eyjar nokkur sker. Eyin er grasgefin, þýfð og snöggslæg, þar er æðarvarp og lundatekja en vatnsból ekki gott.[288]

Í landamerkjabréfi fyrir Kiðeyjar í Skarðsstrandarhreppi, dags. 18. maí 1883 og lesið á manntalsþingi að Ballará 24. maí 1886 segir:

> Kiðey fylgja Hádegisker út af henni og Urtusker enn af henni ásamt fleiri flæðiskerjum kringum hana. Að öðru leyti hefur hún sín rjettindi til sjóar að lögum gagnvart kringum liggjandi jörðum.[289]

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir m.a. um Kiðey:

> Áður var sagt frá annarri Kiðey suður undir Jónsnesi. Þessi er nær því miðja vegu milli Klakkeyja og Arneyjar og þó öllu nær Arney. […] Í Jarðabók Árna og Páls 1705 er hún sögð hafa legið langvarandi í eyði en þó hafi verið búið þar. Sést og býsna mikið af tóttum og rústum norðaustan við miðja ey. Vitað er um búsetu þar árin 1780-84 og húsmennskufólk var þar 1822 og aftur 1832-41. En lengstum var hún nytjuð til slægna eða beitar frá öðrum eyjum og skipt eftir því í Arneyjarpart, Langeyjarstykki o.s.frv.[290] Öll grasi vaxin. Var þar búið um hríð, er þar, auk heyskapar og beitar, eggver gott.[291]

#### 4.2.1.6. Arney

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Arney:

> Jarðardýrleiki xvi. Jarðareigandi Helga Eggertsdóttir að Skarði. Ábúendur, á v og xl álnum Þorvaldur Jónsson, á x og lxxx álnum Jón Bjarnason. Landskuld á allri i og skiftist eftir proportion. Betalast í óákveðnum landaurum in loco. Við til húsa leggja ábúendur. Leigukúgildi á allri v; hjá Jóni iii og ii ær, hjá Þorvaldi i og iii ær. Leigur betalast í smjöri í Stykkishólm. Kúgildi sem uppýngja ábúendur. Kvikfjenaður hjá Jóni v kýr, i kálfur, cviii ær, iii sauðir, viii lömb. Hjá Þorvaldi iii kýr, xi kýr, i sauður, iii lömb, þar kann að fóðrast v kýr, xx ær, x lömb. Heimilismenn hjá Jóni viii, hjá Þorvaldi vii. Eggver og dúntekja er þar lítilsháttar. Lundatekja að nokkru gagni. Sölvatekja nokkur. Reki getur verið ef til vill. Heimræði var þar fyrrum gott, en nú er það að minna gagni vegna fiskgengdarleysis; þó nokkuð vor og haust. Þar er mjög flæðihætt fyrir fje. Hættur af mógrögum fyrir fjenað. Kirkjuvegur lángur, illur og erfiður. Í þessarri ey vantar torfristu. Undir eyna liggur ey kölluð Skjaldarey; er haldið að Bíldsey

[287] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 125.
[288] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 119.
[289] Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1883-1886, bls. 148.
[290] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 110.
[291] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 148-149.

eigi hana hálfa, en Arney hálfa. Í þeirri ey eru samaslags lítilfjörleg hlunnindi og heima í Arney. Gagni þessarar eyjar skifta Bíldseyíngar og Arneyíngar so sín á milli, að þeir hafa árlega hálft gras hverir, en aðra gagnsmuni hafa sitt árið hverir. Þar er og flæðihætt, se sem heima í Arney. Grasvöxtur mínkar þar mjög, af því að kría sem þar hefu verið legst frá. [...][292]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Arney:

> Arney er kringlótt, hrjóstrug og arðlítil, henni fylgja tvær eyjar og nokkrir hólmar, í þeim er heyskapur, varp og fuglatekja nokkur.[293]

> Eyjar og sker sem undir Arney liggja eru: hálf Skjaldarey, helfingur hennar liggur undir Bíldsey, hún er í Helgafellskirkjusókn, þar átti skjöldur Einars skálaglamm<s> að hafa rekið, Máfey, Rýtingur, Háhólmi, Krosshólmi, tvö Æðasker, tveir Hrúthólmar, Álsteinn, Hádegissker, Straumstöng. […] Æðarvarp er þar og lundatekja.[294]

Í landamerkjabréfi fyrir Arneyjar, dags. 30. desember 1884 og lesið á manntalsþingi að Ballará 24. maí 1886 segir m.a.:

> Arney fylgja þessir hólmar eyjar og utsker 1. Arney 2. Norðanverður Æðarsker 3. Sunnaverður Hruthólmar 2, Álsteinn, Máey, Skjaldaey hálf, Þórarinssker, Straumstöng. 4. Austanverður Hrappshólmi, Rítingur, Krosshólmi, Hádegissker 2, Urteisker. Vestanverðu enginn hólmi nje eyja Landamerkjum hlýtur að raða álar og mesta dýpi milli Arneyjar og útlanda hennar og aðurnefndra eyja, er næstar liggja og hjer að ofan eru nefndar. Milli Arneyjar og Langeyjar lægð í Brjotinu.[295]

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir m.a. um Arney:

> Suðvestur frá Klofningi gengur Langeyjarnes og þrjár aflangar eyjar í röð sem heita Efri- og Fremri-Langey og Arney syðst. Þær eru yfirleitt ekki nema hálfur til einn km á breidd. Ekki kemur Arney mikið við fornar sögur nema sumarið 1243 þegar Kolbeinn undi ætlaði með her manns að Sturlu Þórðarsyni í Fagurey og komst með hluta liðsins í Arney yfir sundið Brjót sem er á milli hennar og Fremri-Langeyjar.[296] Arney er allstór og þar var löngum talsverður búskapur. Bærinn er að sunnanverðu utan við miðja ey.[297] Árið 1705 er Arney í eigu Skarðverja einsog svo margar eyjar á þessum slóðum. Nítján manns eru þar á þrem heimilum. Tveim árum síðar eru þar tveir ábúendur og samtals fimmtán heimilismenn með átta nautgripi og 45 kindur. […] Í Jarðabókinni 1731 segir að kostir Arneyjar séu góður og grasgefinn töðuvöllur, góð hagbeit á sumrum, nokkurt eggvarp og fuglatekja. Árið 1801 eru þar átta manns á einu heimili, nítján á tveim árið 1845, níu árið 1870, fimm árið 1890 og níu árið 1920. Þar var föst búseta fram yfir miðja þessa öld en síðan hefur fólk verið þar um tíma að

---

[292] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 125.
[293] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 148.
[294] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 119-120.
[295] Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1883-1886, bls. 147.
[296] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 110-111.
[297] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 111.

sumrinu.[298] […] Við hann er kennt Sveinsból í Flatey en svo heitir lítil æðarvarpseyja suðvestan við Dagverðarnes og liggur undir Fremri-Langey.[299]

### 4.2.1.7. Langey fremri

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Langey fremri:

> Jarðardýrleiki xvi. Jarðareigandi Helga Eggertsdóttir að Skarði. Ábúandinn Eyjólfur Þorbjörnsson. Landskuld i. Betalast í óákveðnum landaurum in loce. Húsum viðheldur ábúandi, og nýtir sjer til þess þann við, sem rekur á jörðunni, þegar nokkur er. Leigukúgildi vi. Leigur betalast í smjöri í Stykkishólm. Kúgildi uppýngir ábúandi. Kvikfjenaður er þar vi kyr, ii vetrúngar, i kálfur, xxviii ær, xvi sauðir geldir, xviii lömb, i hestur. Þar kann að fóðrast v kýr, i úngneyti, xv lömb, en rosknu fje, sem vera kynni xxx, er að mestu ætlaður útigángur og hestinum. Heimilismenn ix. Eggver og dúntekja er þar að nokkru gagni. Selveiði til nokkurs gagns. Viðarreki kann að vera ef til vill. Heimræði hefur fyrrum gott verið; nú að litlu gagni vegna fiskleysis. Þar er mjög flæðihætt víða. Hættusamt fyrir fje að detta ofaní. Lendíng ill stundum vegna brims, en þá mjög lángt til annarrar betri. Kirkjuvegur lángur, illur og erfiður. Eldiviðartak af móskurði slæmt. Skip á ábúandinn iiii. Þar af eru ii til heimaferð, i gengur til fiski í Bjarneyjum á vor, en annað ljær hann og hefur af því hálfan skiphlut, en hálfan sá, sem ljeð er.[300]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Fremri Langey:

> Fremri-Langey er hrjóstrug og gæðalítil sjálf, en undir hana liggja fjórar smáeyjar auk nokkurra hólma. Þar er heyskapur nokkur og beit, samt arðsamt eggver og lítil fuglatekja.[301] Eyjar og hólmar við Fremri-Langey sem þaðan fjarar í eru: Tvær Boðaldseyjar, mun eiga að vera Boðhaldseyjar, þrír Breiðhólmar, tveir Álhólmar, Akurland, hér mótar fyri að sáðland hafi verið í fyrri tíð, þrír Spjóthólmar, þar skyldi hafa rekið spjót skálaglamms, tvær Flögur, Kathólmar tveir og Flaga, Lyngey og þrjár Lyngeyjarflögur, Tjaldhólmi og Grænhólmi, Sundhólmar tveir.[302] Eyjar þær sem ekki í fjarar eru: Sultarhólmi, tveir Hrúthólmar, tvær Nörlur, Æðarsker, Kóphólmi, Valsey, Valseyjarhólmi, Hamarsey, Flatey, Örnólfsey, Magnúsarhólmi og Þorvaldsey. […] lítill er heyskapur á heimaeyjunni, og er hún þó stórt land, en útbeit er þar góð á vetrum. Þaðan má róa fyri flyðru og þorsk, nótaselsveiði er þar á vorin, æðarvarp og lundatekja.[303]

Í landamerkjabréfi fyrir Fremri-Langeyjar, sem lesin var fyrir manntalsþingrjetti Dalasýslu að Ballará 28. maí 1884 segir m.a.:

---

[298] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 111.
[299] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 111-113.
[300] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 127.
[301] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 148.
[302] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 120-121.
[303] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 120-121.

> Fremri-Langey sjalf með öllum þeim eyjum, hólmum og skerjum, er fjarar í, að undantekinni Arney landamerki milli Fremri-Langeyjar og Arneyjar er lægð sú í Brjótinn, er fyrst fellur sjór í, og sundið þar suður úr, er að skildir Spjóthólma og Arney. Landamerki milli Fremri-Langeyjar og Efri-Langeyjar eru Krossund. Ennfremur fylgir Fremri-Langey: Þorvaldsey með skerjum, Örnólfsey, Hamarsey, Flatey, Ólafarflaga með skerjum (öðru nafni Langeyjarflaga), Valsey með skerjum, Kophólmi með skerjum, Hrúthólmar, Æðarsker, Nörtur og Sultarhólmi.[304]

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir m.a. um Fremri-Langey:

> Hún er norðaustan við Arney og nær helmingi lengri. Bærinn er sunnan á henni nokkuð utan við miðju og gengur langur sjávarvogur heim undir túnið sem er stórt og hefur að mestu verið sléttað. Fyrir suðaustan og neðan bæinn er Skemmuhóll.[305]
>
> Eyjunni er skipt í Innenda nær landi og Útenda. Mörkin eru um línu frá bænum að vík vestan á eynni sem heitir tröð.[306] [...] Sundholt er suðaustast á eynni en Austasti-Sundtangi skagar út í sundið syðst. Litlu vestar er Vörðuholt. Á því er varða notuð sem mið þegar siglt er inn Krosssund. Hana á þá að bera í Kofakletta á Bæjartanga sem er næsti tangi fyrir norðan Vörðuholt. Á honum sér fyrir bæjarrústum og hjá Kofaklettum var kofi fyrir refaskyttur á vorn. Lágfóta synti yfir Krosssund til að komast í varp og var þá fremur auðvelt skotmark. Í kofunum við Krosssund var húsmennskufólk 1882 og aftur 1893 og var býlið þá nefnt Krosssund í sóknarmannatali. Vestur úr Krosssundi norðaustanverðu gengur Skötuvík. Norðan við hana eru Skötuvíkursker og út af þeim Skötuvíkurhöfði allhár norðaustan á eynni.[307] [...] Frá Búðanesi liggur leiðin með ströndu inn að sundinu Brjót sem áður var nefnt og er eiginlega ekki annað en skerjagarður. Þar er Brjóttangi sem gengið er af út í Arney á fjöru. [...] Suðvestur frá borginni eru Spjóthólmar tengdir við land með rifjum. [...] Mikið er einnig af hryggjum í fjörum og töngum í landi, einkum í Grynnstahólma, sem geta sýnst spjótlaga.[308] Þvert austur af Múlaborg er hólminn Akurland bundinn við land með rifi en fellur frá um öll flóð. Norður af Akurlandi eru þrír Breiðhólmar. Norðaustur af hinum innsta þeirra er Litla-Boðalsey og austur af henni Stóra-Boðalsey. Suðvestan við hana eru Breiðhólmatangar og er Boðalseyjasund á milli en það er leiðin inn á bæjarvoginn sunnan frá. Fyrir norðan Litlu-Boðalsey er Vogsteinssker og Vogsteinssund á milli en í því eru Vogsteinar tveir allháir. Þegar fjarar á milli þeirra er Brjótur þurr. Suður af Stóru-Boðalsey er Stóru-Boðeyjarflaga. Áfast við flöguna til suðvesturs er tangi með tveim hnúfum og heitir Reiðsker. [...] Frá því um 1700 og fram á miðja 20. öld voru að jafnaði nálægt tíu manns til heimilis í Fremri-Langey. Árið 1705 voru þar níu nautgripir, 62 kindur og einn hestur. Ábúandinn átti fjóra báta og gengu tveir þeirra til fiskjar í Bjarneyjum á vorin. Í Jarðabókinni 1731 er túnið sagt grasgefið, heyskapur góður í undirliggjandi eyjum og hólmum, hagbeitarland mikið en flæðihætt sumar

[304] Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1883-1886, bls. 78.
[305] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 113.
[306] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 114.
[307] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 114.
[308] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 115.

og vetur. Eggvarp og fuglatekja eru sæmileg og selveiði í netlögum á vorin. Árið 1744 keypti eyna Sigurður Ormsson frá Þormóðsey og síðan hefur jörðin verið í eigu og lengstaf ábúð niðja hans. [...] Búskapur hefur verið stundaður í Fremri-Langey framá okkar daga þótt ekki væri þar vetursetа síðustu fjóra áratugi.[309]

#### 4.2.1.8. Langey efri

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Langey efri:

> Jarðardýrleiki xii. Jarðareigandi Petur Bjarnason að Staðarhóli. Ábúandinn Ólafur Jónsson. Landskuld ll álnir; heyrist að fyrrum muni hafa verið lxxx álnir. Betalast í óákveðnum landaurum eftir ákveðnu; nú oftast í peníngum, þó óáskilið. Húsum viðheldur ábúandi. Leigukúgildir iii, hafa hingað til verið iiii. Er einu fækkað af góðvilja landsdrottins. Áður er sagt þaug skuli verið hafa fleiri, þegar landskuld hafi verið minni. Leigur betalast í smjöri heim. Kúgildi uppýngir ábúandi en nýtur þess í staðinn að gjalda ei vertoll í Bjarneyjum fyrir skip sitt eða menn, sem þar eru til fiski. Kvaðir öngvar. Kvikfjenaður er þar iiii kýr, i vetrúngur, i kálfur, xxxi ær, ix sauðir geldir, x lömb, i hross. Þar kann að fóðrast iii kýr, xii ær. Það sem þar er meiri peníngur, er tilfengið, bæði heyskapur og vetrarbeit. Heimilismenn vii. Eggver og dúntekja er þar so nær ekkert. Selveiði hartnær engin. Hrognkelstekja varla nefnandi. Reki getur verið ef til vill. Heimræði hefur þar áður verið að stóru gagni, en nú verður það sjaldan a gagni, því fiskur gengur ógjarnan so nærri. Hagar blása upp smámsaman. Flæðihætt er mjög fyrir fje. Vatnsból slæmt og þrýtur. Þar er einn sá löstur, að ánum veðrur í burt að koma á land, um þann tíma, sem þær skulu lömb fá, því margreynt er, að þaug lömb sem ærnar fá þar í eyjunnim tíngast illa, fá faraldur eða vitleysu og hlaupa út í sjó, so þar af deyr kannske stundum helmíngur lambanna, en ekki kemur það á þaug öll. Þetta hefur lengi þar verið. Kirkjuvegur lángur og illur. i skip og i bát á ábúandi; gengur skipið á vor til fiski í Bjarneyjum.[310]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Efri-Langey:

> Ey þessi, hvöri fylgja fáeinir hólmar með lítilfjörlegu varpi, er mjög hrjóstrug og gæðalítil.[311]

> Aftan til við eyjuna milli hennar og Langeyjarness eru Þröskuldarnir, það eru mjóir sjáarvogar með grjótrifjum í, sem skera sig frá Melavík að austanverðu milli áður nefndra landa útí voga mót vestri. Fyri framan Þröskulda, sem ríða má og ganga um fjörur og fara á skipum um stórflæðar, á Efri-Langey nokkra smáhólma sem lónar á milli, kallaðir Rifjahólmar. En eyjar þær sem ekki í fjarar eru: tvær Kötuleyjar, þrír Sigurðarhólmar, þar er æðarvarp og nótaselsveiði var þar á vorin.

[309] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 115.
[310] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 127.
[311] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 148.

> Bærinn stendur utan til á eyjunni; þar er grasgefið tún, eyin hrjóstrug og flóar milli holtanna og slægnalítið, skárri til útbeitar og slæmt vatnsból.[312]

Í landamerkjabréfi fyrir Efri-Langey, dags. 21. maí 1884 og lesin fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará 22. maí 1885, segir m.a.:

> Fyrst í austur milli Hjallaness á Langeyjarnesi og Langhólma tilheyrandi Efri-Langey er vogur með Langeyjarneslandinu að svokölluðum Þröskuldum – þar eru lautir ofan í rifin, sem fyrst rennur á sjór um aðföll og rennur síðast eptir um útföll – meðfram öllu Langeyjarneslandinu út úr Nauteyjarstraum á milli að áðrnefndrar Nauteyjar og Lambhaga á Langeyjarnesi. Ofanskrifuð landamerki eru milli Efri-Langeyjar og Langeyjarness, en allir hólmar smáir sem stórir og sker, er fjarar í allt í kring um Langey, tilheyrir henni, einnig Litla-Kottey með lagnaskeri út af, Stóra-Kottey og 3 svokallaðir Sigurðarhólmar með lagnaskerjum suður af. Norður og fram af nýnefndum hólmum er Krossund, sem er landamerki milli Efri- og Fremri-Langeyjar.[313]

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir m.a. um Efri-Langey:

> Hún er milli Fremri-Langeyjar og Langeyjarness sem gengur út úr Klofningi. […] Bærinn er sunnan á eynni utan við miðju. Beint niður af honum og matjurtagarði heitir blátt áfram Naust og innan við það er Hjalltangi en í vognum á milli er aðallending eyjarinnar. Innan við tangann er Réttarvík og upp af henni Réttarholt en inn af því nátthafi og leifar af refagirðingu. Þaðan er ekki langt að syðri hluta sundsins yfir til Langeyjarness en vegurinn þangað heitir Melgötur. Syðst í Þröskuldum er Nautey allstór og fjarar ætíð í hana eftir Nauteyjarrifi. Milli Nauteyjar og Langeyjarness er Nauteyjarstraumur sem aldrei fjarar í en þó má ríða hann um stórstraumsfjöru. Norðar í sundinu er Tæpugötuhólmi og heitir eftir Tæpugötu vestan á honum.[314] […] Þá er brátt komið að Krosssundi en vestast í mynni þess er Lúkasker og Lúkasund milli þess og eyjarinnar. […] Á bakkanum við sundið í vestur frá bænum er Miðaftanshóll en sunnar er annar hærri og heitir Nónborg. Sunnan við hana er Nónborgartangi og frá honum verður bogadregin vík að klappartanga sem heitir Kirkjuhlein.[315] […] Frá því um 1700 og framá miðja 20. öld voru heimilismenn í Efri-Langey að jafnaði á bilinu sex til tólf. […] Gagnstætt Arney og Fremri-Langey er eynni flest til lasta lagt í Jarðabók Árna og Páls: Nær ekkert eggver né dúntekja, selveiði hartnær engin, hrognkelsatekja varla nefnandi. Hagar blása upp, vatnsból er slæmt og þrýtur, ærnar verða að tímgast í landi annars fá lömbin faraldur eða vitleysu og hlaupa út í sjó. […] Síðasti bóndi til 1953 var Sigurður Sveinsson frá Bjarneyjum.[316] […] Norðan við Langeyjar heitir Suðurflói og norðanvert við hann eru nokkrar eyjar sem að jafnaði teljast hvorki til Frameyja né Vestureyja. Þær eru norðan við Klofning og hafa því sumir, sem lýsa staðháttum eftir landabréfi, sagt þær vera á Gilsfirði.[317]

---

[312] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 121.
[313] Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1883-1886, bls. 103.
[314] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 116.
[315] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 116.
[316] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 116-117.
[317] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 117.

#### 4.2.1.9. Hafnareyjar

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Hafnareyjar:

> Jarðardýrleiki vi. Jarðeigandi Arnfríður Eggertsdóttir að Skarði. Þessar eyjar eru stundum bygðar; stundum óbygðar; nú eru þær í eyði. Eru almennilega haldnar og meintar afbýli frá Melum, so Melar með þeim hafi áður reiknast fyrir xxx. Landskuld er óviss, stundum meiri, stundum minni; lxxx álnir þá bygðar hafa verið, og betalast í landaurum, fiski ef til hefur verið. Leigukúgildi hefur þá verið í, og leigur betalast með sama móti. Þegar þær hafa ei bygst, þá hafa þær ljeðar verið, og goldist eftir lx álnir, en kúgildi ekkert með fylgt. Eggver og dúnteja er þar lítilsháttar. Lundatekja lítil. Sölvatekja nokkur. Heimræði hefur fyrrum gott verið, en er nú aldeilis frá, vegna fiskgengdarleysis. Selveiði mætti vera. Flæðihætt er þar mjög. Vatn þrýtur oft. Grasvöxtur mjög lítill.[318]

Í landamerkjabréfi fyrir Hafnareyjar í Skarðsstrandarhreppi, sem lesin var fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará 28. maí 1884, segir m.a.

> Milli Staðarhólseyja og Hafnareyja með kringum liggjandi skerjum eptir því sem djúp vísar til.[319]

#### 4.2.1.10. Galtareyjar / Djúpeyjar

Í Jarðabók segir m.a. um Galtareyjar:

> Eign kirkjunnar að Staðarhóli. Jarðardýrleiki er nú óviss, því eyjarnar tíundast ekki, en í gömlum documentum finst að þær hafi kallaðar verið xvi. Þær eru í eyði og hafa oftlega verið, en stundum þar á milli bygðar nokkur ár í bili í hvert sinn. Landskuld hefur verið þegar þær hafa bygst, lxxx álnir, og betalast í óákveðnum aurum. Þegar þær hafa legið í eyði, hefur landskuld stundum eins verið, stundum minni, eftir advenant. Kúgildi meinast þar aldrei hafa með verið. Þar kann að fóðrast ii kýr, i vetrúngur; og það með því móti að þetta sje til beitar á landi um sumartímann. Eggver og dúntekja er þar í minna lagi. Lundatekja í meðallagi. Sölvatekja að nokkru gagni. Reki gæti verið ef til vildi. Heimræði hefur þar fyrrum verið gott; nú er það aldeilis frá vegna fiskgengdarleysis. Beit fyrir fje kann þar að vera nokkur á vetur. Flæðihætt er þar víða. Vatn þrýtur oft, og fyrir það kunna eyjarnar varla eða ekki að byggjast.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir eftirfarandi um Djúpeyjar:

> Djúpeyjar eru saman: Líney, Trésey, Galtarey með Spjótarflögu, Miðaftans- og Náttmálaflögum og Arnarklakk, Æðasker, með kringum liggjandi smáskerjum. Eyjar þessar gaf Ögmundur biskup til Staðarhólskirkju. Þar hefur Galti búið í fornöld, og má sjá bæjartóftirnar á Galtarey, og stórt dyr fyri innan, það er kallað Göltur. Þar er æðarvarp og lundatekja, uppdrápsselur á haustin. Fyrir

[318] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 130.
[319] Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1883-1886, bls. 79.

innan Galtarey liggur Folaldshólmi, þangað má vaða af eyjunni um stórstraumsfjöru. Í Galtarey vantar vatnsból.[320]

Í Árbók Ferðafélags Íslands, 1989, segir m.a. um Galtareyjar/Djúpeyjar:

> Heitið Djúpeyjar er síður en svo einhlítt. Sumar þeirra hafa oft verið kallaðar Staðarhólseyjar því að Ögmundur Pálsson biskup lagði þær til Staðarhóls í Saurbæ snemma á 16. öld og stakk það í stúf við stórveldi Skarðs í næsta nágrenni. Í þessum eyjaklasa eru þó ekki heimildir um byggð nema um stundarsakir í tveim eyjabálkum, Hafnareyjuna einna syðst og Galtareyjum nokkru norðar. Sumir telja Galtareyjar vera hinar eiginlegu Djúpeyjar en Hafnareyjar ekki. Hvorartveggja voru í eyði 1705 og segir í Jarðabók Árna og Páls að þær séu stundum byggðar nokkur ár í bili en óbyggðar þar á milli. Sagt er að byggð hafi ekki þrifist í þessum eyjaklösum vegna vatnsleysis.[321] Að sjálfsögðu voru þessar eyjar einsog aðrar nýttar eftir hagsmunum og geðþótta eigenda. Leigan fólst einkum í ákveðnu magni af fiski, æðardún eða eggjum. Hlaut því mjög að fara eftir árferði og fiskigengd hvort leiguliðar voru settir þar niður eður ei. Vitað er um ábúanda í Hafnareyjum árið 1703 með sex manna fjölskyldu sem flyst sama ár að Krossi á Skarðsströnd. Ekki sést í þjóðsögum greint frá mannlífi í þessum eyjum. Þær hafa að jafnaði verið nytjaðar af eigendum og eru þar fáein örnefni. Fornlegar rústir af bæ og öðrum kofum eru á vesturenda Bæjareyjar í Hafnareyjum. Vestan við hana er Miðey og tengjast þær með allháu rifi sem ekki fer í kaf nema um stórstraum. Verður því vogur á milli sem heitir Höfn og eyjarnar draga nafn af. Uppsátur var einnig í Miðey. Vestan við hana eru tveir grashólmar, Litlastöng og Stórastöng, en ögn norðan við Stangirnar er Fitjarey og rétt vestur af henni Lambhólmi. Norðaustast á Fitjarey er hár hóll og nefnist Haus. Í klettum hans verpti áður mikið af toppskarfi. Rétt norðan við Fitjarey er skerið Spillir sem flæðir yfir í stórstraumi. Norður af honum eru Gleraugnasker og Langasker. Hátt sker er rétt austur af Bæjarey og heitir Borguklakkur. Alllangt suðaustur af Bæjarey er Líney, bæði stór og gagnsöm.[322] [...] Vestan við bæjareyna er Trésey og enn vestar Æðarsker. Þar eru líka frá suðvestri til norðvesturs Nónflaga, Miðaftansflaga og Náttmálaflaga sem eru eyktarmörk frá bæjarstæðinu. Austan við eyna er Spjótaflaga og Folaldahólmi fyrir norðan. Um fjóra km norður af Galtareyjum eru Rauðseyjar en Rúfeyjar um þrem km vestar og Rúfeyjaröst á milli. Miðja vega milli Galtareyja og Rúfeyja er Bolasker.[323]

#### 4.2.1.11. Rauðseyjar

Í Jarðabók segir m.a. um Rauðseyjar:

> Eru haldnar hjáleiga og heimland frá Skarð. Jarðardýrleiki er óviss, því þær tíundast öngvum. Ábúendur á 5/8 Hildibrandur Jónsson, á 3/8 Magnús Jónsson. Landskuld á allir jörðinni ii, meinast til forna hafa verið viii ærgildi. Betalast með fiski ef til er, en leysist með óákveðnum landaurum það sem ekki er til í fiski. Betalast heim til Skarðs. Kúgildi sum, nefnilega kýr, uppýngir

[320] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 111.
[321] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 119.
[322] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 119.
[323] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 120.

> landsdrottinn. Í kvaðarnafni er formennska fyrir hálfu skipi. Kvikfjenaður hjá Hildibrandi iiii kýr, i kvíga, ii vetrúngur, vii lömb. Þar kann að fóðrast iii kýr, i kvíga, i vetrúngur, viii ær, vi lömb. Þar kann að fóðrast iii kýr, i úngneyti. Fyrir hitt, sem þar er meira, er heyjað og beitt í öðrum eyjum, sem þeim eru bygðar, en fylgja ekki Rauðseyjum. Heimilismenn hjá Hildibrandi x, hjá Magnúsi vi. Eggver og dúntekja er þar að nokkru gagni. Lundatekja óhæg, en má þó vera til gagns. Selveiði sæmileg þegar til vill. Sela uppidráp á vetur hefur verið áður nokkuð, en nú ekkert um nokkur ár. Heimræði hefur þar áður gott verið, en nú er það ekkert vegna fiskgengdarleysis. Þar er mjög flæðihætt bæði fyrir naut og fje. Torfrista so nær engin. Vatn þrýtur oft til skaða. Eldiviðartak ekkert. Kirkjuvegur til Skarðs bágur. i skip á Hildibrandur til flutnínga, það gengur aldrei til fiski. Annað skip er þar, á Hildibrandur hálft en Arnfríður Eggertsdóttir hálft. Það gengur til fiski í Bjarneyjum, og er Hildibrandur formaður fyrir utan eitt formannskaup, en tekur hvert sinn hálfan skiphlut. iii skip á Magnús, sem gánga til fiski á víxl í ýmsum veiðistöðum, en þó ei fleiri en eitt í einu. Þar er til húsa lausamaður, Jón Ólafsson. Geldur ekkert í húsaleigu. Kvikfjenaður hans er iiiii lömb, og forsorgar hann þaug á hólma, sem hönum er ljeður frá Skarði. Forsorgar sig á sínum handafla og sjóróðrum. Nýtur einskis af jörðu.[324]

Í landamerkjabréfi fyrir Rauðseyjar, dags. 7. júlí 1918, sem þinglesin var á manntalsþingi fyrir Skarðshrepp, að Skarði 24. júní 1922 segir:

> Austast er Ásmundarsker og Sandsker, að norðan er djupið milli Rauðseyja og Suðurlanda, og röstin að vestan milli Rúffeyja og Rauðseyja, að sunnan er Bolasker og syðst og þar innar Svörtusker.[325]

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir m.a. um Rauðseyjar:

> Rauðseyjar eru 3-4 km austur af Rúfeyjum. Þetta er allmikil þyrping en aðaleyjarnar eru Bæjarey eða Rauðsey nyrst og Beitarey ögn suðvestar og er hún þeirra stærst. Búið var í Rauðseyjum til 1945. Bæjarhúsin voru á síðari öldum skammt frá sjó á suðvestanverðri Rauðsey. Áður munu þær hafa verið ofar, á Fornbæjarhól þar sem sést fyrir allmiklum tóttum.[326] […] Ofan og austan við dokkina er Skiphóll en suður af bæjarstæðinu við dokkarvoginn er grasbakki sem heitir Öskuhaugur. Sunnan við voginn er Steinbogi sem vísar til Beitareyjar. Í sundinu á milli eru Sultarhólmi og Langaflaga en meðfram Beitarey að norðan er Æðarsker. Milli þess og Beitareyjar er Góðasund. Örnefni á Beitarey benda mörg til notagildis hennar. Norðvestast á henni er Nautaból og Nautabólshóll. Austur af honum er Beitareyjarbrunnur en í austnorður Rúsínuhrein kennd við bát sem hét Rúsína. Brimnes er alllangur tangi vestur frá Nautarbóli en inn með hólnum að sunnan er Teinæringsvogur. Rétt austan við Beitarey er skerið Einbúi en syðst á henni er sléttur blettur og heitir Fit. Suðvestan við eyna er Kjarnaklettur en Selhólmi að suðaustan. Milli hans og eyjar er Selhólmaröst og í henni Rastarsker en Jónshólmar tveir ögn norðar. Lengra til suðausturs eru Svörtusker. Norðaustan við Bæjarey er

[324] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 139.
[325] Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1887, bls. 47.
[326] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 123.

Norðursker og rúma tvo km í sömu átt er Köngulsey eða Köngursey, hálfu minni en bæjareyjan. Í Jarðatalinu frá 1847 er minnst á hana sem „eyðihjáleigu" en hvergi annarstaðar og engar mannvistarleifar er að sjá. Tæpan km austur af henni er Ásmundarsker.[327] Rauðseyjar þóttu langtum betri bújörð en Rúfeyjar enda eru þær mun sléttlendari og jarðvegur frjósamari en önnur hlunnindi hin sömu. Þar bjuggu því oft gildir bændur þótt þeir væru leiguliðar Skarðverja sem eignuðustu eyjarnar eigi síðar en á 14. öld. Oftast áttu þar heima hátt í tveir tugir manna.[328] Laust eftir 1700 voru tveir bændur í Rauðseyjum með sautján manns í heimili, ellefu nautgripi og 30 kindur. Þeir höfðu fimm skip sem ýmist voru notuð til flutninga eða fiskveiða, einkum í Bjarneyjum. Miðað við hinn venjulega barlóm í Jarðabók Árna og Páls eru heldur góð orð höfð um eggver, dún, lundatekju og selveiði.[329] Um 4-5 km norður af Rauðsey er eyjaklasi sem kallast Suðurlönd. Nafngiftin er vafalítið komin frá Sviðnum í norðri sem væntanlega hafa átt eyjarnar áður en Skarðverjar komust yfir þær. Aldrei mun hafa verið þar byggð en eyjarnar nýttar til slægna og annarra hlunninda. Suðvestust þeirra er Langey sem kafnar ekki undir nafni. Austan við hana eru Brimilshólmar og Brimilshólmaflaga en norðan við hana Dugandisklettur. Austust og mest um sig er Fóey og vestur af henni Hvannhólmi og Urðhólmi. Fyrir vestan Rúfeyjar, Rauðseyjar og Suðurlönd heitir Norðurflói milli þeirra og Vestureyja en um fjóra km austur af Fóey hefst enn einn eyjaklasi og heitir (Ólafseyjar).[330]

#### 4.2.1.12. Rúfeyjar

Í Jarðabók segir m.a. um Rufeyjar:

> Eru haldnar heimaland og hjáleiga frá Skarði. Jarðardýrleiki er óviss, því þær tíundast öngvum. Ábúendur á hálfum Jón Jónsson, á hálfum Guðmundur Guðmundsson. Landskuld á öllum eyjunum viii ærgildi. Á að betalast í fiski ef til er, en leysist með óákveðnum landaurum, þar sem fiskur er ei til. Betalast heim til Skarðs. Húsavið suman hefur ábúandinn Jón tillagt. Leigukúgildi á allri jörðinni iii, hafa áður verið iiii. Leigur betalast með sama móti og landskuld. Kúgildi uppýngir landsdrottinn. Kvaðir öngvar. Kvikfjenaður Jóns ii kýr, i kvíga, xii lömb. Guðmundar ii kýr, vi lömb. Þar kann að fóðrast ii kýr, i vetrúngur. Fyrir það, sem þar er fleira, hafa þeir beit og slægjur í eyjum, sem þeim eru sjer í lagi bygðar frá Skarði. Heimilismenn Jóns vii, Guðmundar vi. Eggver og dúntekja er lítilsháttar. Lundatekja erfið og mjög lítil. Selveiði lítifjörleg. Uppidráp hefur verið lítið, nú ekkert. Heimræði hefur áður gott verið, en nú er það ekkert vegna fiskgengdarleysis. Flæðihætt bæði fyrir naut og fje. Torfrista so nær engin. Eldiviðartak ekkert. Vatn þrýtur oft, og verður daglega á skipi að heiman vatnið handa kúm að drekka en þegar stórvirði hindra það leggja kýr á sund, og drepast stundum af því. Á skipi verður að fara að mjólka pening; stundum banna það stórviðri, so peníngur missir máls. Kirkjuvegur til Skarðs er mjög bágur. ii báta á ábúandinn Jón, og gengur annarhver til fiski í Bjarneyjum. i skip á Guðmundur, og heldur því til fiski i

[327] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 124.
[328] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 124.
[329] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 126.
[330] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 127.

> Bjarneyjum. Húsmaður er þar hjá Jóni, Narfi Halldórsson. Á að gjalda nokkuð í húsaleigu, en óákveðið hvað mikið. Heimilismenn hans iii. Forsorgast á sjóróðrum sínum og sinnar eiginkonu. Nýtur einskis af jörðu. Annar húsmaður er hjá Guðmundi, Ólafur Þorgrímsson. Geldur ekkert í húsaleigu. Forsorgast sumpart á gefins veittu þar heima, sumpart á sjóróðri, sumpart á ölmusu annarstaðar. Nýtur einskis af jörðu.[331]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Rúfeyjar:

> Á Rúffeyjum var búið <fyrir> hérum 30 árum síðan, en liggja nú í eyði. Þær eru þrjár að tölu, n(efni)l(ega) Bæjarey, Miðey og Suðurey, auk smáhólma sem bæði eru litlar og hrjóstrugar, þar er heyskapur, eggver og selveiði lítil, en talsverð fuglatekja og fjárbeit á haustum sæmileg.[332]

Í landamerkjabók fyrir Rúffeyjar, dags. 7. júlí 1918, og þinglesin á manntalsþingi að Skarði 24. júní 1922 segir m.a.:

> Að austan skilur röstin milli Rauðeyja og Rúffeyja, að norðan eru norðursker og djupið þar út, að vestan er ~~Kálfadjúpið~~ Kálfaboði vestastur, að sunnan ræður röstin milli Rúffeyja og Staðarhólseyja (Djúpeyja).[333]

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir m.a. um Rúfeyjar:

> Til Rúfeyja teljast níu eyjar sem það nafn er gefandi auk hólma og skerja. Syðst í klasanum er lítil eyja sem heitir Kálfur. Í henni var fyrrum útræði og sjást búðabrot á eiði vestantil. Eiðið endar í grasi grónum klapparhól sem kallast Haus. Norðvestur úr honum gengur grýttur en grasi vaxinn rani og heitir Kálfsrófa. Austur af Kálfi er Melsker og heitir svo eftir melgresi sem þó varð naumast slegið sakir grjóts. Norður af því er Hádegissker sem var eyktarmark frá bæjardyrum á heimaeynni nokkur hundruð metrum norður. Bæjareyjan er um 400 m frá norðaustri til suðvesturs og um 180 m á breidd. Bæjarhúsin stóðu suðvestantil á eynni. Framundan er Þernihólmur nokkuð stór, hár og grösugur. […][334] Rétt austan við eyjarendann er Sultarhólmi og mjög lítið gras á honum. Um 300 m sunnan við hann er Miðey nokkuð löng og mjó. Nokkru austan við miðju hennar er mjódd og lægð í hana sem heitir Hvannahvammur enda er þar mikið um hvönn. Austan við mjóddina er Rauðeyjarstykki og munu Rauðseyingar hafa heyjað þar. […] Að öðru leyti var eyjan slegin og fengust af henni allt að tvö kýrfóður af töðu. Svipað magn fékkst af Suðurey sem er litlu sunnar. Hefur ekki af því veitt því bæjareyjan var heldur graslítil.[335] Rúfeyjar hafa oftast verið í byggð frá því snemma á öldum og fram undir miðja 20. öld þótt þær þættu rýrt býli til grasnytja. Á fyrri öldum voru allgóð fiskimið skammt undan en á síðustu öld og þessari voru góð hlunnindi af dún, eggjum, lundakofu og fleiri fuglanytjum sem eigendur á Skarði fengu í afgjald. Fyrsti maður sem þar sést getið er Þórður Rúfeyjaskáld um 1100 sem var þar lengi áður en hann fluttist að Hvammsdal í Saurbæ þar sem hann varð landseti

[331] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 140.
[332] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 147.
[333] Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1887, bls. 46.
[334] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 121.
[335] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 121-122.

Þorgils Oddasonar á Staðarhóli. […] Síðan eru Rúfeyjar ekki nefndar sérstaklega nema í máldögum Skarðskirkju þar til í manntali 1703 og Jarðabókinni 1705. Það ár eru þar tveir ábúendur og tveir húsmenn og alls sautján manns í heimili. Kvikfénaður er fimm nautgripir og átján kindur. Bændur eiga þrjá báta og halda þeim til fiskjar í Bjarneyjum. Heimilismenn voru níu árið 1762. Árið 1801 eru tíu manns í Rúfeyjum, átta árið 1845, þrettán árið 1870, sex árið 1890 og sextán á tveim býlum árið 1920. Meðal síðustu bænda þar voru Þorlákur Bergsveinsson frá 1894 til 1920, hafnsögumaður og áður hreppstjóri á Melum á Skarðsströnd, og Ebeneser sonur hans frá 1906 til 1928, en síðastur bjó þar Valdimar Sigurðsson til 1946. Einsog áður hefur mátt skilja þótti heimaeyjan harla grasrýr. Svo er að skilja á Jarðabókinni frá 1705 að kýr hafi verið látnar ganga í úteyjum á sumrin.[336]

### 4.2.1.13. Akureyjar

Í Jarðabók segir m.a. um Akureyjar:

> Jarðardýrleiki xl. Jarðareigandi hefur verið Bergur Benedictsson á Eyrarbakka fyrir austan; x í þessarri jörðu eignar sjer eftir kaupi Andres Finnbogason á Kröggulstöðum í Ölvesi, en xxx í sömu jörðu sjest alþíngisbók anno 1703 að Bergur hafi í löggjöf gefið dóttur sinni Halldóru. En hvör jarðarinnar rjettur eigandi er vita ábúendur ekki framar. Ábúendur, Þórður Jónsson, á xx, Guðmundur Helgason á x, Einar Jónsson á x. Landskuld er og hefur verið ii. Betalast með peníngum, sem leysast með óákveðnum landaurum, ef peníngar eru ei til. Betalast til Búðardals til sýslumannsins Jóns Magnússonar. Húsum viðhalda ábúendur, fyrir utan það sem Bergur hefur einusinni fyrir nokkrum árum lítilsháttar við tillagt. Leigukúgildi iiii. Leigur betalast með viii fjórðúngum æðadúns, sem skilast til Búðardals Bergi Benedictssyni til meðtöku; áður hefur dúninn goldist í landskuld með ýmislegu verðlagi, en þá hefur smjör goldist í leigurnar. Kúgildin hafa lángvarandi aldrei uppbætt eða uppýngd verið; þó hefur Bergur af skuldunum uppgefið ábúendunum fyrir fám árum so sem eftir þeirra reikníngi hleypur sig til llv álna, en ekki tilnefnt að það skyldi vera í kúgilda uppbót. Kvaðir öngvar. Kvikfjenaður hjá Þórði iiii kýr, i naut veturgamalt. i kálfur, xv ær, i sauður veturgamall, iiii lömb. Hjá Guðmundi ii kýr, i vetrúngur, vii ær, iii lömb. Hjá Einari i kýr, i kvíga veturgömul, ii ær, i lamb. Þar kann að fóðrast iii kýr, xxx ær, xii lömb, og er þá ám og lömbum mikinn part ætlaður útigángur. Heimilismenn eru hjá Þórði vi, hjá Guðmundi v, hjá Einari, v. Eggver og dúntekja hefur þar fyrrum verið í betra lagi, en nú um nokkur ár miklu minna. Selveiði að nokkru gagni. Sölvatekja að litlu gagni og hverful. Þar eru í kring eyjar og smáhólmar, og samaslags hlunnindi í þeim. Lundatekja má vera að gagni, en fyrirhafnarsöm. Sela uppidráp lítilsháttar á vetur, en bregst oft. Öll hlunnindi hafa leiguliðar. Þar hefur fyrir ekki fullum xx árum verið gott heimræði til fiski á haust, og jafnvel verið brúkuð verstaða hjá nálægum bæjum. Nú um nokkur ár hefur þar aldrei fiskvart orðið, þó oftlega hafi reynt verið. Skip á Þórður ii, þriðja ónýtt; af þeim gengur eitt til fiskjar á vor í Bjarneyjum. Guðmundur á i bát, og gengur hann á vor til fiski í

[336] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 122.

> Bjarneyjum. Einar á i bát; gengur ekki til fiski. Af túninu brennur gras oftlega, því klettar eru undir. Eldiviðartak ekkert. Rista og stúnga so nær ekkert. Slægjur eru jafnaðarlega tilkeyptar. Þar er mjög flæðihætt, og verður árlega að skaða. Þar deyr fje úr bráðasótt árlega, lángtum framar en nokkursstaðar venjulega í nálægum plátsum. Vatn þrýtur þar oftlega til stórs baga. Þingsókn löng og óhæg. Húsmaður er þar, Ólafur Helgason. Geldur í húsaleigu xx álnir til Guðmundar Helgasonar. Nýtur einskis af jörðu. Á þar öngvan kvikfjenað.[337]

Í landamerkjaskrá yfir ummerki Akureyja á Gilsfirði, dags. 3. janúar 1884, sem lesin var fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu og Ballará 28. maí 1884 segir m.a.:

> Hrappsey og Vaktarey eru syðstar af Akureyjum og liggja undir þær fremri og efri Vaktareyjarsker. Að utan- og vestanverðu við eyjarnar eru Tindsker, Veiðileysur, Lyngeyjarsker og Matarsker, sem undir þær liggja, og útnorður af eyjunum eru ytri og innri Flikrusker, er fylgja á þeim, en Arnareyjar, Björgolfsey, Helgey og Hrappsey eru innstar af Akureyjarlöndum. Enn fremur fylgja og Akureyjum nokkur flæðisker, sem eru umhverfis og í grennd við þær. Þær hafa og rjettindi til sjóar eptir því sem lög ákveða gagnvart öllum kringum liggjandi jörðum.[338]

### 4.2.2. Heimildir um eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar með tengsl við jörð

#### 4.2.2.1. Snóksdalseyjar

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Snóksdal:

> Kirkjan eða jörðin eða báðar saman eiga annarsstaðar eyjar nokkrar, kallaðar Snókdalseyjar. Þar er í betra lagi eggver og dúntekja; í þeim eru og slægjur. Alt þetta misjafnt eftir áraskiftum. Af þessum eyjum hafa ábúendur öngvan ágóða, nema eignarmenn sjeu.[339]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um kirkjuna að Snókdal:

> Þrepskjaldar og Leirmúla sjónhending fram í á; Gilsbakka hálfan heimaland; Hörðabíl hálft og hálfa Þorgeirstaðahlíð; Botn hjá Svínabjúg og Dalahólm og skerin með; Garðeyjar liggjandi á Breiðfirði með gögnum og gæðum.[340] Í Johnsens Jarðatali stendur um eyðijarðir í Miðdalaþingum. S. 163-64 og 464 að kirkjan eigi land í nánd (A.M. selstöðu), sem sér á parti er metið til dýrleika (7 h. 91 al.), svo og Dalahólma eða Húshólma, sem ekkert gefa af sér; en Snóksdalseyjar, sem kirkjan eigi líka, sé í Dranga hreppi í Snæfellsnes sýslu, og metnar þar til dýrleika með nafninu Stafey.[341]

---

337 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 142.
338 Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1883-1886, bls. 82.
339 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 244.
340 Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 38.
341 Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 41.

Í Árbók Ferðafélags Íslands, 1997 segir enn fremur um Snókdalskirkju:

> Dalahólmur nefndist áður ysti hólminn á Lækjarskógsfjörum og var orðinn eign Snóksdalskirkju eigi síðar en á 14. öld. Hann var kallaður Húsólmi á 16. öld eftir að Daði í Snóksdal reisti þar hús til geymslu fyrir skreið sína og fleira sem hann flutti sjóveg undan Jökli en fiskur þykir betur verjast flugum úti í hólmum en uppi á landi. Nú er hann almennt kallaður Snóksdalshólmi.[342]

#### 4.2.2.2. Lambey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Staðarfell:

> Eyjar á kirkjan fyrir sínu landi og annarra, Lambey, Steindórseyjar, Ölverssker, Hjalleyjar, Harðsteinasker, Miðlandahólm, Sinuhólm, Þórishólm, Deildarey og jörðin á fleiri sker og hólma. Í þessum eyjum eru sumum slægjur, sumum eggver, dúntekja, fugltekja og beit; sumstaðar í meðallagi, sumstaðar lakara.[343]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Staðarfell:

> Hvar á miðjum firði a, Lambey heitir, sem er lítil og sléttlend, og lágir klettabarmar víðarst umhverfis, en skerklakkur lítill er fyrir innan hana og annar fyrir utan, er heita Karl og Kerling. Þar suður af eru hólmar þrír litlir, sem Steindórseyjar kallast, en nokkuð utar er Ölversskei, sem fyrrum nefndist Sköfnungsey, því rak Sköfnung í stokki þar, þegar Þorkell drukknaði á samnefndum boða, sem þar liggur sunnar. Lambey er grösug, en hólmarnir arðlitlir. b, lítill hólmi liggur rétt undir landi á Staðarfelli sem heitir Húshólmi og hefir þar verið talið gott æðarvarp á svo litlu petti. Deildarey, sem er stærst af þeim töldu, hólótt og grösug, hún liggur undan Kjallaksstaðavog, og er kirkjueign til Staðarfells. Eyjarinnar getur í Landnámu sem þá hefur fremur verið eign Kjallaks en Þorgríms undir Felli.[344]

Í landamerkjaskrá fyrir Staðarfell á Fellströnd, dags. 21. júlí 1883, og lesin fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli 31. maí 1887 segir m.a.:

> Fyrir utan Skógahólma gengur fram nes, en vík skerst inn í fyrir vestan nesið. Úr þeirri vík eru landamerki sjónhending í Kletthjallann, sem er austanvert við lækjarskarðið og þaðan sjónhending fyrir austurendann á klettholti því, er gengur í austnorður frá Ljótólfsstöðum og standa vörður á því og þaðan sjónhending í ofannefnda Moshólavörðu. Til sjávar tilheyrir Staðarfelli, sem bónda eign öll selveiði frá Skoravíkurá, bæði fyrir Hellu og Skógalandi og við svo nefnt Þrætusker, og á miðjan sjó milli þess og Neteyjar. Enn fremur tilheyrir Staðarfelli svo nefnd Hallsteinasker, Svörtusker, Ölvissker með skerjum suður af. Steindórseyjar, Selsker og Lambey, einnig sker inn með landi, sem nefnd eru Deildarsker, ennfremur Tjaldurshólmi, Þórishólmi,

342 Ferðafélag Íslands, Guðrún Ása Grímsdóttir og Árni Björnsson, 1997. Árbók: Í fjallhögum milli Mýra og Dala, bls. 164.
343 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 104.
344 Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 75.

> Þórishólmaflaga, Tveggjalambahólmi með Svuntu og Hjalleyjar, ennfremur Deildarey meðfylgjandi Líney og Hrúthólma með kringumliggjandi flögum.[345]

#### 4.2.2.3. Steindórseyjar

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Staðarfell:

> Eyjar á kirkjan fyrir sínu landi og annarra, Lambey, Steindórseyjar, Ölversker, Hjalleyjar, Harðsteinasker, Miðlandahólm, Sinuhólm, Þórishólm, Deildarey og jörðin á fleiri sker og hólma. Í þessum eyjum eru sumum slægjur, sumum eggver, dúntekja, fugltekja og beit; sumstaðar í meðallagi, sumstaðar lakara.[346]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Staðarfell:

> Hvar á miðjum firði a, Lambey heitir, sem er lítil og sléttlend, og lágir klettabarmar víðarst umhverfis, en skerklakkur lítill er fyrir innan hana og annar fyrir utan, er heita Karl og Kerling. Þar suður af eru hólmar þrír litlir, sem Steindórseyjar kallast, en nokkuð utar er Ölversker, sem fyrrum nefndist Sköfnungsey, því rak Sköfnung í stokki þar, þegar Þorkell drukknaði á samnefndum boða, sem þar liggur sunnar. Lambey er grösug, en hólmarnir arðlitlir. b, lítill hólmi liggur rétt undir landi á Staðarfelli sem heitir Húshólmi og hefir þar verið talið gott æðarvarp á svo litlu petti. Deildarey, sem er stærst af þeim töldu, hólótt og grösug, hún liggur undan Kjallaksstaðavog, og er kirkjueign til Staðarfells. Eyjarinnar getur í Landnámu sem þá hefur fremur verið eign Kjallaks en Þorgríms undir Felli.[347]

Í landamerkjaskrá fyrir Staðarfell á Fellströnd, dags. 21. júlí 1883, og lesin fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli 31. maí 1887 segir m.a.:

> Fyrir utan Skógahólma gengur fram nes, en vík skerst inn í fyrir vestan nesið. Úr þeirri vík eru landamerki sjónhending í Kletthjallann, sem [er] austanvert við lækjarskarðið og þaðan sjónhending fyrir austurendann á klettholti því, er gengur í austnorður frá Ljótólfsstöðum og standa vörður á því og þaðan sjónhending í ofannefnda Moshólavörðu. Til sjávar tilheyrir Staðarfelli, sem bónda eign öll selveiði frá Skoravíkurá, bæði fyrir Hellu og Skógalandi og við svo nefnt Þrætusker, og á miðjan sjó milli þess og Neteyjar. Enn fremur tilheyrir Staðarfelli svo nefnd Hallsteinasker, Svörtusker, Ölvissker með skerjum suður af. Steindórseyjar, Selsker og Lambey, einnig sker inn með landi, sem nefnd eru Deildarsker, ennfremur Tjaldurshólmi, Þórishólmi, Þórishólmaflaga, Tveggjalambahólmi með Svuntu og Hjalleyjar, ennfremur Deildarey meðfylgjandi Líney og Hrúthólma með kringumliggjandi flögum.[348]

#### 4.2.2.4. Ölversker

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Staðarfell:

---

[345] Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1887, bls. 14.
[346] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 104.
[347] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 75.
[348] Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1887, bls. 14.

> Eyjar á kirkjan fyrir sínu landi og annarra, Lambey, Steindórseyjar, Ölversskér, Hjalleyjar, Harðsteinasker, Miðlandahólm, Sinuhólm, Þórishólm, Deildarey og jörðin á fleiri sker og hólma. Í þessum eyjum eru sumum slægjur, sumum eggver, dúntekja, fugltekja og beit; sumstaðar í meðallagi, sumstaðar lakara.[349]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Staðarfell:

> Hvar á miðjum firði a, Lambey heitir, sem er lítil og sléttlend, og lágir klettabarmar víðarst umhverfis, en skerklakkur lítill er fyrir innan hana og annar fyrir utan, er heita Karl og Kerling. Þar suður af eru hólmar þrír litlir, sem Steindórseyjar kallast, en nokkuð utar er Ölversskér, sem fyrrum nefndist Sköfnungsey, því rak Sköfnung í stokki þar, þegar Þorkell drukknaði á samnefndum boða, sem þar liggur sunnar. Lambey er grösug, en hólmarnir arðlitlir. b, lítill hólmi liggur rétt undir landi á Staðarfelli sem heitir Húshólmi og hefir þar verið talið gott æðarvarp á svo litlu petti. Deildarey, sem er stærst af þeim töldu, hólótt og grösug, hún liggur undan Kjallaksstaðavog, og er kirkjueign til Staðarfells. Eyjarinnar getur í Landnámu sem þá hefur fremur verið eign Kjallaks en Þorgríms undir Felli.[350]

Í landamerkjaskrá fyrir Staðarfell á Fellströnd, dags. 21. júlí 1883, og lesin fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli 31. maí 1887 segir m.a.:

> Fyrir utan Skógahólma gengur fram nes, en vík skerst inn í fyrir vestan nesið. Úr þeirri vík eru landamerki sjónhending í Kletthjallann, sem er austanvert við lækjarskarðið og þaðan sjónhending fyrir austurendann á klettholti því, er gengur í austnorður frá Ljótólfsstöðum og standa vörður á því og þaðan sjónhending í ofannefnda Moshólavörðu. Til sjávar tilheyrir Staðarfelli, sem bónda eign öll selveiði frá Skoravíkurá, bæði fyrir Hellu og Skógalandi og við svo nefnt Þrætusker, og á miðjan sjó milli þess og Neteyjar. Enn fremur tilheyrir Staðarfelli svo nefnd Hallsteinasker, Svörtusker, Ölvissker með skerjum suður af. Steindórseyjar, Selsker og Lambey, einnig sker inn með landi, sem nefnd eru Deildarsker, ennfremur Tjaldurshólmi, Þórishólmi, Þórishólmaflaga, Tveggjalambahólmi með Svuntu og Hjalleyjar, ennfremur Deildarey meðfylgjandi Líney og Hrúthólma með kringumliggjandi flögum.[351]

#### 4.2.2.5. Hjalleyjar

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Staðarfell:

> Eyjar á kirkjan fyrir sínu landi og annarra, Lambey, Steindórseyjar, Ölversskér, Hjalleyjar, Harðsteinasker, Miðlandahólm, Sinuhólm, Þórishólm, Deildarey og jörðin á fleiri sker og hólma. Í þessum eyjum eru sumum slægjur, sumum eggver, dúntekja, fugltekja og beit; sumstaðar í meðallagi, sumstaðar lakara.[352]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Staðarfell:

---

[349] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 104.
[350] Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Einar G. Pétursson. 2003. Dalasýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, bls. 75.
[351] Landamerkjabók fyrir Dalasýslu, 1887, bls. 14.
[352] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 104.

> Eyjunni fylgir ein ey, heitir Skeley, og ii smáhólmar. Þar í eru lítilsháttar slægjur. [...] Á eyjunni hefur áður verið verstaða, en nú fyrir fiskleysi aflögð.[414]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Akureyjar:

> Eyjar: Akureyjar, 2 eyjar norðan undir Bjarnarhafnarfjalli skammt frá landi. Þær eiga kirkjusókn að Bjarnarhöfn.[415]

> Bæir: Akureyjar, 24 hndr., skammt frá landi fyrir norðan Bjarnarhafnarfjall. Þær eru 2 litlar eyjar grösugar. Útræði er þar á sumrum. Jafn<a>st eru þar hafðar 4 kýr með tilstyrk af sölvum, og enda slægjum af landi.[416]

> Norðvestan undir Bjarnarhafnarfjalli er Köllunarflöt og þar liggja Akureyjar örskammt undan landi. Þar er stórt steinhús og hefur verið staðarlegt heim að líta, en húsið er nú autt og yfirgefið og enginn erjar lengur jörðina, því allri búsýslu var hætt í þessum eyjum árið 1952. Þóttu Akureyjar góð bújörð enda grösugar og hlunnindi af æðarvarpi og fuglatekju. [417]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a.:

> Stór hluti nesinu [Þórsnes] tilheyrir nú Stykkishólmshreppi, en hann varð til úr hluta Helgafellssveitar árið 1892, þegar fjölmenn byggð hafði myndast í Stykkishólmi. Þeim hreppi fylgja margar eyjar, sem áður voru byggðar, en aðeins einn slíkur eyjaklasi heyrir nú undir Helgafellssveit, Akureyjar fram undan Bjarnarhafnarfjalli.[418]

> Í Akureyjum, sem síðar urðu sjálfstætt býli, hafa líklega verið akurlönd Bjarnar.[419] Norðvestan undir Bjarnarhafnarfjalli er Köllunarflöt og þar liggja Akureyjar örskammt undan landi. Þar er stórt steinhús og hefur verið staðarlegt

---

[412] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 115.
[413] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Dalasýsla (VI. bindi), bls. 121.
[414] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 341.
[415] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
[416] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 193-194.
[417] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 112.
[418] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 76.
[419] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986 Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 78.

heim að líta, en húsið er nú autt og yfirgefið og enginn erjar lengur jörðina, því allri búsýslu var hætt í þessum eyjum árið 1952. Þóttu Akureyjar góð bújörð enda grösugar og hlunnindi af æðarvarpi og fuglatekju. Allangan spöl austar voru Guðnýjarstaðir, en þar hefur ekki verið búið í meir en öld. Þeir hafa verið gott býli með útræði og tveimur varphólmum fyrir landi.[420]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Akureyjar:

> Varast ber þó að rugla þeim saman við samnefndar eyjar undan Skarðsströnd sem eru mun þekktari og fjallað verður um á sínum stað. Engu að síður hafa þær þótt með betri bújörðum enda mikil hlunnindi þar af fugli, fjöru og fiski. Þar var verstaða fyrir 1700 og síðan heimræði. [...] Akureyjar þessar voru að líkum ein þeirra jarða sem Heiðarvígasaga segir að Víga-Styr slægi eign sinni á með ójöfnuði fyrir tilbúnar sakir við eiganda. Helgafellsklaustur eignaðist þær árið 1360. Árið 1702 þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín gerðu jarðabók sína um Snæfellsnessýslu voru þar sextán manns heimilisfastir, átta nautgripir og níu kindur. Helmingi færra fólk var þar 1801 en fjórtán manns árið 1845 og átján árið 1870 á tveim bæjum, en tíu árin 1890 og 1920. Þar var búið til 1952 en síðan er einungis dvalið þar nokkurn tíma að sumarlagi til að nýta varp og njóta lífs. Bæjarstæðið er upp af Bæjarvogi sem gengur fram í miðja aðaleyna. Hún er mjög grasgefin og engin firra að ætla að Björn austræni landnámsmaður í Bjarnarhöfn eða afkomendur hans hafi átt þar akurlönd og af því sé nafnið dregið. Eyjar skammt undan landi gátu verið ákjósanlegt akurlendi í friði fyrir ágangi búfjár og gróðursælar af fugladriti.[421]
>
> Skeley er sunnan við Bæjarvog. Hún er mun minni en aðaleyjan en þar voru lítilsháttar slægjur og um 1700 eru í Skeley tvær hjáleigur eða búðir og höfðu áður verið fleiri. Í annarri búðinni bjó árið 1702 enginn annar en Árni sá Ólafsson sem áður var í Árnabotni í Helgafellssveit og kunnastur er af þjóðsögunni „Skyldu bátar mínir róa í dag". Frá Árna í Botni segir nánar í árbók Ferðafélagsins 1986 um Snæfellsnes norðan fjalla.[422] Um 2,5 km norður af Akureyjum er gróðursnauð eyja sem heitir Fáskrúð og virðist nafnið valið til samanburðar við hinar frjósömu Akureyjar.[423] Tveim km norður er annar gróðurlaus hólmi og heitir Gagnleysa.[424]

Í landamerkjabréfi þjóðeignarinnar Akureyjar dags. 18. maí 1889, segir m.a.:

> 1. Heima-eyjan, með sínum ummerkjum, 2. Lítil eyja, kölluð „Skeley", sem fjarar út í um stór fjörur, 3. Lítill grashólmi, kallaður „Stóri-hólmi", 4. Lítill grashólmi, kallaður Litli-hólmi.[425]

---

[420] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 112.
[421] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 55.
[422] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 55.
[423] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 55-56.
[424] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 56.
[425] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 48.

#### 4.3.1.2. Höskuldsey

Í Jarðabók segir m.a. um Höskuldsey:

> Allar þessar jarðir eiga frí búðarstöður og skipsuppsátur í Höskuldsey móti þessum ítökum. Eyuna brýtur sjór sumstaðar. Af búðum sem landjarðir eiga þar eru nú uppi Skoreyja-, Dránga-, Ness- og Sellons- búðir, og gánga skip við, þá eigendur geta við komið vetur og vor, sumar og haust. Hinar liggja í eyði.[426]

Í Jarðabók segir m.a. um Örlygsstaði:

> Ábúandinn Hallur á fornan bát, sem áður hefur til fiskjar haldið í Höskuldsey.[427]

Í Jarðabók segir m.a. um Hjallatanga:

> [...] Jörðin á i búð og skipsuppsátur í Höskuldsey á móti xii sauða göngu, sem eyin á þar.[428]

Í Jarðabók segir m.a. um Arnarstaði:

> [...] bát á Guðmundur i, sem hann stundum brúkar til sjófar í Höskuldsey.[429]

Í Jarðabók segir m.a. um Staðarbakka:

> Jörðin á búð og skipsuppsátur í Höskuldsey á mót selstöðu, sem eyin á í Staðarbakka landi.[430]

Í Jarðabók segir m.a. um Kljá:

> Bát á ábúandi, sem hann stundum lætur gánga til fiskjar í Höskuldsey.[431]

Í Jarðabók segir m.a. um Berserkjahraun:

> Jörðin á búð og skipsuppsátur í Höskuldsey móti torfskurði, sem eyin á þar.[432]

Í Jarðabók segir m.a. um Bjarnarhöfn:

> Jörðunni fylgir búð og skipsuppsátur í Höskuldsey.[433]

Í Jarðabók segir m.a. um Kiðey:

> Bátar eru ii, gengur annar til fiski þar heima og í Höskuldsey.[434]

---

[426] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 346.
[427] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 311.
[428] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 319.
[429] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 323.
[430] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 327.
[431] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 328.
[432] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 330.
[433] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 330.
[434] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 343.

Í Jarðabók segir m.a. um Sellón:

> Báta á ábúandi iii, af hvörjum stundum einn, stundum ii gánga til fiskjar í Höskuldsey. [...] Búð og skipsuppsátur á jörðin í Höskuldsey.[435]

Í Jarðabók segir m.a. um Skoreyjar:

> Jörðin á búðarstöðu og skipsuppsátur í Höskuldsey, en Höskuldsey þar í mót heytorfs ristu í Skoreyjum.[436]

Í Jarðabók segir m.a. um Geitareyjar:

> Einn lítinn bát á ábúandi, sem hann fleytir til fiskjar á vorin í Höskuldsey.[437]

Í landamerkjabréfi Höskuldseyjar dags. 11. júní 1889 segir m.a.:

> 1. Heimaeyjan með sínum ummerkjum, 2. Hin svokölluðu Höskuldseyjarskér, nálægt eyjunni, 3. Ítök sem fylgja eiga Höskuldsey: a. Veitupartur í Bjarnarhafnarlandi, b. Tólf kinda sumarbeit í Landey í Grunnasundsneslandi, c. Mótak í Ögurslandi, d. Skógarítak á Dröngum á Skógarströnd.[438]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjar: Höskuldsey, lítil og flöt ey ½ viku vestar en Þormóðsey; hún er hér eyja dýpst.[439]
>
> Bæir: Höskuldsey; lítil og 1 ½ viku sjóar í vestur undan Þórsnesi. Grasnyt nú kölluð 1 kýrfóður. Þar er útræði nema um hávetur.[440]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986, segir m.a. um Höskuldsey:

> Árið 1702 er aðeins einn bóndi í Höskuldsey með níu manns í heimili og fjóra nautgripi. Jarðabókin nefnir á hinn bóginn að minnsta kosti 17 búðir í Höskuldsey og hétu margar eftir bæjum uppi á landi sem höfðu þar menn til róðra.[441] [...] Árið 1702 voru 50-60 manns heimilisfastir í Höskuldsey. Þar mun löngum hafa verið fjölmennt og jafnvel á annað hundruð manns á vertíð haust og vor.[442] [...] Á seinni hluta 19. aldar og langt framá þessa öld áttu að jafnaði 10-15 manns heima í Höskuldsey en árið 1961 fór hún í eyði.[443] Íbúðarhúsið í Höskuldsey brann árið 1961 og lagðist eyjan þá í eyði.[444]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Höskuldsey:

---

[435] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 344.
[436] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 357.
[437] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 375.
[438] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 49.
[439] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
[440] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 193-194.
[441] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 56.
[442] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 58.
[443] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 59.
[444] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 154-155.

> Fjóra km norðnorðaustur af honum er hins vegar fjölsóttasta verstöð um langan aldur í eyjum á sunnanverðum Breiðafirði og heitir Höskuldsey. Eyjan virðist orðin þekkt verstöð þegar á landnámsöld því að samkvæmt Eyrbyggja sögu fór Þorsteinn þorskabítur til fangs út í Höskuldsey um haust og drukknaði þar í fiskiróðri. [...] Eyjan var í eigu Helgafellsklausturs frá því um 1280. Þaðan gengu bátar svo tugum gat skipt þegar mest var. Um 1920 var útræði að mestu hætt og síðast var róið þaðan á haustvertíð 1934.[445]
>
> Höskuldsey er láglend og 400-500 m á lengd en 100-150 m á breidd. Bærinn stóð við Blikahól sunnantil á miðri eynni en timburhús og síðar steinhús var reist nokkru sunnar um 1920. Fjárhús, hlaða og fjós voru reist á hólnum. Eyjan gaf af sér fóður handa 2-3 kúm og 10-15 kindum. Á ýmsum bæjum uppi á landi og öðrum eyjum átti hún auk þess rétt á selstöðu, hagabeit, móskurði, torfristu, skógarítaki og jafnvel máltíð fyrir heimilisfólk á leið til og frá kirkju, allt í skiptum fyrir búðarstöðu og skipsuppsátur.[446] [...]

#### 4.3.1.3. Hafnareyjar

Í Jarðabók segir m.a. um Hafnareyjar:

> Jarðardýrleiki er hjer óviss, því jörðin tíundast öngvum. Kóngsjörð, ein af Stapaumboðs jörðum. Ábúandinn Guðmundur Jónsson. […] Heimilismenn eru þar viii. […] Sölvatekja lítil. Fjörugrös, en ei stórum að gagni.[447]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjar: Hafnareyjar, 2 litlar eyjar í útsuður frá Jónsnesi; þar hefir og byggð verið.[448]
>
> Bæir: svokallaðar Hafnareyjar voru og metnar til tíundar til 15 hndr., og var jörðin í vor eð var ásamt eyjunum upp boðin, og hljóp hún 2750 rbd.s(ilfurs).[449]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Hafnareyjar:

> Um hálfan km í landsuður frá Hrútey eru Hafnareyjar. Þær eru tvær og Hafneyjarhólmi á milli. Báðar eru þær litlar og sú sem er nær Bjarnarhöfn heitir Bæjarey. Þar var búið framá 18. öld. Árið 1702 voru þar átta manns í heimili og höfðu þrjár kýr, en fyrir eina þeirra þurfti að kaupa hey á landi. Bóndi þar var þá Guðmundur Jónsson innan við sextugt og er kunnur sem Hafnareyja-Gvendur fyrir glettingar við Þormóð í Gvendareyjum.[450] [...]
>
> Útsuður úr Bæjarey gengur Heiðnitangi sem aldrei er sleginn þótt gleymt sé hvaða víti liggur við. Norður frá honum er eyjan mjóst og er eiðið sléttur bali og heitir Magáll. Syðst á honum eru bæjartættur sem lítt grillir þó í fyrir gróðri.

[445] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 56.
[446] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 56.
[447] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 343.
[448] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
[449] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 193-194.
[450] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 59.

Hvor sínu megin við Magálinn eru Vesturvík og Austurvík og var lent í þeim eftir áttum. Eystri eyjan kallast Innri-Hafnarey.[451]

#### 4.3.1.4. Þormóðsey

Í Jarðabók segir m.a. um Þormóðsey:

> Jarðardýrleiki er hjer óviss, því jörðin tíundast öngvum. Kóngsjörð, ein af Stapaumboðs jörðum. Ábúandinn Ormur Þormóðsson. [...] Tún lítilfjörlegt sumstaðar. Slægjur litlar fyrir utan túnið. [...] Sölvatekja mjög lítil. Fjörugrös að litlu gagni. Heimilismenn v. Heimræði gott þegar fiskast.[452]

Í landamerkjabréfi Þormóðseyjar dags. 21. mars 1889 segir m.a.:

> 1. Heimaeyjan, með sínum ummerkjum, 2. Lítið skér nálægt heimaeyjunni, með lítilfjörlegu æðavarpi í, 3. Svo kallað Svartaskér, fyrir framan heimaeyjuna, graslaust.[453]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjar: Þormóðsey, vestan undan Jónsnesi, hér um 2/3 viku sjávar undan landi, lítil ey.[454]
>
> Bær: Þormóðsey; í sömu átt viku undan landi, lítil ey grösug; má heita gott kýrgras; útræði á sumrum.[455]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Þormóðsey:

> Í Þormóðsey var búið framtil 1925 og á 18. og 19. öld eiga að jafnaði 6-8 manns heimili þar. Eyjan er fremur smá en þó taldist þar heynyt fyrir tvær kýr. Heimræði þótti gott og fyrir 1700 höfðu verið þar þrjár verbúðir þegar fiskigengd var mikil.[456] [...] Tæpan km norður af Þormóðsey er Svartasker sem fer í kaf um stórstraum. Norður af því er Boði, kenndur við skerið, og við hann allstórt grunn sem flestir kölluðu Esjugrunn eftir að strandferðaskipið Esja tók þar niðri að vorlagi laust eftir 1930.[457]

#### 4.3.1.5. Saurlátur / Sellátur

Í Jarðabók segir m.a. um Saurlátur:

> Ein ey fylgir kölluð Gimburey, þar í eru slægjur litlar og eggver lítið; item sker eitt kallað Rótarsker, mjög slægjulítið.[458]

---

[451] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 59.
[452] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 345-346.
[453] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 50.
[454] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
[455] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 193-194.
[456] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 62.
[457] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 62-63.
[458] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 352.

Í landamerkjabréfi Saurlátra dags. 20. mars 1889 segir m.a.:

> 1. Heima-eyjan, með sínum ummerkjum, 2. Gimburey, 3. Rótarskér, 4. Selskér (graslaust), 5. Sultarskér (graslaust).[459]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjar: í sömu átt, nokkuð dýpra, töluvert minni ey.[460]
>
> Bæir: Saurlátur; í austur frá Þormóðsey, 2 litlar eyjar grösugar, kallað 2gja kúa gras. Þaðan er haft útræði á sumrum.[461]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Saurlátra:

> Rúma tvo km fyrir austan Þormóðsey er eyjan Saurlátur eða Sellátur. Eyjan er nefnd Saurlátur frá því hennar sést fyrst getið í máldaga Helgafellskirkju frá dögum Árna biskups Þorlákssonar á 13. öld og það heitir hún í öllum jarðabókum frá 1702 til 1942. Um síðustu aldamót var tekið að kalla hana Sellátur enda er það nafn kallað nýsmíði í Árbók Fornleifafélags 1923.[462] [...] Árið 1702 voru átta manns í Saurlátri, þrír nautgripir og fjórar kindur. Sú þjóðsögn var á kreiki að fjörulalli sæktist eftir að lemba ærnar svo að lömbin yrðu vansköpuð. Því þyrfti að koma öllu fé upp á land um brundtímann. Árið 1801 voru þar átta manns í heimili og tíu árið 1845, ellefu árið 1870, tíu árið 1890 og tólf á heimilum árið 1920. Saurlátur fór í eyði 1945 en þá höfðu menn af sömu ætt búið þar frá 1838 þegar Andrés sá Hannesson eignaðist eyna sem brátt segir frá. Bærinn var norðaustan á henni en nú er sumarhús nokkru sunnar, nálægt miðri ey.[463] [...] Um hálfan km norður af Saurlátri er Gimburey sem er nær kringlótt en allhá að austan. [...] Gimburey var nýtt til slægna og sjást enn í eynni leifar af smiðju þar sem ljáir voru dengdir.[464]

#### 4.3.1.6. Kiðey

Í Jarðabók segir m.a. um Kiðey:

> Bátar eru ii, gengur annar til fiski þar heima og í Höskuldsey.[465]

Í landamerkjabréfi Kiðeyjar dags. 7. maí 1890 segir m.a.:

> Heimaeyjan með sínum ummerkjum eins og djúp ræður milli kringum liggjandi eyja og lands.[466]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

---

459 Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 51.
460 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
461 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 193-194.
462 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 63.
463 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 63.
464 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 64.
465 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 343.
466 Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 56.

> Eyjar: Kiðey, fyrir útsunnan Sellón, skammt þaðan. Hún lagðist í eyði fyrir rúmum 40 árum.[467]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Kiðey:

> Skammt frá landi undan Ögri er Kiðey. Hún var byggð síðari hluta 18. aldar og fram á miðja 19. öld, en lendingin þótti afar slæm.[468]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Kiðey:

> Skammt norðan af bænum Ögri utan við Stykkishólm er Kiðey. Hún var í byggð öðru hverju fram yfir miðja 19. öld, enda eru tóttir þar mjög greinilegar og kálgarðar miklir.[469] Árið 1702 eru sex manns í heimili í Kiðey, þrjár kýr eru þar, ein kvíga og tólf kindur þótt túnið sé talið mjög þýft og snöggt.[470] Síðasti ábúandi í Kiðey mun hafa verið Pétur Kolbeinsson sem býr þar enn 1855 með sex manns í heimili. Eyjan var nýtt til slægna fram um 1940.[471]

#### 4.3.1.7. Sellón

Í Jarðabók segir m.a. um Sellón:

> Báta á ábúandi iii, af hvörjum stundum einn, stundum ii gánga til fiskjar í Höskuldsey. Heimræði hefur þar verið á meðan fiskur brást ekki. [...] Eyjunni fylgja hólmar nokkrir, sem kallast Loðinshólmar ii, Sellónshólmur, Siglugrímshólmi; eru í þessum hólmum litlar slægjur, eggveer og fuglatekja ut supra. [...] Búð og skipsuppsátur á jörðin í Höskuldsey.[472]

Í landamerkjabréfi Sellóns, dags. 23. janúar 1890 segir:

> 1. Heimaeyjan, 2. Lyngey, sem liggur nærri heimaeyjunni, 3. Lyngeyjarkálfur, 4. Loðinshólmi, 5. Loðinshólmaflaga, 6. Siglugrímshólmi, 7. Freðinskeggi.[473]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Sellón:

> Eyjar: Sellón, vestan undan Þórsnesi, rétt við landið, svo kalla má fram í hana í einum stað; það er og stór ey.[474]
>
> Bær: Sellón; Í landsuður frá Saurlátri, 2 eyjar stórar, önnur höfð fyrir beitarland. Þar eru hafðar 2 kýr.[475]

---

467 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
468 Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 155.
469 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 64.
470 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 64.
471 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 65.
472 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 344.
473 Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 52.
474 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
475 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 193-194.

> Í landsuður frá Saurlátri, 2 eyjar stórar, önnur höfð fyrir beitarland. Þar eru hafðar 2 kýr.[476]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Sellón:

> „Það er gullfallegt í Sellóni," sagði einn af síðustu ábúendunum þar, Jón Kr. Lárusson, í ævisögu sinni. Þetta eru þrjár eyjar, sem fjarar á milli og liggja skammt undan Ögri. Hinar tvær heita Lyngey og Lyngeyjarkálfur. [...] Eyjarnar eru lágar með lygnum vogum þar sem æðarfuglinn heldur sig á vorin. Voru hlunnindi af dúntekju úr eitthvað á fjórða hundrað æðarhreiðrum og kofnatekja var í Loðinshólma, sem tilheyrði ábýli þessu.[477]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Sellón:

> Skammt norðaustan við Kiðey er eyðibýlið Sellón. Það eru þrjár eyjar sem fjarar á milli og verður þá eftir lón það sem nafnið er dregið af. Austasta eyjan og sú stærsta er ýmist kölluð Bæjarey eða Sellón.[478] [...] Hinar eyjarnar tvær eru vestur frá Bæjarey og heitir Lyngey sú nyrðri og stærri en hin Lyngeyjarkálfur eða einungis Kálfurinn.[479] [...] Um einn km fyrir norðan Lyngey eru Loðinshólmi, Loðinshólmaflaga og Freðinskeggi en nokkru austan við Bæjarey er hólminn Siglugrímur. Austur frá honum er lítið sker sem kemur upp um allar fjörur og heitir Þrælaboði. Í Breiðfirskum sögum segir að fimm þrælar frá Helgafelli sem taka átti af lífi fyrir óhlýðni hafi flúið út í skerið á sundi.[480] [...]
>
> Árið 1702 voru tíu manns til heimilis í Sellóni. Þar voru þá fimm kýr og nær þrjátíu fjár. Túnið var grasgott og nokkrar slægjur voru í hólmum en önnur hlunnindi voru af hrognkelsi, eggveri, dún, lunda og skelfiski. Þar voru þrír bátar og gengu ýmist einn eða tveir til fiskjar í Höskuldsey þar sem jörðin átti búð og skipsuppsátur. Í staðinn átti heimilisfólk í Höskuldsey rétt á fæði í Sellóni tvisvar á ári á leið til og frá kirkju. Árið 1801 eru þar níu manns og sjö árið 1845. Jón Kr. Lárusson var einn síðasti ábúandi í Sellóni, hann bjó síðar í Arney og var alinn þar upp og í Rifgirðingum þar sem hann fæddist. „Ævisaga Breiðfirðings" eftir Jón er verðmæt heimild um eyjar og eyjalíf undir lok þess tíma þegar hvert býli á Breiðafirði var setið. Sellón fór í eyði árið 1911.[481]

#### 4.3.1.8. Melrakkaey

Í Jarðabók segir m.a. um Melrakkaey:

> Jarðardýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum. Kóngsjörð, ein af Stapaumboðs jörðum. Ábúandinn Ólafur Ólafsson. [...] Túnið er gott. Slægjur eru á eyjunni nærri allri þar fyrir utan. [...] Heimilismenn vi. [...] Selveiði hefur

476 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 193.
477 Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 155.
478 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 65.
479 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 65.
480 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 65.
481 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 66-67.

þar verið en legst frá. Eggver og dúntekja mjög lítið. Ábúandi nýtur þar allra hlunninda. Sölvatekja lítilsháttar.[482]

Í landamerkjabréfi Melrakkaeyjar, dags. í maí 1890, segir m.a.:

> Melrakkaey, Melrakkaeyjarhólmi, Andey, Vatney, Vatneyjarkálfur, Þorvaldsey, Lón og 3 svo nefnd Lónskér, Lónklettur, ásamt öllum kringum nefndar eyjar og hólma liggjandi skér.[483]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjar: Melrakkaeyjar, liggja vestan undan Þórsnesi norðast; þær eru nýlega lagðar í eyði.[484]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Melrakkaey:

> Rúman km norður af Sellóni er eyðibýlið Melrakkaey. Melrakkaey er grösug vel og þótti túnið gott og aðrar slægjur miklar enda eru þar tíu nautgripir árið 1702. Heimilismenn voru þá sex og tveir bátar. Gekk annar til fiskjar í Höskuldsey en hinn til heimilisnauðsynja. Einn síðasti ábúandi var Gunnar Halldórsson sterki sem fórst í hákarlaróðri árið 1831. Árið 1835 var þar enginn heimilisfastur en fjórir árið 1840 og 1842 er eyjan endanlega komin í eyði. Hún var hinsvegar notuð til slægna fram um 1950.[485] [...]
>
> Kaupmenn og fleiri með ættarnafninu Hölter voru í Stykkishólmi kringum 1800. Pétur Hölter kaupir Melrakkaey árið 1793 og kona fyrrnefnds Gunnars Halldórssonar var Marta María bróðurdóttir Péturs. Samt er eins líklegt, ef eitthvað er haft í munnmælunum, að höfðinginn í Stykkishólmi hafi verið sá mikli umsvifamaður Árni Thorlacius sem lesa má um í árbók Ferðafélagsins 1986 en hann átti eyjuna eftir að hún fór úr byggð. [...]
>
> Melrakkaeyjarhólmi er sunnan við eyna og á móti honum gengur höfði eða klapparnef sem kallast Skansinn.[486] [...] Norðvestur af Melrakkaey er nokkur eyjaþyrping sem telst til hennar og heitir þar Ljótólfshólmi, Andey, Þorvaldsey, Vatnsey, Lón og Lónsklettur. Þyrpingin er stundum kölluð einu nafni Melrakkaeyjar. Í Þorvaldsey var fyrir fáum árum hafin æðarrækt.[487] Um tvo og hálfan km norðnorðaustur frá Melrakkaey er Böllusker en hálfan km norðan við það er Steinólfssker. Það er allmikið um sig og hár klakkur á því miðju. [...]
>
> Allar eyjar sem enn hafa verið nefndar til sögu voru kóngsjarðir um 1700 og töldust til svonefnds Stapaumboðs sem kennt er við Arnarstapa suður í Breiðuvík. Guldust leigur af þeim í fiski sem eyjabændum var skylt að flytja í kaupstað í Stykkishólm en andvirði gekk til umboðsmanns konungs.[488] Árni

[482] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 345.
[483] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 57.
[484] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
[485] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 67.
[486] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 67.
[487] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 68.
[488] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 68.

Thorlacius: Útgerð og verslun farnaðist Árna ekki vel og í fjárþröng afhenti hann árið 1837 skuldheimtumönnum sínum [...] auk verulegra jarðeigna, sem voru [...] og Melrakkaey.[489]

#### 4.3.1.9. Vaðstakksey / Vogstokksey

Í Jarðabók segir m.a. um Vaxtaey:

> Jarðardýrleiki er óviss, því hún tíundast öngvum. Eign Helgafellskirkju. Nýbýli bygt fyrir vii árum. Ábúandinn Sigmundur Loftsson. [...] Tún er lítilfjörlegt enn nú, en er í rækt. Slægjur aðrar litlar. [...] Heimilismenn eru x. Sölvafjara er þar lítilsháttar. Heimræði þegar fiskast.[490]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Svokallaðar Helgafellseyjar, austnorðan til við Þórsnes. Af þeim er Akurey nærst landi, svo Skákarey, norður af henni, þá Seley þaðan í vestur, en vestan undan Þórsnesi er Vogstakksey, og er hún stærst af Helgafellseyjum, ¾ mílu undan landi, en hinar allar eru nálægt landi.[491]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Vaðstakksey:

> Allmiklu sunnar er Vaðstakksey. Þar var reist nýbýli árið 1695 að sögn jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín, en lendingin var háskasöm fyrir brimi og spilltist af grjóthruni úr kletti, enda lauk búsetu þar í lok 18. aldar. Síðasti bóndinn var Þormóður Eiríksson, sem fjölkunnugur þótti og kenndur var við Gvendareyjar. Suður af Vaðstakksey er Steinólfssker, sem ekki fer í kaf á stærstu flóðum.[492]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Vaðstakksey:

> Eyjan er allstór og há (27 m), hálfan km fyrir norðan Steinólfssker og hefur verið eign Helgafellskirkju að minnsta kosti síðan á 14. öld. Hún heitir í máldaga frá 1397 Valldzögsey, í eyjatali frá 1642 Vagstagsey, í Jarðabókinni frá 1702 Vaxtarey, í manntalinu 1703 Vaxtakksey, í sóknalýsinu frá 1842 Vogstakksey og í Jarðatali frá 1847 Vallstakksey. Nafnið Vaðstakksey sést ekki á prenti fyrr en í Nýrri jarðabók 1861. Þótt eyjan sé grasgefin virðast menn ekki hafa reist þar bú fyrr en laust fyrir 1700 og hún farið aftur í eyði eftir sex áratugi. Árið 1702 eru þar tíu manns í heimili með tvær kýr og tvo kálfa og hélt ábúandi einum bát til fiskjar úr eynni sjálfri. Þekktasti ábúandi var Þormóður Eiríksson sem kunnur er í þjóðsögum fyrir galdra.[493]

---

[489] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 146.
[490] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 353.
[491] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
[492] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 153.
[493] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 68.

#### 4.3.1.10. Elliðaey

Í Jarðabók segir m.a. um Elliðaey:

> Jarðardýrleiki xvi c. Eigandar eru erfíngjar sál. Sr. Egils Helgasonar. Ábúandi á x c og lxxx álnum er Bjarni þórðarson, á v c og xl álnum Búi Jónsson. Hann býr í frágreindum húsum, sem áður hefur verið grasnytjarbúð, og hefur fyrirsvar. […] Tún er í meðallagi. Slægjur aðrar litlar. […] Heimilismenn hjá Bjarna ix, hjá Búa iii. Fugltekja má þar vera af ryt, en mjög erfið í bjargi á eyjunni. Heimræði er þar í betra lagi þegar fiskast.[494]

Í landamerkjabréfi Elliðaeyjar, ódags., segir m.a.:

> Elliðaey fylgja 2 hólmar áfastir um fjöru, Breiðhólmi og Dyrhólmi, að austanverðu merki í mitt sund milli Fagureyjar og Elliðaeyjar og jafnlangt að framanverðu, að vestanverðu á Elliðaey Kópaflögur, skér.[495]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjar: Elliðaey, ½ mílu fyrir vestan Fagurey, stór, hálend og með bjargi norðan og austan til, kölluðu 40 faðma hæðst.[496]
>
> Bæir: Elliðaey; 16 hndr., stór og há ey. Þar eru hafðar 2 til 3 kýr; útræði líkt og í Höskuldsey; hún er 1 ½ viku í norður-útnorður frá Þórsnesi.[497]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Elliðaey:

> Nokkru vestar er Elliðaey, sem rís hátt úr sjó og er rómuð fyrir sérstætt landslag, stuðlabergsmyndanir, mikið fuglalíf og er á náttúruminjaskrá. Þar var reistur fyrsti viti við Breiðafjörð í byrjun aldarinnar, en eyjan fór í eyði árið 1960. Hús öll standa og eru notuð fyrir sumarbúðir.[498]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Elliðaey:

> Um hálfan fjórða km norður af Vaðstakksey er önnur hæsta og ein svipmesta eyja á Breiðafirði, Elliðaey. Eyjan er hæst á Bjarghól (41 m) austur á bjargbrún sem gengur þverhnípt í sjó niður.[499] [...]
>
> Árið 1702 voru sautján manns í Elliðaey á þremur heimilum. Auk þess var þar ein verbúð sem róið var í á vorin en höfðu áður verið mun fleiri. Aðeins fjórir voru í eynni 1801 en fimmtán 1845 á tveim bæjum, átta 1870, tólf 1890 og fimm árið 1920. Aðalbærinn stóð fyrrum á hól nálægt miðri eynni þar sem nú er fjárhús. Síðar var reist íbúðarhús á litlum höfða skammt frá höfninni. Þar heitir Undirtún og liggur mun lægra en aðrir hlutar túnsins. Ólafur Jónsson bóndi í Elliðaey 1914-1929 byrjaði refarækt fyrr en flestir aðrir við Breiðafjörð

[494] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 353-354.
[495] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 54.
[496] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
[497] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 193-194.
[498] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 153.
[499] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 69.

og lét yrðlinga ganga að mestu sjálfala í eynni. Elliðaey fór ekki í eyði fyrr en 1960.[500] [...]

Upp frá henni [Skötuvík] hefur annað býli verið sem getið er í Jarðabókinni 1702. Vestan við Skötuvík er tangi sem kallast Tangabúðarhellur og á honum eru nokkrar gamlar verbúðatóttir og lending. Suður frá tanganum liggur Dyrhólmi og milli hans og eyjar Dyrhólmarif.[501] Um einn km norðaustur af Vaðstakksey er Hempusker eða Hempa sem ekki fer í kaf á flóði.[502] [...] Farið er nokkuð beint í norður áleiðis til Elliðaeyjar en til suðurs er miðað í Helgafell við austurenda Vaðstakkseyjar. Verður þá Langasker, sem er syðst af Bæjarskerjum, næst austan leiðar eftir að Hempu sleppir, og er Mörhaus þar á móts við til vesturs vestan leiðar. Nyrst af Bæjarskerjum austan Mörhausleiðar er Krummaflaga og móti henni vestan leiðar eru Andhælisboðar. Þeir eru norður og norðaustur af Andhælisskerjum en þau eru tæpan km norðvestur frá Vaðstakksey og vestust af skerjum í klasanum milli hennar og Elliðaeyjar. Austasta skerið í klasanum er nefnt Merkissker eða Merkjasker eftir leiðarmerki sem þar hefur verið reist. Klaufaleið er kölluð enn önnur leið til Elliðaeyjar frá Stykkishólmi og er einnig nokkru styttri en austasta leið. Hún var á milli Merkjaskers og Lönguskerja vestanvið, og siglt var eftir því miði að húsið í Elliðaey bæri í brekkuna vestan í Dyrhólma. Á þessari leið er skerið Klaufi og minnir nafnið á þá gráglettni Breiðfirðinga að kalla leiðir, sker og flögur eftir þeim sem af klaufaskap sigla þar í strand, og er nafnleyndar ekki ætíð gætt.[503]

Um 2-3 km norðvestur af Elliðaey eru aðrar Kópaflögur en þær sem nefndar voru undan Eyrarfjalli. Um fjóra km norður af Elliðaey eru Gassasker sem svo heita einu nafni og er siglt skammt frá þeim á leiðinni frá Stykkishólmi til Flateyjar. Í handritum Sturlunga sögu eru þau nefnd Gíslasker, Gásaskor og Gassaskor. Tvö þeirra eru allhá úr sjó og heita Flatasker og Hnöttóttasker eftir lögun sinni en nokkur smærri fara í kaf á flóði. [...] Gassasker eru einnig nefnd í einni af mörgum sögum um Staðarhóls-Pál sýslumann á 16. öld.[504] [...] Skerflúran heitir síðan Pálsflaga og sést ekki nema á fjöru, önnur með sama nafni er skammt undan lendingu á Reykhólum og hin þriðja í Flateyjarlöndum.[505]

#### 4.3.1.11. Fagurey

Í Jarðabók segir m.a. um Fagurey:

Jörðunni fylgja hólmar nokkrir, þar í slægjur, beit lítil. Eggver í minna lagi og dúntekja.[506]

[500] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 70.
[501] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 70-71.
[502] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 71.
[503] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 72.
[504] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 72.
[505] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 75.
[506] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 354.

Í landamerkjabréfi Fagureyjar, dags. 12. júní 1889, segir m.a.:

> 1. Torfhólmi næst eyjunni, 2. Einghólmi, 3. Pjattland, 4. Hrói með skérjum sem liggja að Skjaldarey, merki í mitt sund, 5. Freðinsskeggi næstur Bíldsey að framan verðu, merki í mitt sund, 6. Feldarhólmi með 2 skérjum næstur Bíldsey að sunnanverðu merki í mitt sund, 7. Vestari- og Austari- Steinaklettur og eitt skér á milli þeirra graslaust. Steinaklettaflaga vestara og austara. Bæjarskér, Krummaflaga næst Elliðaey að sunnanverðu, merki í mitt sund Langaskér næst Vaðstakkseyjarskérjum, merki um hnöttótt skér, sem heitir Mörhaus, 3 Gassakér, sem liggja hér um bil viku frá landi alstaðar. Nálægt Hrappsey liggja 3 hólmar og 2 skér sem Fagurey á, sem heita Hrúthólmi, Háhólmi, Hviltarhólmi og skérin, Kolagröf og Hrúthólmaskér, merki í mitt sund. Hólmi sem heitir Skarði og sem líka fylgir Fagurey, liggur næst Hádegisskéri í Arneyjarlandareign að sunnanverðu, merki í mitt sund Klakkeyjar að austanverðu, merki í mitt sund.[507]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjar: 3. Fagurey, rétt fyrir vestan Bíldsey, stór, flatlend ey.[508]
>
> Bær: Fagurey; 24 hndr., í austur frá Elliðaey, viku sjóar í norður undan Stykkishólmi, flatlend ey, lág en ei stór; hún er grösug. 3 eru þar ábúendur, og fóðrar hún með hólmum, sem undir hana liggja, 4 kýr og í góðum árum meir; útræði er þar á sumrum.[509]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Fagurey:

> Enn norðar er Fagurey, lág og flatlend og grösug eyja. Þar fékkst nægt fóður handa fjórum kúm, enda lágu nokkrar úteyjar undir hana, s.s. Pjattland, Feldarhólmi, Inghólmi, Torfhólmi, Hrói og Gassasker langt norður á firði. Í Fagurey hefur ekki verið búið síðan íbúðarhúsið brann árið 1937 og fátt er þar um hús.[510]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Fagurey:

> Er um 5 km lítið eitt austar en suður frá Gassaskerjum og hálfan þriðja km austur af Elliðaey. Hún er láglend, grösug og búsældarleg. Að norðan er hún þó fremur klettótt. Bæjarhóll er nálægt miðri eynni þar sem hún er hæst og stóðu þar ýmist einn eða tvær bæir, ytri og innri. Syðst og vestast á henni er hóll sem heitir Hallarskáli og sér þar einnig fyrir gömlum bæjarrústum. Niður af austara bæjarstæðinu er Kirkjuhleinarflöt og tvær þústir neðantil á henni.[511] [...]

---

507 Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 53.
508 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
509 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 193-194.
510 Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 152.
511 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 75.

Árið 1702 var einn bær og tvær búðir í Fagurey og voru þá tveir tugir manns þar heimilisfastir. Til hlunninda voru talin selveiði, sölvafjara, eggver, dúntekja og lundatekja. Túnið er sagt gott og slægjur í hólmum. Þar voru átta bátar og fjórir gengu til fiskjar. Sjö kýr voru í eynni og 25-30 fjár. Eyjarbúar voru nær helmingi færri árið 1801 og bjuggu þó á fjórum býlum. Árið 1845 voru 25 manns í eynni á þrem býlum, sautján árið 1870 á tveim býlum, átján árið 1890 og tíu árið 1920. Hún fór ekki í eyði fyrr en 1937.[512]

Fagurey kemur talsvert við Sturlunga sögu enda komu þeir frændur ýmsir og fylgismenn þangað til lengri eða skemmri dvalar. Þar voru m.a. teknir og síðan líflátnir þeir Maga-Björn og Þorkell, sem áður getið var við Gassasker, þar sem þeir lágu báðir í einni hvílu og Jóreiður, frilla Bjarnar, í milli þeirra. Sturla Þórðarson sagnaritari bjó í firði í Fagurey síðasta áratug ævi sinnar eftir að hann lét af lögmannsembætti og lést þar sumarið 1284. Talið er líklegast að þar hafi hann ritað Íslendinga sögu sína og ef til vill fleiri bækur.[513] [...]

Tveir stórir hólmar eru suðaustan við Fagurey og fjarar í báða. Heitir sá vestari Enghólmi og Bæjarsund milli hans og heimaeyjar en hinn austari Torfhólmi. Suðaustur af Enghólma er aflangur grashólmi frá austri til vesturs og heitir Pjatland. Þar var mikil kofnatekja. Norðaustur af Pjatlandi er Hrói vaxinn melgresi og er Sígandasund milli hans og Torfhólma. Suðaustur af Hróa er nokkuð hár hólmi og heitir Guddustöng en frálaus klettur við hana austanverða heitir Stöng. Austur af Guddustöng er klettahólminn Freðinskeggi og mun draga nafn af áfreða á klettunum móti norðri. Tæpan km austur af Hróa er Skjaldarey. Þar á skjöld Einars skálaglamms að hafa rekið að sögn Landnámu sem nefnir hana Skjaldey. Um hana miðja eru mörk milli Snæfellsnessýslu og Dalasýslu en svo merkilega er því fyrir komið að vesturhelmingur Skjaldareyjar telst til Arneyjar í Dalasýslu en austurhlutinn til Bíldseyjar í Snæfellsnessýslu. Eru mörkin við uppsprettuna Stemmu að sunnan og miðjan Skjaldeyjarhaus að norðan.[514]

#### 4.3.1.12. Bíldsey

Í Jarðabók segir m.a. um Bíldsey:

> Jörðunni fylgir hálf ey, kölluð Skjaldarey, þar eru í slægjur nokkrar, eggver og dúntekja í minna lagi, lundatekja er þar og lítilháttar og stundum lítil selveiði. Er þessu öll ey til alls nema heyskapar annað árið brúkuð frá Bíldey en annað árið frá Arney; til heyskapar eru þar árlega heilmingaskifti.[515]

Í landamerkjabréfi Bíldseyjar, dags. 4. júní 1890, segir m.a.:

---

[512] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 75.
[513] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 75-76.
[514] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 76.
[515] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 356.

> Skjaldarey liggur hálf undir Bíldsey og hálf undir Arney í Dalasýslu, skipti eptir samningu ábúanda.[516]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjar: Bíldsey, rétt í norður frá Stykkish(ólmi), ¾ mílu undan landi og í útnorður frá Skoreyjum, hólótt og stór. Undir hana liggur ekki utan ½ eyðieyin Skjaldarey, en hinn helmingur hennar heyrir til Dalasýslu.[517]
>
> Bær: Bíldsey; ótíunduð (eins og hinar aðrar eyjar, á hvörjum hundraðatal ei er tilgreint) fyrir austan Fagurey lítinn spotta. Það er stór og hólótt ey; hún fóðrar 3 kýr, og þar má hafa nokkrar kindur.[518]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Bíldsey:

> Bíldsey er alllangt norður af Hólminum, stór og hólótt eyja, sem hefur verið óbyggð síðan 1946. Þar var talið nægt gras fyrir þrjár kýr auk kinda. Gott íbúðarhús stendur enn þá í eyjunni þar sem dvalist er við fuglatekju að sumrinu.[519] Norðar er Skjaldarey, sem lá undir Bíldsey að hálfu og eru sýslumörk um hana þvera.[520]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Bíldsey:

> Hún er aflöng frá vestri til austurs. [...] Milli Norðurvogs og Suðurvogs er slétt flöt. Vestur af henni eru Búðarhólar tveir og er íbúðarhúsið sem nú stendur á þeim nyrðri. Gamli bærinn var austan við flötina, en sunnan við hana er Bjarghóll.[521] [...]
>
> Árið 1702 voru sextán manns til heimilis í Bíldsey, níu hjá bóndanum sjálfum, þrír hjá húsmanni og fjórir í búð með grasnyt. Önnur búð var þar áður en lagðist í auðn vegna fiskleysis. Þrír bátar voru þó enn í eynni. Alls voru þar fimm nautgripir og sautján ær. Auk heimatúnsins sem þótti stórt en graslítið voru slægjur í fyrrnefndri Skjaldarey hálfri. Vegna skiptingar hennar voru önnur hlunnindi einsog egg, dúnn, lundi og selur brúkuð sitt árið hvort frá Bíldsey og Arney. Árið 1801 voru heimilismenn tólf á tveim býlum og sjö árið 1845 en 1870 eru þar fimmtán og tólf árið 1890 og 1920. Bíldsey fór í eyði 1946.[522] [...]
>
> Rétt fyrir sunnan Bíldsey er Feldarhólmur þar sem feld Einars skálaglamms á að hafa rekið. Í hólmanum var töluvert af skarfi og allmikil kofnatekja en nú er þar nokkur lundaveiði. Feldarhólmi telst til Fagureyjar einsog fleiri gagnsamir hólmar sem þó liggja nær öðrum eyjum. Talið er að þeir séu gamlar sáluhjálpargjafir til hálfkirkjunnar í Fagurey. Í útsuður frá Feldarhólma eru Steinaklettar hinir ytri en um þrjá km beint suður af Bíldsey er Þórishólmi sem

[516] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 55.
[517] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
[518] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 193-194.
[519] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 152.
[520] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 152.
[521] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 76.
[522] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 77-78.

mikið ber á frá Stykkishólmi og víðar um kring því hann er nær einstæður á þessu svæði og 22 m hár.[523] [...]

Austur af Þórishólma eru Húsaflögur og um einn km í landsuður af þeim Æðarsker en rétt suður af því Hesthöfði eða Hesthólmi og þá Hvítabjarnarey allhá (28 m). [...]

Milli Æðarskers og Hvítabjarnareyjar er Æðaskerssund og er það farið frá Stykkishólmi inn á Breiðasund sem er aðalleiðin inn á Hvammsfjörð. Austur af Hvítabjarnarey er Byrgisklettur með frálausum drang sem heitir Stöng en suður af honum eru Skoreyjar.[524]

#### 4.3.1.13. Skoreyjar

Í Jarðabók segir m.a. um Skoreyjar:

> Jörðin á búðarstöðu og skipsuppsátur í Höskuldsey, en Höskuldsey þar í mót heytorfs ristu í Skoreyjum.[525]

Í landamerkjabréfi Skoreyjar, dags. 11. júní 1889, segir m.a.:

> Undir Skoreyjar liggja skér þessi: Eyjarendaskér, Tóttarbrunnsskér, Hafnarstöng kölluð fremri og innri, Flaga, Kríutangaskér, Boðar kallaðir og Kotrur tvær.[526]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjar: Skoreyjar, sem eiginl(ega) er ein og stór beint í norður frá Helgafelli, fram undan Þingvallatanga, ekki yfir 1/8 mílu undan landi. Þessi ey er austast af hinum byggðu eyjum hér í sveit.[527]
>
> Bær: Skoreyjar; Stór ey, sem flæðir í sundur um stórstraum; fóðrar 2 kýr, en hefir genið úr sér að grasnyt. (Skýringargr.: Jarðirnar nr. 17-24 inclusive tilheyra Bjarnarhafnarsókn, en fleiri ekki. Í fyrra var Bjarnarhöfn metin til tíundar, og var hún með hjáleigunum virt 50 hndr. auk eyðijarðarinnar Guðnýjarstaða, sem er kirkjueign og fyrr meir var metin 12 hndr.; svokallaðar Hafnareyjar voru og metnar til tíundar til 15 hndr., og var jörðin í vor eð var ásamt eyjunum upp boðin, og hljóp hún 2750 rbd.s(ilfurs).[528]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Skoreyjar:

> Skammt austur af Stykkishólmi eru Skoreyjar, tvær allstórar eyjar, sem gáfu af sér tvö kýrfóður og flæða í sundur um stórstraum. Þær voru komnar í eyði

[523] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 78.
[524] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 78.
[525] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 357.
[526] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 58.
[527] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 183-184.
[528] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 193-194.

snemma á síðustu öld og einn síðasti ábúandinn var Steinólfur Bjarnason (d. 1826).[529]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Skoreyjar:

> Eru tvær, stórar og grasgefnar, og örmjótt sund á milli sem ekki flæðir alveg yfir. Norðurey er minni en hærri. Suðvestan á henni er lending í lokaðri vík og kallast Höfn. Þar er skjól í öllum áttum nema norðvestan. Syðri eyjan nefnist Bæjarey (ekki Heimaey eins og á herforingjaráðskorti). Hún er miklu stærri og lægri og þar var bærinn. Árið 1702 voru sjö manns í Skoreyjum með sex nautgripi. Bóndinn átti tvo báta og gekk annar til fiskjar í Höskuldsey. Þar átti jörðin búðarstöðu og skipsuppsátur í skiptum fyrir heytorfristu því jarðvegur er fremur djúpur í Skoreyjum svo að þar hefur jafnvel verið mótekja. Árið 1801 eru þar níu manns á tveim býlum en þær fóru í eyði um 1820. Þær hafa þó verið nytjaðar mikið til heyskapar bæði frá öðrum eyjum og bæjum uppi á landi. Í Breiðfirskum sögnum greinir frá Guðlaugi Þorvaldssyni sem kallaður var Skoreyjar-Laugi og bjó þar laust fyrir 1700. Hann var nafnkunnur sægarpur og á m.a. að hafa hrakið vestur til Krosseyja sem nú eru týndar. Jón lærði Guðmundsson segir frá því fyrr á 17. öld að þær liggi í landsýn fyrir Rauðasandsbjargi og Vesturvíkum: Krosseyjar skulu vera fjórar og margir smáhólmar og sker að auki, og liggja í kross; þrjár lágar en sú fjórða og vestasta mjög há, og þeim megin hafnir. Þar eru miklar fjörur, blágráir sandar. Þar fylltu Engelskir sekki sína með fljótandi æðardún, er með stórstraumum útrak af söndum um suðursundin. Þar eru mikil útgrynni, vigurselur sem krap, nægð láturssela, fugls og grass. Þar kemur aldrei hafís, varla vetur.[530]
>
> Skorey í eintölu kemur við Laxdælu sögu og má það til sanns færa að þar sem eyjarnar eru ekki með öllu frálausar hvor annarri. Sagan segir að undir Skorey væru Þórhöllusynir, Oddur og Steinn, drepnir af sonum Ólafs pá í Hjarðarholti eftir víg Kjartans Ólafssonar sem þeir áttu hlut að ásamt Bolla og Ósvífurssonum. Þórhöllusynir voru á leið til Snorra goða á Helgafelli að biðja hann um liðveislu. Þeir hafi því væntanlega farið landvel út Fellsströnd og þaðan með skipi suðuryfir en Ólafssynir sigldu út Hvammsfjörð.[531]
>
> Tæpan km vestur af Skoreyjum er skerið Baula söðulbakað líkt og kýr og Baulhólmi suður af því. Þá er skammt út í Stykkishólm og norðan við höfnina er hinn sjálfgerði brimbrjótur Súgandisey en vestar og nær landfastar Stakksey, Hjalley og Landey. Fyrir suðurenda Skoreyja er hólminn Eyjargafl en sundið á milli heitir Kubbaröst. Í landsuður frá honum eru nokkrir hólmar og heita Klofningar. Austur af þeim eru tvær eyjar í eigu Helgafellskirkju og heitir Fagurey sú minni en Seley hin stærri. Engar heimildir hafa enn fundist um varanlega búsetu eða býli í Seley en þar sjást öllu meiri og fleiri tóttir en svo að þær geti verið frá sumarseljum einum saman. Má og vel vera að Helgfellingar

[529] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 152.
[530] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 79.
[531] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 79.

hafi fyrrum haft þar fólk með fé meira og minna allt árið þótt það ætti lögheimili sem vinnufólk á Helgafelli.[532]

Suðaustan við Seley eru nokkrir hólmar og heitir einn Írland. Lengra í sömu átt eru Hundshausar, enn lengra Skákarey og loks þrír háir klettastrípar sem kallast Stapar. Mikið stuðlabergshrun vekur athygli í þeim stærsta. Vestur af þeim og í átt að Helgafelli eru þrír hólmar sem heita Söðlar, síðan Akurey og Akureyjarhólmar og loks Örlygsey sem er næst landi. Örfirisey eða Öffursey heitir skammt norðan við Örlygsey.[533] [...]

Milli Stórastapa og Söðla er Stapastraumur. Þar fyrir austan eru Hríseyjar og suður af þeim Galtarey, löng og mjó. Austan við Hríseyjar er næsta eyjabyggð.[534]

#### 4.3.1.14. Geitareyjar

Í Jarðabók segir m.a. um Geitareyjar:

> Einn lítinn bát á ábúandi, sem hann fleytir til fiskjar á vorin í Höskuldsey.[535]

Í Jarðabók segir m.a. um Geirrauðareyri (Narfeyri):

> Kirkjan á nokkra smáhólma, sem fæst í lítið hey. Kirkjan á Geitareyjar vide infra, Engeyjar, Lambeyjar, Eldseyjar, Hjallseyjar ii, Mikilnefnu, Hvítingshólma ii og aðra fleiri smáhólma. Er í þeim eyjum og hólmum eggver nokkuð, dúntekja, lundatekja og slægjur.[536]

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Narfeyri, dags. 2. desember 1921, segir m.a.:

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjur: Geitareyjar – óviss hundraðatala – mikið seint byggðar, svo sem liggjandi undir höfuðbólið Narfeyri.[537]
>
> Bær: Narfeyri; Kirkjan á eftir Vilchinsmáldaga 20 hndr. í eyjum (til að geta Engeyjar, sem óbyggðar liggja undir staðinn og Geitareyjar, lögbýli, á hvörju ekki er auglýst hundraðatala).[538]
>
> Þeim tilheyra: Lambeyjar, Mikilnefna, Hjallseyjar, Eldsey, Hvítingar tveir m.m.[539]

---

[532] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 79-81.
[533] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 81.
[534] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 81.
[535] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 375.
[536] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 374.
[537] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 210-211.
[538] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 216.
[539] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 228.

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Geitareyjar:

> Geitareyjar eru skammt suðvestur af Gvendareyjum. Þar hefur ekki verið búið síðan 1911 og ekkert hús er þar lengur, en þær tilheyra bænum Ytra-Leiti. Heimaeyjan er svo lítil, að næstum mátti kasta steini yfir hana, en undir hana lágu hólmar og úteyjar, svo sem Eldsey, Mikilnefna og Lambeyjar.[540]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Geitareyjar:

> Heimaeyjan er mjög lítil en gróðurmikil og lending bæði að norðan og sunnan. Auk þess lágu undir hana nokkrar enn smærri eyjar og hólmar. Líklega hafa Geitareyjar seint orðið sérstakt býli því þeirra sést ekki getið í fornbréfum einsog máldögum Helgafellsklausturs og Narfeyrarkirkju sem áttu flestar gagnsamar eyjar þar um kring. Þar voru fjórir í heimili árið 1703 og árið áður, þrír nautgripir og tíu kindur. Þar er nokkur selveiði, eggver og dúntekja, og bóndinn á lítinn bát sem hann fleytir til fiskjar á vorin í Höskuldsey. Sami mannfjöldi er þar 1762, en árið 1801 eru þær í eyði. Árið 1845 eru þar átta manns, tíu 1870 og fimm 1890. Bæjartóttir eru þar mjög glöggar enda var búið í Geitareyjum til 1911. Eftir það voru flestir hólmar og úteyjar seldar til Gvendareyja og Ólafseyjar.[541]

#### 4.3.1.15. Gvendareyjar

Í Jarðabók segir m.a. um Gvendareyjar:

> Í eyjunum er eggver nokkuð og dúntekja sæmileg, lundatekja nokkuð lítil.[542]

Í landamerkjabréfi Gvendareyja, dags. 29. maí 1885, segir m.a.:

> Umboðsjörðinni Gvendareyjum fylgja þessar eyjar og skér: 1. Heimaeyjan, 2. Norðurhólmi efri, fjarar á milli, 3. Norðurhólmi fremri, fjara á milli, er svotalið að norðanverðu við eyna. Að sunnanverðu eru 5 skér, sem ekki fara í kaf um smástraum, 4. Bæjarhólmi innri, suður af honum 1 skér (svo nefndur Gvendeyjarboði), 5. Bæjarhólmi ytri, 6. Háey, 7. Háeyjarflaga eftir, 8. Háeyjarflaga fremri, 9. Hamarsey, 1 sker suður af henni og austur af 3 skér, fara ekki í kaf um smástraum, er svo talið að sunnanverðu. Í útsuður af eyjunni er: 10. Lynghólmi, í útsuður af honum 1 sker,_11. Langhólmi, út af honum 2 sker. Vestur af eyjunni liggur: 12. Freðinskeggi, 13. Bölluhólmi, 14. Löndin, framan af þeim 4 skér, fara ekki í kaf um smástraum, 15. Yztaey, í útsuður af henni 1 skér, svo nefnt Rollusker. Er svo talið allt í kring, eyjar og skér og fjara í millum heimaeyunnar og allra þessara skérja og eyja, undanteknum fyrrnefndnum Gvendareyjaboða. Fyrir innan strauma næst Rifgirðingalöndum liggur undir Gvendareyjar: 16. Grímsey, 1 skér norður af henni, 17. Grímseyjarhólmi, fjara í millum hans og eyjunnar.[543]

---

[540] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 167.
[541] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 81.
[542] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 376.
[543] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 18.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjar: Gvendareyjar meinast snemma hafa byggðar verið, 9 hndr. að dýrleika; undir þær liggja 2 eyjar: Háey og Grímsey.[544]
>
> Þeim fylgir: Háey, Grímsey og smáhólmar.[545]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Gvendareyjar:

> Gvendareyjar liggja suðvestur af Brokey og fram af bænum Straumi. Þær fóru í eyði árið 1946, en íbúðarhúsið stendur enn þá. Þær voru frekar lítið en notadrjúgt eyjabýli. Síðandi bóndi þar var Sigurður Einarsson (1890-1983) faðir Einars háskólabókavarðar og þeirra systkina. Í Gvendareyum bjó Þormóður Eiríksson.[546]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Gvendareyjar:

> Geiteyingur heitir hinsvegar sundið eða straumurinn þungi milli Geitareyja og næsta eyjabýlis fyrir norðaustan sem er Gvendareyjar. Þær eru nefndar Guðmundareyjar í Laxdæla sögu eftir Guðmundi þeim sem bjargaðist þangað með viðum þegar Þorsteinn surtur og allir aðrir skipverjar hans drukknuðu og sagt er frá í tengslum við Ólafsey á s. 86. Því nafni halda þær í máldögum Helgafellsklausturs sem eignaðist þær eigi síðar en seint á 13. öld. Um 1700 eru þær kóngsjörð og skráðar sem Gvendareyjar.[547] [...]
>
> Heimaeyjan er ekki stór en á henni er gott tún. Auk þess er útfiri mikið svo að um venjulega fjöru má ganga sem næst þurrum fótum út í sex hólma: Lönd, Ystey, Langhólma og Lynghólma að vestan og Norðurhólma tvo. Um stórstraum mátti einnig vaða suður yfir Vaðalinn í Háeyjarflögur, Háey og þaðan í Hamarsey, einnig suður í Stöng og Bæjarhólma. Í þessum hólmum öllum var sæmileg dúntekja, eggver og dálítið um lunda. Einnig var heyjað í þeim sumum en Bæjarhólma mátti þó aldrei slá. Árið 1702 eru fimm manns heimilisfastir í Gvendareyjum. Þar eru þá fimm nautgripir og 40-50 kindur auk ellefu sauða uppi á landi. Lömb voru látin ganga úti en fyrir aðra gripi þurfti að flytja mikið hey úr öðrum eyjum og hólmum enda átti bóndinn þrjú bátskip sem meir voru brúkuð til peningaflutnings en fiskjar þar sem þá var hætt að fiskast á Breiðasundi. [...] Álíka mannfjöldi var í Gvendareyjum um 1800 en helmingi fleiri en árin 1762 og 1845, átta árið 1870 og sex árin 1890 og 1920. Þær fóru í eyði 1946 og síðust bændur í Gvendareyjum voru Sigurður Einarsson og Magnúsína Björnsdóttir. Íbúðarhúsið stendur enn og er notað sem sumarbústaður.[548] [...]
>
> Norður af höfðanum norðaustan á bæjareynni er hálend eyja sem heitir Mikilnefna en var einnig að sögn kölluð Stórakunta áður fyrr. Hún lá undir

[544] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 210-211.
[545] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 228.
[546] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 166.
[547] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 82.
[548] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 82.

Geitareyjar þartil fyrir hálfri öld. Í Mikilnefnu voru sömu vanhæfi á og í Saurlátri að ekki mátti láta ær vera þar um fengitíma því að fjörulalli gekk á land og nýttist við ærnar svo að þær fæddu óskapnaði. Austur af höfðanum eru Hjallseyjar og milli hans og Litlu-Hjallseyjar er Brattistraumur, einn harðasti straumur í öllu Hvammsfjarðarmynni. Hann er þröngur og fremur grunnur með skeri í miðju og myndar á útfalli foss sem er á annan metra að fallhæð. Milli Litlu- og Stóru-Hjallseyjar er straumurinn Litli-Hjallseyingur, milli Stóru-Hjallseyjar og Tveggjalambahólma fyrir norðan hana er Stóri-Hjallseyingur en milli Tveggjalambahólma og Hóleyjar enn norðar er Hóleyingur.[549]

#### 4.3.1.16. Ólafsey

Í Jarðabók segir m.a. um Ólafsey:

> Jarðardýrleiki xiii c. Eigandinn er Guðmundur þorleifsson á Eyri. Abúandinn Jón Teitsson. […] Tún er þar sæmilegt. Nokkrar slægjur eru þar fyrir utan. […] Heimilismenn eru vi. Þar er móskurður sem ábúanda nægir. Selveiði mjög lítil. Eggver og dúntekja er hjer góð, nema refar spilli. Leitar leiguliði og beheldur eggjunum.[550]

Í landamerkjabréfi Ólafseyjar, dags. 2. janúar 1885, segir m.a.:

> Undir Ólafsey liggja hólmar þessir og skér: 1. Steinshólmi, 2. Stangarhólmi. 3. Stöngin. 4. Langhólmi inn fremri 5. Langhólmi inn efri. 6. Lynghólmi. 7. Flaga út af Lynghólma. 8. Hestaskér. 9. Endaskér. 10. Landhöfðaskér. 11. Stóraskér. 12. Jökull. 13. Helgey in ytri. 14. Helgeyjarflaga. 15. Helgey in innri. 16.-17. skér tvö norður af Helgey inni ytri. 18. Hrísey. 19. Boli, sker suður af Hrísey.[551]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjar: Ólafsey, 10 hndr. að dýrleika.[552]
>
> Þar að liggja Hrísey, Helgeyjar Langhólmar tveir, Lynghólmi, Lónhólmi m.m.[553]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Ólafsey:

> Um einn km austur af bænum í Gvendareyjum og suður af Hjallseyjum er Eldsey en um hálfan km austar er eyjabýlið Ólafsey. Hún er með stærri eyjum á Breiðafirði, víða mýrlend með djúpum jarðvegi, svo að finna má allt að fjögurra stungu mótak. Bæjarhúsin voru norðantil á eynni og er þar mikið um tóttir.[554] [...]
>
> Ólafsey virðist komin í byggð um 1400 og er þá eign Helgafellsklausturs. Um 1700 er hún komin í eigu Guðmundar ríka Þorleifssonar á Narfeyri. Þá eru þar

---

549 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 85.
550 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 377.
551 Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 24.
552 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 210-211.
553 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 228.
554 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 85.

5-6 manns í heimili, sex nautgripir og 23 kindur. Eggver og dúntekja var góð í eynni nema refar spilltu en ábúandi skyldi afhenda jarðeiganda dúninn. Dúntekja þótti reyndar mjög góð langt framá þessa öld en minkur komst í eyna. Árið 1762 eru þar átta manns, um 1800 virðist hún vera í eyði en 1845 eru þar hjón með tvo unglinga, tíu manns á tveim býlum árið 1870, sjö árið 1890 og sex árið 1920. Ólafsey fór í eyði 1944.[555] [...]

Nálega í háaustur frá bæjarstæðinu í Ólafsey er Steinsundshólmi og norðan við hann Steinsund sem greinir Ólafsey frá langstærstu eyju á Breiðafirði sem er (Brokey).[556]

Ólafsey er milli Brokeyjar og lands og fylgdu henni nokkrar eyjar, þótt nafnið sé í eintölu. Þar sjást rústir í túni milli klapparhóla, en enginn hefur búið þar síðan 1944.[557]

Rifgirðingar, sem fóru í eyði árið 1974, liggja norður af Öxney, norðan við hið straumharða Geysandasund. Þær voru taldar allgott ábýli, þótt heimaeyjan væri lítil. Kjóey var nytjuð frá Rifgirðingum, en þar var búið, líklega á síðustu öld.[558]

#### 4.3.1.17. Brokey

Í Jarðabók segir m.a. um Brokey:

> Jarðar dýrleiki er xxiiii. Eigandinn er Guðmundur Þorleifsson á Eyri. Ábúandi er Grímur Jónsson. […] Slægjur víðar þar í eyjunum en snöggvar. […] Heimilismenn xvi, þar af viii börn og úngmenni. […] Selveiði nokkur. Eggver og dúntekja í besta lagi, nema þegar refar spilla. […][559]

Í landamerkjabréfi Brokeyjar, dags. 6. júní 1885, segir m.a.:

> 1. Brokey, 2. Kjöthólmi, 3. Norðurey og svokallað vogsskér vestur af henni, 4. Eskigrasey og 2 skér vestur af henni, 5. Dýli og 3 skér vestur af honum, 6. Gagney og Gagneyjarflögur, 7. Arnarey og 4 sker vestur af henni, 8. Norðurflaga og 1 skér norðaustur af henni, 9. Bjarghólmi og 4 skér austur af honum, 10. Sótaflaga og skér hjá henni, 11. Seigbeittaflaga og skér hjá henni, 12. Bagarhólmi og 1 skér austur af honum, 12. Rauðka og þar hjá liggjandi skér, 14. Snókhólmi og Snókhólmaflaga og þar kringum liggjandi skér, 15. Andey og Andeyjarflaga og þar kringum liggjandi skér, 16. Skjaldbreið og þar hjá liggjandi skér, 17. Söðull og þar hjá liggjandi skér, 18. Háey og þar hjá liggjandi Háeyjarskér, 19. Melskér, 20. Meistari og þar hjá liggjandi skér, 21. Grænhólmi og Grænhólmaskér, 22. Fletta, 23. Hlaupandiskér 3 og þar kringum liggjandi skér, 24. Sáta, 25. Höfn, 26. Suðurey og 1 skér suður af henni, flaga austur af henni og þar hjá liggjandi skér (Þríburar og fl.), 27. Stórhólmi og Stórhólmaflögur og þar hjá liggjandi skér og Hnaus suður af, 28,

[555] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 86.
[556] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 86.
[557] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 167.
[558] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson,. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 167.
[559] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 379.

Steinsundsflaga, 29. Syndingarhólmi hinn minni, 30. Hrygghólmar tveir, 31. Tóuflaga og þar suður af skér (svo kölluð Hóleyjarskér), 32. Stóra-Hóley og þar suður af 5 skér, 33. Litla Hóley og þar hjá liggjandi 1 skér og Sandeyri (skér) vestur af, 34. Tveir Kisthólmar og þar hjá liggjandi skér, 35. Látur og þar hjá Skútunaggar (skér), 36. Grensey og þar hjá liggjandi skér, 37. Garðsundshólmi, 38. Seljaland og þar vestur af 1 lítið skér og austur af því 1 skér (Hleynaskér), 39. Kálfhólmi.

ATH: Þess skal hér með getið að einungis þau skér hér að framan talin, sem frálaus eru um stórstraumsfjöru, þeim eyjum hólmum og flögum, sem fyr eru nefnd og liggja næst löndum annara eyja, en vitanl. hvorri ey, hólma og flögu tileinkast það skér, sem áfast er um stórstraumsfjöru.[560]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Eyjur: 24 hndr. að dýrleika sú nafnfræga Brokey, hvörri tjást fylgja 300 grashólmar; skyldi þó til forna hafa óbyggð verið og brúkuð frá einni þá byggðri eyju í hennar landareign, sem Eskigrasey kallast, og hvar enn nú skyldi sjást fyrir bæjartóftum, en flest Brokeyjarlönd hafi í fornöld brúkuð verið til selstaðna og beitarlands úr áðursagðri og öðrum eyjum hvar hún sýnist þá hafa verið sökum stærðar og brokflóar einkar vel fallin, og af hvörju hún líklega hefur síðar sitt nafn fengið. Þar sjást ennþá líkindi fyrir seltóftum.[561]

Þar vestur af og fram undan Dröngum er Brokey, 58,9 hndr. að dýrleika, mjög stór og hrjóstrug; þar er gott varp og góð vetrarbeit, en lítil hlynnindi önnur. Brokey fylgja: Norðurey, Vaktarahólmar, Suðurey, Hóley, Látur, Seljalönd, Öskjugrasey, áður byggð, Arnarey, Gagney, Ferhyrningsey, Háey, Bjarneyjar, Bjarghólmar, Andarey m.m.[562]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Brokey:

Stærsta eyjan er Brokey, sem jafnframt er stærsta eyjan á Breiðafirði. [...] Henni fylgja 183 eyjar og hólmar, sem ekki fara í kaf á flæði. Sauðfé gekk að mestu sjálfala í eynni og þurfti ekki að flytja það til lands að sumrinu. Stórt íbúðarhús stendur í túni nyrst á eynni og er búið í því á sumrinu. [...][563]

Loks er að geta landnáms Eiríks rauða. Landnáma segir hann fyrst hafa numið land á Dröngum á Ströndum ásamt Þorvaldi Ásvaldssyni föður sínum, en síðan í Haukadal í Dölum þaðan sem hann var gerður sekur fyrir vígaferli. „Hann nam þá Brokey og Öxney og bjó að Tröðum í Suðurey hinn fyrsta vetur. Þá léði hann Þorgesti setstokka. Síðan fór Eiríkur í Öxney og bjó á Eiríksstöðum [...]“[564]

[560] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 22-23.
[561] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 210.
[562] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 229.
[563] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 163-166.
[564] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 158.

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Brokey:

> Aðaleyjan er hálfur fimmti km að lengd frá austri til vesturs og hálfur annar frá norðri til suðurs. Tvær stórar eyjar eru sunnan og norðan við hana sem heita Suðurey og Norðurey. Að auki eru 182 eyjar, hólmar og sker sem hafa eigið nafn. Um hundrað önnur örnefni eru í eyjunum. Bærinn og túnið eru nyrst á Brokey sjálfri þar sem Brokeyjarvogur er mjóstur milli hennar og Norðureyjar. Íbúðarhúsið stendur á Hellishól en upp af honum er Hjallhóll.[565] [...]
>
> Vestarlega á voginum er Kálfhólmi en Kjöthólmi innar.[566] [...] Sundið milli Brokeyjar og Suðureyjar heitir Hóp en ganga má þurrum fótum yfir það eftir tveim rifjum, öðru vestantil en hinu austantil við miðja ey. [...] Í vesturátt frá Míganda eru Selborgir og sér þar ljóslega fyrir rústum. Vestantil í Selborgum eru ellilegri tóttir og heita þær Traðir.[567] [...]
>
> Leifarnar af honum eru Hryggir þrír norðan við Snæfoglsey á sundinu milli Brokeyjarlanda og Skógarstrandar. Á leiðinni hrækti karlinn og varð hrákinn að svonefndum Drangaflögum. Vestur af Suðurey gengur Hryggjanes suður úr Brokey og suðvestan við það er Hóley. Norðvestast á Brokey er Seljaland næstum frálaust og innar Naustanes milli Seljalands og Kálfhólma.[568]
>
> Það má undarlegt heita að svo virðist sem ekki hafi orðið varanleg byggð í Brokey fyrr en eftir 1600. Hennar sést ekki getið í eignaskrám kirkna eða öðrum fornbréfum utan einu sinni um miðja 15. öld í tengslum við sölu á jörðinni Vörðufelli á Skógarströnd. Ekki er hún heldur nefnd í Alþingisbókum fyrr en 1720. Séra Jón Gíslason telur í sóknarlýsingu sinni frá 1842 að Brokey hafi vegna stærðar sinnar verið notuð sem almenningur til selstaðna og beitilands handa nærliggjandi eyjum. Einnig kynni eyjan að hafa verið eign leikmanna og því ekki komið við skjöl kirkna.[569]
>
> Fyrsti bóndi sem sögur fara af í Brokey er á hinn bóginn harla fyrirferðarmikill. Það er Jón Pétursson sem fæddist 1584 vestur í Arnarfirði, fór á ungum aldri til Englands, hóf búskap á Hólmlátri á Skógarströnd 1605 en flutti sig brátt út í Brokey og bjó þar til æviloka um 1670. [...] Eftir lát Jóns Péturssonar komst Brokey í eigu Eggerts ríka Björnssonar sýslumanns á Skarði, en við búinu tók brátt Grímur tengdasonur Jóns. [...] Um 1700 eru í heimili sautján manns, ellefu nautgripir eru í eyjunni, 142 kindur og einn hestur. Bóndi á þrjú skip til heimilisþarfinda sem þó brúkast ei til fiskjar. Eggver og dúntekja eru sögð í besta lagi nema refar spilli. Óvenjulegt er að sjá svo lofsamlega talað um hlunnindi í Jarðabókinni.[570] [...]
>
> Árið 1702 er Brokey í eigu Guðmundar ríka Þorleifssonar á Narfeyri og hann flytur þangað nokkrum árum síðar. Guðmundur var fæddur um 1658, sonur

[565] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 86.
[566] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 87.
[567] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 88.
[568] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 88.
[569] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 88.
[570] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 88-89.

Þorleifs Kortssonar lögmanns og giftur Helgu yngri, dóttur Eggerts ríka á Skarði. Hefur Brokey trúlega verið heimanfylgja hennar.[571] [...] Árin 1737-1746 sat í Brokey Hans Becker, danskur lögmaður norðan og vestan, en frá því sögur fara fyrst af Brokey hefur þar löngum verið margmennt og stundum tvíbýli. Eigendur og bændur hafa að jafnaði verið efnaðir virðingamenn og margir bændanna heitið Vigfús. Hinn síðasti með því nafni var Vigfús Hjaltalín. Hann keypti Brokey af Jónassen landlækni og bjó þar frá 1894-1952. [...] Önnur nýbreytni hans var að láta hlaða upp og stækka sex sker þar sem flæðihætta var mest fyrir sauðfé. [...] Þau heita Hólseyjarsker sem rúmaði 70 fjár, Árnessker tvö og tóku um 20 hvort, Kristhólmasker tvö með 20 hvort og Arneyjarsker sem tók 10-15 fjár. Reglulegum búskap var hætt í Brokey árið 1981 en synir Vigfúsar og ýmsir aðrir afkomendur eru þar enn mikinn hluta sumars og sinna hlunnindum. Sauðfé er haft samtímis í aðaleynni en látið ganga sjálfala á vetrum í smærri eyjum sem eru snjósléttari og lausar við flæðihættu.[572]

#### 4.3.1.18. Eskigrasey

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Eskigrasey:

> Er norður af Norðurey og liggur undir Brokey. Í Sturlungu segir að fyrir 1200 hafi búið þar gildur bóndi að nafni Þorvarður og leituðu menn til hans um mjölkaup. Er þetta með öðru bending til þess að akuryrkja hafi verið stunduð í sumum eyjum. Eyjarinnar er getið í eignaskrá Helgafellsklausturs 1367 og er helst svo að skilja að hún sé þá enn í byggð. [...] Engum frekari sögum fer þó af byggð í Eskigrasey en séra Jón Gíslason telur í sóknarlýsingu sinni 1842 að upphaflegt býli í Brokey hafi verið þar. Austur af Eskigrasey eru Sviðnur en norðaustur af henni er Gagney og enn lengra í sömu átt Arnarey en þar er eitt þeirra upphlöðnu skerja Vigfúsar Hjaltalíns sem fyrr voru nefnd.[573]

#### 4.3.1.19. Öxney

Í Jarðabók segir m.a. um Öxney:

> Jarðardýrleiki xvi c. Eigandinn er Guðmundur þorleifsson á Eyri. Ábúandinn Sighvatur Teitsson. […] Tún grasgefið. Aðrar slægjur eru þar og í fleiri eyjum, en bágt til sumra. […] Heimilismenn eru viii. Móskurður nógur til eldiviðar. Selveiði hefur verið þar nokkur, sem nú legst af. Eggver og dúntekja er hjer kostuleg, nema refar komist í eyna, sem varpinu spilla. Eggjunum beheldur leiguliði.[574]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Öxney eður Yxney, 16 hndr. Þar meinast fyrst hafi bærinn verið í þar undir liggjandi Galtarey hvar enn nú sést fyrir túni og tóftum, en yxni og naut í þeirri, sem nú er byggð og hún dregur nafn af, nema hvað Landnáma segir frá

---

[571] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 90.
[572] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 90-91.
[573] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 91.
[574] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 377.

> Ei<r>íks rauða, sem flóttamanns, byggð í Yxneyju, hvar fólk sýnir enn þá, hvar hús hans voru, annarstaðar en nú stendur bærinn.[575]
>
> Helztu eyja, er Yxney fylgja: Galtarey, Hrísey, Gimburey, Bænhús-Akurey, Hrúthólmur, Hávarðshólmur, Bygghólmi, Vaðalseyjar, Hrísey, Akureyjar, Flókanautur, Stefnir, Langhólmi, Hnausar m.m. [576]

Í landamerkjabréfi Yxneyjar, dags. 10. mars 1885, segir m.a.:

> Að framanverðu Norðurhólmar og Fliðruskér, mjóanesskér og skér þar út af, að utanverðu Tangahnúfur, Þröskuldasker, Gunnarssker, Bænhúshólmi, að austanverðu Þröskuldahólmi, Langhólmi, Grásteinshólmi, Hrúthólmi, Hrúthólmaflögur, Stangarskér, Álsskér. Undirliggjandi Norðureyjar, sem liggja næst Rifgirðingum: 1. Hrísey og Hríseyjarflögur, 2. Havarðshólmi, 3. Bygghólmi, 4. Kollhólmi, 5. Dagmálahólmi og þar austur af liggjandi skér, 6. Galtarey, 7. Kynvængi eða Kynvængjaflaga, 8. Bænhúsakurey, 9. Hrúthólmi, 10. Netlandshólmi, 11. Gimburey, 12. Gimbureyjarflaga. Fjarðareyjar, sem byggja næst Broeyjar eyjum, 13. Stóra vaðalsey og Vaðalseyjarflögur, 14. Hnausar, 15. Berkjakerfi, 16. Tangey og þar norður af liggjandi skér, 17. Austurey, 18. Kríuflaga og þar hjá liggjandi sker, 19. Brandshólmi og þar hjá liggjandi sker, 20. Moldbakki, 21. Grænaflaga, 22. Þernuklettur og þar kringum liggjandi skér, 23. Höfn og þar kringum liggjandi skér, 24. Hafnarflögur, 25. Böllhólmi, 26. Tjarnarhólmi, 27. Flókanautur, 28. Hrísey og þar hjá liggjandi Rauðaskér, 29. Akurey og þar kringjum liggjandi skér, 30. Einbúi, 31. Langhólmi, 32. Stefner, 33. Melskér, 34. Hundshaus og þar fram af liggjandi skér.[577]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Öxney:

> Næststærsta eyjan er Öxney, sem fór í eyði árið 1967. Hún er norðvestur af Brokey og er örmjótt sund á milli, sem nefnist Þröskuldar. Henni fylgdu góðar úteyjar og mikil hlunnindi. Kunnasti bóndi þar á þessari öld var Jónas Jóhannsson, sem bjó þar yfir 50 ár. Er eyjan í eigu barna hans og hefur eitt þeirra, Guðrún Jónsdóttir, reist sér sumarbústað í Galtarey.[578]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Öxney:

> Er rétt norðvestan Brokey svo að kalla má á milli. Heitir Helganef Brokeyjarmegin en Gíslapallur Öxneyjarmegin. [...] Öxney er önnur stærsta eyjan í klasanum undan Skógarströnd. Auk þess fylgja henni um hundrað eyjar, hólmar og sker. Margt af því var nytjað með einhverju móti þótt víða væri um erfiða strauma að fara og allt að tveggja tíma róður í fjærstu hólmana. Sjálf er Öxney nokkuð hrjóstrug með ásum og klettaborgum en grösugar mómýrar á milli og valllendi víða með sjónum. Góðar lendingar eru allt um kring í

[575] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 210-211.
[576] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 227-228.
[577] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 19-20.
[578] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 166.

aðdjúpum víkum og vogum. Sennilega er það ekki síst vegna hinna góðu lendinga hvað Öxney kemur snemma við sögu. Eftir að Eiríkur rauði hafði hrökklast innan úr Haukadal og verið einn vetur í Suðurey, reisti hann bæ í Öxney og bjó þar uns hann var enn gerður sekur á Þórnesþingi.[579] [...]

Bærinn var sunnan á eynni við Vesturvog eða Stofuvog og íbúðarhúsið sem reist var 1883 stendur á Stofuhól. Suðaustan við voginn er Akranes. Hæsti hóllinn á því heitir Hryggur og norðan við hann eru reinar sem að sögn heimamanna í Öxney skulu vera eftir gamla akra. Á austurbakkanum nokkru fyrir sunnan íbúðarhúsið er Bænhúshóll. Á honum stendur gömul skemma enda er hann líka kallaður Skemmuhóll.[580] [...]

Árið 1702 er Öxney í eigu Guðmundar Þorleifssonar á Narfeyri. Þar eru átta manns í heimili og höfðu sjö nautgripi og 37 kindur. Bóndinn á tvo báta til heimilisþarfa, eggver og dúntekja er sögð kostuleg nema refar spilli. Afhendir bóndi landsdrottni dúninn en heldur sjálfur eggjum. Móskurður er sagður nógur til eldiviðar og nokkur selveiði. Árið 1762 eru tólf manns í heimili á tveim býlum, árið 1801 þrettán manns á tveim bæjum og fjórtán á sömu bæjum árið 1845, en fimmtán árið 1870, þrettán árið 1890 og fimmtán árið 1920. Árið 1883 hóf Jóhann Jónsson búskap í eynni og var mikill umsvifamaður á jarða- og húsabætur. Eftir lát Jóhanns tók Jónas sonur hans við og bjó þar frá 1913 til 1970 þegar Öxney fór í eyði. Hlunnindum hefur verið sinnt þar síðan.[581]

#### 4.3.1.20. Rifgirðingar

Í Jarðabók segir m.a. um Rifgirðingar:

> Slægjur þar fyrir utan í hólmum.[582]

Í landamerkjabréfi Rifgirðinga, dags. 21. júní 1885, segir m.a.:

> Heima eyjan Rifgirðingar liggur innanvert við Breiðasund og á skipavík vestanvert við eyjuna svo kallaða liggja skér, sem alltaf fara í kaf, sunnanvert við eyjuna er hólmi sem Bratthólmi heitir, og norðanvert við eyjuna er hólmi, sem heitir Torfhólmi og þar inn af eyjunni Insthólmi, stóra og litla Lónflaga og 2 smá hólmar, sem kallaðir eru Hnausar og smá hólmi sem heitir Burgeis og Ívarsskér og Sirpa, og telst þetta allt heimaeyjan, því í flest þettað fjarar um fjöruna. Stjúpmóðurhólmi og Akurey og austnorður af henni liggja tvö skér, sem áður voru selalagnir við, og annað skér í þvernorður frá eynni, sem heitir Stangarskér, og fleiri skér eru útaf eynni, sem fjarar í. Við Írskuleið liggur hólmi sem heitir Bálkhólmi, og þar norður af Bálkhólmaflaga og Grímshnaus og þar fyrir innan í austnorður frá Írskuleið Mjóastraumshólmi, Stórhólmi, Akasthólmi, Rauðsskér, Æðarskér, Geldselaskér, Innri- og Ytri- Þræthólmi, Tvíhyrningur, og Lyngey, Insthólmi, Einghólmi, Kéllingarhólmi. Í útnorður frá

[579] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 91.
[580] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 92.
[581] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 92.
[582] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 378.

heimaeyunni liggja Hageyjarflögur og þar innanvert við Hagey og Fleyisklettur, Skarfaklettur, svo kallaðir frammhólmar, Hellishólmi, Moshólmi og Flathólmi, Steinaklettar eru í miðri röstinni, Gautsey sunnanvert við röstina og grasflögur norður og suður af Gautsey, Norðureyjarflaga, Lumma Tregaflaga og Flathólmaflaga. Þar næst að innanverðu liggja Kjóeyjar, Norðurey, Norðastaeyjan við röstina innanvert, og sunnan til við eyjuna Lynghólmi og Suðurey og í þessar eyjar fjarar. Og innan til við Kjóeyjar er hólmi, sem heitir Máshólmi. Helghólmi sunnanvert við Hagey.[583]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyjar: 24 hndr., voru ekki snemma byggðar, heldur í fyrndinni 2 eyjar aðskildar: Kjóey og Gautsey, sem höfðu núverandi Rifgirðingalönd til helminga, þangað til þessar jarðir seinna urðu að einu býli undir Rifgirðinga nafni; þeim fylgja 52 grashólmar.[584]
>
> Helztu eyjar: Hagey, Kjóeyjar, Gautsey, Moshólmi, Flathólmi, Hellirshólmi, Skarfaklettur, Steinaklettur, Máfshólmi, Innsthólmi, Enghólmi, Lyngey, Kerlingarhólmi, Tvíhyrningur, Þrætuhólmi, Stórhólmi, Mjóastraumshólmi, Helghólmi, Bálkhólmi, Akurey, Stjúpmóðurhólmi, Bratthólmi, Fleygirsklettur m.m.[585]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Rifgirðingar:

> Heimaeyjan er fremur lítil en fjölmörg rif tengja hana við eyjar og sker umhverfis og af því er nafnið trúlega dregið. [...] Séra Jón Gíslason segir í sóknarlýsingu sinni frá 1842 að byggð hafi í fyrndinni ekki verið í Rifgirðingum sjálfum heldur í Kjóey og Gautsey (Gussey) sem höfðu Rifgirðingalönd til helminga en urðu síðan að einu býli undir Rifgirðinganafni. Bærinn í Rifgirðingum stóð vestarlega á eynni við botn Skjaldarvíkur. Oft var þar tvíbýli og jafnvel þríbýli en eitt þeirra kann að hafa verið norður í Kjóeyjum. Efribær var heldur norðar en húsið sem enn stendur og er frá 1912. Á milli þeirra er Stofuhóll. Norðan við hann var Stofuhólsbrunnur en Efribæjarbrunnur var rétt fram undan þeim bæ.[586] [...] Mótoftarbarð er bakki niður við Skjaldarvík og Mótóftarhlein fram undan því. Þar var lent þegar komið var með eldivið en þá þurfti sjór að standa hátt. Hann var geymdur á barðinu og stundum reft yfir. Sunnar er Stórahlein og þar var hægt að leggja að um fjöru.[587] [...]
>
> Tanginn sunnan við Skjaldarvík kallast Höfði og á honum er Höfðaborg. Suður frá honum gengur rif út í Suðurey. Hún er grösug og þar var kúm oft beitt. Rifið fer í kaf á flóði nema lítil flaga á því miðju sem heitir Baula. Ekkert vatnsból er í Suðurey og syntu kýrnar oft úr henni á flóði og hvíldu sig í Baulu. Innri-Suðurey austar og Bratthólmi vestar eru sunnan við Suðurey og tengjast henni með rifjum. Bæði eru grösug og þar var sauðfé beitt. Austan við Efribæ

[583] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 21.
[584] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 210-211.
[585] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 227-228.
[586] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 94.
[587] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 94.

er Stórhóll og suður úr honum Salttangi. Austur úr honum gengur Salttangarif yfir í Austurey og fellur yfir það um háflóð. Norðan við Austurey er Stekkjarlág og mótar þar fyrir garðlögum. Norðan við hana heitir Norðurey. Austur af henni er rif og á því klettadrangur sem heitir Kaleikur, sennilega vegna lögunar. Þó er annar lægri norðan við hann enn líkari bikar í laginu. Austan við Kaleik er Miðhólmi, síðan Innsthólmi og austan við hann þrír litlir grashólmar og nefnast Hnausar. Norðaustan við þá er Bálkhólmi nokkuð hár og grösugur og gaf af sér þrjátíu sátur. Írskaleið heitir sundið sunnan við milli hans og Hríseyjarflagna sem teljast til Öxneyjar. Norðan við er Heyleið milli hans og Bálkhólmaflögu og áfram inn með Gimburey og Bænhús-Akurey að norðan en þær teljast einnig til Öxneyjar.[588] Skipatangi gengur einnig til vesturs norðan við Skjaldarvík. Fram af honum er Bratthólmasteinn og austan við hann Mjaltavör. Þessi örnefni eiga að vera til komin af því að mátulegt þótti að sækja fé í Bratthólma þegar féll yfir steininn en róið hafi verið úr vörinni yfir Hageyjarsund til að mjólka kýr sem gengur norður í Hagey. Hún er aflöng frá norðaustri til suðvesturs, mun stærri en heimaeyjan og mest notuð til beitar. Norðvestan við Hagey er Gussey allstór sem kölluð er Gautey í sóknarlýsingu 1842. Sunnan við hana er kölluð Tregaflaga. [...] Norðan við Gussey er sjálf Röstin, breiðasta sundið inn í Hvammmsfjörð. Í miðri Röstinni eru klettar nokkuð háir og heita Steinaklettar (innri). Milli þeirra er þröngt sund, Blikasund. Það mun vera kennt við skip sem Hallgrímur á Staðarfelli átti. [...] Flagan norðan við það er oft nefnd Spilflaga. [...] [Á]rið 1702 voru ellefu manns í Rifgirðingum, níu nautgripir og 50 kindur. Árið 1762 eru þar þrír bændur og alls átján manns heimilisfastir. Sem áður segir kann eitt býlið að hafa verið í Kjóeyjum. Bóndinn í Rifgirðingum sem efst er skráður í manntalinu 1762 heitir Sigurður Eiríksson og árið 1801 býr þar Eiríkur sonur hans. Heimilismenn hans voru þrettán. [...] Árið 1845 eru þar níu manns, ellefu árið 1870 og fimmtán árið 1890. Rifgirðingar fóru í eyði árið 1974 en hafa verið nytjaðar á sumrin. Austan við Gussey er eyjaklasi sem oft er einu nafni kallaður (Kjóeyjar).[589]

#### 4.3.1.21. Kjóeyjar

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Kjóeyjar:

> Eru settar hér á bás með byggðum eyjum því að helst verður að skilja máldaga Helgafellsklausturs frá 1397 svo, að þar sé þá búið. Í manntali frá 1880 er einnig látið svo sem þar sé sérstakt býli með sjö manns, en áhöld kunna að vera um hvort réttara sé að telja það afbýli frá Rifgirðingum einsog gert virðist í manntalinu 1890. Norðurey er norðvestust Kjóeyja og heitir Norðureyjarsund milli hennar og Gusseyjar. Austantil á henni er Vörðuhóll sem er siglingamerki fyrir leiðina inn Röst. Suðaustan við Norðurey er sjálf Kjóey og rif á milli sem fellur yfir. Hún er stór og grösug. Syðst á henni var bær enda sjást rústir og garðlög mjög greinilega. [...] Suðaustan við Kjóey er Lynghólmi stór og lyngi vaxinn en milli þeirra er Kjóeyjarvogur. Vestan við Lynghólma er rif suður úr Kjóey yfir á aflangan hólma sem heitir Magáll og er samfastur annarri Suðurey

[588] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 94-95.
[589] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 95-97.

en þeim í Rifgirðingum og Brokey. Suðaustan við hana er Mjóastraumshólmi lítill og grösugur og milli þeirra Mjóistraumur mjög harður og svo mjór á einum stað að taka varð inn árar þegar farið var í gegn. Sunnan við Mjóastraumshólma er Tvíhyrningur, hár hólmi í miðju, lækkar til austurs og vesturs en hækkar aftur til endanna og myndar einsog tvö horn. [...] Vestan við Tvíhyrning er Lyngeyjarhólmi og síðan Lyngey vestan við hann. Vestan við Lyngey eru Lyngeyjarsker sem fara í kaf á flóði. [...] Sunnan við Tvíhyrning er Kerlingarhólmi.[590] Innan við Kerlingarhólma er Enghólmi og sunnan við hann Grímseyjarsund sem er framhald af Heyleiðinni inn á Hvammsfjörð. Sunnan við það er Grímsey sem telst til Gvendareyja. Þar er sagt að verið hafi sérstakt býli og altént eru þar nokkrar tóftir. [...] Á miðju rifinu [rifinu til Suðureyjar] er Sultarhólmi hár að austan en hallar til vesturs. [...] Í sóknarlýsingu sinni frá 1842 nefnir séra Jón Gíslason þær sagnir að upprunalega hafi Öxneyjarbær staðið í Galtarey en nautabeit verið í Öxney. Í Galtarey hefur risið sumarhús.[591]

#### 4.3.1.22. Gjarðeyjar

Í landamerkjabréfi Gjarðeyjar, ódags., segir m.a.:

> 1. Ytri Gjarðey, suður af henni skérja fláki stór, og lítill hólmi sem Gjörð heitir; norðan til við eyjuna Krýjuflaga austur af henni 1 skér[.] Við austnorður enda eyjarinnar 2 skér. 2. Hrútey, suður af henni Hrúteyjarflaga og 2 skér vestur af henni, austur af henni 2 hólmar sem heita Hnausar. 3. Stafey, sunnan til við hana liggja þessir smá hólmar: Litla-Stafey, Smiðjutangaflaga, Túnflaga, Stafeyjarhnaus, austur af henni 2 smáskér, sem aðeins koma upp um fjöru. 4. Innri-Gjarðey, austnorður af henni 1 skér Sauðaspillir þaðan í austur æðar skér. 5. Tveggja lambahólmi, útnorður af honum 2 skér (Rastarskér). 6. Sigríðarhólmi, austur af honum 2 skér (Þrætuskér). 7. Máshólmi, austur af honum stórt skér og þaðan í austur lítið skér, sem aðeins kemur upp um fjörur 8. Húsey, við vestur enda hennar 2 skér, en austur af henni er klettur (Húseyjarstöng) og þar hjá liggjandi Stangarskér. 9. Skeley, vestur af henni 2 smá flögur (Skeleyjarflögur), norður af henni 4 skér (Skeleyjarskér), þar norður af miðleiðarskér og 3 smá skér. 10. Snjáfoksey, útnorður af henni 2 skér. 11. Fletta 12. Þrír smá hólmar liggjandi hver hjá öðrum, heita Hryggir, sunnantil við þá Hryggjaflaga en norðan til skérið Auðunnarboði.[592]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Gjarðeyjar:

> Gjarðey liggur alllangt austur af Brokey og fór í eyði árið 1927. Aðaleyjarnar eru tvær og voru þær eign Snókdalskirkju ásamt fleiri eyjum, en tilheyra nú jörðinni Dröngum.[593]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Gjarðeyjar:

[590] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 97-98.
[591] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 98.
[592] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 25.
[593] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 168.

Eftir er að nefna eitt eyjabýli innar á firðinum sem oftast er einu nafni kallað Gjarðeyjar. Heimaeyjan eða Ytri-Gjarðey er um tvo km fyrir austan Brokey. Bærinn var ýmist þar eða í Stafey sem er um einum km austar og enn grasgefnari. Þar var bærinn t.d. árið 1702 og 1860 en í Gjarðey á síðustu áratugum 19. aldar. Oftast áttu þar heima 5-6 manns. Þar var búið til 1927. Vel sést enn húsgrunnur þar sem bærinn stóð í Ytri-Gjarðey. [...]

Innri-Gjarðey er austar en hin og var hlaðin grjótbryggja milli þeirra um síðustu aldamót. Sunnan við heimeyna er hólmi líkur hálfhring í laginu og heitir Gjörð. [...] Sunnan við Gjörð er enn einn Tveggjalambahólmi nokkuð hár með tanga austurúr og tveim klettahnúfum. [...] Suðvestan við hann er Þrætusker. Þar kæpti útselur og varð skerið því þrætuefni milli Gjarðeyjar og Breiðabólstaðar á Skógarströnd. Norðaustan við Gjarðey er Hrútey allhá graseyja. Laxdæla segir frá því er Þorkell Eyjólfsson, síðasti bóndi Guðrúnar Ósvífursdóttur, sigldi frá Ljáeyri út Hvammsfjörð með við í kirkju þá sem hann hugðir reisa heima á Helgafelli: „Þeir Þorkell sigla þartil er þeir komu að Bjarnarey. Sáu menn ferðina af hvorutveggja landinu. En er þeir voru þar komnir þá laust hviðu í seglið og hvelfdi skipinu. Þorkell drukknaði þar og allir þeir menn er með honum voru. Viðuna rak víða um eyjar; hornstafina rak í þá ey er Stafey heitir síðan.“[594]

#### 4.3.1.23. Stafey

Í Jarðabók segir m.a. um Stafey:

> Tvö báta á ábúandi, annars gengur stundum til fiskjar í Höskuldsey.[595]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Stafey:

> Stafey í Snæfellsnessýslu er á móts við bæinn Valshamar á Skógaströnd að sunnan og Ytrafell á Fellströnd að norðan. Á henni var innsta eyjabýli sem vitað er um á Hvammsfirði.[596]

#### 4.3.1.24. Hafursfjarðarey / Haffjarðarey

Í Jarðabók segir m.a. um Haffjarðarey:

> Hjer hefur að fornu kirkja verið og greftrarstaður, og eru þess sýnileg merki, sem eru mannabein, sem sjór og veður brýtur og blæs upp. Sýnist sem kirkjan hafi hjeðan flutt verið fyrir óhægðar saki yfir sjó að sækja og háska fyrir sjáfargángi, og í hennar stað upp aftur komin kirkjan á Ytra Rauðamel.[597]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

---

[594] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 99-100.
[595] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 379.
[596] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 101.
[597] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 45.

> 16 hndr, landlítil jörð. Mælir einasta fram með henni þurrar og grasgóðar slægjur í Hafursfjarðareyjum.[598]

Í Árbók Ferðafélagsins 1932 segir m.a. um Hausthús:

> Yzti bær í Eyjahreppi við sjóinn heitir Hausthús. Þar framundan eru Hausthúsafjörur. Á þeim fjörum eru eyjar, sem standa á þurru um fjöru; þar er Hafursfjarðarey, er var höfðingjasetur mikið, en er nú fyrir margt löngu í eyði. Eyjan blæs upp, og rústir af bæ goðans í Hafursfjarðarey, kirkjan og kirkjugarðurinn og mannabein forn er allt í sandi orpið, en þó er þar enn gagnsamlegt land fyrir bóndann í Hausthúsum.[599]

### 4.3.2. Eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem heyra undir jarðir

#### 4.3.2.1. Dýpriey og Grynnriey

Í landamerkjabók fyrir jörðina Kóngsbakka, dags. 1. september 1884 kemur eftirfarandi fram:

> Undir jörðinni liggja þessar eyjar: 1. Purkey, framundan utanverðri Kljáá og fjarar fram í hana um flestar fjörur. 2. Hinar svo~~kölluðu~~ nefndu Kongsbakkaeyjar er liggja næstum í norður frá bænum, eru þær nefndar grynnriey og dýpriey eptir legu þeirra. Einnig fylgja jörðinni öll þau skér er liggja í kringum eyjar þessar og fjarar út í flest þeirra um stórstrauma- nema Selskér, er liggur milli grynnri og dýprieyjar.[600]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a.:

> Í landsuður frá Hafnareyjum eru Dýpriey og Grynnriey sem nytjaðar eru frá Kóngsbakka.[601] [...]

#### 4.3.2.2. Eskjugrasey, Æðarklettur, Skiley, Flókaflögur

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Litlahraun (Setahraun):

> Millum Litlahrauns og Snorrastaða eru kallaðar Básafjörur. Á þeim liggur Eskjugrasey, láglend að norðanverðu, há og klettótt útsunnanvert, öll grasi vaxin. Eru þar ýmiss konar jurtir, t.a.m. melur, villibaunir, meistar<a>jurt, pungagras, fjallagrös, vegbreið, sjóarfi, grávíðir og lúsalyng. Hún er hér um bil 200 faðmar ummáls, nálægt 300 faðma undan landi, þar sem skemmst er, en 1200 faðm<a> lengst. Þar frá í útsuður hér um bil ½ viku, er klettur kallaður Æðarklettur, vaxinn mel og skarfakáli. Af sjóar umróti eru brotin gögn í gegnum hann og ná nú upp í gegn, 4 álna breið. Klettur þessi liggur á landamerkjum 3iggja jarða, Snorrast(aða), Jörva og Litlahrauns. Við hann og næstnefnda ey er látursels kópaveiði Litlahraunsbænda á vorum, samt við lítið

[598] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 57.
[599] Ferðafélag Íslands, höfund vantar. Árbók 1932, bls. 10.
[600] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 39.
[601] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 59.

sker, þó hátt nokkuð í útsuður frá klettinum, í hvört fjarar um stórstraum. Undir Litlahr(aun) liggur líka Skiley fyrir utan Básahraun, arðlaus og fer í kaf um stærstu strauma, hefir aldrei verið grasi sprottin. Í Hafursfjarðarósi liggja Flókaflögur, er taka nafn af því, að áður fengu menn þar smásprökur.[602]

**4.3.2.3. Stórahraunseyjar**

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Stórahraunseyjar:

> Nes gengur niður með Haffjarðartá beint í útsuður, hérumbil 200 faðmar á breidd. [...] Nesið er bæði melótt og grasivaxið. 2 eyjar eru þar í ósnum (Haff(jarðar)árós) hvör fram undan annarri, kenndar við bæinn, með töðugresi og klettum umhverfis, 80 faðma frá landi. Í þeim er kríu-, tjaldurs- og teistikofuvarp.[603]

**4.3.2.4. Landey, grynnri og dýpri Hafnarey og Hrútey**

Í landamerkjabréfi Bjarnarhafnar, dags. 7. júní 1884, segir m.a.:

> Undir jörðina liggja Ámýrar, eyjarnar Hafnareyjar, Guðnýjarstaðahólmur, Danskur og Stangaskér 5 að tölu. Ítak á jörðin, búðarstæði og báts uppsátur í Höskuldsey.[604]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Bjarnarhöfn:

> Bjarnarhöfn var landnámsjörð Bjarnar austræna og stendur við norðausturhorn fjallsins þar sem undirlendi er einna mest. Þar hefur verið stórbýli um aldir, enda er land jarðarinnar mikið og gott með hjáleigum og eyjagagni. Hlunnindi eru af æðarvarpi, selveiði, fuglatekju og veiðiskap, en jörðinni fylgja Landey, grynnri og dýpri Hafnarey og Hrútey, allar með góðum grasnytjum. Í Hafnareyjum var sjálfstætt býli allt fram á 19. öld. [...] Nú eru í Bjarnarhöfn tvö nýleg íbúðarhús og auk þess gamalt tvílyft timburhús og stór og mikil fjárhús frá þeim tímum, er Thor Jensen átti jörðina.[605]

**4.3.2.5. Snorri, Nónnes, Hrísey, Miðey, Efriey, Háey, Skeggi, og (dýpri eyjar) Ólafsey, Hnífey, Tveggjalambahólmi og Blikasker**

Í Jarðabók segir m.a. um Jónsnes (Þórsnes):

> Jörðunni fylgja hólmar nokkrir, Ólafsey, Hnífsey, og iii smáhólmar. Eru í þeim slægjur nokkrar, eggver eða dúntekja engin en lundatekja rjett góð.[606]

Í landamerkjabréfi Jónsness, dags. 22. maí 1891, segir m.a.:

---

602 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 32-33.
603 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 32-33.
604 Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 41.
605 Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 113.
606 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 322.

Jónsnesi fylgir: Háey, Hrísey, Snorrahólmi, Ólafsey, Flögur, Hnífsey, Tveggjalambahólmi, Tindskér, Blikaskér.[607]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Jörðinni fylgja góðar og arðsamar eyjar.[608]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Jónsnes:

Hún var ein af þeim hlunnindajörðum, sem stóðu undir orðstír Breiðafjarðar sem kostalandshluta. Þar var mikil dúntekja og veiðiskapur í þeim mörgu og góðu eyjum, sem jörðinni fylgdu, bæði þeim sem fjarar í eins og Snorra, Nónnesi, Hrísey, Miðey, Efriey, Háey og Skeggja og eins hinum svonefndu dýpri eyjum eins og Ólafsey, Hnífey, Tveggjalambahólma og Blikaskerjum. [...] Nú er jörðin notuð sem hesthagar. Jónsnes hét upphaflega Þórsnes eins og áður segir, en eftir að Helgafellsklaustur eignaðist jörðina, hefur ekki þótt hæfða, að hún bæri nafn heiðins goðs, en Jón er annað nafn á Jóhannesi skírara.[609]

#### 4.3.2.6. Hrútey

Í Jarðabók segir m.a. um Berserkjahraun:

Ey ein fylgir kölluð Hrútey, þar eru slægjur og lundatekja góð.

Hjáleiga – Hraunháls: Sölvatekju í fjörunni og lundatekju í eyjunni hefur hjáleigumaður með leyfi heimabóndans.[610]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Tæpa þrjá km austur af Akureyjum er Hrútey klettótt og fremur há (15 m) og heitir Höggið þar sem hún er hæst. Við hana er kenndur Hrúteyjaráll sem er nær skerjalaus siglingaleið utan af Breiðafirði norðan Akureyja og Hrúteyjar inn undir Jónsnes.[611]

#### 4.3.2.7. Örlygsey, Vogshólmi

Í landamerkjabréfi Dældarkots, dags. 22. maí 1891, segir m.a.:

Síðan ræður állinn í Nesvog allt inn að Vogshólma, sem áður er nefndur stóri hólmi, auk hans fylgir Dældarkoti Örlögsey, sem liggur inn af Grísanesi.[612]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Borgarland:

---

[607] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 31.
[608] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls.190-191.
[609] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 120-121.
[610] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 330.
[611] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 59.
[612] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 31.

Örlygsey og Vogshólmi í Nesvogi fylgja jörðinni.[613]

#### 4.3.2.8. Helgafellseyjar

Í Jarðabók segir m.a. um Helgafell:

> Jörðunni fylgja eyjar, Seley, Akurey, Skákarey og aðrir vel 20 smáhólmar. Í þeim er sumum slægjur, öllum nokkuð eggver, dúntekja og lundatekja góð og sumstaðar selveiði. Af þessum eru sumir lagðir til þíngvalla til grasnautnar, en staðarhaldarinn hefur annan ágóða. Kirkjan á v búðir í Höskuldsey, af hvörjum iii eru nú brúkaðar.[614]

Í landamerkjabréfi Helgafells með Undirtúnslandi, dags. 22. maí 1891, segir m.a.:

> Sameignarlandi Helgafells og Undirtúns fylgja Örfussey, Undirtúnsflögur Grísanesstöng, Hrafnshólmi og Lynghólmi, síðan ræður állinn í Saurarvog (Vígrafirði) út á móts við Rauðsteinalæk. Helgafelli fylgir Helgafellsengi eða Skjaldarland; Undirtúni fylgir lítill engjablettur á Helgafellsengjum við Saurasýki.
>
> Helgafelli tilheyra ennfremur eyjarnar: Fagurey, Seley, Írland með flögu[,] Hundshausar tveir og Lundaklettur, Skákarey með Kirkjupáli og flögu, Tjarnarhólmi með flögu, Grænhólmi með flögu, Syðri-Langhólmi með flögu, Norðari-Langhólmi með flögu, Æðarskér, Merarflaga, Mannabanaskér, Akurey með Sveinshólma, Stórahólma, Svartbakahólma og Yztahólma, Melsker 2, Lón, Fimmálnaflaga, Stapar 3, Söðlar 3, Svartbakaskér 2. Milli eyjanna og annara eyja í kring ræður dýpið í kring og eins skérja sem flæðir yfir. Ennfremut heyrir Helgafelli til: Vaðstakksey, Steinólfsskér, Antælisskér, Bulluskér og Hempusker o.fl. skér þar í kring – dýpið ræður einnig hér Fáskrúð og Veiðileysa þar lengra út í frá.[615]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Helgafell með öllum hjáleigum og undirliggjandi eyjum, 60 hndr. að dýrleika; vegalengd frá Saurum að Helgafelli er hér um 3/3 mílu. [...] Eyjar og hólmar fylgja jörðinni, og er grasnyt þeirra mjög úr sér gengin.[616]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Helgafell:

> Þetta hefur ætíð verið stærsta bújörðin á Þórsnesi og fylgdu henni yfir 20 eyjar og hólmar bæði með grasnyt og fuglatekju, en þær voru flestar teknar undan jörðinni, þegar hún hætti að vera prestsetur.[617]

---

[613] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 121.
[614] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 316.
[615] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 31-32.
[616] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 190.
[617] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 123.

### 4.3.2.9. Melrakkaey

Í Jarðabók segir m.a. um Setberg:

> Undir staðinn liggur ey, kölluð Melrakkaey. Þar er heyskapur og eggver sem áður getur, item lundatekja að nokkru gagni.[618]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Henni fylgdi áður ein eyja.[619] Undir Setberg liggur Galtarey og Stelkshólmi með lítils háttar varpi og kofnatekju. Galtarey var mjög grasgefin fyrrum sökum kríuvarps, sem allt er horfið og grasið að miklu leyti með.[620]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Melrakkaey:

> Mestu hlunnindin sem nytjuð voru frá Setbergi voru í Melrakkaey, sem er allstór eyja í mynni Grundarfjarðar og danskir sæfarar kölluðu eyju prestsins. Þar var bæði æðarvarp, kofnatekja og grasnytjar. Hefur eyjan verið eign Setbergskirkju að minnsta kosti frá miðri 14. öld. Herma munnmæli, að eyjan hafi fyrr legið undir Krossnes, en þaðan er skemmt til hennar frá landi. Kerling ein, sem þar bjó, missti tvo syni sína í sjóinn og fundust þeir eigi fyrr en hún hét á Setbergskirkju að gefa henni eyna. Er eyjan að mestu girt hömrum úr stuðlabergi nema að vestanverðu. Þar er lendingin í urðarvík. Var útræði úr eynni í eina tíð og sjást þar rústir af hjöllum. Eyjan er mjög grasgefin og var lengi stundaður heyskapur þar og taldist eyjan 13-14 dagsláttur. [...] Fuglalíf í eynni er með afbrigðum fjölskrúðugt og af þeim sökum var hún friðlýst árið 1971.[621]

Í Árbók Ferðafélagsins, Breiðafjarðareyjar, segir m.a. um Melrakkaey:

> Í miðju mynni Grundarfjarðar er Melrakkaey allstór og grösug og má ekki villast á henni og samnefndri eyju undan Þórsnesi 35 km austar. Melrakkaey á Grundarfirði lá undir kirkjustaðinn Setberg í Eyrarsveit og var nytjuð til heyskapar auk eggja- og lundatekju en hefur aldrei verið byggð. Kofar voru þó reistir þar fyrir vinnufólk. Frá 1971 hefur eyjan verið friðlýst sem griðland fugla.[622]

### 4.3.2.10. Landey, Múli, Hrappsey og Dilkur

Í Jarðabók segir m.a. um Keiksbakka:

---

[618] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 280.
[619] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 216.
[620] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 229.
[621] Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 64-65.
[622] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 54.

> Jörðunni fylgja eyjar fyrir landi, Hrafnsey, Múli, Dilkur, Landey, sem reiknast með í jarðarinnar dýrleik. Þar í er heyskapur og eggver mjög lítið; lundatekja að nokkru gagni, þó ei mikil.[623]

Í landamerkjabréfi Keisbakka, ódags., segir m.a.:

> Undir Keisbakka liggja 4 smáeyjar, Landey, Múli, Hrafnsey Dilkur, fram undan Keisbakkalandi.[624]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Bændaeign, Undir hana liggja þrjár smáeyjar með litlu varpi og slægjum.[625]

> Keisbakka fylgja Landeyjar tvær, Hrappsey og Dilkur. Í þeim er lítils háttar af æðarvarpi og kofnatekju.[626]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Keisbakka:

> Neðan þjóðvegar vestan Bakkaár er bærinn Keisbakki, sem er sjávarjörð og liggja eyjarnar Landey, Múli, Hrappsey og Dilkur undir hana. Bær þessi hét áður Bakki, en er sagður kenndur við Kolbein keis, sem virðist hafa keypt jörðina á fyrri hluta 15. aldar af Oddi lepp Þórðarsyni.[627]

#### 4.3.2.11. Flatey (Breiðabólsstaður)

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Breiðabólsstað:

> Undir henni er 1 lítil ey, Flatey að nafni, í hvörri fást 200-300 kofna og eitt kýrgras, samt nú með töluverðum tilraunum 1 pd. æðardúns.[628]

> Þar hjá er Flatey, sem liggur undir Breiðabólstað. Hún er grasgefin með lítilsháttar varpi og kofnatekju.[629]

#### 4.3.2.12. Árnhúsaey (Skógarströnd)

Í landamerkjabréfi Árnahúsa, dags. 4. maí 1883, segir m.a.:

> Eyja sú, sem fram undan liggur og Árnhúseyja nefnist fylgir téðri jörðu.[630]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Undir Árnhús liggur Árnhúsaey, mjög arðlítil.[631]

---

623 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 365.
624 Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 13.
625 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 215.
626 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 227.
627 Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 171.
628 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 215.
629 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 227.
630 Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 4.
631 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 227.

#### 4.3.2.13. Engeyjar, Geitareyjar, Skeiðarhólmi, Virkishólmi

Í landamerkjabréfi Narfeyrar, dags. 20. desember 1921, segir m.a.:

> Á milli Narfeyrar og Ós ræður Langadalsá. Undir Narfeyri liggja 2 hólmar sunnan halt undan áfrarveginum, sem heita Skeiðarhólmi og Virkishólmi.[632]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Kirkjan á eftir Vilchinsmáldaga 20 hndr. í eyjum (til að geta Engeyjar, sem óbyggðar liggja undir staðinn og Geitareyjar, lögbýli, á hvörju ekki er auglýst hundraðatala).[633]
>
> Narfeyri fylgja smáhólmar.[634]

#### 4.3.2.14. Straumsey, Straumseyjarhólmi austari, Straumseyjarhólmi vestari og Þjófatakshólmi

Í Jarðabók segir m.a. um Straum:

> Ey ein er fyrir landi, heitir Straumsey, og ii hólmar kallaðir Straumshólar; þetta reiknast með jarðarinnar dýrleika. Í þessum eyjum eru nokkrar slægjur og lítilsháttar eggver; dúntekja so sem svara kann xv mörkum. Nýtur leiguliði þessarra hlunninda. Sölvafjara hefur verið á nokkrum skerjum, mínkar so leiguliði fjekk í fyrra ei fulla tunnu.[635]

Í landamerkjabréfi Straums segir m.a.:

> Undir jörðina Straum liggja þessar eyjar: 1. Straumsey, 2. Straumseyjarhólmi austari, 3. Straumseyjarhólmi vestari og 4. Þjófatakshólmi.[636]

#### 4.3.2.15. Hríseyjar tvær, Virkishólmi og Salthólmi

Í Jarðabók segir m.a. um Ós:

> Jörðunni fylgja tvær samfastar eyjar kallaðar Hríseyjar, og einn lítils verður hólmi. Í eyjunum er heykapur nokkur, eggver lítið, lundatekja nokkurs verð. Sölvafjara kringum eyjarnar á skerjum gagnleg leiguliða.[637]

Í skýrslu um landamerki þjóðjarða í Skógarstrandarumboði segir eftirfarandi um Ós:

> Jörð þessari fylgja 2 varphólmar, sem báðir nefnast einu nafni Hríseyjar; 3. hólmi fylgir og, og er kallaður Salthólmi.[638]

---

[632] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 8.
[633] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 216.
[634] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 229.
[635] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 369.
[636] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 14.
[637] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 369.
[638] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 15.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Þar liggur undir ein ey með litlu varpi og slægjum, haga- og slægnalítil.[639]
>
> Undir Ós liggja Hríseyjar tvær, góðar eyjar að slægjum, beit og kofnatekju og varp nokkurt. Við landið á Ósi eru þessir hólmar: Virkishólmi og Salthólmi.[640]

#### 4.3.2.16. Galtarey

Í Jarðabók segir m.a. um Setberg:

> Jörðin á í sjó eina ey, kallaða Galtarey, og hólma, kallast Stelkshólmi og smáflögur iii grasi vaxnar. Er í þessu öllu nokkur heyskapur, eggver nokkuð, selveiði lítil.[641]

#### 4.3.2.17. Öffursey stærri, Öffursey minni, Hnaus, Litla Fletta, Skammshólmi, Landamerkjahólmi, Hanakróarhólmi

Í landamerkjabréfi Háls, ódags., segir m.a.:

> Undir jörðina Háls liggja þessar eyjar: 1. Öffursey stærri, 2. Öffursey minni, 3. Hnaus, 4. Litla Fletta, 5, Skammshólmi, 6. Landamerkjahólmi, 7. Hanakróarhólmi.[642]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Undir Háls liggur Örfírisey, arðlítil og smáhólmar.[643]

#### 4.3.2.18. Háey

Í Jarðabók segir m.a. um Stóra-Langadal:

> Jörðunni heyrir til ein ey, sem liggur fyrir Straums landi, heitir Háey; er jörðunni aldeilis gagnlaus, kynni heldur þjéna Ósi eða Straum til lítillrar beitar.[644]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Undir Stóra-Langadal liggur Háey fyrir framan Straum, arðlaus.[645]

#### 4.3.2.19. Valshamarseyjar

Í Jarðabók segir m.a. um Valshamar:

---

[639] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 216.
[640] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 228.
[641] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 370.
[642] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 14.
[643] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 229.
[644] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 373.
[645] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 229.

Jörðunni fylgja eyjar fyrir landi, Hrafnsey, Múli, Dilkur, Landey, sem reiknast með í jarðarinnar dýrleik. Þar í er heyskapur og eggver mjög lítið; lundatekja að nokkru gagni, þó ei mikil.[646]

Sölvafjöru á jörðin á skeri því, sem kallað er Drángaflaga, er kominn frá Helgafelli fyrir raftviðarhögg, sem Helgafell á í Drángaskógi. Jörðunni fylgir ein ey kölluð Flatey, er þar í heyskapur, eggver lítið, lundatekja góð.[647]

Í landamerkjabréfi Valshamars, ódags., segir m.a.:

1. Innstey og 3 skér til austurs, og vestur af eyjunni 1 skér og 2 flögur, sem heita Snókhólmi og Hnaus, 2. Miðey og Miðeyjarskér til suðurs, og tvær flögur til vesturs, sem heita Miðeyjarflögur, 3. Ystey til vesturs af Miðey, 4. Tjaldshólmi og Tjaldshólmaskér, 5. Lýnghólmi og Lynghólmaflaga, 6. Efri-Langhólmi, 7. Fremmri-Langhólmi, 8. Krýjuflaga, 9. Háhólmi og Háhólmaskér. Að Valshamarseyjum liggja þessi lönd, sunnan og vestan Valshamars, og Breiðabólstaðarland, að norðan liggur Gjarðey, að austan Hvammsfjörður.[648]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Framundan Valshamars- og Breiðabólstaðarlandi liggja eyjar, er Valshamarseyjar heita, sérstök eign, 5,8 hndr. að dýrl(eika), langt um og lágt metnar; ágætar að varpi, slægjum og beit. Þetta eru eyjar þær, er bóndinn að Valshamri varð að láta af hendi fyrir bjargir við Aron Hjörleifsson (sjá Sturlungu).[649]

### 4.3.2.20. Snókdalseyjar / Gjarðeyjar

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Litlu norðar eru Snókdalseyjar, eign Snókdalskirkju, 25,8 hndr. að dýrl(eika), sæmilegar að varpi, grasi og beit; Garðeyjar tvær; Stafey, Hrútey, Skeley, Húsey, Snæfoksey og nokkrir smáhólmar.[650]

### 4.3.2.21. Engeyjar

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Vestur undan Yxney eru Engeyjar, 11,7 hndr. að dýrl(eika), tvær eyjar óbyggðar, tilheyra Narfeyrarkirkjueign, í þeim er lítið varp, en gras og kofa að mun. Þeim fylgir Sultarhólmi.[651]

---

[646] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 365.
[647] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 366.
[648] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 26.
[649] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 229.
[650] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 229.
[651] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 229.

#### 4.3.2.22. Leiðólfsey, Þormóðseyjarklettur

Í Jarðabók segir m.a. um Ögur:

> Jörðunni fylgja ii hólmar, Leiðólfsey og Þormóðseyjarklettur. Í þeim er eggver lítilfjörlegt og dúntekja, slægjur nokkrar og lundatekja sæmileg. Búðarstöðu og skipsuppsátur á jörðin í Höskuldsey mót húsatorfsristu, sem Höskuldsey á þar. Skip ii á hann, gengur annað til fiskjar um vertíð í Höskuldsey.[652]

Í landamerkjabréfi Ögurs, dags. 9. apríl 1889 segir m.a.:

> Undir Ögur liggur Leiðólfsey og Þormóðseyjarklettur.[653]

#### 4.3.2.23. Purkey, Kóngsbakkaeyjar

Í Jarðabók sem m.a. um jörðina Kljá:

> Jörðunni þykist ábúandinn heyrt hafa að til forna hafi Kljá tilheyrt hálf ey, sú er kölluð Purkey, móts við Kóngsbakka, en nú um lánga tíma hefur eyin verið yrkt öll frá Kóngsbakka, og hvalir þar upp reknir eignaðir Kóngsbakka.[654]

Í Jarðabók sem m.a. um jörðina Kóngsbakka:

> Jörðunni fylgja eyjar tvær og hólmi lítill og fjórða sem ágreinir milli Kóngsbakka og Klјár. Í þeim eyjum eru slægjur og hagagánga, eggver mjög lítið, dúntekja engin, lundatekja góð. Mjög er þar flæðihætt.[655]

Í landamerkjabréfi Kóngsbakka, dags. 1. september 1884, segir m.a.:

> Undir jörðina liggja þessar eyjar; 1. Purkey, framundan utanverðri Kljáá og fjarar fram í hana um flestar fjörur, 2. Hinar svonefndu Kongsbakkaeyjar er liggja næstum í norður frá bænum, eru þær nefndar grynnriey og dýpriey eptir legu þeirra. Einnig fylgja jörðinni öll þau skér er liggja í kringum eyjar þessar og fjarar út í flest þeirra um stórstrauma- nema Selskér, er liggur milli grynnri og dýprieyjar.[656]

Í landskiptagjörð Ytri- og Innri Kóngsbakka segir m.a.:

> Landskiftagjörð milli jarðanna Ytri og Innri Kongsbakka: Undir Innri Kongsbakka liggi Purkey, sem liggur framundan utanverðri Kljáá. Undantekið skiftingar er mótak, sem verður eftir sem áður sameiginlegt í landi beggja jarðanna. Landamerki í Grynnriey eru þessi: Sjónhending úr vörðu í Norðurhól í torfvörðu í mýrinni og þaðan í vörðu á Suðurfit. Kofnatékja eftir sömu merkjum. Beit eftir réttri ítölu samkvæmt hundraðatali jarðanna fyrir 75 kindur og 4 hross. Landamerki í Dýpriey eru þessi: Sjónhending úr svonefndu Vítisnesi á norðurbakka í vörðu á suðurbakka. Kofnatékja eftir sömu merkjum.

---

[652] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 320.
[653] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 34.
[654] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 328.
[655] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 328.
[656] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 39.

Beit eftir ítölu samkvæmt hundraðatali fyrir 45 kindur og 3 folöld. Í hólma, sem liggur norðvestur af vestanverðri Dýpriey, sem fjarar í, er sameiginleg beit og kofntékja, eftir sömu hlutföllum. Æðarvarp í eyjum og hólmum, sem ekki fjarar í úr landi, er einnig sameiginlegt eftir hundraðatali.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

2 eyjar skammt frá landi bæta upp [tún].[657]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Kóngsbakka:

Þessum býlum fylgir eyjagagn, svo sem æðarvarp, selveiði og kofnatekja, um 10.000 fuglar í meðalári, en stærstu eyjarnar eru Purkey, Grynnriey og Dýpriey, og Kerlingin fræga við Kerlingarskarð er í landareigninni.[658]

#### 4.3.2.24. Hólaey

Í landamerkjabréfi Hóla, dags. 12. ágúst 1887, segir m.a.:

Eyja skamt frá landi svo kölluð Hóley og skamt þaðan frá lítill hólmi fram undan Mjóatanga.[659]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Hóla:

Á æðarvarp í Hólaey.[660]

#### 4.3.2.25. Eiríksey

Í Jarðabók segir m.a. um Svelgsey:

Jörðunni fylgir i ey, kölluð Eiríksey, eru þar í slægjur, eggver nokkuð og lundatekja mjög lítil.[661]

Í landamerkjabréfi Svelgsá, dags. 12. ágúst 1887, segir m.a.:

Varpeyja í Álptafirði, svo kölluð Eiríksey, liggur undir jörðina.[662]

Í Árbók Ferðafélagsins 1986 segir m.a. um Hóla:

Á Kofnatekju og æðarvarp í Eiríksey.[663]

#### 4.3.2.26. Skíðishólmar

Í landamerkjabréfi Stakkhamars, dags. 1. október 1888, segir m.a.:

---

657 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 192.
658 Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 119.
659 Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 29.
660 Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 131.
661 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 314.
662 Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 28.
663 Ferðafélag Íslands, Einar Haukur Kristjánsson. 1986. Árbók: Snæfellsnes norðan fjalla, bls. 131.

> Undir jörðina liggja svo kallaðir Skíðishólmar er liggja sunnan vert á Stakkhamarsfjörum, og skér er liggja í sjó fram undan Stakkhamarsnesi. Við þau er dálítil selveiði á vorum, og svo fylgir jörðinni veiði í Straumfjarðará fyrir sínu land.[664]

#### 4.3.2.27. Tjaldurseyjar

Í Jarðabók segir m.a. um Miklaholt:

> Selveiðivon á Taðnaskeri og á Ketilsskeri, og er hún á þessu brúkuð mótmælislaust. Eggver og dúntekja litla í Tjaldurseyjum og lítil seladráp helst og brúkast.[665]

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Til Miklaholtskirkju liggja Tjaldurseyjar.[666]

#### 4.3.2.28. Melrakkaey (Grundarfjörður)

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

> Eyja er ekki nema ein einasta: Melrakkaey að nafni (á landkortum Præstens Oe), með því hún heyrir til Setbergskirkju. Staða hennar er í mynni Grundarfjarðar, þó nær vestur- en austurlandi. Óbyggð er hún, lítil og því nær kringlótt, hér um ¼ míla ummáls. Er hún á leið þeirrar viku sjáar, sem er yfir mynni Grundarfjarðar frá Skarfatanga að austan til Krossnesstanga að vestan, og frá botni Grundarfjarðar liggur hún til norðurs hér um 1 ½ viku.[667]
>
> Það er bara ein ey, Melrakkaey, sem Setbergssókn getur talið sér, og er hún og hefir veri óbyggð. [...] Við eyjuna er 2 allháir, viðlausir hamraklettar, er nefnast Stangir, og mynda þær, ásamt skerhala vestur frá þeim, syðri tangann, sem nýseð var nefndur.[668]

#### 4.3.2.29. Ásmóðarey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Hvalgrafir:

> Þar er fyrir landi ey ein kölluð Ásmóðarey, og hólmar litlir fáeinir; í þeim er eggver og dúntekja lítilsháttar, en lundatekja mjög lítil, slægjur litlar og lítil beit og sölvatekja varla fyrirhafnarverð.[669]

---

[664] Landamerkjabók Snæfells- og Hnappadalssýslu 1883-1972, bls. 163.
[665] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 73.
[666] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 60.
[667] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 151.
[668] Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 251.
[669] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 143.

### 4.3.3. Önnur svæði sem getið er í heimildum

Purkey:

> Austan við hana [Grynnriey] á Hofstaðavogi er Purkey allstór og tengist landi með rifi sem fellur yfir á flóði. Henni má ekki rugla saman við Purkey undan Fellsströnd.[670] Norðan á vognum skammt undan landi við utanvert Jónsnes er Háey innst og síðan Efstey, Miðey og Hrísey sem er þeirra stærst. Í vestnorðvestur frá bæjarstæðinu í Jónsnesi er Snorrahólmi og Tindsker nokkru vestar um hálfan annan km frá landi. Skammt norður af Jónsnesi er Leiðólfsey en hálfan þriðja km norðvestur af henni er Ólafsey. Suðvestur af henni er Hnífsey og 3-400 m norður frá henni er Hnífseyjarnaggur eða -boði sem var mjög viðsjáarverður fyrir báta. Suðvestur frá Hnífsey liggja tvær grasflögur og eru kallaðar Jónsnesflögur. Suður af þeim er Stórhólmi og enn sunnar Tveggjalambahólmi einn af mörgum á Breiðafirði.[671] Þessi hólmi er nær alveg hlutaður í tvennt af djúpri skoru. Um einn km austsuðaustur frá honum er Miðleiðarsker og á nafnið við hálfnaða leið milli Jónsness og Hnífseyjar. Rúman km vestur frá Hnífsey eru Litla- og Stóra-Blikasker, um einn km vestur frá þeim er Öltunnusker og um hálfan km í útnorður frá því eru Stangasker. Um tvo km austur frá þeim eru Þormóðseyjarklettur og skammt austan við hann er næsta eyjabýli.[672]

### 4.3.4. Jarðir sem eiga réttindi í ónafngreindum landfræðilegum einingum

*Kolbeinsstaðahreppur*

Jörfe.[673]

Stakkhamar.[674]

Fossárdalur.[675]

Hellnafell.[676]

Arnarstader.[677]

Garpsdalur.[678]

Króksfjarðarnes.[679]

Miðhús.[680]

[670] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 59.
[671] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 59-62.
[672] Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 62.
[673] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 13.
[674] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 50.
[675] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 237.
[676] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 277.
[677] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 323.
[678] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 182.
[679] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 183.
[680] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 202.

Staður.[681]

Gróunes.[682]

Klaufastaðir.[683]

Múli á Skálmarnesi. [684]

Deildará.[685]

Fjörður.[686]

Hagi á Barðaströnd.[687]

Lækjarskógur.[688]

Arnarbæli.[689]

Frakkanes.[690]

Tjaldanes.[691]

Hamarland.[692]

Miðjanes.[693]

Skerðingsstaðir.[694]

Höllustaðir. [695]

Hamarlandsbær.[696]

Miðjanes.[697]

Borgarbær.[698]

Bær á Bæjarnesi (Í Gufudalssókn).[699]

Skálanes.[700]

Fossá.[701]

---

681 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 206.
682 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 221.
683 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 226.
684 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 258.
685 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 261.
686 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 262.
687 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 278.
688 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 62.
689 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 115.
690 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 133.
691 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 153.
692 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 207.
693 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 207.
694 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 207.
695 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 207.
696 Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 54.
697 Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 54.
698 Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 69.
699 Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 69.
700 Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 85-86.
701 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 206.

Auðshaugi.[702]

Kirkjuból.[703]

Grónes.[704]

Hallsteinsnes.[705]

Staður.[706] [707]

Gróunes.[708]

Klaufastaðir.[709]

Múli (Skálmarnes).[710]

Deildará.[711]

Fjörður.[712]

Hagi.[713]

Selárdalur.[714]

Snorrastaðir.[715]

Stórahraun.[716]

Guðnýjarstaðir.[717]

Svelgsá.[718]

Helgafell.[719]

Þingvellir.[720]

Grunnasundsnes.[721]

Ögur.[722]

---

702 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 206.
703 Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, Sóknarlýsingar Vestfjarða, bls. 105.
704 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 206.
705 Ferðafélag Íslands, Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason, Ævar Petersen. 1989. Árbók: Breiðafjarðareyjar, bls. 206.
706 Ferðafélag íslands, Jóhann Skaptason. 1959. Árbók: Barðastrandarsýsla, bls. 41.
707 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 206.
708 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 221.
709 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 226.
710 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 258.
711 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 261.
712 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 262.
713 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 278.
714 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Snæfells- og Hnappadalssýsla (V. bindi), bls. 359.
715 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 32.
716 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 32-33.
717 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 32-33.
718 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 190.
719 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 190.
720 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls. 190.
721 Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson, 1970. Sýslu- og Sóknalýsingar: Snæfellsnes III, bls.190-191.
